2020

# Úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Ísafjarðarbæjar og tillögur

## Unnið fyrir bæjarstjórn


Haraldur L. Haraldsson

hagfræðingur

hlh@hlh.is

Arnar Haraldsson

viðskiptafræðingur

arnar@hlh.is

HLH RÁÐGJÖF


Mars 2020

# Samantekt

## Inngangur

- Að beiðni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Ísafjarðarbæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

## Íbúafjöldi

- Frá árinu 2009 til 2019 hefur íbúum Ísafjarðarbæjar fækkað úr 3.972 í 3.800. Þrátt fyrir fækkunina á þessu tímabili hefur íbúum fjölgað frá árinu 2017, en það ár náði íbúafjöldinn lágmarki á tímabilinu eða 3.608.
- Hlutfall íbúa á Vestfjörðum sem búsettir eru í Ísafjarðabæ er 54%.
- Á tímabilinu 2017 til 2019 fjölgaði íbúum Ísafjarðarbæjar um 192 og á Vestfjörðum öllum nánast um sömu tölu, eða 193.

## Skuldir sveitarfélaga

- Samkvæmt mynd 8 var Reykjanesbær með hæsta skuldahlutfallið, eða 209,7% í árslok 2018. Ísafjarðarbær var í sjötta sæti með skuldahlutfallið 152,3%.
- Skuldahlutfallið fyrir öll sveitarfélög samtals í árslok 2018 var 147,4%,
- Einungis sex sveitarfélög eru með skuldahlutfall hærra en 150% í árslok 2018. Þess má geta að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

## Skuldir Ísafjarðarbæjar

- Á tímabilinu 2009 til 2018 hafa skuldir A-hluta aukist minna en tekjur A-hluta, bæði hlutfallslega og í krónum talið.
- Á árunum 2009 til og með árinu 2013 jukust skuldir A-hluta um 398 millj. kr. samtals eða um 100 millj. kr. að meðaltali á ári. Frá árinu 2013 til ársins 2018 jukust skuldir A-hluta um 1.461 millj. kr., eða um 292 millj. kr. að meðaltali á ári.
- Skuldahlutfall, A- og B-hluta, var þrisvar á tímabilinu undir 150%. Það var árin 2013, 2016 og 2017.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv.
- Árið 2010 skilaði rekstur A-hluta neikvæðu veltufé og handbæru fé frá rekstri. Önnur ár á tímabilinu var veltufé jákvætt.
- Árin 2012, 2013 og 2016 náði veltufé frá rekstri, A-hluti, hámarki á tímabilinu og var hæst árið 2016 eða 484 millj. kr.

- Á mynd 14 er að finna hlutfall veltufjár af tekjum Ísafjarðarbæjar frá árinu 2009 til ársins 2018 fyrir bæði A-hluta og A- og B-hluta samtals. Hlutfallið var  lægst á árunum 2009 til 2011, var lægst í -0,7% fyrir A-hluta en 2,1% fyrir A- og B-hluta árið 2010.

- Hlutföllið hækkar frá árinu 2011 og nær hámarki árið 2013 og var 14,2% fyrir A-hluta en 18,7% fyrir samtals A- og B-hluta.

- Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum var 8,3% árið 2018 hjá Ísafjarðarbæ. Í samanburðinum eru þrjú sveitarfélög með lægra hlutfall en Ísafjarðarbær.

- Fyrir landið allt var hlutfallið 11,3% og var Ísafjarðarbær 3% stigum frá því hlutfalli.

- Hlutfall veltufjár af tekjum A- og B-hluta Ísafjarðarbæjar var 10,5% árið 2018. Fyrir landið allt var hlutfallið 17,9%. Meðaltal hlutfallsins hjá samanburðarsveitarfélögum var 12,9% og miðgildið 10,9%.

- Það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvað hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum á að vera til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu sveitarfélags til framtíðar litið.

### Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Fjárhagsáætlun endurspeglar m.a. stefnu sveitarstjórnar í málaflokkum sveitarfélagsins. Áætlunin er m.a. aðgerðaráætlun sveitarstjórnar, sem starfsfólki sveitarfélagsins ber að fara eftir, og er í raun eitt af stjórntækjum sveitarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum.

- Fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið, stefna og áætlun heldur er um að ræða hreina fjárheimild sem hver og einn málaflokkur hefur.

- Nauðsynlegt er að fá samþykki sveitarstjórnar, með viðauka við fjárhagsáætlun, ef ákvörðun um ráðstöfun fjármuna, s.s. nýrra tekna,  útgjalda og fjárfestinga, kemur ekki fram í fjárhagsáætlun.

- Rétt að fram komi að niðurstaða á samanburði á rauntölum rekstrar og áætlunar árið 2018 er með því betra sem skýrsluhöfundar hafa séð hjá sveitarfélögum.

- Af þessu má ætla að stjórnendur sveitarfélagsins séu  vel meðvitaðir um mikilvægi þess að fjárhagsáætlun er ekki einungis áætlun og markmið heldur segir hún til um þá fjárheimild sem viðkomandi málaflokkur hefur til ráðstöfunar.

- Rétt er einnig að geta þess hér að samkvæmt þessu hefur sveitarfélagið staðið sig vel hvað varðar að fylgja sveitarstjórnarlögum um gerð viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins/Hagstofunnar.

- Nokkur misbrestur hefur verið á því hjá mörgum sveitarfélögum að fylgja ákvæðum laganna varðandi viðauka og tilkynningu þeirra.

- Það voru einungis þrjú ár af tíu sem skiluðu jákvæðri rekstrarniðurstöðu A-hluta Ísafjarðarbæjar.

- Ísafjarðarbær var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í 10 ár á þessu 17 ára tímabili.

- Frá og með árinu 2012 til 2018 var hallarekstur árið 2017.  Öll hin sex árin var

rekstrarafkoman jákvæð.

- Hins vegar er allt aðra sögu að segja fyrir árið 2012 aftur til ársins 2002. Hallarekstur var öll árin nema árið 2007. Þannig var hallarekstur í níu ár af tíu.
- Af þessu má ljóst vera að mikil breyting hefur átt sér stað í rekstri Ísafjarðarbæjar eftir árið 2011 miðað við það sem var 10 árin þar á undan.

## Tekjur

- Frá árinu 2009 til 2018 jukust skatttekjur á hvern íbúa Ísafjarðarbæjar um 75,2%. Sveitarfélagið Hornafjörður er eina sveitarfélagið þar sem skatttekjur á hvern íbúa jukust hlutfallslega jafn mikið á tímabilinu og hjá Ísafjarðarbæ. Hlutfallslega jukust tekjur meira á hvern íbúa hjá hinum samanburðarsveitarfélögum á tímabilinu.
- Mest var aukningin hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður þar sem þær jukust um 96,1%.
- Meðalhlutfallsleg hækkun skatttekna samtals á hvern íbúa frá árinu 2009 til ársins 2018 var 84,8% og miðgildið var 85,9%. Skatttekjur samtals á hvern íbúa Ísafjarðarbæjar hafa aukist hlutfallslega minna miðað við meðalhækkun skatttekna á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum, eða um 75,2% sbr. hér að framan.
- Útsvarstekjur voru hæstar í töflunni hjá Seltjarnarnesbæ, eða 622 þúsund krónur á hvern íbúa, en Ísafjarðarbær var með sjöttu hæstu útsvartekjurnar á hvern íbúa eða 537 þús. kr. af samanburðarsveitarfélögunum.
- Útsvarstekjur á hvern íbúa á landinu öllu voru 559 þús. kr. en hjá samanburðarsveitarfélögunum voru meðalútsvarstekjur á hvern íbúa 548 þús. kr. Þannig voru útsvarstekjur á hvern íbúa hjá Ísafjarðarbæ lægri en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin og landið allt.
- Seltjarnarnesbær og Vestmannaeyjar eru einu sveitarfélögin í samanburðinum sem eru með lægri tekjur vegna fasteignaskatts á hvern íbúa en Ísafjarðarbær. Ísafjarðarbær hafði 78 þús. kr. í fasteignaskatta á hvern íbúa árið 2018.
- Meðaltekjur vegna fasteignaskatts á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum voru 109 þús. kr. en 119 þús. kr. á landinu öllu. Ísafjarðarbær hefur um 50% lægri tekjur af fasteignaskatti á hvern íbúa en landsmeðaltalið árið 2018.
- Það vekur athygli í samanburðinum, tafla 12, að Suðurnesjabær og Fjarðabyggð voru með hæstu tekjurnar á hvern íbúa vegna fasteignaskatts og fengu að auki hátt framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

## Laun

- Árið 2018 var hlutfall launagjalda af tekjum A-hluta hjá Ísafjarðarbæ 56%.
- Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Skagafjörður voru einu sveitarfélögin þar sem hlutfallið var hærri en hjá Ísafjarðarbæ árið 2018.
- Meðaltal fyrir samanburðarsveitarfélögin var 53% árið 2018 og fyrir landið allt var það 52%.
- Ef borin eru saman hlutföll launa og launatengdra gjalda af tekjum sveitarfélaga með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000 árið 2018, þá var Sveitarfélagið Skagafjörður með hæsta hlutfallið eða 61%. Ísafjarðabær er þar á eftir með hlutfallið 56%. Fljótdalshérað,

Grindavík, Norðurþing og Borgarbyggð eru með hlutfallið á bilinu 51-55%.

- Eins og tafla 16 sýnir var yfirvinna, álag og orlof á laun sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 22,5% árið 2017, 23,4% árið 2018 og 22,2% árið 2019, þ.e. A- og B-hluti samtals.
- Eins og fram kemur á töflu 18 eykst fjöldi veikindadaga á milli árin 2017 til 2019. Samtals voru veikindadagar 6.046 dagar árið 2017 samanborið við 7.559 árið 2019, eða aukning um 25%.
- Veikindadagar sem hlutfall af virkum vinnudögum samtals voru 10% árið 2017 og 12,7% árið 2019.
- Miðað við 12,7% hlutfall veikindadaga árið 2019 má gera ráð fyrir að greidd laun og launatengd gjöld vegna veikindadaga hafi verið a.m.k. 250 milljónir króna.

### Stöðugildi

- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðarsveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru fimm af samanburðarsveitarfélögunum með færri íbúa á hvert stöðugildi en Ísafjarðarbær.

### Annar rekstrarkostnaður

- Eins og tafla 21 sýnir var hlutfall annars rekstrar kostnaðar af tekjum hærra hjá tveimur af samanburðarsveitarfélögunum en hjá Ísafjarðarbæ og hjá einu var hlutfallið það sama árið 2018.
- Þannig var hlutfallið lægra en hjá Ísafjarðarbæ hjá átta af samanburðarsveitarfélögunum.

### Stjórnsýslu- og fjármálasvið

- Eins og fram kemur á skipuritinu, mynd 22, eru 8,5 stöðugildi sem heyra beint undir sviðsstjóra. Samtals eru 20,25 heilsárs stöðugildi sem tilheyra stjórnsýslu- og fjármálasviði.

### Velferðarsvið

- Eins kemur fram á mynd 24 eru samtals 61,68 stöðugildi sem heyra undir velferðarsvið.
- Á Hlíf rekur bærinn móttökueldhús, dagþjálfun, vinnustofu, sem heyra undir velferðarsvið í bókhaldi sveitarfélagsins, einnig er þar verslun.
- Félag eldri borgara er með aðstöðu í kjallara Hlífar.
- Ísafjarðarbær hefur samþykki fyrir átta dagdeildarrýmum (dagþjálfunarrýmum) á Ísafirði og fimm á Suðureyri, eða samtals 13 rýmum. Eingöngu er verið að nota að hluta þrjú á Ísafirði og að hluta tvö á Suðureyri miðað við stöðuna í október 2019.
- Undir deildarstjóra félagsþjónustu heyra almenn félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, öldrunarmál, jafnréttismál og málefni innflytjenda.
- Töluverð vinna hefur farið í að skoða umsóknir varðandi forgang á leiguíbúðum og er hér um töluverða aukningu að ræða síðustu ár vegna þrenginga á almennum leigumarkaði.
- Eins og tafla 33 sýnir voru framlög samtals á þessu þriggja ára tímabili vegna reksturs Hlífar og matarþjónustu samtals 95 milljónir króna á verðlagi hvers árs.

- Eins og kemur fram hér að framan var kostnaður vegna verslunar sem féll á Ísafjarðarbæ en var ekki gjaldfærður á verslunina samkvæmt ársreikningum verslunarinnar undanfarin ár. Samkvæmt viðauka við fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að það ár væri framlag vegna verslunarinnar frá velferðarsviði að fjárhæð 3.215 þúsund krónur.

- Ísafjarðarbær á sex íbúðir í sambyggðu húsnæði við hjúkrunarheimilið og húsnæði heilsugæslunnar á Þingeyri. Ísafjarðarbær leigir út fimm íbúðir, sem skilgreindar eru sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

- Stöðugildin á hjúkrunarheimilinu eru samtals 9,20 (janúar 2020), það er vegna aðhlynningar, eldhúss, þvotta, þrifa og heimahjúkrunar. Af þessum stöðugildum greiðir Ísafjarðarbær fyrir tvö stöðugildi samtals, sbr. hér að framan.

- Rekstur dagdeildar og vinnustofu fyrir aldraða í Sunnuhlíð á Suðureyri fer fram í leiguhúsnæði á annarri hæð. Til að komast upp á aðra hæð þarf að fara um stiga sem getur valdið erfiðleikum fyrir fólk að komast upp.

- Í barnavernd starfa tveir starfsmenn á velferðarsviði, deildarstjóri og ráðgjafi.

- Auk þess er starfsmaður í 50% starfshlutfalli við tilsjón inni á heimilum.

- Eins og fram kemur á töflu 47 duga framlög skv. SIS mati ekki fyrir útgjöldum vegna reksturs búsetukjarna í viðkomandi sveitarfélögum.

- Eins og fram kemur í töflunni var umfram kostnaður á hvern íbúa frá 4.058 þúsund krónum upp í 10.564 þúsund krónur hjá þessum sveitarfélögum. Umfram kostnaðurinn hjá Ísafjarðarbæ var að meðaltali 7.012 þúsund krónur á hvern íbúa í búsetukjarna.

- Auk þessa var gerð sú breyting árið 2018 að ákveðið var að hætt að greiða með einstaklingum sem voru í flokki 4 samkvæmt SIS mati með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

- Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru 310 einstaklingar metnir í flokki 4 skv. SIS mati árið 2017 af 1.502 einstaklingum samtals sem greitt var með það ár samkvæmt SIS mötum, eða 21% af heildarfjöldanum. Gera má ráð fyrir að greiðslur það ár vegna 4 flokks SIS mats hafi numið rúmum 1.000 milljónum króna.

- Með þessari ákvörðun var ákveðið að sveitarfélög skuli fjármagna útgjöld vegna þjónustu við fatlað fólk í flokki 4 skv. SIS mati á annan hátt en með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e.a.s. með öðrum tekjum sveitarfélaga en ætlaðar voru til að standa undir rekstri málaflokksins skv. samkomulagi sem gert var þegar sveitarfélögin tóku yfir rekstur málaflokksins árið 2011.

- Það er mat skýrsluhöfunda að full ástæða sé til að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar.

- Eins og tafla 48 sýnir voru útgjöld Ísafjarðarbæjar árið 2018 og 2019 vegna þjónustu við fatlað fólk, sem ætlað er að fjármagna með tekjum sem ætlaðar eru í málefni fatlaðs fólks, 404 milljónir króna árið 2018 og 427 milljónir króna árið 2019, eða hækkun sem nemur 6%.

- Eins og tafla 49 sýnir stóðu tekjur vegna málefna fatlaðs fólks hjá Ísafjarðarbæ nánast alveg undir útgjöldum vegna málaflokksins árið 2018.

- Hefði sveitarfélagið einungis haft til ráðstöfunar það fjármagn, sem fór í málaflokkinn af útsvarstekjum sveitarfélagsins árið 2018, hefði orðið fjárvöntun hjá sveitarfélaginu upp á 210 milljónir króna en ekki vöntun upp á 6 milljónir króna eins og reyndin varð.

## Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum

- Sveitarfélögin á Vestfjörðum reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.
- Eins og fram kemur í töflu 52 var úthlutað til Ísafjarðarbæjar 84% af því sem úthlutað var frá byggðasamlaginu til sveitarfélaganna árið 2018.
- Eins og fram kemur á mynd 28 hefur hlutdeild Vestfjarða í samtölu greiðslna til sveitarfélaga hækkað frá því sem hún var árið 2011 þegar sveitarfélögin tóku yfir málaflokkinn. Hæst fór hlutdeildin í 2,8% árið 2016. Var 2,5% árið 2019 samanborið við 2,3% árið 2011.
- Eins og fram kemur á mynd 29 hafa framlögin frá 2011 hækkað um 130% til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Á sama tíma hækkuðu framlögin samtals til allra sveitarfélaga um 113% og til Reykjavíkurborgar um 88%.
- Á tímabilinu hækkaði vísitala sem reiknast 80% samkvæmt hækkun launavísitölu opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum og 20% samkvæmt hækkun neysluverðsvísitölu um 62%. Þannig hækkuðu framlögin til Vestfjarða rúmlega tvöfalda hækkun vísitölunnar.

## Skóla- og tómstundasvið

- Skóla- og tómstundasvið heldur utan um starfsemi leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva, frístund og starfsemi í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar.
- Á skrifstofu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs eru tvö stöðugildi, annars vegar sviðsstjóri og hins vegar skóla- og tómstundafulltrúi.
- Í Ísafjarðarbæ eru reknir fimm leikskólar, fjórir af þeim eru í rekstri hjá Ísafjarðarbæ en einn er rekinn af Hjallastefnunni ehf.
- Árið 2019 voru 144 börn í leikskólum sem Ísafjarðarbær rekur og 68 börn í einkareknum leikskóla. Samtals voru 32% barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar í einkareknum leikskóla.
- Leikskólar Ísafjarðarbæjar veita þjónustu fyrir börn frá 12 mánaða aldri.
- Fleiri stöðugildi voru í leikskólanum árið 2019 en árið 2013 en á sama tíma voru fleiri HDÍG í leikskólanum árið 2013.
- HDÍG á hvert stöðugildi var 3,2 árið 2009 og árið 2019 og var ekki lægra á tímabilinu. Flest HDÍG á hvert stöðugildi voru árið 2013 en þá var talan 3,8.
- Það vekur athygli hversu há rekstrargjöldin hjá Sólborg voru í samanburði við hina leikskólana í Ísafjarðarbæ með hliðsjón af því hversu miklu fleiri börn voru á Leikskólanum Sólborg. Reynslan er almennt sú að rekstrargjöld eru lægri á hvert HDÍG þar sem HDÍG eru fleiri í samanburði við það sem er almennt þegar þau eru færri.
- Eins og fram hefur komið þá var rekstrarkostnaðurinn lægstur á hvert HDÍG í leikskólanum Grænagarði árið 2018 og var 1.785 þús. kr. Leikskólinn Eyrarskjól sem er einkarekinn leikskóli var með hæsta rekstrarkostnaðinn á hvert HDÍG árið 2018 og var 2.398 þús. kr., þ.e. af leikskólum í Ísafjarðarbæ.
- Frá árinu 2015 til ársins 2018 hefur rekstrarkostnaður nettó án innri leigu á hvert HDÍG hækkað úr 1.121 þús. kr. í 2.398 þús. kr. sem er hækkun um 114% á fjórum árum hjá Leikskólanum Eyrarskjóli.

- Mikil hækkun á milli áranna 2015 og 2016 vekur athygli. Miðað við rekstrarkostnað á hvert HDÍG var hækkunin 38%.  Á milli áranna fækkaði HDÍG um 16,3.
- Þegar gjöldin hafa verið tekin saman var rekstrarkostnaður samtals á hvern nemanda í Grunnskólanum á Ísafirði 1.564 þús. kr. á hvern nemanda. Tveir grunnskólar voru með hærri kostnað á hvern nemanda en átta grunnskólar voru með lægri kostnað á hvern nemanda.
- Tafla 97 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018. Grunnskólinn á Ísafirði er með 5,9 nemendur á hvert stöðugildi og eru einungis tveir grunnskólar með færri nemendur á hvert stöðugildi. Réttarholtsskóli var með 9,9 nemendur á hvert stöðugildi og Fossvogsskóli var með 8,3 nemendur á hvert stöðugildi.
- Á milli áranna 2016 og 2019 helst nemendafjöldinn við Grunnskólann á Suðureyri óbreyttur, launakostnaður skólans jókst um 18,9%, vörukaup aukast um 60% og þjónustukaup án innri leigu hækka um 69,3%. Útgjöld samtals án innri leigu aukast frá árinu 2016 til 2019 um 20%.
- Íþróttamiðstöð á Þingeyri sker sig nokkuð úr hvað rekstrarútgjöld varðar.

### Umhverfis- og eignasvið

- Eins og fram kemur á mynd 59 eru samtals 16 stöðugildi sem heyra undir umhverfis- og eignasvið að meðtalinni þjónustumiðstöðinni.
- Næstu undirmenn sviðsstjóra eru umhverfisfulltrúi, forstöðumaður Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., yfirmaður eignasjóðs, þjónustufulltrúi, skipulags- og byggingarfulltrúi, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar og verkefnastjóri en ekki hefur verið ráðið í þá stöðu.
- Fasteignir Ísafjarðarbæjar eiga og reka 100 leiguíbúðir.
- Við þjónustumiðstöðina eru samtals 10 stöðugildi.
- Um er að ræða samtals 11 bifreiðar, þar af er einn götusópur, sem þjónustumiðstöðin hefur til ráðstöfunar.
- Eins og fram kemur í töflu 145 hækkuðu launagjöld um 21% á milli áranna 2017 og 2018 hjá þjónustumiðstöð.  Samtals útgjöld vegna þjónustumiðstöðvar hækkuðu gjöldin um 26% á milli áranna 2017 og 2018 sem er nokkuð yfir verðlagshækkunum á milli þessara ára.
- Eins og fram kemur í töflu 146 er fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá sveitarfélögum nokkuð mismunandi.
- Flestir voru íbúar á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð hjá Borgarbyggð, eða 1.269.  Til samanburðar voru 380 íbúar á hvert stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ.
- Þrjú sveitarfélög voru með færri íbúa á hvert stöðugildi en Ísafjarðarbær í þessum samanburði.

### Slökkvilið

- Næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra er bæjarstjóri.
- Auk slökkviliðsstjóra eru þrír starfsmenn í fullu starfi hjá slökkviliðinu, varaslökkviliðsstjóri og tveir varðstjórar, eða samtals fjögur stöðugildi.

- Varaslökkviliðsstjóri og varðstjórarnir tveir hafa sinnt sjúkraflutningum ásamt sjö öðrum sem eru menntaðir sjúkraflutningamenn.
- Í hverjum byggðakjarna fyrir utan Ísafjörð í Ísafjarðarbæ er liðsstjóri og útkallslið þar sem eru 10 slökkviliðsmenn á hverjum stað. Á Ísafirði eru 34 í útkallsliðinu með föstum starfsmönnunum.
- Það vekur athygli að enginn launakostnaður vegna mánaðarlauna hjá slökkviliðinu er gjaldfærður á sjúkraflutninga. Eingöngu er gjaldfærður kostnaður vegna bakvakta og yfirvinnu vegna sjúkraflutninga.
- Af þessu má ætla til að fá sem bestu samlegðaráhrif, að eðlilegt sé að sjúkraflutningar beri alfarið kostnað við eina bakvakt og síðan beri sjúkraflutningar og slökkvilið/öryggisþjónustu kostnað við hálfa bakvakt hvor. Þannig beri sjúkraflutningarnir eina og hálfa bakvakt og slökkvilið/öryggisþjónusta hálfa bakvakt.

### B-hluta stofnanir

- Rekstrarafgangur Vatnsveitu fyrir árið 2018 var 43,7 millj. kr. Afkoman batnaði á milli áranna 2017 og 2018. Afgangurinn var 31,4 millj. kr. árið 2017.
- Rétt er að fram komi að sveitarfélagið lagði þjónustuíbúðum til 13,3 milljónir króna árið 2018 og 17,1 milljón króna árið 2017.
- Samtals skuldir þjónustuíbúða voru 63,4 millj. kr. og voru að mestu skuld við aðalsjóð að upphæð 62,3 millj. kr.
- Rekstrartap var á rekstri Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2018 upp á 24,5 millj. kr. en árið áður var einnig tap á rekstrinum að upphæð 866 þús. kr. en það ár var veitt rekstrarframlag að upphæð 29,7 milljónir króna.

# Efnisyfirlit

Samantekt ... 1
Efnisyfirlit ... 9
Inngangur ... 13
Greining ... 14
Íbúafjöldi ... 14
Skuldir sveitarfélaga ... 17
Skuldir Ísafjarðarbæjar ... 18
Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar ... 21
Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun ... 26
Tekjur ... 32
Laun ... 39
Stöðugildi ... 44
Annar rekstrarkostnaður ... 45
Stjórnsýslan ... 46
Stjórnsýslu- og fjármálasvið ... 47
Mannauðsstjóri ... 66
Velferðarsvið ... 67
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks ... 108
Skóla- og tómstundasvið ... 113
Leikskólar Ísafjarðarbæjar ... 116
Leikskólinn Sólborg ... 117
Leikskólinn Tjarnarbær ... 123
Leikskólinn Grænigarður ... 130
Leikskólinn Laufás ... 136
Leikskólar Ísafjarðarbæjar, samantekið ... 142
Grunnskólar Ísafjarðarbæjar ... 148
Grunnskólinn á Ísafirði ... 149
Grunnskólinn á Suðureyri ... 156
Grunnskóli Önundarfjarðar ... 163
Grunnskólinn á Þingeyri ... 170
Grunnskólar Ísafjarðar, samantekið ... 176
Dægradvöl og félagsmiðstöðvar ... 179
Mötuneyti í grunn- og leikskólum Ísafjarðarbæjar ... 183

Tónlistarskóli Ísafjarðar 185
Íþróttahúsið Torfnesi 186
Sundhöll Ísafjarðar 187
Íþróttamiðstöð á Flateyri 189
Íþróttamiðstöð á Þingeyri 190
Íþróttamiðstöð á Suðureyri og samantekið rekstraryfirlit íþróttamannvirkja 193
Skíðasvæði 195
Umhverfis- og eignasvið 196
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. 200
Þjónustumiðstöð 203
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar 209
B-hluta stofnanir 213
Vatnsveita 213
Þjónustuíbúðir 214
Eyri 216
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. 217
Fráveita 218
Funi 219
Byggðasafn Vestfjarða 219
Tillögur 221
1. Langtímaskuldir 221
2. Veltufé frá rekstri 221
3. Rekstur B-hluta stofnana verði gerður sjálfbær 221
4. Áætlun um sjóðsstöðu 222
5. Reglulegir fundir bæjarstjóra með æðstu stjórnendum 222
6. Fundir vegna fjárhagsáætlunar og ársreiknings 222
7. Veikindi 223
8. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins 223
9. Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum 223
10. Fjöldi stöðugilda samkvæmt fjárhagsáætlun 223
11. Fjölgun stöðugilda 224
12. Upplýsingagjöf varðandi fjölda stöðugilda 224
13. Útboð 224
14. Orkunotkun 225
15. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins 225

16. Mannaforræði fjármálastjóra ........ 225
17. Greiðsluáætlun ........ 226
18. Viðskiptakort og kreditkort ........ 226
19. Ferðakostnaður ........ 227
20. Laun ........ 227
21. Stöðugildi á stjórnsýslu- og fjármálasviði ........ 228
22. Þjónusta við ferðamenn ........ 228
23. Forstöðumaður Safnahúss ........ 228
24. Dagdeild (dagþjálfun) ........ 229
25. Umsóknir varðandi forgang á leiguhúsnæði ........ 230
26. Afsláttur af fasteignaskatti vegna elli- og örorkulífeyrisþega ........ 230
27. Leiguíbúðir á Hlíf ........ 230
28. Húsnæði vinnustofu fyrir aldraða á Ísafirði ........ 231
29. Félagsstarf aldraða ........ 231
30. Efsta hæð á Hlíf I ........ 231
31. Húsfélög á Hlíf ........ 232
32. Umsýsla með húsnæðinu ........ 232
33. Eignaskiptayfirlýsing ........ 232
34. Verslun í Hlíf ........ 233
35. Hjúkrunarheimili og dagdeild á Þingeyri ........ 233
36. Dagdeild og vinnustofa fyrir aldraða á Suðureyri ........ 234
37. Deildarstjóri málefna fatlaðs fólks ........ 234
38. Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu og hópstjóri ........ 234
39. Búsetuþjónusta ........ 234
40. Sjálfseignarstofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk ........ 235
41. SIS mat samkvæmt 4 flokki ........ 235
42. Stuðnings- og stoðþjónusta ........ 236
43. Samþykkt reikninga vegna vinnu verktaka ........ 236
44. Húsvörður Grunnskólans á Ísafirði ........ 236
45. Fjöldi stöðugilda á leikskólum Ísafjarðarbæjar ........ 237
46. Kaup á mat ........ 237
47. Rekstrargjöld ........ 238
48. Samningur um einkarekstur á leikskóla ........ 238
49. Stöðugildi í grunnskólum Ísafjarðarbæjar ........ 238
50. Samkennsla ........ 239

51. Frístund og dægradvöl ....... 239
52. Skólastarf og skólastefna ....... 239
53. Yfirvinna við Íþróttamiðstöð á Þingeyri ....... 241
54. Næsti yfirmaður forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri ....... 241
55. Varmadælur ....... 241
56. Landmælingatæki ....... 242
57. Umhverfisfulltrúi ....... 242
58. Main Manager, fasteignastjórnunarkerfi ....... 242
59. Leiguverð hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ....... 242
60. Þjónustugjöld hjá Fasteignum Ísafjarðarbæja ....... 243
61. Fjöldi leiguíbúða ....... 243
62. Yfirmaður eignasjóðs og umsjónarmaður Fasteigna Ísafjarðarbæjar ....... 243
63. Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð ....... 244
64. Verkefni í verktöku ....... 244
65. Bifreiðar, vélar og tæki ....... 244
66. Sjúkraflutningar ....... 245
67. Fastráðnir starfsmenn slökkviliðs Ísafjarðarbæjar ....... 245
68. Eyri ....... 245
69. Markmiðssetning næstu fjögur ár ....... 246
Lokaorð ....... 248
Fylgiskjöl ....... 249

# Inngangur

Samkvæmt ósk bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Ísafjarðarbæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við eftirfarandi upplýsingar:

- Fjárhags- og rekstrarupplýsingar fengnar frá fjármála- og stjórnsýslusviði Ísafjarðarbæjar
- Fjárhags- og rekstrarupplýsingar frá öðrum sveitarfélögum að sambærilegri stærð (með hliðsjón af fjölda íbúa)
- Talnaefni af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Talnaefni af vef Hagstofu Íslands
- Tekin voru viðtöl við forstöðumenn og farið yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnana

Í skýrslunni er gert grein fyrir skipulagi og rekstri hverrar stofnunar fyrir sig í sveitarfélaginu. Vert er að taka fram að úttekt á starfsemi og rekstri hafnarinnar hefur farið fram í annarri skýrslu og er ekki til umfjöllunar í þessari.

Gerður var samanburður á rekstrargjöldum og –tekjum sveitarfélagsins og tíu annarra sveitarfélaga. Miðað er við tíu sveitarfélög með sambærilegan fjölda íbúa og í Ísafjarðarbæ, þ.e.a.s. fimm minni og fimm fjölmennari sveitarfélög. Grunn- og leikskólar eru bornir saman við tíu aðra grunn- og leikskóla, miðað er við fjölda nemenda og barna. Markmiðið með samanburðinum er að draga fram muninn á milli reksturs Ísafjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga á sambærilegum rekstrareiningum til að kanna hvort tækifæri séu til staðar til hagræðingar.

Skýrsluhöfundar áttu fundi með bæjarstjóra þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Öllum aðilum sem komu að vinnslu verkefnisins eru þökkuð hreinskiptin og opin svör sem varðar framgang verkefnisins. Þeir aðilar sem tóku þátt í að veita upplýsingar bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar kemur fram er á ábyrgð skýrsluhöfunda.

# Greining

Í kaflanum verður farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á rekstur og fjárhag Ísafjarðarbæjar á tímabilinu 2009 til 2019. Þeir þættir sem verður meðal annars farið yfir í kaflanum eru þróun íbúafjölda, skulda, tekna, veltufjár frá rekstri, launa, stöðugilda og annars rekstrarkostnaðar.

Gerð verður grein fyrir rekstri og skipulagi sviða sveitafélagsins og stofnana þess. Í greiningunni verður stuðst við samanburð á öðrum sambærilegum sveitarfélögum og rekstrareiningum. Samanburðurinn er m.a. settur fram til þess að meta hvort finna megi frávik í rekstri Ísafjarðarbæjar sem vert er að skoða nánar. Í einhverjum tilfella kunna að vera skýringar á frávikum sem mikilvægt er að upplýsa svo hægt sé að taka ákvarðanir út frá þeim upplýsingum.

## Íbúafjöldi

Frá árinu 2009 til 2019 hefur íbúum Ísafjarðarbæjar fækkað úr 3.972 í 3.800. Þrátt fyrir fækkunina á þessu tímabili hefur íbúum fjölgað frá árinu 2017, en það ár náði íbúafjöldinn lágmarki á tímabilinu eða fór niður í 3.608.

Mynd 1 sýnir þróun íbúafjölda Ísafjarðarbæjar frá 2009 til 2019. Íbúum fækkaði á ári hverju frá 2009 til 2017. Þróunin tekur breytingu frá árinu 2017 og íbúum fjölgar tvö ár í röð.

Mynd 2 sýnir þróun íbúafjölda á Vestfjörðum frá árinu 2009 til ársins 2019. Samskonar þróun á sér stað á Vestfjörðum og í Ísafjarðarbæ með einni undantekningu en íbúum fjölgar á Vestfjörðum milli áranna 2012 og 2013. Fjöldi íbúa á Vestfjörðum árið 2009 var 7.287. Íbúafjöldinn náði lágmarki árið 2017 og var þá 6.870. Í janúar 2019 var íbúafjöldinn kominn í 7.063 sem er aukning um 193 frá árinu 2017.

Hlutfall íbúa á Vestfjörðum sem búsettir eru í Ísafjarðabæ er 54%. Á tímabilinu 2017 til 2019 fjölgaði íbúum Ísafjarðarbæjar um 192 og á Vestfjörðum öllum nánast um sömu tölu, eða 193, sbr. hér að framan.

**Mynd 1: Þróun íbúafjölda Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

**Mynd 2: Þróun íbúafjölda Vestfjarða árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Á mynd 3 kemur fram þróun íbúafjölda á landinu öllu á árunum 2009 til ársins 2019. Árið 2009 voru íbúar  á Íslandi 319.368. Þeim fækkar örlítið árið eftir en frá árinu 2011 til 2019 hefur íbúum fjölgað á milli ára öll árin. Á tímabilinu fjölgaði íbúum á Íslandi um 39.361.

Mynd 4 sýnir hlutfallsbreytingu á íbúafjölda frá árinu 2009 til ársins 2019. Á landinu öllu hefur íbúum fjölgað um 11,8%. Á Vestfjörðum fækkaði íbúum í heild frá árinu 2009 til 2019 um 3,1% en í Ísafjarðarbæ fækkaði þeim um 4,3%. Árið 2017 hafði íbúum fækkað um 8% frá árinu 2009. Milli áranna 2017 og 2018 fjölgaði íbúum í Ísafjarðarbæ um 2,7%, á sama tíma fjölgaði íbúum á landinu öllu um 3%. Árið þar á eftir fjölgaði íbúum í Ísafjarðarbæ um 2,5% og um sama hlutfall á landinu öllu.

Tafla 1 sýnir breytingu á íbúafjölda milli áranna 2009 og 2019 hjá sveitarfélögum með íbúafjölda á bilinu 1.000 til 4.000, raðað eftir hlutfallslegri fjölgun.

Grindavík var með hlutfallslega mestu fjölgunina milli áranna eða um 20,2%, Hveragerðisbær kemur þar á eftir með 13,5%, Suðurnesjabær og Vestmannaeyjabær eru með 5,3% fjölgun. Ísafjarðarbær er neðstur í þessum samanburði  en þar er íbúaþróunin neikvæð milli áranna.  Taflan sýnir glögglega að íbúafjölgunin er mest á suðvesturhorni landsins.

**Mynd 3: Þróun íbúafjölda á landinu öllu árin 2009 til 2019**




Heimild:  Hagstofa Íslands

**Mynd 4: Breyting í % á fjölda íbúa frá árinu 2009 til 2019**




Heimild:  Hagstofa Íslands

**Tafla 1: Þróun íbúafjölda hjá sveitarfélögum með sambærilegan íbúafjölda og Ísafjarðarbær**

| Sveitarfélag | *2009* | *2019* | *Fjölgun milli áranna* | *Fjölgun í %* |
|---|---|---|---|---|
| Grindavíkurbær | 2.850 | 3.427 | 577 | 20,2% |
| Hveragerðisbær | 2.315 | 2.628 | 313 | 13,5% |
| Suðurnesjabær | 3.304 | 3.480 | 176 | 5,3% |
| Vestmannaeyjabær | 4.086 | 4.301 | 215 | 5,3% |
| Borgarbyggð | 3.744 | 3.807 | 63 | 1,7% |
| Norðurþing | 3.001 | 3.042 | 41 | 1,4% |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 966 | 953 | -13 | -1,3% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 4.078 | 3.992 | -86 | -2,1% |
| Fljótdalshérað | 3.695 | 3.600 | -95 | -2,6% |
| Ísafjarðarbær | 3.972 | 3.800 | -172 | -4,3% |

Heimild:  Hagstofa Íslands

Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa eftir aldursflokkum hjá samanburðarsveitarfélögum, þ.e. fimm fjölmennari og fimm fámennari sveitarfélögum en Ísafjarðarbær, og á landinu öllu.

Að meðaltali á landinu öllu voru 66,3% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Af samanburðarsveitarfélögunum var hlutfallið lægst hjá Hveragerðisbæ, eða 61,3%. Hjá Ísafjarðarbæ var hlutfallið 65,6%, eða 0,7% stigum lægra en landsmeðaltalið. Í aldurshópnum 0 til 5 ára var 7,0% af íbúum Ísafjarðarbæjar samanborið við landið allt, 7,2%.

Í samanburðinum voru fimm sveitarfélög með hærra hlutfall í aldurshópnum 0 til 5 ára en Ísafjarðarbær. Hæst var hlutfallið hjá Fljótdalshéraði, eða 8,9%.

Í aldurshópnum 6 til 16 ára var hlutfallið fyrir landið allt 14,2%. Hjá Ísafjarðarbæ var það 13,6%. Hæst var hlutfallið hjá Bolungarvíkurkaupstað, eða 16,4%.

Í aldurshópnum 67 ára og eldri voru 13,8% af íbúum Ísafjarðarbæjar samanborið við 12,3% á landinu öllu. Af samanburðarsveitarfélögum er hlutfallið hæst hjá Hveragerðisbæ, eða 17,9%. Eins og sjá má á töflu 1 fjölgaði íbúum í Hveragerði milli áranna 2009 og 2019 um 13,5%.

Á mynd 6 er hlutfallslegur fjöldi aldurshópanna borin saman á milli áranna 2009 og 2019. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 4,3% á milli áranna. Á milli áranna 2009 og 2019 fækkar hlutfallslega í öllum aldurshópum nema í aldurshópnum 67 ára og eldri en þar fjölgar íbúum um 77 eða um 17,1 %.

**Mynd 5: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum hjá samanburðarsveitarfélögum í janúar 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

**Mynd 6: Fjöldi íbúa eftir aldursflokkum í Ísafjarðarbæ árin 2009 og 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

**Mynd 7: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar**




Heimild: Hagstofa Íslands

## Skuldir sveitarfélaga

Þann 1. janúar 2012 tóku í gildi ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Lögin segja m.a. til um að skuldir sveitarfélaga mega ekki vera meiri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum þeirra. Reglan á við um skuldir og tekjur A- og B-hluta samtals. Fjallað er um í lögunum að ráðherra málaflokksins gefi út reglugerð sem útskýri hvernig skuldahlutfallið, svo kallað skuldaviðmið, skuli reiknað. Um er að ræða Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012 með síðari breytingum nr. 793/2017 og 458/2018.

**Mynd 8: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta samtals, sem hlutfall af tekjum árið 2018, hjá sveitarfélögum með hlutfallið hærra en 80%**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 8 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta samtals, sem hlutfall af tekjum árið 2018 hjá sveitarfélögum með hlutfallið hærra en 80%. Ekki er um að ræða svokallað skuldaviðmið.

Samkvæmt myndinni var Reykjanesbær með hæsta skuldahlutfallið eða 209,7% í árslok 2018. Ísafjarðarbær var í sjötta sæti með skuldahlutfallið 152,3%.

Skuldahlutfallið fyrir öll sveitarfélög samtals í árslok 2018 var 147,4%, en var árið áður 143,5%. Skuldir sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga samtals hafa því hækkað hlutfallslega um 3,9% árið 2018.

Það voru einungis sex sveitarfélög með skuldahlutfallið hærra en 150% í árslok 2018. Þess má geta að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

## Skuldir Ísafjarðarbæjar

Skuldir Ísafjarðarbæjar samtals, A- og B-hluti, hafa farið hækkandi undanfarin ár.

**Mynd 9: Skuldir Ísafjarðarbæjar, A- og B-hluti, 2009 til 2018, á verðlagi hvers árs í milljónum króna**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 9 sýnir þróun skulda Ísafjarðarbæjar, annars vegar A-hluta og hins vegar A- og B-hluta samtals, frá árinu 2009 til ársins 2018 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Skuldir A-hluta hafa hækkað úr 3.408 millj. kr. árið 2009 í 5.267 millj. kr. árið 2018, eða um 1.860 millj. kr. á verðlagi hvors árs. Hlutfallsleg hækkun skulda A-hluta milli áranna er 54,6%. Á sama tímabili jukust tekjur A-hlutans úr 2.287 millj. kr. í 4.214 millj. kr. og nemur hækkunin um 1.928 millj. kr. eða aukningu um 84,3%. Á tímabilinu hafa skuldir A-hluta aukist minna en tekjur A-hluta, bæði hlutfallslega og í krónum talið. Á árunum 2009 til og með árinu 2013 jukust skuldir A-hluta um 398 millj. kr. eða um 100 millj. kr. að meðaltali á ári. Frá árinu 2013 til ársins 2018 jukust skuldir A-hluta um 1.461 millj. kr. eða um 292 millj. kr. að meðaltali á ári.

Samtals jukust skuldir sveitarfélagsins, A og B-hluta, á umræddu tímabili úr 5.068 millj. kr. árið 2009 í 7.494 millj. kr. árið 2018, eða um 2.426 millj. kr. sem er 47,9% aukning milli áranna. Hlutfallslega jukust tekjur af A- og B-hluta um 78,7%, fóru úr 2.753 millj. kr. árið 2009 I 4.920 millj. kr. árið 2018 og jukust um 2.166 millj. kr.

Skuldir af A-hluta hækka öll árin fyrir utan árið 2015 þá lækkuðu skuldirnar um 434 millj. kr. Skuldir A- og B-hluta haldast nokkuð stöðugar frá árinu 2009 til ársins 2013, eða aukast um 274 milljónir króna á verðlagi hvors árs. Frá árinu 2013 til ársins 2018 aukast skuldir A- og B-hluta samtals um 2.152 millj. kr.

**Mynd 10: Skuldir Ísafjarðarbæjar, A-hluti og A- og B-hluti, 2009 til 2018, sem hlutfall af tekjum**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 10 sýnir hlutfall skulda Ísafjarðarbæjar, A-hluta og A- og B-hluta samtals, frá árinu 2009 til 2018, af tekjum A-hluta og A- og B-hluta samtals (skuldahlutfall).

Skuldahlutfall fyrir A-hluta lækkar nokkuð frá árinu 2010 til ársins 2013, fer úr 149% í 122,2%. Hlutfallið hækkar árið 2014 í 146,3%. Hlutfallið lækkar aftur frá árinu

2014 til ársins 2017. Skuldahlutfalli, A-hluta var lægst árið 2016 á tímabilinu og stóð þá í 108,4%.

Hlutfallið hefur síðan hækkað og var 125% árið 2018.

Skuldahlutfall, A- og B-hluta, var þrisvar á tímabilinu undir 150% (undir gulu línuna á mynd 10). Það var árin 2013, 2016 og 2017.

Mynd 11 sýnir skiptingu skulda og skuldbindingu Ísafjarðarbæjar samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins árið 2018.

Árið 2018 voru skuldir A- og B-hluta Ísafjarðarbæjar samtals 7.494 millj. kr., þar af var hlutfall langtímaskulda 66,7%., skuldbindinga 21,3% og skammtímaskulda 11,9%.

**Mynd 11: Skipting skulda og skuldbindinga Ísafjarðarbæjar, A- og B-hluta skv. ársreikningi 2018 í millj. kr.**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

## Tafla 2: Greining á langtímaskuldum Ísafjarðarbæjar í lok árs 2019

| Kröfuhafi | Upphæð | Verð-tryggt | Vextir | Fastir/ br. | Láns-tími |
|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður** | | | | | |
| LSS | 551.683.033 | x | 2,57% | Fastir | 2034 |
| | **551.683.033** | | | | |
| **Eignasjóður** | | | | | |
| LSS | 486.369.292 | x | 2,30% | Fastir | 2034 |
| LSS | 52.384.838 | x | 2,45% | Fastir | 2024 |
| LSS | 192.057.265 | x | 2,47% | Breytil. | 2030 |
| LSS | 506.607.687 | x | 2,57% | Fastir | 2034 |
| LSS | 0 | x | 2,75% | Fastir | 2019 |
| LSS | 31.683.790 | x | 3,00% | Fastir | 2024 |
| LSS | 316.147.580 | x | 3,20% | Fastir | 2034 |
| LSS | 72.098.051 | x | 3,60% | Fastir | 2024 |
| LSS | 91.323.771 | x | 3,95% | Fastir | 2024 |
| LSS | 60.610.666 | x | 4,20% | Fastir | 2024 |
| LSS | 52.321.088 | x | 4,57% | Fastir | 2024 |
| LSS | 52.426.858 | x | 5,06% | Fastir | 2024 |
| LSS | 122.926.640 | x | 5,60% | Fastir | 2034 |
| LSS | 112.427.858 | x | 6,05% | Fastir | 2024 |
| LSS | 166.528.198 | x | 6,55% | Fastir | 2024 |
| Fasteignasjóður jöfnunarsj. | 31.422.281 | x | 2,00% | Fastir | 2037 |
| Ofanflóðasjóður | 100.323.512 | | 0,00% | Fastir | EV |
| | **2.447.659.375** | | | | |
| **Hafnarsjóður** | | | | | |
| LSS | 30.434.304 | x | 4,75% | Fastir | 2022 |
| LSS | 51.205.759 | x | 4,77% | Fastir | 2024 |
| LSS | 31.272.916 | x | 4,05% | Fastir | 2024 |
| | **112.912.979** | | | | |
| **Eyri** | | | | | |
| LSS | 126.211.350 | x | 2,47% | Breytil. | 2031 |
| Lífeyrissjóðir | 1.148.400.486 | x | 3,35% | Fastir | 2055 |
| | **1.274.611.836** | | | | |
| **Ísafjörður alls** | **5.609.918.308** | | | | |

| Kröfuhafi | Upphæð | Verð-tryggt | Vextir | Fastir/ br | Láns-tími |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fasteignir Ísafjarðarbæjar** | | | | | |
| Íbúðalánasjóður | 19.211.485 | x | 1,00% | Fastir | 2045 |
| Íbúðalánasjóður | 18.029.428 | x | 1,00% | Fastir | 2046 |
| Íbúðalánasjóður | 38.810.014 | x | 1,00% | Fastir | 2047 |
| Íbúðalánasjóður | 68.639.678 | x | 1,00% | Fastir | 2048 |
| Íbúðalánasjóður | 259.168.205 | x | 1,00% | Fastir | 2049 |
| Íbúðalánasjóður | 334.714.969 | x | 1,00% | Fastir | 2050 |
| Íbúðalánasjóður | 79.533.983 | x | 1,00% | Fastir | 2051 |
| Íbúðalánasjóður | 8.047.921 | x | 2,40% | Fastir | 2034 |
| Íbúðalánasjóður | 8.452.452 | x | 2,40% | Fastir | 2037 |
| Íbúðalánasjóður | 5.892.152 | x | 2,40% | Fastir | 2039 |
| Íbúðalánasjóður | 40.139.876 | x | 2,40% | Fastir | 2040 |
| Íbúðalánasjóður | 21.480.853 | x | 2,40% | Fastir | 2041 |
| Íbúðalánasjóður | 11.240.410 | x | 2,40% | Fastir | 2042 |
| Íbúðalánasjóður | 59.719.277 | x | 2,40% | Fastir | 2043 |
| Íbúðalánasjóður | 12.413.226 | x | 2,40% | Fastir | 2046 |
| Íbúðalánasjóður | 8.366.558 | x | 2,40% | Fastir | 2047 |
| Íbúðalánasjóður | 26.243.474 | x | 2,40% | Fastir | 2051 |
| Íbúðalánasjóður | 81.952.800 | x | 3,50% | Fastir | 2052 |
| Íbúðalánasjóður | 14.194.971 | x | 3,50% | Fastir | 2053 |
| Íbúðalánasjóður | 24.240.561 | x | 3,50% | Fastir | 2054 |
| Íbúðalánasjóður | 14.231.626 | x | 3,50% | Fastir | 2056 |
| Íbúðalánasjóður | 14.009.186 | x | 4,40% | Fastir | 2063 |
| Íbúðalánasjóður | 24.570.320 | x | 4,95% | Breytil. | 2051 |
| Íbúðalánasjóður | 6.574.856 | x | 5,10% | Fastir | 2027 |
| Íbúðalánasjóður | 1.146.923 | x | 5,10% | Fastir | 2030 |
| Íbúðalánasjóður | 15.567.932 | x | 5,30% | Fastir | 2030 |
| Íbúðalánasjóður | 6.457.949 | x | 5,70% | Fastir | 2029 |
| | **1.223.051.085** | | | | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 2 sýnir langtímaskuldir Ísafjarðarbæjar í lok árs 2019, A- og B-hluti.

Engar langtímaskuldir eru tengdar erlendri mynt. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 6,55% auk verðtryggingar. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum sem sveitarfélagið er með. Nokkur ávinningur ætti að vera á því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé það mögulegt.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða verðtryggð lán með vöxtum allt niður í 1,55% auk verðtryggingar og 1,50% á lánum sem falla undir grænar lánveitingar Lánasjóðsins. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess, t.d. hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

**Mynd 12: A-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2018, á verðlagi hvers árs í millj. kr.**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 12 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 20018 hjá A-hluta á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Árið 2010 skilaði rekstur A-hluta neikvæðu veltufé og handbæru fé frá rekstri. Önnur ár á tímabilinu skiluðu jákvæðu veltufé. Árin 2012, 2013 og 2016 náði veltufé frá rekstri hámarki á tímabilinu og var hæst árið 2016 eða 484 millj. kr.

Vegið meðaltal veltufjár á tímabilinu var 239 millj. kr. og miðgildið var 262 millj. kr. Vegið meðaltal handbærs fjár var 131 millj. kr. og miðgildið var 226 millj. kr.

**Mynd 13: A- og B-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2018, á verðlagi hvers árs í millj. kr.**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 13 sýnir veltufé og handbært fé samtals fyrir A- og B-hluta reksturs Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 20018, á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Á tímabilinu skilar samanlagður rekstur A- og B-hluta jákvæðri niðurstöðu veltufjár og handbærs fjár. Vegið meðaltal veltufjár á tímabilinu var 412 millj. kr. og miðgildið var 501 millj. kr. Vegið meðaltal handbærs fjár var 382 millj. kr. og miðgildið var 451 millj. kr.

**Mynd 14: A, A- og B-hluti: Hlutfall veltufjár af tekjum Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Á mynd 14 er að finna hlutfall veltufjár af tekjum frá árinu 2009 til ársins 2018 fyrir bæði A-hluta og A- og B-hluta, samtals. Hlutföllin voru lægst á árunum 2009 til 2011, var lægst í -0,7% fyrir A-hluta en 2,1% fyrir A- og B-hluta árið 2010.

Hlutfallið hækkar frá árinu 2011 og nær hámarki árið 2013 og var 14,2% fyrir A-hluta en 18,7% fyrir samtals A- og B-hluta.

Vegið meðaltal hlutfallsins fyrir A-hluta á tímabilinu var 7,1% og miðgildið var 7,2%. Vegið meðaltal hlutfallsins fyrir A- og B-hluta á tímabilinu var 10,6% og miðgildið var 11,4%.

Árið 2018 var hlutfall veltufjár af tekjum Ísafjarðarbæjar fyrir A-hluta 8,3%, sama ár var hlutfallið fyrir landið allt 11,3%.

**Tafla 3: Veltufé, tekjur og hlutfall veltufjár af tekjum (A-hluta) samanburðarsveitarfélaga Ísafjarðarbæjar ásamt landinu öllu fyrir árið 2018, í millj. kr.**

| | Bolungarvík | Hveragerði | Norðurþing | Grindavík | Suðurnesjabær | Fljótdalshérað | **Ísafjarðarbær** | Borgarbyggð | Sv. Skagafjörður | Vestmannaeyjar | Seltjarnarnes | Fjarðabyggð | Samanburðarsveitarf. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa í jan 2019 | 953 | 2.628 | 3.042 | 3.427 | 3.480 | 3.600 | **3.800** | 3.807 | 3.992 | 4.301 | 4.664 | 5.070 | 42.764 | 356.991 |
| Veltufé frá rekstri | 65 | 243 | 686 | 692 | 349 | 518 | **349** | 642 | 351 | 831 | 1 | 784 | 5.511 | 38.014 |
| Tekjur | 1.074 | 2.741 | 3.606 | 3.051 | 3.645 | 4.044 | **4.214** | 3.932 | 4.686 | 3.960 | 4.058 | 5.926 | 44.937 | 335.080 |
| Velutfé/tekjur | 6,1% | 8,9% | 19,0% | 22,7% | 9,6% | 12,8% | **8,3%** | 16,3% | 7,5% | 21,0% | 0,0% | 13,2% | 12,3% | 11,3% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 3 eru teknar saman upplýsingar frá árinu 2018 um tekjur, veltufé frá rekstri og hlutfall veltufjár af tekjum hjá 12 sveitarfélögum, að auki eru sömu tölur að finna fyrir landið allt. Sveitarfélögin eru valin út frá fjölda íbúa í samanburði við fjölda íbúa Ísafjarðarbæjar.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum var 8,3% árið 2018 hjá Ísafjarðarbæ. Í samanburðinum eru þrjú sveitarfélög með lægra hlutfall en Ísafjarðarbær. Bolungarvík var með 6,1%, Sveitarfélagið Skagafjörður var með 7,5% og Seltjarnarnes var með 0,01%. Átta önnur sveitarfélög voru með hærra hlutfall en Ísafjarðarbær í samanburðinum. Grindavíkurbær er með hæsta hlutfallið eða 22,7%. Fyrir landið allt var hlutfallið 11,3% og var Ísafjarðarbær 3% stigum frá því hlutfalli.

Í samanburðinum var meðalhlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum 12,3% hjá samanburðarsveitarfélögum. Vegið meðaltal hlutfalls veltufjár frá rekstri við tekjur A-hluta sveitarfélaga á öllu landinu var 11,3%.

### Tafla 4: Veltufé, tekjur og hlutfall veltufjár af tekjum (A- og B-hluta) samanburðarsveitarfélaga Ísafjarðarbæjar ásamt landinu öllu fyrir árið 2018, í millj. kr.

| | Bolungar-vík | Hvera-gerði | Norður-þing | Grindavík | Suður-nesjabær | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Sv. Skaga-fjörður | Vestmanna-eyjar | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð | Samanburðar-sveitarf. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa í jan 2019 | 953 | 2.628 | 3.042 | 3.427 | 3.480 | 3.600 | **3.800** | 3.807 | 3.992 | 4.301 | 4.664 | 5.070 | 42.764 | 356.991 |
| Veltufé frá rekstri | 129 | 301 | 970 | 804 | 414 | 755 | **514** | 680 | 611 | 1.072 | 201 | 1.636 | 8.087 | 77.070 |
| Tekjur | 1.237 | 2.848 | 4.721 | 3.349 | 3.852 | 4.491 | **4.920** | 4.299 | 5.506 | 5.017 | 4.372 | 8.124 | 52.734 | 430.098 |
| Velutfé/tekjur | 10,4% | 10,6% | 20,5% | 24,0% | 10,8% | 16,8% | **10,5%** | 15,8% | 11,1% | 21,4% | 4,6% | 20,1% | 15,3% | 17,9% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 4 er að finna upplýsingar um veltufé, tekjur og hlutfall veltufjár af tekjum fyrir A- og B-hluta samtals hjá Ísafjarðarbæ og samanburðarsveitarfélögum að auki á landinu öllu árið 2018.

Hlutfall veltufjár af tekjum A- og B-hluta Ísafjarðarbæjar var 10,5% árið 2018. Fyrir landið allt var hlutfallið 17,9%. Meðaltal hlutfallsins hjá samanburðarsveitarfélögunum var 15,3%.

Hlutfallið var hæst hjá Grindavíkurbæ, eða 24,0% og hækkaði lítið þegar B-hluta var bætt við A-hluta. Hlutfallið var lægst hjá Seltjarnarnesbæ eins og var í A-hlutanum. Sex sveitarfélögum eru með hlutfallið hærra en 15%.

Í árskýrslu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá árinu 2017 var fjallað um að hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum væri eitt af viðmiðum eftirlitsnefndarinnar. Nefndin miðar við að hlutfallið verði að vera a.m.k. um 7,5% ef skuldahlutfall sveitarfélags er 150%.

Veltufé frá rekstri lýsir vel getu rekstrar sveitarfélags til að standa undir öllum útgjöldum, skuldbindingum og framtíðar uppbyggingu þess. Það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvað hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum á að vera til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu sveitarfélags til framtíðar litið.

**Tafla 5: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Ísafjarðarbæ, A-hluta, árin 2009 til 2018 á verðlagi hvers árs í millj. kr.**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 79 | -16 | 20 | 313 | 444 | 191 | 236 | 484 | 288 | 349 | **2.388** |
| Breytingar á skammtímaliðum | 11 | -58 | 47 | 27 | -235 | 128 | 7 | -157 | 181 | -256 | **-306** |
| Afborganir langtímalána | -181 | -222 | -416 | -264 | -300 | -245 | -265 | -218 | -214 | -192 | **-2.516** |
| Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum | -39 | -80 | -23 | -139 | -142 | -201 | -326 | -147 | -357 | -520 | **-1.975** |
| Samtals til fjármögnunar | 130 | 376 | 373 | 63 | 233 | 127 | 348 | 39 | 102 | 619 | **2.409** |
| Sala og eignabreytingar | 29 | 76 | 64 | 93 | 26 | -19 | 3 | -90 | -31 | -418 | **-268** |
| Lántökur | 490 | 229 | 292 | 199 | 160 | 808 | 680 | 26 | 0 | 1.124 | **4.008** |
| Aðrar fjármögnungar hreyfingar | -449 | 68 | -25 | -48 | -93 | -658 | -317 | 371 | -181 | 0 | **-1.331** |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | -61 | -3 | -42 | 181 | -140 | 3 | 18 | 268 | -313 | 88 | **-1** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 5 sýnir samandregið yfirlit um sjóðstreymi hjá Ísafjarðarbæ, A-hluta, árin 2009 til 2018 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Frá árinu 2009 til ársins 2018 var veltufé frá rekstri, A-hluta, samtals 2,4 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Afborganir langtímalána voru á sama tímabili 2,5 ma. kr.

Fjárfestingar á tímabilinu voru samtals 2 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Þegar breytingar á skammtímaliðum, afborganir og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru dregnar frá veltufé frá rekstri var fjárvöntunin á tímabilinu samtals 2,4 ma. kr., sem var fjármögnuð með lántökum að upphæð 4 ma. kr. sem einnig var nýtt til að standa undir öðrum fjármögnunarhreyfingum.

**Tafla 6: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Ísafjarðarbæ, A- og B-hluta, árin 2009 til 2018 á verðlagi hvers árs í millj. kr.**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 126 | 57 | 71 | 488 | 674 | 386 | 520 | 742 | 540 | 514 | **4.119** |
| Breytingar á skammtímaliðum | 20 | -21 | 3 | 65 | -272 | 113 | 16 | -136 | 174 | -260 | **-295** |
| Afborganir langtímalána | -394 | -307 | -494 | -343 | -379 | -319 | -343 | -319 | -304 | -286 | **-3.488** |
| Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum | -65 | -103 | -105 | -209 | -439 | -818 | -885 | -151 | -462 | -583 | **-3.822** |
| Samtals til fjármögnunar | 312 | 374 | 525 | 2 | 416 | 637 | 692 | 137 | 53 | 615 | **3.486** |
| Sala og eignabreytingar | 116 | 53 | 66 | 44 | 26 | -19 | 3 | -74 | -31 | -371 | **-187** |
| Lántökur | 490 | 350 | 352 | 211 | 160 | 795 | 741 | 176 | 0 | 1.124 | **4.398** |
| Aðrar fjármögnungar hreyfingar | -360 | -25 | 59 | -76 | 90 | -122 | -39 | 27 | -217 | -80 | **-743** |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | -65 | 4 | -48 | 181 | -140 | 15 | 13 | 266 | -301 | 58 | **-18** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 6 sýnir sömu upplýsingar fyrir A- og B-hluta samtals og tafla 5 sýnir fyrir A-hluta.

Veltufé frá rekstri var samtals 4,1 ma. kr. á tímabilinu fyrir bæði A- og B-hluta á verðlagi hvers árs. Afborganir langtímalána voru 3,5 ma. kr. og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 3,8 ma. kr.  Af þessum upplýsingum að dæma dugði veltufé frá rekstri fyrir afborgunum langtímalána á tímabilinu.

Þegar breytingar á skammtímaliðum, afborganir af langtímalánum og fjárfestingar hafa verið dregnar frá veltufé frá rekstri vantaði að fjármagna tæplega 3,5 ma. kr. Samtals voru lántökur á tímabilinu 4,4 ma. sem nýtt var til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og annarra fjármögnunar hreyfinga.

## Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun endurspeglar m.a. stefnu sveitarstjórnar í málaflokkum sveitarfélagsins. Áætlunin er m.a. aðgerðaráætlun sveitarstjórnar, sem starfsfólk sveitarfélagsins ber að fara eftir, og er í raun eitt af stjórntækjum sveitarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum. Fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið, stefna og áætlun heldur er um að ræða hreina fjárheimild sem hver og einn málaflokkur hefur.

Nokkrir lykil þættir þess að fjárhagsáætlun ganga eftir er að virkja kostnaðarvitund stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins, fylgst sé vel með þróun raunútgjalda við fjárhagsáætlun og að stjórnendur taki þátt í gerð fjárhagsáætlana. Þá gefst stjórnendum tækifæri á að meta fjármögnunarþörf viðkomandi rekstrareiningar og geta þar með lagt mat á hvort áætlað fjármagn dugi fyrir þeim rekstri sem hann ber ábyrgð á.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er fjallað um fjárhagsáætlanir og þar kemur eftirfarandi fram í 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlanir:

> *„Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til. sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.“*

Í 63 gr. er einnig fjallað um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og hljóðar greinin í heild sinni sem hér segir:

> *„Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlanir næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.*
>
> *Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga, eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslu milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.*
>
> *Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.*

*Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.“*

Eins og lesa má úr lagagreinunum hér að framan er lögð rík áhersla á að fjárhagsáætlun er *„bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins“* og *„aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt fjárframlaga eða annarra fyrirgreiðslu sveitfélags á fjárhagsáætlun“* og *„óheimilt er að víka frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitastjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.“*

Nauðsynlegt er að fá samþykki sveitarstjórnar, með viðauka við fjárhagsáætlun, ef ákvörðun um ráðstöfun fjármuna s.s. nýrra tekna, útgjalda og fjárfestingar kemur ekki fram í fjárhagsáætlun.

**Tafla 7: Rauntölur rekstrar og áætlun Ísafjarðarbæjar 2018, A- og B-hluti í þúsundum króna**

| | Árs-reikningur | Fjárhagsáætlun með viðauka | Mismunur | Hlutfall af áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **A-hluti** | | | | |
| Velferðarsvið | -259.724 | -258.167 | -1.557 | 101% |
| Fræðslumál | -1.641.542 | -1.622.330 | -19.212 | 101% |
| Menningarmál | -157.188 | -184.080 | 26.892 | 85% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | -465.688 | -466.774 | 1.086 | 100% |
| Brunamál og almannavarnir | -92.985 | -94.583 | 1.598 | 98% |
| Hreinlætismál | -16.441 | -21.826 | 5.385 | 75% |
| Skipulags og byggingarmál | -52.863 | -53.560 | 697 | 99% |
| Samgöngumál | -222.426 | -217.375 | -5.051 | 102% |
| Umhverfismál | -65.514 | -62.988 | -2.526 | 104% |
| Atvinnumál | -49.473 | -46.838 | -2.635 | 106% |
| Framlög til B hluta stofnana | -33.972 | 0 | -33.972 | - |
| Sameiginlegur kostnaður | -290.336 | -325.224 | 34.888 | 89% |
| Breyting lífeyrisskuldbinding | -129.362 | -163.375 | 34.013 | 79% |
| Eignasjóður | 136.771 | 176.619 | -39.848 | 77% |
| Þjónustumiðstöð | -37.202 | -39.949 | 2.747 | 93% |
| **Málaflokkar samtals, nettó** | -3.377.945 | -3.380.450 | 2.505 | 100% |
| Fjámunatekjur og fjármagnsgjöld | 72.578 | 79.246 | -6.668 | 92% |
| **Gjöld samtals, nettó** | -3.305.367 | -3.301.204 | -4.163 | 100% |
| Skatttekjur | 3.291.145 | 3.280.243 | 10.902 | 100% |
| **A-hluti samatals** | -14.222 | -20.961 | 6.739 | 68% |
| **B-hluti** | | | | |
| Hafnarsjóður | 65.424 | 105.586 | -40.162 | 62% |
| Vatnsveita | 43.735 | 33.948 | 9.787 | 129% |
| Þjónustuíbúðir | 0 | -22.454 | 22.454 | 100% |
| Eyri | -6.007 | -41.238 | 35.231 | 15% |
| Fasteignir Ísafjarðarbæjar | -24.549 | -6.813 | -17.736 | 360% |
| Fráveita | 3.120 | -658 | 3.778 | 574% |
| Funi | -20.344 | -21.111 | 767 | 96% |
| Byggðasafn Vestfjarðar | -3.288 | 2.616 | -5.904 | 126% |
| **B-hluti samtals** | 58.091 | 49.876 | 8.215 | 116% |
| **Samtals, A- og B-hluti** | 43.869 | 28.915 | 14.954 | 152% |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Tafla 7 sýnir rauntölur rekstrar Ísafjarðarbæjar árið 2018 til samanburðar við fjárhagsáætlun með viðaukum í þúsundum króna.

Samtals var rekstrarniðurstaða málaflokka A-hluta á pari við fjárhagsáætlun eða 2,5 millj. kr. undir áætlun. Sömu sögu má segja um B-hluta en þar var afkoman 16% betri en áætlun gerði ráð fyrir. Samtals var rekstrarniðurstaða fyrir bæði A- og B-hluta 52% betri en áætlunin.

Þrátt fyrir jákvæðan árangur í rekstrinum samanborið við áætlunina fóru nokkrir málaflokkar A-hluta fram úr fjárhagsáætlun og þrjár stofnanir B-hluta skiluðu verri afkomu en áætlað var.

Samtals fóru fimm málaflokkar A-hluta fram úr áætlunum sem var samtals um 31 millj. kr. Eignasjóður skilaði 40 millj. kr. minni afgangi en áætlanir gerður ráð fyrir.

Hafnarsjóður skilaði 40 millj. kr. minni afgangi en áætlun gerði ráð fyrir og Fasteignir Ísafjarðarbæjar fóru um 18 millj. kr. fram úr áætlun. Gert var ráð fyrir um 2,6 millj. kr. afgangi af rekstri Byggðasafns Vestfjarða en rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 3,3 millj. kr.

Hins vegar er rétt að fram komi að niðurstaða á samanburði á rauntölum rekstrar og áætlun árið 2018 er með því betra sem skýrsluhöfundar hafa séð hjá sveitarfélögum. Af þessu má ætla að stjórnendur sveitarfélagsins séu vel meðvitaðir um mikilvægi þess að fjárhagsáætlun er ekki einungis áætlun og markmið heldur segir hún til um þá fjárheimild sem viðkomandi málaflokkur hefur til ráðstöfunar.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra voru samþykktir 15 viðaukar við fjárhagsáætlun árið 2018. Hér til hliðar er að finna fjölda viðauka sem voru samþykktir við fjárhagsáætlun frá árinu 2015 til 2019.

| Ár | Fjöldi viðauka |
|---|---|
| 2015 | 14 |
| 2016 | 13 |
| 2017 | 17 |
| 2018 | 15 |
| 2019 | 12 |

Fjallað er í 76. gr. sveitarstjórnarlaga um að viðauka, sem bæjarstjórn samþykkir, eigi að tilkynna til ráðuneytisins/Hagstofunnar innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra.

Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra hafa allir viðaukar verið sendir til ráðuneytisins í samræmi við 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Rétt er einnig að geta þess hér að samkvæmt þessu hefur sveitarfélagið staðið sig vel hvað varðar að fylgja sveitarstjórnarlögum varðandi gerð viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins/Hagstofunnar. Nokkur misbrestur hefur verið á því hjá mörgum sveitarfélögum að fylgja ákvæðum laganna um viðauka og tilkynningu þeirra.

**Mynd 15: Rekstrarafkoma Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2018, A- hluti og A- og B-hluti samtals, á verðlagi hvers ár í millj. kr.**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 15 sýnir rekstrarniðurstöður, A-hluta og A- og B-hluta samtals, Ísafjarðarbæjar á árunum 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Einungis þrjú ár af tíu skiluðu jákvæðri rekstrarniðurstöðu A-hluta Ísafjarðarbæjar. Samtals var rekstrarniðurstaðan á tímabilinu neikvæð um 540 millj. kr. á verðlagi hvers árs fyrir A-hluta.

Það eru sex ár sem gefa jákvæða rekstrarniðurstaða A- og B-hluta samtals og eru því fjögur ár á tímabilinu sem skila neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Samtals var rekstrarniðurstaðan á tímabilinu neikvæð um 159 millj. kr. á verðlagi hvers árs frá A- og B-hluta samtals.

Öll árin 2009 til 2011 skilaði Ísafjarðarbær neikvæðri rekstrarniðurstöðu frá A- og B-hluta og var þá nauðsynlegt að bregðast við neikvæðri afkomuþróun sveitarfélagsins. Því næst tóku við tvö jákvæð ár í afkomu rakstrarins og náði afkoman hámarki á tímabilinu árið 2013, eins og fram hefur komið í kaflanum um veltufé frá rekstri. Afkoman versnar eftir árið 2013 til 2015 en batnar aftur árið 2016.

Frá árinu 2016 til 2018 skilaði rekstur Ísafjarðarbæjar, A-hluta, neikvæðri afkomu upp á 28,8 millj. kr. Þegar B-hlutanum er bætt við snýst afkoman við og hún verður jákvæð um 234,3 millj. kr.

**Mynd 16: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2018 sem skiluðu ársreikningum tímanlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 16 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2018, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímanlega, línurit.

Eins og mynd 16 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla, um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkomu A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár. Hins vegar fjölgaði sveitarfélögum um þrjú árið 2018 og samtals voru átta sveitarfélög rekin með halla það ár.

Ísafjarðarbær var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í 10 ár á þessu 17 ára tímabili. Rauðu súlurnar sýna ár þar sem Ísafjarðarbær var með hallarekstur.

Frá og með árinu 2012 til 2018 var hallarekstur árið 2017. Öll hin sex árin var rekstrarafkoman jákvæð. Hins vegar er allt aðra sögu að segja fyrir árið 2012 og aftur til ársins 2002. Hallarekstur var öll árin nema árið 2007. Þannig var hallarekstur í níu ár af tíu.

Af þessu má ljóst vera að mikil breyting hefur átt sér stað í rekstri Ísafjarðarbæjar eftir árið 2011 miðað við það sem var 10 árin þar á undan.

## Tekjur

Í kaflanum verður farið yfir tekjur Ísafjarðarbæjar og þróun þeirra frá árinu 2009 til 2018. Gerður er samanburður á tekjum 11 annarra sveitarfélaga og er stuðst við fimm stærri og sex minni sveitarfélög miðað við íbúafjölda.

**Tafla 8: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þús. kr. í samanburðarsveitarfélögum árin 2009 til 2018**

| | Fjöldi íbúa í janúar 2019 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð | 5.070 | 552 | 591 | 635 | 661 | 694 | 727 | 801 | 838 | 901 | 1.015 |
| Seltjarnarnes | 4.664 | 407 | 441 | 488 | 520 | 557 | 581 | 585 | 642 | 714 | 765 |
| Vestmannaeyjar | 4.301 | 462 | 489 | 583 | 609 | 621 | 614 | 674 | 718 | 761 | 813 |
| Skagafjörður | 3.992 | 507 | 516 | 550 | 588 | 644 | 668 | 719 | 904 | 950 | 994 |
| Borgarbyggð | 3.807 | 489 | 503 | 555 | 605 | 635 | 678 | 755 | 833 | 891 | 944 |
| **Ísafjarðarbær** | **3.800** | **494** | **510** | **532** | **586** | **661** | **643** | **731** | **818** | **813** | **866** |
| Fljótdalshérað | 3.600 | 513 | 527 | 648 | 666 | 699 | 744 | 803 | 882 | 956 | 1.000 |
| Suðurnesjabær | 3.480 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 926 |
| Grindavík | 3.427 | 436 | 452 | 520 | 574 | 617 | 641 | 683 | 751 | 778 | 821 |
| Norðurþing | 3.042 | 531 | 520 | 559 | 613 | 633 | 709 | 707 | 794 | 819 | 935 |
| Hveragerði | 2.628 | 439 | 452 | 535 | 561 | 585 | 613 | 664 | 739 | 777 | 817 |
| Hornafjörður | 2.389 | 556 | 552 | 611 | 660 | 719 | 771 | 842 | 902 | 919 | 974 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 8 sýnir heildarskatttekjur á hvern íbúa á verðlagi hvers árs í þús. kr. hjá samanburðarsveitarfélögum á árunum 2009 til 2018.

Árið 2009 voru fimm sveitarfélög með hærri skatttekjur samtals á hvern íbúa en Ísafjarðarbær af samanburðarsveitarfélögunum. Árið 2018 voru sjö sveitarfélög með hærri skatttekjur samtals á hvern íbúa en Ísafjarðarbær.

Frá árinu 2009 til 2018 jukust skatttekjur á hvern íbúa Ísafjarðarbæjar um 75,2%. Sveitarfélagið Hornafjörður var eina sveitarfélag þar sem skatttekjur á hvern íbúa jukust hlutfallslega jafn mikið á tímabilinu og hjá Ísafjarðarbæ. Hlutfallslega jukust skatttekjur meira á hvern íbúa hjá hinum samanburðarsveitarfélögum á tímabilinu. Mest var aukningin hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður þar sem þær jukust um 96,1%.

**Mynd 17: Þróun skatttekna samtals á hvern íbúa hjá sveitarfélögum með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000, árin 2009 til 2018 í þús. kr. á verðlagi hvers árs.**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 17 sýnir sömu upplýsingar og koma fram í töflu 8 en með færri sveitarfélögum. Valin hafa verið sveitarfélög með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000. Hér má sjá með myndrænum hætti hvernig þróun skatttekna hefur verið frá árinu 2009 til 2018 hjá þessum sveitarfélögum.

### Mynd 18: Hlutfallsleg hækkun skatttekna samtals á hvern íbúa hjá sveitarfélögum með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000, frá árinu 2009 til 2018




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 18 sýnir hlutfallslega hækkun skatttekna samtals á hvern íbúa hjá sveitarfélögum með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000 frá árinu 2009 til 2018.

Meðalskatttekjur samtals á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum voru 449 þús. kr. árið 2009 en árið 2018 voru þær 906 þús. kr. Meðalhlutfallsleg hækkun skatttekna samtals á hvern íbúa frá árinu 2009 til ársins 2018 var 84,8% og miðgildið var 85,9%. Skatttekjur samtals á hvern íbúa Ísafjarðarbæjar hafa aukist hlutfallslega minna miðað við meðalhækkun skatttekna á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum, eða um 75,2% sbr. hér að framan.

### Tafla 9: Sundurliðun skatttekna í þús. kr. á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2018

| | Horna-fjörður | Hvera-gerði | Norður-þing | Grinda-vík | Suður-nesjab. | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Skaga-fjörður | Vestm.-eyjar | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð | Meðaltal saman-burðarsv. | Meðaltal öll sveiarf. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Útsvar | 569 | 516 | 597 | 498 | 506 | 518 | **537** | 499 | 523 | 565 | 622 | 594 | 548 | 559 |
| Fasteignaskattur | 87 | 86 | 103 | 111 | 198 | 103 | **78** | 131 | 107 | 75 | 60 | 158 | 109 | 119 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði | 310 | 192 | 215 | 193 | 213 | 371 | **234** | 297 | 345 | 153 | 76 | 248 | 233 | 121 |
| Aðrar tekjur með skattgildi | 9 | 23 | 20 | 19 | 8 | 9 | **17** | 18 | 19 | 20 | 6 | 15 | 15 | 14 |
| **Skatttekjur samtals** | **974** | **817** | **935** | **821** | **926** | **1.000** | **866** | **944** | **994** | **813** | **765** | **1.015** | 905 | 813 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 9 sýnir skiptingu skatttekna eftir skattstofni á hvern íbúa hjá samanburðar-sveitarfélögum árið 2018.

Útsvarstekjur voru hæstar í töflunni hjá Seltjarnarnesbæ, eða 622 þúsund krónur á hvern íbúa, en Ísafjarðarbær var með sjöttu hæstu útsvartekjurnar á hvern íbúa eða 537 þús. kr. Útsvarstekjur á hvern íbúa á landinu öllu voru 559 þús. kr. en hjá samanburðarsveitarfélögunum voru meðalútsvarstekjur á hvern íbúa 548 þús. kr.  Þannig voru útsvarstekjur á hvern íbúa hjá Ísafjarðarbæ lægri en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin og landið allt.

Seltjarnarnesbær og Vestmannaeyjar eru einu sveitarfélögin í samanburðinum sem eru með lægri tekjur vegna fasteignaskatts á hvern íbúa en Ísafjarðarbær. Ísafjarðarbær hafði 78 þús. kr. í fasteignaskatta á hvern íbúa árið 2018. Suðurnesjabær og Fjarðabyggð voru með hæstu tekjurnar af fasteignasköttum á hvern íbúa en þess ber að geta að Suðurnesjabær fær greiddan fasteignaskatt vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fjarðabyggð fær greiddan fasteignaskatt vegna álvers Alcoa. Meðaltekjur vegna fasteignaskatts á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum voru 109 þús. kr. en 119 þús. kr. á landinu öllu. Ísafjarðarbær hefur um 50% lægri tekjur af fasteignaskatti á hvern íbúa samanborið við landsmeðaltalið árið 2018, eða 78 þús. kr.

Fimm sveitarfélög eru með hærri framlög frá Jöfnunarsjóði á hvern íbúa en Ísafjarðarbær í samanburðinum. Mikilvægt er að skoða skiptingu framlaga frá Jöfnunarsjóði sérstaklega. Samtalan ein og sér gefur ekki nákvæma mynd á samanburðinum þar sem framlög vegna málefna fatlaðs fólks geta skekkt myndina. Þar má nefna sem dæmi að sveitarfélög fái greidd framlög annarra sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks þar sem þau annast málaflokkinn fyrir viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög.

Skatttekjur samtals á hvern íbúa Ísafjarðarbæjar voru 866 þús. kr. árið 2018. Landsmeðaltalið var 813 þús. kr. en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin er nokkuð hátt eða 905 þús. kr.

### Tafla 10: Framlög í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018, önnur en vegna málefna fatlaðs fólks

| | Horna-fjörður | Hvera-gerði | Norður-þing | Grinda-vík | Suðurnesja-bær | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Skaga-fjörður | Vest-mannaey. | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð | Samtals samanb.sv | Samtals öll sveitarf. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga | 11.347 | 0 | 0 | 0 | 140.000 | 2.925 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 235.090 | 389.362 | 411.225 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sérstök verkefni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.000 | **10.000** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.000 | 45.615 |
| Tekjujöfnunarframlög | 0 | 46.712 | 0 | 0 | 81.430 | 0 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 128.143 | 1.250.000 |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 312.174 | 258.360 | 406.154 | 326.142 | 174.633 | 491.853 | **424.049** | 453.911 | 507.783 | 325.551 | 135.169 | 232.963 | 4.048.741 | 10.100.000 |
| Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | 143.432 | 61.518 | 24.710 | 149.136 | 187.784 | 299.380 | **177.189** | 274.588 | 174.249 | 9.887 | 0 | 388.989 | 1.890.861 | 8.921.883 |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 5.400 | 8.000 | 18.900 | 18.800 | 21.500 | 18.900 | **13.400** | 18.800 | 11.950 | 28.250 | 9.350 | 28.150 | 201.400 | 2.333.691 |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 5.980 | 2.080 | 1.950 | 7.280 | 9.620 | 5.980 | **7.670** | 6.110 | 3.250 | 5.980 | 4.420 | 15.470 | 75.790 | 321.230 |
| Framlög vegna skólabúða á Reykjum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 56.405 |
| Önnur framlög | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 19.706 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskatta | 128.458 | 56.728 | 195.136 | 88.193 | 123.507 | 157.889 | **268.104** | 189.105 | 208.188 | 134.928 | 0 | 259.161 | 1.809.397 | 4.807.575 |
| Framlög til eflingar tónlistarnáms | 0 | 155 | 0 | 1.568 | 2.666 | 11.538 | **19.355** | 2.220 | 1.288 | 1.756 | 5.983 | 1.731 | 48.260 | 551.799 |
| Samtals | 606.791 | 433.553 | 646.850 | 591.118 | 741.139 | 998.465 | **919.767** | 944.733 | 906.708 | 506.353 | 154.922 | 1.161.554 | 8.611.954 | 28.819.129 |

Heimild:  Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 10 sýnir framlög í þús.kr. til samanburðarsveitarfélaga árið 2018 frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.  Ekki eru talin með framlög vegna málefna fatlaðs fólks.

## Tafla 11: Framlög á hvern íbúa í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks

| | Horna-fjörður | Hvera-gerði | Norður-þing | Grinda-vík | Suðurnesja-bær | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Skaga-fjörður | Vest-mannaey. | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð | Meðaltal samanb.sv. | Meðaltal öll sveitarf. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa 01.01.2018 | 2.389 | 2.628 | 3.042 | 3.427 | 3.480 | 3.600 | 3.800 | 3.807 | 3.992 | 4.301 | 4.664 | 5.070 | 44.200 | 356.789 |
| Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga | 4,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 40,2 | 0,8 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 46,4 | 8,8 | 1,2 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sérstök verkefni | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,8 | **2,6** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,1 |
| Tekjujöfnunarframlög | 0,0 | 17,8 | 0,0 | 0,0 | 23,4 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,9 | 3,5 |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 130,7 | 98,3 | 133,5 | 95,2 | 50,2 | 136,6 | **111,6** | 119,2 | 127,2 | 75,7 | 29,0 | 45,9 | 91,6 | 28,3 |
| Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | 60,0 | 23,4 | 8,1 | 43,5 | 54,0 | 83,2 | **46,6** | 72,1 | 43,6 | 2,3 | 0,0 | 76,7 | 42,8 | 25,0 |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 2,3 | 3,0 | 6,2 | 5,5 | 6,2 | 5,3 | **3,5** | 4,9 | 3,0 | 6,6 | 2,0 | 5,6 | 4,6 | 6,5 |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 2,5 | 0,8 | 0,6 | 2,1 | 2,8 | 1,7 | **2,0** | 1,6 | 0,8 | 1,4 | 0,9 | 3,1 | 1,7 | 0,9 |
| Framlög vegna skólabúða á Reykjum | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,2 |
| Önnur framlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,1 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskatta | 53,8 | 21,6 | 64,1 | 25,7 | 35,5 | 43,9 | **70,6** | 49,7 | 52,2 | 31,4 | 0,0 | 51,1 | 40,9 | 13,5 |
| Framlög til eflingar tónlistarnáms | 0,0 | 0,1 | 0,0 | 0,5 | 0,8 | 3,2 | **5,1** | 0,6 | 0,3 | 0,4 | 1,3 | 0,3 | 1,1 | 1,3 |
| Samtals | 254,0 | 165,0 | 212,6 | 172,5 | 213,0 | 277,4 | **242,0** | 248,2 | 227,1 | 117,7 | 33,2 | 229,1 | 194,8 | 80,8 |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 11 sýnir sömu framlög og fram koma í töflu 10 en framlögunum deilt niður á íbúa samanburðarsveitarfélaga, fjárhæðir eru í þús. kr. Miðað er við fjölda íbúa í janúar 2018. Til viðbótar má sjá meðal framlög á hvern íbúa samtals í samanburðarsveitarfélögum og fyrir landið allt.

Seltjarnarnesbær fékk lægsta framlagið á hvern íbúa, eða 33 þús. kr. Þar á eftir kemur Vestmannaeyjabær með 117,7 þús. kr. á hvern íbúa. Hæsta framlagið á hvern íbúa var hjá Fljótdalshéraði með 277 þús. kr. á hvern íbúa, þar á eftir kemur Sveitarfélagið Hornafjörður með 254 þús. kr. á hvern íbúa. Ísafjarðarbær er með fjórða hæsta framlagið meðal samanburðarsveitarfélaganna, eða 242 þús. kr. á hvern íbúa.

Þau framlög sem gefa mest til Ísafjarðarbæ voru útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunar fasteignaskatts.

## Tafla 12: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa árið 2018

| | Horna-fjörður | Hvera-gerði | Norður-þing | Grinda-vík | Suðurnesja-bær | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Skaga-fjörður | Vest-mannaey. | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 2.389 | 2.628 | 3.042 | 3.427 | 3.480 | 3.600 | **3.800** | 3.807 | 3.992 | 4.301 | 4.664 | 5.070 |
| Útsvar | 569 | 516 | 597 | 498 | 506 | 518 | **537** | 499 | 523 | 565 | 622 | 594 |
| Tekjujöfnunarframlög | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 2 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 569 | 527 | 597 | 498 | 506 | 519 | **537** | 499 | 523 | 565 | 622 | 594 |
| Fasteignaskattur | 87 | 86 | 103 | 111 | 198 | 103 | **78** | 131 | 107 | 75 | 60 | 158 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna | 56 | 21 | 66 | 26 | 32 | 48 | **76** | 50 | 57 | 35 | 0 | 60 |
| Samtals | 143 | 106 | 170 | 137 | 230 | 151 | **153** | 180 | 164 | 109 | 60 | 218 |
| Samtals alls | 712 | 633 | 767 | 635 | 736 | 670 | **690** | 679 | 687 | 674 | 682 | 812 |
| Mismunur við Ísafjarðarbæ | -21 | 58 | -76 | 56 | -46 | 20 | **0** | 11 | 3 | 16 | 8 | -121 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 12 sýnir útsvarstekjur, fasteignaskattstekjur og tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum.

Á meðal samanburðarsveitarfélaga eru fjögur sveitarfélög með hærri tekjur á hvern íbúa en Ísafjarðarbær þegar útsvar og fasteignaskattur með tekjujöfnunarframlagi og framlagi til jöfnunar fasteignaskatta eru borin saman.

Það vekur athygli í samanburðinum að Suðurnesjabær og Fjarðabyggð voru með hæstu tekjurnar á hvern íbúa vegna fasteignaskatts og fengu að auki hátt framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

### Tafla 13: Skattaálagningarhlutfall hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2019

| | Horna-fjörður | Hvera-gerði | Norður-þing | Grinda-vík | Suðurnesja-bær | Fljótdals-hérað | **Ísafjarðar-bær** | Borgar-byggð | Skaga-fjörður | Vest-mannaey. | Seltjarnar-nes | Fjarða-byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Álagning útsvars | 14,52% | 14,52% | 14,52% | 13,99% | 14,52% | 14,52% | **14,52%** | 14,52% | 14,52% | 14,46% | 13,70% | 14,52% |
| Fasteignaskattur, A-flokktur, íbúðarhúsnæði | 0,50% | 0,36% | 0,525% | 0,315% | 0,33% | 0,50% | **0,625%** | 0,40% | 0,50% | 0,33% | 0,175% | 0,50% |
| B-flokkur, opinberar stofnanir | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | **1,32%** | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% |
| C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði | 1,65% | 1,50% | 1,65% | 1,45% | 1,65% | 1,65% | **1,65%** | 1,39% | 1,65% | 1,65% | 1,1875% | 1,65% |
| Lóðarleiga, A-flokkur | 1,00% | 0,75% | 1,50% | 1,00% | 1,50% | 0,75% | **1,80%** | 1,50% | 1,50% | 1,00% | 0,40% | 0,70% |
| Lóðarleiga, B-flokkur | 1,00% | 1,50% | 2,50% | 1,60% | 1,50% | 0,75% | **3,00%** | 1,50% | 2,50% | 3,50% | 1,75% | 3,00% |
| Fjöldi gjalddaga | 5 | 10 | 7 | 10 | 10 | 8 | **8** | 10 | 9 | 10 | 10 | 8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 13 sýnir skattálagningarhlutföll samanburðarsveitarfélaga árið 2019. Það voru einungis þrjú sveitarfélög í samanburðinum sem ekki eru með útsvarsprósentu í hámarki. Önnur sveitarfélög eru með útsvarsprósentuna í 14,52% eins og var og er hjá Ísafjarðarbæ.

Ísafjarðarbær er eina sveitarfélagið í samanburðinum sem nýtir heimild til hækkunar á fasteignaskatti um allt að 25% skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 um fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði. Hafa verður einnig í huga að fasteignamat er breytilegt milli landsvæða, þ.e.a.s. fasteignamat er almennt hærra á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu en t.d. á Vestfjörðum.  Fasteignamat er almennt lágt á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta, sem skýrir að hluta háa fasteignaskattsprósentu hjá Ísafjarðarbæ í samanburði við samanburðarsveitarfélögin, sjá fylgiskjal 1 til frekari skýringar.

Álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði  hjá Ísafjarðarbæ er viðlíka og hjá flestum samanburðarsveitarfélögunum.   Átta sveitarfélög nýttu sér heimild 5. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 til hækkunar á fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði.

Álagningarhlutfall fyrir lóðarleigu  íbúðarhúsnæðis var hæst hjá Ísafjarðarbæ, eða 1,8%. Lægsta álagningarhlutfallið var hjá Seltjarnarnesbæ en þar var það 0,4%. Sama hlutfall fyrir atvinnuhúsnæði var hæst hjá Vestmannaeyjabæ en þar var það 3,50%. Ísafjarðarbær og Fjarðabyggð voru með sama álagningarhlutfall vegna lóðarleigu á atvinnuhúsæði, eða 3,00%. Fljótdalshérað var með lægsta álagningarhlutfallið vegna lóðarleigu á atvinnuhúsnæði, eða 0,75%.

## Tafla 14: Skattaálagningarhlutfall og gjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2020

| | Hvera-gerði | Norður-þing | Grindavík | Suðurnes ja-bær | Fljótdals hérað | **Ísafjarðar bær** | Borgarbyggð | Skaga fjörður | Vestmanna eyjar | Seltjarnar nes | Fjarða byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi í janúar 2019 | 2.628 | 3.042 | 3.427 | 3.480 | 3.600 | **3.800** | 3.807 | 3.992 | 4.301 | 4.664 | 5.070 |
| Álagning útsvars % | 14,52% | 14,52% | 13,99% | 14,52% | 14,52% | **14,52%** | 14,52% | 14,52% | 14,46% | 13,70% | 14,52% |
| Fasteignaskattur, A-liður % af fastm. | 0,43% | 0,50% | 0,28% | 0,295% | 0,50% | **0,625%** | 0,36% | 0,50% | 0,291% | 0,1750% | 0,50% |
| Fasteignaskattur, B-liður % af fastm. | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | **1,32%** | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,3200% | 1,32% |
| Fasteignaskattur, C-liður % af fastm. | 1,50% | 1,60% | 1,32% | 1,65% | 1,65% | **1,65%** | 1,39% | 1,65% | 1,55% | 1,1875% | 1,65% |
| Fráveitugjald, A-hluta % af fm | 0,155% | 0,10% | 0,09% | 0,12% | 0,32% | **0,25%** | 576,23/14.931* | 0,1860% | 0,20% | 0,15% | 0,306% |
| Fráveitugjald, B- og C-hluta % af fm | 0,155% | 0,28% | 0,25%, 0,20% | 0,10% | 0,32% | **0,33%** | 576,23/14.931* | 0,275% | 0,30% | 0,15% | 0,306% |
| Vatnsgjald, A-liður % af fm | 0,02% | 0,10% | 190/5.100* | 0,16% | 255/8.966 * | **0,10%** | 330,08/7.499* | 0,16% | 166 | 0,09% | 0,294% |
| Vatnsgjald, B- og C-liður % af fm | 0,17% | 0,45% | 190/5.100* | 0,16% | 255/8.966 * | **0,30%** | 330,08/7.499* | 0,16% | 0,207% | 0,09% | 0,294% |
| Sorphreinsigjald | 15.400 | | 17.346 | 17.346 | 21.429 | **15.741** | | 20.578 | 18.233 | | 30.406 |
| Sorpeyðingargjald | 21.500 | | 28.299 | 28.299 | 9.179 | **29.984** | | 18.157 | 41.187 | | 14.431 |
| **Sorphreinsi- og -eyðingargjald samtals** | **36.900** | **47.270** | **45.645** | **45.645** | **30.608** | **45.725** | **55.460** | **38.735** | **59.420** | **39.458** | **44.837** |
| Lóðaleiga, A-liður % af fastm. lóðar | 0,44% | 1,50% | 1% | 1,5 | 0,75% | **1,80%** | 1,50% | 1,5% | 1% | 0,40% | 0,70% |
| Lóðaleiga, B-liður % af fm | 1,50% | 2,50% | 2% | 1,5 | 0,75% | **3,00%** | 2,00% | 2,5% | 3,50% | 1,75% | 3,00% |
| Lóðaleiga, C-liður % af fm | 1,50% | 2,50% | 1,60% | 1,5 | 0,75% | **3,00%** | 2,00% | 2,5% | 3,50% | 1,75% | 3,00% |
| Fjöldi gjalddaga | 10 | 7 | 10 | 10 | 9 | **10** | 10 | 9 | 10 | 10 | 8 |

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 14 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2020. Í sumum tilfella eru upplýsingar um álagningu ekki alveg tæmandi.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir eru þrjú af samanburðar sveitarfélögunum með útsvarsprósentuna ekki í hámarki árið 2020. Álagningarprósentan er lægst hjá Seltjarnarnesbæ af samanburðarsveitarfélögunum, eða 13,70%.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir er Ísafjarðarbær eina sveitarfélagið af samanburðarsveitarfélögunum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki með álagi. Fjögur sveitarfélög eru með fasteignaskatt í A-lið í hámarki án álags. Álagningarprósentan er lægst í þessum samanburði hjá Seltjarnarnesbæ, eða 0,175%. Hafa ber í huga að skoða þarf einnig matsstuðulinn þegar fasteignaskattur er borinn saman á milli sveitarfélaga.

Álagningarprósenta í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögunum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Fimm af samanburðar sveitarfélögunum nýta sér heimild til að vera með hámarks álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Níu sveitarfélög eru með álagninguna í hámarki með álagi. Lægsta álagningarprósentan er hjá Seltjarnarnesbæ, eða 1,1875%.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu bera að hafa í huga að í sumum tilfella er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattígildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsigjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun.

## Laun

Laun og launatengd gjöld eru langstærsti útgjaldaliður sveitarfélaga. Samtala launa og launatengdra gjalda sem hlutfall af heildartekjum fyrir öll sveitarfélög á landinu, A-hluta, árið 2018 var 52%.

### Tafla 15: Laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar-sveitarfélögum árin 2009 til 2018

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð | 56% | 55% | 54% | 53% | 52% | 53% | 56% | 56% | 58% | 54% |
| Seltjarnarnes | 68% | 62% | 56% | 52% | 52% | 53% | 61% | 57% | 61% | 59% |
| Vestmannaeyjar | 53% | 49% | 43% | 42% | 42% | 47% | 48% | 46% | 53% | 48% |
| Skagafjörður | 61% | 63% | 63% | 61% | 57% | 59% | 62% | 60% | 65% | 61% |
| Borgarbyggð | 50% | 48% | 52% | 51% | 52% | 54% | 54% | 50% | 53% | 51% |
| **Ísafjarðarbær** | **57%** | **58%** | **62%** | **54%** | **52%** | **56%** | **55%** | **52%** | **55%** | **56%** |
| Fljótdalshérað | 52% | 52% | 49% | 49% | 49% | 51% | 52% | 51% | 55% | 55% |
| Suðurnesjabær | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 45% |
| Grindavík | 63% | 62% | 53% | 50% | 50% | 53% | 52% | 51% | 55% | 52% |
| Norðurþing | 58% | 59% | 60% | 56% | 57% | 54% | 60% | 55% | 54% | 53% |
| Hveragerði | 52% | 53% | 53% | 52% | 50% | 50% | 52% | 52% | 53% | 54% |
| Hornafjörður | 54% | 53% | 52% | 50% | 49% | 49% | 48% | 48% | 49% | 46% |
| Maðaltal samanburðarsveitarfélaga | 57% | 56% | 54% | 52% | 51% | 53% | 55% | 53% | 56% | 53% |
| Meðaltal allra sveitarfélaga | 52% | 52% | 51% | 50% | 50% | 52% | 54% | 51% | 53% | 52% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 15 sýnir laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum samanburðarsveitarfélaga. Í töflunni er einnig að finna meðaltal á hlutfallinu fyrir samanburðarsveitarfélögin og öll sveitarfélög á landinu.

Árið 2018 var hlutfallið hjá Ísafjarðarbæ 56%. Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Skagafjörður voru einu sveitarfélögin þar sem hlutfallið var hærra en hjá Ísafjarðarbæ árið 2018. Meðaltal fyrir samanburðarsveitarfélögin var 53% árið 2018 og fyrir landið allt var það 52%.

Hafa verður í huga að rekstur sveitarfélaga er misjafn og  getur það haft áhrif á hlutföllin í töflu 15, sem dæmi má nefna að þjónusta er keypt af verktaka, t.d. rekstur leikskóla, sem leiðir til lækkunar á launakostnaði en hækkunar á öðrum rekstrarkostnaði, þar sem þjónustukaupin væru gjaldfærð þar.

**Mynd 19: Laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá völdum samanburðarsveitarfélögum árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 19 sýnir laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá sveitarfélögum með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000 árið 2018.

Ef borin eru saman hlutföll launa og launatengdra gjalda af tekjum sveitarfélaga með íbúafjölda á bilinu 3.000 til 4.000 árið 2018, þá er Sveitarfélagið Skagafjörður með hæsta hlutfallið eða 61%. Ísafjarðabær er þar á eftir með hlutfallið 56%. Fljótdalshérað, Grindavík, Norðurþing og Borgarbyggð eru með hlutfallið á bilinu 51-55%.

**Mynd 20: Laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá Ísafjarðarbæ og meðaltal samanburðarsveitarfélaga og á landinu öllu árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Á mynd 20 má sjá laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum Ísafjarðarbæjar og vegið meðaltal hlutfallsins hjá samanburðarsveitarfélögum annars vegar og öllum sveitarfélögum hins vegar.

Vegið meðaltal hlutfallsins hjá samanburðarsveitarfélögum var 53% og 52% fyrir öll sveitarfélög árið 2018. Ísafjarðarbær var því með um 3-4% hærra hlutfall en meðaltalið var hjá samanburðarsveitarfélögum og öllum sveitarfélögum á landinu. Miðað við tekjur Ísafjarðarbæjar gerir þessi mismunur 126 til 169 milljónir króna sem launagjöldin voru hærri hjá Ísafjarðarbæ en meðaltalið hjá samanburðarsveitarfélögunum og hjá öllum sveitarfélögum var.

## Tafla 16: Launagjöld hjá Ísafjarðarbæ árin 2017, 2018 og 2019

**Árið 2017**

| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | Hlutfall af mánaðarlaunum og dagvinnulaunum A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föst laun (mánaðarlaun) | 1.329.666 | 76.542 | 1.406.208 | | | |
| Dagvinnulaun | 35.816 | 2.865 | 38.681 | | | |
| Föst yfirvinna | 57.566 | 8.744 | 66.310 | | | |
| Yfirvinna, önnur | 124.688 | 21.809 | 146.497 | 20,5% | 55,6% | 22,5% |
| Álag (33%, 45%, 55%) | 71.001 | 9.640 | 80.641 | | | |
| Orlof á laun | 27.152 | 3.927 | 31.079 | | | |
| Orlofsuppgjör | 17.851 | 2.385 | 20.236 | | | |
| Nefndir, ráð og stjórnir | 29.959 | | 29.959 | | | |
| Bifreiðastyrkir | 5.282 | 617 | 5.898 | 0,4% | 0,8% | 0,4% |
| Orlofs- og desemberuppb. | 42.603 | 2.550 | 45.153 | | | |
| Fatapeningar | 1.556 | | 1.556 | | | |
| Önnur laun | 6.135 | 67 | 6.202 | | | |
| Launalaust leyfi | -12.158 | -324 | -12.483 | | | |
| Launatengd gjöld | 401.447 | 29.486 | 430.934 | | | |
| **Samtals** | **2.138.565** | **158.307** | **2.296.872** | | | |

**Árið 2018**

| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | Hlutfall af mánaðarlaunum og dagvinnulaunum A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föst laun (mánaðarlaun) | 1.445.343 | 72.873 | 1.518.216 | | | |
| Dagvinnulaun | 40.481 | 4.244 | 44.725 | | | |
| Föst yfirvinna | 70.350 | 8.014 | 78.364 | | | |
| Yfirvinna, önnur | 142.563 | 24.617 | 167.179 | 21,3% | 62,9% | 23,4% |
| Álag (33%, 45%, 55%) | 71.970 | 11.020 | 82.990 | | | |
| Orlof á laun | 32.164 | 4.870 | 37.033 | | | |
| Orlofsuppgjör | 23.016 | 1.856 | 24.872 | | | |
| Nefndir, ráð og stjórnir | 31.732 | | 31.732 | | | |
| Bifreiðastyrkir | 5.340 | 605 | 5.945 | 0,4% | 0,8% | 0,4% |
| Orlofs- og desemberuppb. | 49.331 | 3.756 | 53.087 | | | |
| Fatapeningar | 1.590 | | 1.590 | | | |
| Önnur laun | 6.737 | 69 | 6.806 | | | |
| Launalaust leyfi | -13.457 | -285 | -13.742 | | | |
| Launatengd gjöld | 440.342 | 30.181 | 470.523 | | | |
| **Samtals** | **2.347.501** | **161.820** | **2.509.321** | | | |

**Árið 2019**

| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti (hlutfall) | B-hluti (hlutfall) | A- og B-hluti (hlutfall) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föst laun (mánaðarlaun) | 1.511.774 | 74.754 | 1.586.528 | | | |
| Dagvinnulaun | 45.896 | 3.265 | 49.160 | | | |
| Föst yfirvinna | 68.380 | 9.390 | 77.771 | | | |
| Yfirvinna, önnur | 136.672 | 26.417 | 163.090 | 19,7% | 72,3% | 22,2% |
| Álag (33%, 45%, 55%) | 69.793 | 15.066 | 84.859 | | | |
| Orlof á laun | 31.262 | 5.501 | 36.763 | | | |
| Orlofsuppgjör | 19.218 | 2.747 | 21.965 | | | |
| Nefndir, ráð og stjórnir | 31.543 | 0 | 31.543 | | | |
| Bifreiðastyrkir | 4.989 | 711 | 5.700 | 0,3% | 0,9% | 0,3% |
| Orlofs- og desemberuppb. | 87.673 | 5.539 | 93.212 | | | |
| Fatapeningar | 1.628 | 0 | 1.628 | | | |
| Önnur laun | 6.459 | 443 | 6.902 | | | |
| Launalaust leyfi | -15.501 | -408 | -15.910 | | | |
| Launatengd gjöld | 454.337 | 32.675 | 487.012 | | | |
| **Samtals** | **2.454.121** | **176.101** | **2.630.223** | | | |

**Hlutf. hækkun launagjalda samtals**

| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti |
|---|---|---|---|
| 2018/2019 | 4,5% | 8,8% | 4,8% |
| 2017/2019 | 14,8% | 11,2% | 14,5% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 16 sýnir skiptingu launagjalda hjá Ísafjarðarbæ árin 2017, 2018 og 2019 vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna, álag og orlof á laun sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 22,5% árið 2017, 23,4% árið 2018 og 22,2% árið 2019, þ.e. A- og B-hluti samtals. Þannig hækkar þetta hlutfall á milli áranna 2017 og 2018 en lækkar svo á milli áranna 2018 og 2019. Hins vegar var hlutfallið nokkuð hátt hjá B-hluta stofnunum árið 2019, eða 72,3% samanborið við árin á undan, það var 55,6% árið 2017.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum voru vel innan við 1% öll árin.

## Tafla 17: Hlutfall yfirvinnu, álags og orlofs á yfirvinnu og álag af föstum mánaðarlaunum hjá nokkrum sveitarfélögum

| | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 9,2% | | |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 13,1% | 14,9% | |
| Garðabær | 23,0% | 23,8% | |
| Seltjarnarnesbær | 15,3% | 17,4% | |
| Ísafjarðarbær | 22,5% | 23,4% | 22,2% |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 17 sýnir hlutfall yfirvinnu, álags og orlofs af föstum mánaðarlaunum hjá fimm sveitarfélögum. Hjá Ísafjarðarbæ var ekki hægt að greina á milli orlofs á yfirvinnu og álag frá örðu greiddu orlofi. Hjá hinum sveitarfélögunum hefur annað orlof en á yfirvinnu og álag verið dregið frá.

Eins og fram kemur í töflunni var þetta hlutfall nokkuð mismunandi hjá þessum sveitarfélögum. Lægst var hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg en hæst hjá Garðabæ. Árið 2018 var hlutfallið 23,8% hjá Garðabæ og 23,4% hjá Ísafjarðarbæ.

**Tafla 18: Skráðir veikindadagar hjá starfsmönnum Ísafjarðarbæjar og samtals virkir vinnudagar hjá Ísafjarðarbæ**

| | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|
| Veikindi starfsmanna | 5.626 | 6.596 | 7.235 |
| Veikindi vegna barna | 420 | 367 | 324 |
| **Samtals veikindadagar** | **6.046** | **6.963** | **7.559** |
| Fjöldi stöðugilda | 269,1 | 276,1 | 263,9 |
| Fjöldi virkra vinnudaga á ári | 225 | 225 | 225 |
| **Samtals virkir vinnudagar í heilt ár** | **60.547,5** | **62.122,5** | **59.377,5** |
| Veikindadagar sem hlutfall af virkum vinudögum | 10,0% | 11,2% | 12,7% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 18 sýnir fjölda skráðra veikindadaga hjá starfsmönnum Ísafjarðarbæjar og samtals virkir vinnudagar í heilt ár hjá starfsmönnum Ísafjarðarbæjar. Fjöldi stöðugilda er meðaltalsfjöldi stöðugilda viðkomandi ár.

Eins og fram kemur á töflunni eykst fjöldi veikindadaga á milli árin 2017 til 2019. Samtals voru veikindadagar 6.046 dagar árið 2017 samanborið við 7.559 árið 2019, eða aukning um 25%.

Veikindadagar sem hlutfall af virkum vinnudögum samtals voru 10% árið 2017 og 12,7% árið 2019. Miðað við 12,7% hlutfall veikindadaga árið 2019 má gera ráð fyrir að greidd laun og launatengd gjöld vegna veikindadaga hafi verið a.m.k. 250 milljónir króna.

Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér viðmið um að ef hlutfall veikindadaga af virkum vinnudögum fari yfir 5% sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Þær gætu m.a. falist í því að skoða nánar ástæður veikindafjarvista og greina á milli langtíma- og skammtímafjarvista (sjá t.d. https://www.samband.is/media/skjor-fjm19/AstaBjarna.pdf).

## Stöðugildi

Miðað við 1. apríl 2019 voru samtals 274 stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ, A- og B-hluti.

**Tafla 19: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðarsveitarfélögum 1. apríl 2019, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2019**

| | Íbúafjöldi í janúar 2019 | Fjöldi stöðugilda í apríl 2019 | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð | 5.070 | 376,6 | 13,5 |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 269,6 | 17,3 |
| Vestmannaeyjabær | 4.301 | 293,1 | 14,7 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 3.992 | 340,3 | 11,7 |
| Borgarbyggð | 3.807 | 290,2 | 13,1 |
| Ísafjarðarbær | 3.800 | 274,0 | 13,9 |
| Fljótsdalshérað | 3.600 | 272,3 | 13,2 |
| Suðurnesjabær | 3.480 | 183,5 | 19,0 |
| Grindavíkurbær | 3.427 | 177,4 | 19,3 |
| Norðurþing | 3.042 | 241,0 | 12,6 |
| Hveragerðisbær | 2.628 | 221,1 | 11,9 |
| **Samtals** | **41.811** | **2939,1** | **14,2** |

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2019 og Hagstofa Íslands

Tafla 19 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2019 hjá samanburðarsveitarfélögum, A- og B-hluti, og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá hverju af samanburðarsveitarfélögunum.

Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá sveitarfélögum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd teljast stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Einnig ef sveitarfélög eru með verkefni í byggðasamlögum, að þá teljast þau stöðugildi yfirleitt ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðarsveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru fimm af samanburðarsveitarfélögunum með færri íbúa á hvert stöðugildi en Ísafjarðarbær.

Meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög var 14,2 íbúar á hvert stöðugildi samanborið við að það voru 13,9 íbúar á hvert stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ. Flestir voru íbúarnir á hvert stöðugildi hjá Grindavíkurbæ, eða 19,3 íbúar.

**Tafla 20: Fjöldi stöðugilda hjá Ísafjarðarbæ í apríl ár hvert skipt eftir stéttarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert árin 2011 til 2019**

| Ár | BSRB | BHM | KÍ | ASÍ | Annað | Samtals stöðugildi | Íbúafjöldi í janúar ár hvert | Fjöld íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2011 | 131,6 | 18,6 | 100,7 | 32,7 | 2,0 | 285,6 | 3.824 | 13,4 |
| 2012 | 139,1 | 17,8 | 98,4 | 27,6 | 7,0 | 289,9 | 3.755 | 13,0 |
| 2013 | 115,2 | 16,0 | 96,8 | 28,9 | 8,0 | 264,9 | 3.748 | 14,1 |
| 2014 | 109,3 | 17,4 | 97,9 | 38,3 | 8,5 | 271,4 | 3.639 | 13,4 |
| 2015 | 96,6 | 21,3 | 84,2 | 48,4 | 8,0 | 258,6 | 3.629 | 14,0 |
| 2016 | 99,6 | 25,9 | 83,4 | 59,1 | 3,0 | 271,0 | 3.623 | 13,4 |
| 2017 | 94,3 | 24,9 | 83,3 | 50,3 | 7,0 | 259,7 | 3.608 | 13,9 |
| 2018 | 88,0 | 27,7 | 88,8 | 59,9 | 8,0 | 272,4 | 3.707 | 13,6 |
| 2019 | 81,5 | 27,2 | 87,0 | 68,3 | 10,0 | 274,0 | 3.800 | 13,9 |

Heimild: Árbók sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 20 sýnir fjölda stöðugilda hjá Ísafjarðarbæ í apríl ár hvert árin 2011 til 2019, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa í janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur í töflunni var fjöldi stöðugilda samtals að breytast nokkuð á milli ára þessi ár. Stöðugildum ýmist fjölgaði eða fækkaði á milli ára. Árið 2014 tók Hjallastefnan yfir rekstur Eyrarskjóls sem hafði áhrif til fækkunar stöðugilda árið 2015. Síðan virðist sem stöðugildum hafi fjölgað aftur 2016 en fækkar svo árið 2017.

Spurst var fyrir um þessar breytingar á fjölda stöðugilda á milli ára. Við frekari athugun kom fram að svo virðist sem ósamræmis gæti í upplýsingagjöf varðandi fjölda stöðugilda.

## Annar rekstrarkostnaður

Eins og fram kom í kaflanum varðandi laun hér að framan fóru 56% af tekjum Ísafjarðarbæjar, A-hluta, í laun og launatengd gjöld árið 2018. Þannig að eftir stóðu 44% fyrir öðrum útgjöldum, fjármagnsgjöldum, afskriftum, afborgunum lána og nýframkvæmdum árið 2018.

### Tafla 21: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðarsveitar-sveitarfélögum árin 2009 til 2018

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð | 36% | 30% | 30% | 29% | 30% | 32% | 30% | 30% | 30% | 29% |
| Seltjarnarnes | 47% | 37% | 35% | 35% | 35% | 37% | 38% | 38% | 39% | 42% |
| Vestmannaeyjar | 42% | 34% | 39% | 38% | 42% | 41% | 37% | 36% | 35% | 35% |
| Skagafjörður | 34% | 33% | 34% | 32% | 33% | 34% | 32% | 29% | 28% | 29% |
| Borgarbyggð | 42% | 38% | 34% | 37% | 37% | 39% | 32% | 32% | 32% | 31% |
| **Ísafjarðarbær** | **34%** | **37%** | **34%** | **32%** | **34%** | **38%** | **37%** | **34%** | **37%** | **35%** |
| Fljótdalshérað | 43% | 34% | 30% | 30% | 32% | 31% | 31% | 29% | 30% | 28% |
| Suðurnesjabær | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 42% |
| Grindavík | 57% | 48% | 38% | 35% | 37% | 34% | 35% | 31% | 30% | 27% |
| Norðurþing | 35% | 37% | 37% | 33% | 37% | 34% | 34% | 30% | 30% | 26% |
| Hveragerði | 39% | 37% | 34% | 33% | 35% | 37% | 35% | 34% | 33% | 33% |
| Hornafjörður | 33% | 34% | 35% | 36% | 36% | 35% | 33% | 31% | 28% | 29% |
| Meðaltal samanburðarsveitarfélaga | 40% | 36% | 34% | 33% | 35% | 35% | 34% | 32% | 32% | 32% |
| Meðaltal fyrir landið allt | 42% | 40% | 38% | 38% | 38% | 39% | 38% | 35% | 33% | 35% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 21 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðarsveitarfélaganna, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall hærra hjá tveimur af samanburðarsveitarfélögunum en hjá Ísafjarðarbæ og hjá einu var hlutfallið það sama árið 2018. Hafa ber í huga að hér hefur áhrif kaup á þjónustu í verktöku eins og t.d. rekstur grunn- og leikskóla. Kostnaður vegna þess er gjaldfærður sem annar rekstrarkostnaður.

Þannig var hlutfallið lægra en hjá Ísafjarðarbæ hjá átta af samanburðarsveitarfélögunum. Meðaltalið hjá samanburðarsveitarfélögunum var 32% til samanburðar við 35% hjá Ísafjarðarbæ. Meðaltalið fyrir landið allt var það sama og hjá Ísafjarðarbæ, eða 35%.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

## Stjórnsýslan

Málaflokkum Ísafjarðarbæjar er skipt niður á fjögur svið. Þar fyrir utan eru mannauðs- og hafnarmál og málefni slökkviliðsins. Mannauðsstjóri, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri heyra beint undir bæjarstjóra.

**Mynd 21: Skipurit Ísafjarðarbæjar**




Mynd 21 sýnir skipurit fyrir Ísafjarðarbæ tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og myndin sýnir eru sviðin fjögur, þ.e. fjármála- og stjórnsýslusvið, umhverfis- og eignasvið, velferðarsvið og fræðslu- og tómstundarsvið. Auk þess eru mannauðsmál, hafnarmál og málefni slökkviliðs.

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Yfirmaður stjórnsýslu- og fjármálasviðs er sviðsstjóri stjórnsýslu og fjármálasviðs. Starfsheitið bæjarritari hefur einnig verið notað.

### Mynd 22: Skipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið




Mynd 22 sýnir skipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið tekið saman af skýrsluhöfundum. Eins og fram kemur á skipuritinu heyra 8,5 stöðugildi beint undir sviðsstjóra. Samtals tilheyra 20,25 heilsárs stöðugildi stjórnsýslu- og fjármálasviði.

### Sviðsstjóri stjórnsýslu og fjármálasviðs

Í afgreiðsluna í stjórnsýsluhúsinu kemur einkum fólk til að hitta innheimtufulltrúa, fulltrúa í launadeild og bæjarstjóra. Jafnframt er komið með reikninga til sveitarfélagsins. Símsvörun fyrir bæjarskrifstofuna er úthýst.

Með hliðsjón af því hverjir koma aðallega í afgreiðsluna kemur til greina að gjaldkeri og innheimtufulltrúi séu staðsett á því svæði sem afgreiðslan er og taki þar jafnframt á móti viðskiptavinum sveitarfélagsins, að mati sviðsstjóra.

Upplýsingamiðstöð Vestfjarða heyrir undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Í Upplýsingamiðstöð Vestfjarða er einn fastur starfsmaður allan ársins hring og sumarstarfsmenn. Starfsmaðurinn vinnur jafnframt verkefni með aðilum á bæjarskrifstofum og Vestfjarðarstofu, sem og að vinna verkefni fyrir Ferðamálastofu. Starfsmaður Upplýsingamiðstöðvarinnar mætti vinna í nánara samstarfi með starfsmönnum bæjarskrifstofu og vera þar jafnvel hluta úr degi utan álagstíma að mati sviðsstjóra.

Menningarstarfsemi heyrir undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að undanskildu því að Byggðasafn Vestfjarða heyrir undir bæjarstjóra þar sem hann situr í stjórn byggðasafnsins sem er í byggðasamlagi. Í stjórn byggðasafnsins sitja þrír bæjarstjórar, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu, þ.e. Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Í stjórninni er jafnt vægi atkvæða.

Fráfarandi (október 2019) forstöðumaður Safnahúss hefur verið ráðinn forstöðumaður byggðasafnsins. Atvinnu- og menningarmálanefnd er að ræða hvernig safnamálum verður hagað til framtíðar litið.

Bókhaldið heyrir undir fjármálastjóra en deildarstjóri launadeildar undir sviðsstjóra.

Gjaldkeri er í 50% starfshlutfalli og sér um að greiða alla reikninga fyrir sveitarfélagið.

Í bókahaldi eru aðalbókari, tveir bókarar, annar í 80% starfi, og verkefnastjóri. Verkefnastjóri er að leysa af innheimtufulltrúa.

Í launadeild eru 2,5 stöðugildi.

Innheimtufulltrúi er í 80% stöðugildi.

Sviðsstjóri ritar fundargerðir bæjarráðs, bæjarstjórnar og atvinnu- og menningarnefndar. Skjalastjóri aðstoðar sviðsstjóra við undirbúning dagskrár funda bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs er staðgengill bæjarstjóra.

**Fjármálastjóri**
Næsti yfirmaður fjármálastjóra er sviðsstjóri stjórnsýslu og fjármálasviðs.

Næstu undirmenn fjármálastjóra eru aðalbókari, gjaldkeri og innheimtufulltrúi.

Fram kom í máli fjármálastjóra að skerpa þurfi á því hver staða hans er gagnvart undirmönnum sínum sem yfirmaður. Hefur fjármálastjóri mannaforæði og/eða fer hann með starfsmannamál eða er eingöngu um verkstjórn að ræða af hans hálfu sem yfirmanns?

Reglulega eru haldnir samráðsfundir á þriðjudögum. Á þeim fundum eru auk bæjarstjóra, sviðsstjórar, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og upplýsingafulltrúi. Notast er við „workplace“ til að skrá það sem á að ræða. Fundargerðir eru yfirleitt haldnar vegna þessara funda í workplace, sem bæjarstjóri hefur að jafnaði ritað. Að loknum samráðsfundum eru haldnir sviðsstjórafundir, eftir þörfum þar sem fjármálastjóri og upplýsingafulltrúi og eftir atvikum mannauðsstjóri yfirgefa fundinn.

Á þriðjudögum er haldinn örfundur með starfsmönnum á stjórnsýslu- og fjármálasviði, sem stendur að jafnaði í 15-20 mínútur. Á þeim fundum eru rædd almennt þau mál sem eru á döfinni á hverjum tíma, hvaða mál séu í forgangi og m.a. er farið yfir mál sem tekin hafa verið fyrir í bæjarráði. Á fundunum gefst starfsfólki tækifæri á að koma fram með athugasemdir ef einhverjar eru og málin rædd.

Fjármálastjóri heldur reglulega fundi á mánudögum með starfsmönnum í bókhaldi.

Haldnir eru fundir með forstöðumönnum fyrir fjárhagsáætlunargerð, sérstakur fundur vegna launaáætlana og sér fundur vegna fjárhagsáætlunar og svo var kynningarfundur vegna framkvæmda og viðhalds. Þegar fjárhagsáætlunin hefur verið samþykkt er hún kynnt fyrir forstöðumönnum. Hver sviðsstjóri ræðir svo við sína forstöðumenn um fjárhagsáætlunina.

Ársreikningurinn hefur verið kynntur fyrir forstöðumönnum þegar hann hefur verið samþykktur í bæjarstjórn. Forstöðumenn fá jafnframt póst þar sem þeir eru beðnir um að fara vel yfir tekjur og gjöld sinna deilda, varðandi hvort allt sé bókað og rétt. Fjármálastjóri

hefur gert greiningu á rekstri og áætlun fyrir árið sem hann hefur síðan rætt við viðkomandi sviðsstjóra ef eitthvert misræmi er sem vantar að skýra.

Ekki hefur verið gerð greiðsluáætlun sem byggir á áætlun um hvernig útgjöld dreifast yfir árið. Hins vegar hefur verið gerð mánaðaráætlun sem byggir á dreifingu útgjalda næstliðins árs.

Fjármálastjóri undirbýr mánaðarlega yfirlit yfir skatttekjur og laun sem lagt er fram á bæjarráðsfundum. Fjármálastjóri undirbýr jafnframt ársfjórðungsuppgjör sem lagt er fram á bæjarráðsfundum. Nefna má að fyrsta ársfjórðungsuppgjör vegna ársins 2019 fór fyrir bæjarráð í júní það ár. Þegar fjármálastjóri gerir ársfjórðungsuppgjör kallar hann eftir skýringum frá sviðsstjórum ef um frávik er að ræða frá áætlun.

Sviðsstjórar og forstöðumenn fá reglulega skýrslu um fjárhagsstöðuna. Í lok hvers mánaðar fá allir forstöðumenn yfirlit sem sýnir stöðuna mánuðinn á undan, t.d. fór út skýrsla í lok janúar 2019 sem sýndi stöðuna 31. desember 2019 með samanburði við áætlun sama tímabils.

Þegar fjármálastjóri gerir þriggja mánaða uppgjör kallar hann eftir skýringum frá sviðsstjórum ef um frávik er að ræða frá áætlun.

Forstöðumenn eru vel vakandi við að fylgjast með sínum málaflokkum hvað útgjöld og fjárheimildir varðar. Að sögn fjármálastjóra er ekki mikið um frávik frá fjárheimild sem ekki fer í viðauka.

Mikil vinna fer í fjárahagsáætlunargerð. Forstöðumenn gera áætlun með sviðsstjórum. Fjármálastjóra finnst það hafa skilað sér í betri stjórnun á fjármálum. Sviðin fara yfirleitt ekki fram úr fjárheimildum að sögn fjármálastjóra.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að hefja fjárhagsáætlunarvinnu fyrr en áður var gert. Fjármálastjóri skilar af sér verkáætlun varðandi vinnu við fjárhagsáætlunargerð í maí ár hvert og launaáætlunin er unnin í júní. Þá er gerð áætlun um mönnun, þ.e. fjölda stöðugilda o.þ.h.

**Aðalbókari**
Næsti yfirmaður aðalbókara er fjármálastjóri.

Næstu undirmenn aðalbókara eru bókarar, sem eru í 2,5 stöðugildum. Auk þess hefur verið tímavinnustarfsmaður í bókhaldinu sem hefur fengið greitt skv. unnum tíma. Starf hans er um 20% af heilu stöðugildi. Þannig eru samtals 3,7 stöðugildi í bókhaldinu.

Aðalbókari vinnur mikið með fjármálastjóra. Einnig sviðsstjórum, bókurum og innheimtufulltrúa. Fyrirsjáanlegt er að innkaupa- og tæknifulltrúi þurfi einnig að vera í töluverðu samstarfi við aðalbókara.

Almennt um verkefni í bókhaldi: Eðli málsins samkvæmt sjá bókarar um að bóka allar færslur í bókhald sveitarfélagsins sem ekki eiga uppruna sinn hjá gjaldkera eða

innheimtufulltrúa. Þetta eru m.a. (en ekki tæmandi talið) bókanir innkominna lánardrottnareikninga, allar hreyfingar á bankareikningum, millifærslur ýmis konar á milli bæjarstofnana (afnot íþróttamannvirkja, vinna öryggisþjónustu, slökkvitækjaþjónustu, m.f. eldsneyti í áhaldahúsi o.fl.), söluuppgjör frá sölustöðum bæjarins (íþróttamiðstöðvar, söfn, höfn, slökkvistöð, skíðasvæði). Að auki sinna bókarar ýmis konar upplýsingagjöf til m.a. forstöðumanna, sviðsstjóra og lánardrottna. Bókarar sinna einnig afstemmingu bankareikninga og lánardrottna, skilum á skýrslum vegna gistináttaskatts og fjármagnstekjuskatts.

Á hendi aðalbókara hefur verið m.a. (ekki tæmandi talið) bókun verkbókhalds áhaldahúss, bókun skuldabréfaafborgana, afstemmingar af fjölbreytilegum toga, upplýsingagjöf og aðstoð við aðra starfsmenn bæjarins, skil á virðisaukaskattsskýrslum, yfirferð og leiðréttingar á bókunum, ýmis uppgjörsvinna vegna ársreikninga, útreikningur innri leigu og ýmsar áætlanir fyrir fjárhagsáætlunarvinnu hvers árs.

Bókhaldið sér um að taka við öllum lánardrottnareikningum og bóka þá.  Nokkuð er um upplýsingagjöf varðandi þá reikninga.  Hér er t.d. átt við sendingu hreyfingarlista við afstemmingar hjá lánardrottnum.

Þegar búið er að bóka, lykla, skanna og skrá reikninga fara þeir í samþykktakerfi til samþykktar.  Þegar reikningar hafa verið samþykktir samþykkir bókhaldið þá til greiðslu.

Bókhaldið  bókar 12 til 14 þúsund reikninga á ári.

**Tafla 22: Fjöldi bókaðra reikninga í bókhaldi Ísafjarðarbæjar árin 2013 til 2018 og að hluta vegna ársins 2019**

| Ár | Pappír | Rafrænir | Samtals | Hlutfall rafrænna reikninga |
|---|---|---|---|---|
| 2013 | 11.276 | 525 | 11.801 | 4% |
| 2014 | 9.255 | 3.310 | 12.565 | 26% |
| 2015 | 8.396 | 5.202 | 13.598 | 38% |
| 2016 | 7.983 | 5.343 | 13.326 | 40% |
| 2017 | 8.627 | 5.590 | 14.217 | 39% |
| 2018 | 7.545 | 7.289 | 14.834 | 49% |
| 2019* | 4.902 | 7.128 | 12.030 | 59% |

* Staða tekin 25. nóvember 2019

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 22 sýnir fjölda bókaðra reikninga hjá Ísafjarðarbæ skipt annars vegar í reikninga sem berast á pappír og hins vegar reikninga sem berast rafrænt.

Eins og taflan sýnir voru reikningarnir samtals 14.834 allt árið 2018, þar af bárust 49% rafrænt.  Fram til 25. nóvember 2019 voru reikningar samtals 12.030, þar af voru rafrænir

reikningar 59%. Eins og fram kemur í töflunni er rafrænum reikningum að fjölga hlutfallslega. Miðað við að 3,7 stöðugildi hafi verið í bókhaldinu voru að meðaltali 4.009 reikningar á hvern starfsmann árið 2018.

### Tafla 23: Fjöldi bókaðra reikninga hjá fjórum sveitarfélögum og fjöldi stöðugilda við bókhald árið 2018

| Sveitarfélag | Pappír | Rafrænir | Samtals | Hlutfall rafrænna reikninga | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi reikninga á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 7.545 | 7.289 | 14.834 | 49% | 3,7 | 4.009 |
| Sveitarfélag 1 | 10.931 | 16.883 | 27.814 | 61% | 4,0 | 6.954 |
| Sveitarfélag 2 | 5.970 | 7.557 | 13.527 | 56% | 1,0 | 13.527 |
| Sveitarfélag 3 | 9.347 | 7.286 | 16.633 | 44% | 3,0 | 5.544 |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 23 sýnir fjölda bókaðra reikninga hjá fjórum sveitarfélögum og fjölda stöðugilda við bókhald árið 2018.

Eins og þarna kemur fram er mikill munur hver fjöldi reikninga er á hvert stöðugildi í bókhaldi hjá þessum sveitarfélögum. Einnig getur verið mismunandi hvað mikið er gert í bókhaldinu. Hjá þeim sveitarfélögum þar sem mest er gert í bókhaldinu er því skilað uppgerðu og tilbúnu til endurskoðunar. Hjá öðrum þurfa endurskoðendur að koma að uppgjöri áður en hægt er að hefja eiginlega endurskoðun. Taka verður þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefnin, sem starfsmenn við bókhald sinna, geta verið mismunandi.

Eins og fram kemur í töflunni eru flestir reikningar á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélagi 2, eða 13.527 árið 2018. Fæstir voru reikningarnir hjá Ísafjarðarbæ, eða 4.009 að meðaltali á hvern starfsmann í bókhaldi. Rétt er að fram komi að hjá sveitarfélagi 2 skilar aðalbókarinn ársreikningi sveitarfélagsins uppgerðum og tilbúnum til endurskoðunar. Hjá Ísafjarðarbæ er bókhaldi jafnframt skilað uppgerðu og tilbúnu til endurskoðunar.

### Tafla 24: Fjöldi viðskiptakorta sem starfsmenn hjá sveitarfélaginu eru með og samtals velta á kortunum

| | Fjöldi 2019 | 2019 (11 mánuðir) | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bónus | 26 | 7.263 | 9.667 | 9.134 | 11.260 | 10.741 | 10.398 | 58.463 |
| Innkaupakort og VISA | 11 | 12.437 | 12.466 | 10.168 | 6.651 | 5.965 | 2.449 | 50.136 |
| **Samtals** | **37** | **19.700** | **22.133** | **19.302** | **17.911** | **16.706** | **12.847** | **108.599** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 24 sýnir fjölda viðskiptakorta sem starfsmenn hjá sveitarfélaginu eru með og samtals veltu á þessum kortum.

Eins og fram kemur á töflunni voru 26 viðskiptakort hjá Bónus árið 2019. Samtals velta á þessum kortum hefur verið um 10 milljónir króna á ári. Auk þessa eru eldsneytiskort.

Skil á nótum vegna kreditkorta ganga misvel að sögn aðalbókara. Sumir skila vel en misbrestur geti verið hjá öðrum. Innkaupakort og VISA kort voru samtals 11.

### Tafla 25: Út- og innskattur vegna þjónustu þjónustumiðstöðvar við stofnanir sveitarfélagsins

| | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Útskattur ÁHH | -14.828 | -14.828 | -14.828 | -14.828 | -14.828 | **-14.828** |
| | | | | | | |
| Innskattur tjaldsvæði | 9 | 8 | 51 | 60 | 68 | **196** |
| Innskattur eigin vinnu ÁHH | 1.456 | 2.236 | 1.995 | 1.327 | 888 | **7.902** |
| Innskattur Höfn | 432 | 377 | 754 | 462 | 264 | **2.288** |
| **Innskattur alls** | **1.898** | **2.621** | **2.799** | **1.848** | **1.220** | **10.386** |
| | | | | | | |
| Endurkr. v. snjómoksturs | 1.813 | 4.612 | 3.362 | 3.627 | 4.961 | **18.375** |
| Endurkr. v. sorphirðu | 3.034 | 2.957 | 2.694 | 2.325 | 2.782 | **13.793** |
| **Endurkr. vsk. alls** | **4.847** | **7.569** | **6.056** | **5.952** | **7.743** | **32.168** |
| | | | | | | |
| **Útskattur að frádr. endurgr. alls** | **-8.082** | **-9.234** | **-7.963** | **-6.310** | **-6.867** | **-38.456** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 25 sýnir út- og innskatt vegna vinnu þjónustumiðstöðvar fyrir stofnanir sveitarfélagsins.

Eins og fram kemur á töflunni var greiddur nettó virðisaukaskattur vegna vinnu þjónustumiðstöðvar fyrir stofnanir sveitarfélagsins árið 2019, kr. 8,1 milljón. Árið 2018 voru greiddar 9,2 milljónir króna.

**Innheimtufulltrúi**

Næsti yfirmaður innheimtufulltrúa er fjármálastjóri. Innheimtufulltrúi er í 100% starfshlutfalli.

Innheimtufulltrúi sendir út alla reikninga fyrir bæjarfélagið, þar með talið fyrir höfnina. Innheimtufulltrúi fylgir því síðan eftir að reikningar séu greiddir. Hann les inn rafrænar greiðslur frá bankanum. Greiðslur sem fram fara sem millifærslur eru handskráðar af starfsmanni í bókhaldsdeild. Líklega er það mesta handavinnan sem er í kringum innheimtuna að sögn innheimtufulltrúa. Í mörgum kerfum er hægt að lesa millifærslur rafrænt beint frá banka samkvæmt innheimtufulltrúa. Sem dæmi um greiðslur sem fara fram sem millifærslur eru öll fyrirframgreidd aflagjöld. Sum stóru fyrirtækin greiða reikninga með millifærslum í stað þess að greiða kröfuna í heimabanka.

Allar inngreiðslur á sundstöðum og skíðasvæðinu eru skráðar í excel skjöl skv. gögnum frá viðkomandi stofnunum. Síðan er hægt að lesa beint af execl skjali inn í bókhaldskerfið í stað þess að þurfa að handskrá það.

Allt sem ekki er greitt á réttum tíma fer í innheimtu hjá Motus, sem annast vanskilainnheimtu fyrir sveitarfélagið.

Unnið er með gátlista til að tryggja að verkefni safnist ekki upp. Það hefur skilað góðum árangri og góðri reglu á innheimtunni.

Þegar tími hefur gefist hefur innheimtufulltrúi aðstoða bókhaldið með því t.d. að lesa færslu inn af greiðsluposum og stemma þá af. Um er að ræða greiðsluposa frá sundlaugunum m.a. Að jafnaði má gera ráð fyrir að starfið sé um 80 til 90% starfshlutfall. Í innheimtunni koma toppar eins og þegar fasteignagjöld eru lögð á.

Fasteignagjöld eru lesin inn einu sinni í mánuði. Innheimta á fasteignagjöldum fer fram samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá varðandi þinglýsta eigendur. Innheimtufulltrúi sækir skrá hjá Þjóðskrá um þinglýsta eigendur fasteigna. Verði breyting innan ársins kemur það fram á viðkomandi skrá hjá Þjóðskrá sem sótt er mánaðarlega. Skráin er síðan keyrð vélrænt inn í kerfið, sem unnið er með varðandi fasteignagjöldin.

Fram kom í máli innheimtufulltrúa að góður andi væri á skrifstofunni og að gott samstarf væri við stofnanir.

**Gjaldkeri**
Gjaldkeri er í 50% starfshlutfalli. Hann annast greiðslu allra reikninga fyrir stofnanir Ísafjarðarbæjar.

Næsti yfirmaður gjaldkera er fjármálastjóri.

**Deildarstjóri launadeildar**
Næsti yfirmaður deildarstjóra launadeildar er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Undirmenn eru tveir launafulltrúar, annar í 100% starfi og hinn í 50% starfi. Samtals eru því í launadeild 2,5 stöðugildi.

Unnið er með Vinnustund nema tónlistarskólinn, sem skilar inn excel skjali varðandi tíma starfsmanna við skólann, sem þarf að lesa inn. Forstöðumenn stofnana samþykkja tímana og stofna bunka. Forstöðumenn eiga að vera búnir að skila þessu 18. hvers mánaðar. Launatímabilið er frá 16. til 15. næsta hvers mánaðar.

Þegar launadeildin er búin að keyra launin eru þau greidd út án þess að forstöðumenn samþykki þau. Allir verkferlar eru til skriflega.

Í undantekningatilfellum er greitt umfram fasta yfirtíð, ef um slíkt er að ræða.

Fram kom að það væri gott ef allir skiluðu tímanlega öllum skilum fyrir hverja launakeyrslu.

Deildarstjórinn fundar reglulega með forstöðumönnum.

Útgefnir launamiðar fyrir 2019 voru 703 talsins en að jafnaði eru reiknuð laun fyrir um 480 starfsmenn.

**Tafla 26: Fjöldi starfsmanna á launaskrá að jafnaði og stöðugildi í launadeild hjá nokkrum sveitarfélögum**

| Sveitarfélag | Fjöldi á launaskrá að jafnaði | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 480 | 2,5 | 192 |
| Sveitarfélag 1 | 1.100 | 4,8 | 229 |
| Sveitarfélag 2 | 380 | 1,0 | 380 |
| Sveitarfélag 3 | 121 | 0,54 | 224 |
| Sveitarfélag 4 | 912 | 1,75 | 521 |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 26 sýnir fjölda starfsmanna sem eru að jafnaði á launaskrá hjá nokkrum sveitarfélögum ásamt fjölda stöðugilda sem eru við launavinnslu. Taka verður þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefnin, sem starfsmenn við launavinnslu sinna, geta verið mismunandi. Jafnframt koma viðbótarstarfsmenn hjá öllum sveitarfélögunum á launaskrá yfir sumarmánuðina.

Eins og fram kemur á töflunni er nokkuð mismunandi hvað eru margir á launaskrá að jafnaði á hvert stöðugildi í launavinnslu. Frá því að vera 192 starfsmenn að jafnaði hjá Ísafjarðarbæ upp í 521 starfsmann.

**Upplýsingafulltrúi**

Næsti yfirmaður upplýsingafulltrúa er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Upplýsingafulltrúi sér m.a. um að koma upplýsingum frá sveitarfélaginu til íbúa Ísafjarðarbæjar, annast samskipti við fjölmiðla, útbýr auglýsingar, kemur innri upplýsingum til starfsfólks bæjarins og heldur utan um viðburði sveitarfélagsins, sem eru 17. júní hátíðarhöld og tendrun jólaljósa. Tekur með ýmsum hætti þátt í undirbúningi á hátíðum sem aðrir eru með í bæjarfélaginu eins og t.d. Skíðavikan, „Aldrei fór ég suður“ og Veturnætur, lista- og menningarhátíð sem haldin er í kringum fyrsta vetrardag. Við slík tækifæri getur framlag bæjarfélagsins verið vinna upplýsingafulltrúans sem aðstoðar við skipulag og framkvæmd, útbýr kynningarefni og sér um markaðshluta viðburðarins, styrkframlag ásamt stuðningi frá áhaldahúsi.

Upplýsingafulltrúi hefur tekið þátt í verkefninu „Nordic innovation“ um sjálfbæra móttöku skemmtiferðaskipa. Fyrsta fasa verkefnisins er lokið en vonir eru um að Ísafjarðarbær taki einnig þátt í öðrum fasa og er þá gert ráð fyrir að upplýsingafulltrúi verði tengiliður við það.

Upplýsingafulltrúi annast um efni á vefsíðu Ísafjarðarbæjar, sér til þess að síðan sé aðgengileg, að allt efni þar inni sé rétt og uppfært og setur inn fréttir. Mannauðsstjóri setur oftast inn atvinnuauglýsingar frá bænum á vefinn en að öðru leyti er vefurinn alfarið á höndum upplýsingafulltrúa.

Vefsíðan er þannig að upplýsingafulltrúi getur ekki gert aðrar breytingar á síðunni en að setja inn texta og myndir.  Ef gera þarf breytingar á vefsíðunni þarf að senda inn beiðni til Stefnu  um breytingar og það þarf að borga fyrir unna þjónustu. Aðrar upplýsingaveitur eru Facebook-síða sveitarfélagsins, facebook.com/isafjardarbaer, og sms-sendingar til íbúa vegna snjómoksturs, bilana í vatnsveitu o.fl.

Ísafjarðarbær er með innri vef fyrir starfsmenn á „workplace" og sér upplýsingafulltrúi um að koma skilaboðum áleiðis til starfsmanna gegnum hann.

Önnur verkefni upplýsingafulltrúa er yfirlestur á efni sem bærinn sendir frá sér, s.s. skýrslur og kynningar, uppsetning gjaldskráa, birting fundargerða í fjarveru skjalastjóra og umsjón með aðalpósthólfi bæjarins þangað sem berast fyrirspurnir og tilkynningar. Þá leysir upplýsingafulltrúi forstöðumann upplýsingamiðstöðvar af þegar þörf er á.

**Skjalastjóri og persónuverndarfulltrúi**
Skjalastjóri og persónuverndarfulltrúi heyra undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálsviðs.

Skjalastjóri á að sjá um skjöl 30 ára og yngri.  Vegna plássleysis á héraðsskjalasafni er mikið af eldri skjölum hjá skjalastjóra.  Er enn að afgreiða úr skjölum sem eru mun eldri en 30 ára.

Skjalastjóri er jafnframt kerfisstjóri yfir skjalakerfinu „OneSystems" og  annast tæknilega aðstoð við alla notendur kerfisins hjá bæjarfélaginu.  Skjalastjóri heldur utan um fundargáttina, þ.e. hefur umsjón með öllum notendum hennar, sem eru tilteknir starfsmenn, bæjarfulltrúar og  nefndarmenn sveitarfélagsins. Starfsmenn skrá þau skjöl sem þeir eru að vinna með en það sem kemur t.d. með pósti skráir skjalastjóri. Starfsmenn prenta út og raða málum í málsmöppur, skjalastjóri fer yfir þær, lokar málunum og gengur frá. Skjalastjóri sér um ráðgjöf til starfsmanna annarra stofnana ef kallað er eftir henni, t.d. grunn- og leikskólar. Skjalastjóri sér um áætlanagerð o.þ.h. í skjalamálum sveitarfélagsins, í samráði við héraðsskjalavörð.

Skjalastjóri vinnur úr fundargerðum bæjarráðs og bæjarstjórnar og tilkynnir um afgreiðslur bæjarráðs og bæjarstjórnar til viðkomandi að jafnaði.

Undirbýr uppsetningu á dagskrá bæjarstjórna- og bæjarráðsfunda í samstarfi við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, sem klárar uppsetningu dagskrár í samstarfi við formann/forseta og bæjarstjóra. Fundarboð er sent með rafrænum hætti og er fundardagskrá ásamt fundargögnum aðgengileg í fundargátt.

Ýmislegt í skjalamálum hefur skjalastjóri ekki komist í  vegna tímaleysis.  Þar með talið er ýmislegt sem tengist skjalasafninu. Tímaleysið skýrist fyrst og fremst af mikilli aukningu í kerfisstjórn s.l. ár sem og aukin verkefni eins og persónuverndarlöggjöfin og undirbúningur

funda í samstarfi við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Fleiri kerfiseiningar hafa verið keyptar og fer fjölgandi, meiri notkun er á kerfinu en áður og ekki er lengur tölvusérfræðingur hjá sveitarfélaginu. Áður sinnti kerfisstjóri sveitarfélagsins mörgu í notendaumsýslu og bilunum, en þegar tölvuþjónusta var boðin út færðist öll sú vinna yfir á skjalastjóra.

Þegar nýr starfsmaður tekur til starfa og þarf að nota „OneSystems" þá er skjalastjóri kallaður til.

Persónuverndarfulltrúi annast m.a. samskipti við persónuvernd, t.d. vegna öryggisbrota og/eða kærumála. Sinnir ráðgjöf og fræðslu til starfsmanna, svarar spurningum sem upp koma vegna ýmissa mála sem mikið er af. Reynir eftir fremsta megni að hafa eftirlit með starfsemi þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Persónuverndarfulltrúi er alltaf vel vakandi fyrir persónuverndarmálefnum í allri starfsemi sveitarfélagsins. Hann situr samráðsfundi með öðrum persónuverndarfulltrúum sveitarfélaga og tekur þátt í vinnu við sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna er lúta að persónuvernd, t.d. gerð vinnslusamninga og þess háttar.

Starfandi er persónuverndarteymi hjá sveitarfélaginu sem vinnur með persónuverndarfulltrúa að ýmsum málum sem tengjast persónuvernd. Í persónuverndarteyminu sitja auk persónuverndarfulltrúa, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, héraðsskjalavörður/forstöðumaður Byggðasafns og innkaupa- og tæknifulltrúi.

**Innkaupa- og tæknifulltrúi**

Næsti yfirmaður innkaupa- og tæknifulltrúa er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Um er að ræða nýtt starf.

Sveitarfélagið hefur nýlega gert samkomulag um aðild að rammasamningi ríkiskaupa. M.a. fer nokkuð mikið af tíma innkaupafulltrúa í að fá þau kjör sem sveitarfélaginu ber skv. rammasamningnum frá birgjum ásamt örútboðum innan rammasamninga. Samhliða því hefur innkaupastjóri verið að vinna að ýmsum útboðum eins og t.d. vegna fótboltahúss (október 2019). Er með í bígerð að fara að bjóða út vörukaup á hýsingu og rekstri á tölvukerfi, prentþjónustu, kaupum á tölvubúnaði ásamt kaupum á raforku (sameiginlegt útboð sveitafélaga) o.s.frv.

Örútboð í hýsingu og rekstri á tölvukerfinu, þ.e. þjónustu sem nú er unnin af Origo, og sameiginlegt örútboð á kaupum á raforku er það sem liggur fyrir á næstunni og búið er að taka ákvörðun um.

Samkvæmt nýjum innkaupareglum mun innkaupafulltrúi hafa yfirumsjón með framkvæmd og samræmingu innkaupa og eflingu innkaupaþekkingar hjá sveitarfélaginu og leitast við að samræma innkaup milli allra sviða. Því er ljóst að vöruflokkar eins og hreinlætisvörur, matvörur og aðrir vöruflokkar sem fleiri en ein stofnun kaupir verða teknir upp með tilliti til hagkvæmni í innkaupum. Sú forgangsröðun og markmiðasetning liggur ekki fyrir.

Unnið er að gerð nýrra innkaupareglna fyrir sveitarfélagið.  Samkvæmt lögum um opinber innkaup, sem sveitarfélögum ber að fara eftir, eru vöru- og þjónustukaup sem fara yfir 15,5 milljónir króna útboðsskyld. Sömuleiðis verkframkvæmdir yfir 49 miljónir króna að sögn innkaupafulltrúa.

Sem tæknifulltrú annast innkaupa- og tæknifulltrúi samskipti við fyrirtæki sem veita þjónustu á svið upplýsingatækni svo sem Origo, Snerpu, Vodafone o.fl.   Jafnframt vinnur hann tillögur að stefnumótun um hvernig sveitarfélagið vill haga upplýsingatækni til framtíðar litið.

**Upplýsingamiðstöð Vestfjarða**

Upplýsingamiðstöð Vestfjarða er rekin í Edinborgarhúsinu.  Þar er einn starfsmaður allt árið í 100% stöðu.  Næsti yfirmaður forstöðumanns Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar er nokkuð árstíðaskipt.  Stóra vertíðin er yfir sumarmánuðina, en þá koma 15 til 20 þúsund manns á upplýsingamiðstöðina fyrir utan farþega með skemmtiferðarskipum, en þar er um að ræða þjónustu við um 100 þúsund gesti.

Í starfinu felst að veita ferðafólki, sem sækir Vestfirði heim, hverskyns aðstoð og upplýsingar.  Vinnan yfir vetramánuðina er aðallega undirbúningur fyrir næsta sumar. Einstaklingar jafnt sem ferðaskipuleggjendur eru í sambandi og undirbúa sumarið, útgefendur kynningarefnis og ferðahandbóka leita talsvert til miðstöðvarinnar vegna útgáfu fyrir næsta sumar og miðstöðin kemur einnig sjálf beint og óbeint að útgáfu upplýsingaefnis fyrir gesti.

Ferðatímabilið hefur lengst á undanförnum árum og nú orðið er nokkuð um að gestir komi á Vestfirði yfir vetramánuðina. Þar hafa skíðahópar ekki síst verið áberandi, en einnig fólk í leit að norðurljósum, náttúruupplifun í kyrrð og ró og fólk sem vill ferðast öðruvísi en meginstraumur þeirra gesta sem sækir Ísland heim. Ferðaþjónar á svæðinu eru bjartsýnir á að ferðamönnum muni fjölga umtalsvert yfir vetrarmánuðina þegar samgöngur á milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða verða orðnar greiðari, eins og nú hillir loks undir.

Yfir sumarmánuðina eru ráðnir tveir sumarstarfsmenn.  Heyra þeir undir forstöðumann upplýsingamiðstöðvarinnar og starfa við almenna upplýsingagjöf, bæði á miðstöðinni sjálfri og í afgreiðslu hennar á Ísafjarðarhöfn þegar skemmtiferðaskip koma í bæinn. Þegar mest er um að vera hefur bæjarskrifstofan einnig lánað starfsfólk hluta úr degi, á meðan mest er að gera. Þessu til viðbótar er svo einn sumarstarfsmaður í hlutastarfi við að sýna kirkjuna, sem er opin frá kl. 09:00-14:00 á virkum dögum í júní, júlí og ágúst. Starfsmaður í kirkjunni heyrir undir upplýsingamiðstöðina, en Ísafjarðarhöfn hefur kostað laun hans. Er það fyrirkomulag samkvæmt samkomulagi á milli Ísafjarðarbæjar, Ísafjarðarhafnar og Ísafjarðarkirkju, en yfirgnæfandi meirihluti þeirra gesta sem skoða kirkjuna er úr hópi farþega af skemmtiferðaskipum.  Ísafjarðarhöfn kostar jafnframt hluta sumarstarfsmanna þar sem ástæða fjölgunar sumarstarfsmanna er vegna fjölgunar farþega af skemmtiferðaskipum.

Á sumrin er upplýsingamiðstöðin opin frá kl. 8:00 til 18:00 á virkum dögum og frá kl. 8:00 til 15:00 um helgar.

Yfir vetramánuði er upplýsingamiðstöðin opin frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum.

Öll þjónusta upplýsingamiðstöðvarinnar er viðskiptavinum hennar að kostnaðarlausu, enda er miðstöðin hluti af stoðkerfi við ferðaþjónustuna. Undantekning frá þessu eru sérstök verkefni fyrir stærri aðila, eins og t.d. verkefni sem unnið var fyrir Ferðamálastofu árið 2019, gegn greiðslu. Miðstöðin hefur verið ein af sjö svokölluðum landshlutamiðstöðvum hér á landi og nær starfssvæði hennar yfir alla Vestfirði. Ríkið hefur styrkt landshlutamiðstöðvar og hefur upplýsingamiðstöðin fengið um 2,5 milljónir króna á ári. Nú eru hins vegar blikur á lofti varðandi það rekstrarframlag. Boðað hefur verið að þessi styrkur verði hugsanlega lagður af, en samkvæmt nýjustu fréttum mun það þó ekki verða gert nema í samráði við heimamenn.

Markaðsstofa Vestfjarða er deild innan Vestfjarðarstofu sem sér um markaðsmál fjórðungsins. Á meðal verkefna stofunnar er að gefa út kynningar- og upplýsingaefni til að kynna landshlutann fyrir ferðafólki. Upplýsingamiðstöð Vestfjarða hefur í gegnum tíðina lagt markaðsstofunni lið við vinnslu þess efnis.

Það má segja að á Þingeyri hafi óbeint verið rekið útibú frá upplýsingamiðstöðinni á Ísafirði. Handverkshópurinn Koltra á Þingeyri fær styrk, um 600 þús. kr. á ári, frá Ísafjarðarbæ til að veita upplýsingagjöf og þjónustu til ferðamanna í handverksbúð hópsins. Miðstöðin á Þingeyri er rekin sjálfstætt en þó í góðri samvinnu við miðstöðina á Ísafirði.

**Tafla 27: Tekjur og gjöld vegna Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða, styrkir og framlög vegna ferðamála og nettó gjöld vegna tjaldsvæðis**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Húsaleigutekjur | 385 | 420 | 480 | 500 |
| Seldar vörur og veitingar | 1.573 | 1.295 | 1.246 | 1.306 |
| Seld vinna og þjónusta | | | 3.162 | 2.500 |
| Endurgreiðslur annarra | 4.630 | 2.658 | 2.630 | 2.630 |
| **Tekjur alls** | **6.588** | **4.373** | **7.518** | **6.936** |
| Laun | 7.828 | 7.453 | 7.505 | 6.960 |
| Dagvinnulaun | | | 1.605 | 2.462 |
| Yfirvinna | 2.521 | 2.581 | 3.116 | 3.335 |
| Önnur laun og uppbætur | 228 | 162 | 169 | 738 |
| Orlofs uppbót | | 165 | 397 | 451 |
| Áfallið orlof | 313 | -27 | -23 | -8 |
| Launatengd gjöld | 2.610 | 2.492 | 2.998 | 3.256 |
| Matar- og kaffikostnaður | 6 | 3 | | 2 |
| **Launagjöld samtals** | **13.506** | **12.829** | **15.767** | **17.196** |
| Vörukaup til endursölu | 1.173 | 807 | 869 | 823 |
| Önnur vörukaup | 624 | 455 | 731 | 162 |
| Greidd húsaleiga og leigugjöld | 4.709 | 4.780 | 4.896 | 5.003 |
| Hússjóður | | | | 1.982 |
| Önnur þjónustukaup | 1.859 | 1.537 | 2.118 | 254 |
| Millifærður kostnaður | 1.478 | 1.809 | 857 | 829 |
| **Samtals gjöld** | **23.349** | **22.217** | **25.238** | **26.249** |
| **Kostnaður umfram tekjur** | **16.761** | **17.844** | **17.720** | **19.313** |
| Styrkir og framlög til ferðamála | 8.407 | 4.778 | 4.822 | 6.732 |
| Rekstur tjaldsvæðis | 2.444 | 5.727 | 5.261 | 4.132 |
| Gjöld samtals vegna ferðamála | 27.612 | 28.349 | 27.803 | 30.177 |

Heimild: Ísafjarðarbær, aðalbók 2016, 2017, 2018 og 2019

Tafla 27 sýnir rekstur Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða, styrki og framlög Ísafjarðarbæjar til ferðamála og rekstur tjaldsvæðis nettó. Um er að ræða samandreginn kostnað Ísafjarðarbæjar vegna ferðamála.

Eins og fram kemur á töflunni var kostnaðurinn samtals 30,2 milljónir króna sem Ísafjarðarbær greiddi árið 2019 vegna beinar þjónustu við ferðmenn og framlaga til ferðamála. Kostnaður Ísafjarðarbæjar umfram tekjur vegna Upplýsingamiðstöðvarinnar var 19,3 milljónir króna árið 2019. Það er mat skýrsluhöfundar að sveitarfélög almennt veiti ferðamönnum góða upplýsingaþjónustu þó þau hafa engar beinar tekjur af ferðamönnum, þær renna allar til ríkissjóðs í formi virðisaukaskatts af seldri þjónustu til ferðamanna og gistináttagjalds. Ætla verður að útsvarstekjur, sem greiddar eru af launum starfsmanna í

ferðaþjónustu, fari í innviðaþjónustu sveitarfélagsins við viðkomandi starfsmenn eins og er um starfsmenn í öðrum atvinnugreinum. Gera verði kröfu til þess að sveitarfélögin fái hlutdeild í virðisaukaskatti sem fæst af seldri þjónustu við ferðamenn og að gistináttaskattur renni allur til sveitarfélaga til að standa undir kostnaði við að þjónusta ferðamenn. Óeðlilegt verður að telja að almenn þjónusta við ferðamenn sé greidd með almennum tekjum sveitarfélaga sem ætlaðar eru til að þjónusta íbúa þeirra en allar beinar tekjur af ferðaþjónustu renni í ríkissjóð.

**Tafla 28: Tekjur og gjöld vegna tjaldsvæðis í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur alls** | **4.006** | **4.132** | **4.242** | **6.527** |
| Millifærð leiga eignasjóðs | 3.764 | 3.399 | 3.305 | 5.081 |
| Millifærð þjónusta | 250 | 3.411 | 2.533 | 2.639 |
| Millifærðir skattar og gjöld | 134 | 181 | 181 | |
| Hlutdeild í sameiginlegum rekstri | 683 | 913 | 949 | 1.068 |
| Önnur vöru- og þjónustukaup | 1.619 | 1.954 | 2.536 | 1.871 |
| **Gjöld samtals** | **6.450** | **9.858** | **9.504** | **10.659** |
| **Gjöld umfram tekjur** | **2.444** | **5.726** | **5.262** | **4.132** |
| Millifærð leiga og annar millifærður kostnaður samtals | 4.831 | 7.904 | 6.968 | 8.788 |
| Millifærður kostnaður sem hlutfall af gjöldum samtals | 75% | 80% | 73% | 82% |

Heimild: Ísafjarðarbær, aðalbók 2016, 2017, 2018 og 2019

Tafla 28 sýnir tekjur og gjöld vegna tjaldsvæðis á Ísafirði. Tjaldsvæðið heyrir undir umhverfis- og eignasvið. Samningur er við rekstraraðila varðandi rekstur tjaldsvæðisins.

Eins og fram kemur á töflunni var halli á rekstrinum öll árin. Mestur var hallinn árið 2017, eða 5,7 milljónir króna.

Rétt er að benda á hversu hátt hlutfall millifærð leiga og annar kostnaður er af heildargjöldum vegna tjaldsvæðisins og hefur sá kostnaður farið hækkandi á milli áranna. Var 8,8 milljónir króna árið 2019, eða 82% af heildargjöldum þess árs.

**Forstöðumaður Safnahúss**

Forstöðumaðurinn hefur nýlega tekið við starfi forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða.

Í Safnahúsinu er bókasafn, ljósmyndasafn, skjalasafn og listasafn. Listasafnið er séreignastofnun og ákveðið hefur verið að fella það undir stjórn forstöðumanns Safnahúss.

Vegna þessara breytinga hefur annar deildarstjóri í Safnahúsi tekið yfir ljósmynda- og skjalasafnið og hinn deildarstjórinn bókasafnið a.m.k. tímabundið. Fráfarandi forstöðumaður er að klára ýmis verkefni sem stefnt var á að ljúka um s.l. áramót. Deildarstjórarnir eru í 100% starfi hvor. Þeir stjórna faglegu starfi sinna safna. Auk þeirra eru þrír aðrir starfsmenn á bókasafninu. Einn af þeim eru í 100% starfi, bóksafnsfræðingur í

55% starfi og þriðji starfsmaðurinn er í tímavinnu.  Á sumrin kemur sumarstarfsmaður sem er í 100% starfi.

Á skjalasafninu eru auk deildarstjóra þrír starfsmenn í hlutastarfi.  Einn í 80% starfshlutfalli, einn í 50% og sá þriðji í 30%, sem er alfarið við ljósmyndasafnið.  Síðan eru fjórir starfsmenn í tæpum tveimur stöðugildum samtals yfir árið. Ein er í 70%, ein í 50%, ein í 25% og ein í 75% Þessir starfsmenn vinna ýmist 9 eða 10 mánuði á ári.  Þessir starfsmenn vinna verkefni fyrir Þjóðskjalasafn Íslands  og greiðir það fyrir vinnu þeirra.  Þessir starfsmenn eru ráðnir ár í senn.

Samtals eru því 5,05 stöðugildi við Safnahúsið án forstöðumanns.  Auk þess er einn starfsmaður sem vinnur í tímavinnu og fjórir starfsmenn í samtals 1,9 stöðugildi sem annast störf fyrir Þjóðskjalasafnið.

Opnunartími Safnahússins er frá kl. 12:00 til 18:00 virka daga og kl. 13:00 til 16:00 á laugardögum.  Á sumrin hefur opnunartíminn verði rýmri vegna skemmtiferðaskipa.

### Tafla 29:  Útlán á bókum hjá Safnahúsi skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2019

| Klukkustund | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00:00-00:59 | | | | | | | | | 3 | | | | **3** |
| 07:00-07:59 | | | | | | | 1 | | | 2 | | | **3** |
| 08:00-08:59 | | | | | 10 | | | 5 | | 1 | 1 | 2 | **19** |
| 09:00-09:59 | | | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 2 | **7** |
| 10:00-10:59 | 29 | 28 | 17 | 32 | 23 | 7 | 9 | 4 | 7 | 32 | 44 | 11 | **243** |
| 11:00-11:59 | 4 | 19 | 24 | 4 | 23 | 20 | 43 | 15 | 16 | 13 | 20 | 28 | **229** |
| 12:00-12:59 | 37 | 22 | 61 | 37 | 49 | 109 | 123 | 78 | 57 | 71 | 39 | 56 | **739** |
| 13:00-13:59 | 187 | 139 | 163 | 153 | 121 | 212 | 225 | 183 | 124 | 172 | 125 | 211 | **2.015** |
| 14:00-14:59 | 325 | 227 | 187 | 162 | 180 | 196 | 347 | 223 | 158 | 161 | 204 | 173 | **2.543** |
| 15:00-15:59 | 297 | 237 | 238 | 227 | 200 | 286 | 328 | 321 | 239 | 255 | 237 | 148 | **3.013** |
| 16:00-16:59 | 296 | 249 | 244 | 292 | 225 | 172 | 306 | 262 | 186 | 349 | 241 | 167 | **2.989** |
| 17:00-17:59 | 254 | 243 | 222 | 154 | 153 | 180 | 238 | 195 | 216 | 166 | 181 | 184 | **2.386** |
| 18:00-18:59 | 8 | 14 | 22 | 8 | 21 | 28 | 18 | 1 | 8 | 6 | 9 | 3 | **146** |
| 19:00-19:59 | 1 | | | 3 | | | | | 2 | 2 | | | **8** |
| 20:00-20:59 | | | 1 | 1 | | 8 | | | | | 2 | | **12** |
| 21:00-21:59 | 4 | 3 | | | | | 3 | 2 | | | | 2 | **14** |
| 22:00-22:59 | | 2 | 4 | 1 | 15 | | 13 | 16 | | 1 | 3 | | **55** |
| 23:00-23:59 | 4 | | | 4 | | | | | | | | | **8** |
| **Samtals** | **1.446** | **1.183** | **1.183** | **1.079** | **1.020** | **1.219** | **1.654** | **1.306** | **1.016** | **1.232** | **1.107** | **987** | **14.432** |

Heimild:  Landskerfi bókasafna

Tafla 29 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2019 hjá Safnahúsi.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 14.432 allt árið.  Flest voru útlánin í júlí, en þá voru þau 1.654.  Fæst voru útlánin í desember, eða 987.

## Mynd 23: Útlán bóka samtals hjá Safnahúsi skipt eftir klukkustundum árið 2019




Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 23 sýnir útlán bóka samtals hjá Safnahúsi skipt eftir klukkustundum árið 2019.

Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 15:00 til 15:59 allt árið 2019, eða 3.013 bækur. Heildarútlánin voru 14.432. Þannig voru útlánin á þessari klukkustund 21% af útlánunum samtals yfir árið. Á opnunartíma safnsins voru útlánin fæst frá kl. 12:00 til 12:59, eða 739 bækur allt árið.

### Mynd 24:  Útlán á bókum hjá Safnahúsi skipt eftir árum 2012 til 2019




Heimild:  Landskerfi bókasafna

Mynd 24 sýnir útlán bóka hjá Safnahúsi árin 2012 til 2019.  Eins og myndin sýnir fjölgaði útlánum á milli áranna 2012 og 2013.  Síðan hefur dregið úr útlánum fram til ársins 2018 þegar útlánum fjölgaði á milli ára.  Á milli áranna 2018 og 2019 fækkaði útlánum.

Árið 2013 voru útlánin flest á þessu tímabili, eða 19.100.  Fæst voru útlánin árið 2019, eða 14.432. Þannig voru útlánin 4.668 færri árið 2019, þegar þau voru fæst, en þau voru árið 2013 þegar þau voru flest.

**Tafla 30: Tekjur og gjöld vegna Safnahúss í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur alls | 12.329 | 11.902 | 10.934 | 12.007 |
| Laun | 38.473 | 41.082 | 40.775 | 41.830 |
| Föst yfirvinna og önnur yfirvinna | 6.385 | 5.416 | 5.761 | 5.165 |
| Vaktaálag | 856 | 1.010 | 962 | 972 |
| Önnur laun og uppbætur | 2.041 | 1.233 | 1.320 | 3.612 |
| Orlof og orlofsuppgjör | | 1.041 | 926 | 971 |
| **Laun alls** | **47.755** | **49.782** | **49.744** | **52.550** |
| Áfallið orlof | 1.199 | -372 | -168 | -351 |
| Launatengd gjöld | 11.684 | 11.793 | 11.649 | 12.142 |
| Starfsmannakostnaður | 215 | 150 | 135 | 172 |
| Launakostnaður alls | 60.853 | 61.353 | 61.360 | 64.513 |
| Vörur til útleigu | 3.989 | 3.540 | 4.178 | 3.787 |
| Orkukaup alls | 1.809 | 2.684 | 2.037 | 1.907 |
| Önnur vörukaup | 2.049 | 1.455 | 2.320 | 2.786 |
| Millifærð leigugjöld | 31.068 | 27.482 | 21.983 | 21.801 |
| Önnur aðkeypt þjónustua | 4.307 | 3.775 | 6.732 | 4.668 |
| Millifærður kostnaður | 5.440 | 5.055 | 4.527 | 4.839 |
| **Samtals gjöld** | **109.515** | **105.344** | **103.137** | **104.301** |
| **Samtals rekstrarniðurstaða** | **97.186** | **93.442** | **92.203** | **92.294** |
| Millifærð leiga og annar millifærður kostnaður samtals | 36.508 | 32.537 | 26.510 | 26.640 |
| Millifærður kostnaður sem hlutfall af gjöldum samtals | 33% | 31% | 26% | 26% |
| Samtals gjöld að frádregnum millifærðum gjöldum | 73.007 | 72.807 | 76.627 | 77.661 |

Heimild: Ísafjarðarbær, aðalbækur

Tafla 30 sýnir tekjur og gjöld vegna reksturs Safnahúss í þúsundum króna.

Eins og fram kemur á myndinni hefur yfirvinna farið minnandi. Var 17% sem hlutfall af launum árið 2016 en er komin niður í 12% árið 2019.

Það vekur athygli hvað millifærður kostnaður hefur lækkað mikið á milli ára. Farið úr samtals 36,5 milljónum króna árið 2016 í 26,6 milljónir króna árið 2019. Þar munar mestu um lækkun á leigugjöldum.

**Byggðasafnið**

Það er þriggja manna stjórn yfir Byggðasafninu. Í stjórn byggðasafnsins sitja bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Sveitarfélögin þrjú standa að safninu en Ísafjarðarbær sér um bókhald og á það húsnæði sem safnið er í. Hlutdeild hvers sveitarfélags í rekstrinum ræðst af íbúafjölda.

Þar er auk forstöðumanns starfsmaður í 50% starfshlutfalli eins og var í desember 2019. Safnið er ekki opið yfir vetramánuðina nema skv. tímapöntun. Það er opnað 15. maí ár hvert og er opið út október. Yfir sumarið eru þrír starfsmenn ráðnir að safninu.

Yfir vetramánuðina eru starfsmennirnir að gera fjárhagsáætlun, svara erindum, sækja um styrki og skrá muni. Vélsmiðjan á Þingeyri er hluti af rekstri Byggðasafnsins.

Eftir að Bolungarvíkurkaupstaður stofnaði Ósvör eru nokkrir gripir frá safninu varðveittir þar og safnið hefur lánað gripi víðar, t.d. á Rafnseyri við Arnarfjörð. Byggðasafnið hefur lánað gripi þangað. Ef gripir frá Bolungarvík eru ekki í Ósvör eða tengjast ekki útgerð eru þeir varðveittir hjá Byggðasafninu.

## Mannauðsstjóri

Næsti yfirmaður mannauðsstjóra er bæjarstjóri.

Mannauðsstjóri veitir ráðgjöf til sviðsstjóra og forstöðumanna varðandi starfsmannamál almennt og annast undirbúning að símenntun fyrir starfsmenn. Mikill tími fer í ýmis mál tengd ráðningum. Mannauðsstjóri kemur að megin þorra ráðninga hjá sveitarfélaginu. Kemur að öllum ráðningum á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins.

Mannauðsstjóri hefur framkvæmt könnun á starfsumhverfi starfsmanna bæjarfélagsins og fylgt henni eftir.

Mannauðsstjóri situr forstöðumannafundi sem haldnir eru mánaðarlega. Á þessum fundum er farið yfir fjárhagsáætlun, ýmislegt tengt starfsmannamálum o.fl. Hann situr sviðsstjórafundi sem eru reglulegir vikulega.

Frekari lýsing á helstu verkefnum mannauðsstjóra:

- Ábyrgð á eftirfylgni starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar
- Áætlanagerð í mannauðsmálum
- Samþætting aðferða mannauðsstjórnunar inn í stjórnun stofnana sveitarfélagsins og samræming vinnubragða
- Almenn ráðgjöf um mannauðsmál til stjórnenda
- Viðtöl og ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda
- Þátttaka í ýmsum verkefnum sem varða mannauðsmál
- Þátttaka í ýmis konar stefnumótunarvinnu á vegum sveitarfélagsins
- Samráð og samstarf við launadeild, starfsmat, mat á persónuálagi og prófskírteinum
- Gerð starfsgreininga og starfslýsinga í samvinnu við starfsmenn og yfirmenn
- Samskipti og samvinna við ýmsa utanaðkomandi aðila s.s. stéttarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög
- Gerð og skráning verkferla og verklagsreglna
- Aðstoð við gerð starfsþróunaráætlana vinnustaða
- Umsjón með framkvæmd og gerð starfsmannakannana og eftirfylgd

- Umsjón og ráðgjöf varðandi starfsmannasamtöl
- Yfirumsjón með auglýsingum starfa í samvinnu við forstöðumenn
- Ráðningar og starfsmannaval
- Gerð starfsmannahandbókar og umsjón með endurskoðun hennar
- Móttaka starfsmanna og starfslok, gerð ferla, endurskoðun og eftirfylgni
- Önnur verkefni sem tengjast mannauðsmálum

## Velferðarsvið

Velferðarsvið fer með framkvæmd þeirra mála er lúta að félagslegri þjónustu bæjarins. Til félagslegrar þjónustu telst m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál.

**Mynd 25: Skipurit fyrir velferðarsvið**




Mynd 25 sýnir skipurit fyrir velferðarsvið tekið saman af skýrsluhöfundum.

Stöðugildi eru tilgreind á skipuritinu. Eins og þar kemur fram heyra samtals 61,68 stöðugildi undir sviðið.

**Sviðsstjóri velferðarsviðs**

Sviðsstjóri velferðarsviðs er yfirmaður velferðarsviðs.

Næsti yfirmaður hans er bæjarstjóri.

Undir sviðsstjóra velferðarsviðs heyra deildarstjóri félagsþjónustu, deildarstjóri barnaverndar, deildarstóri í málefnum fatlaðs fólks, forstöðumaður búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistunar í 70% stöðugildi, sem jafnframt gegnir starfi deildarstjóra í 30% stöðugildi. Auk þessa heyrir ritari undir sviðsstjóra.

Öll þjónusta við fatlað fólk heyrir undir deildarstjóra í málefnum fatlaðs fólks, að undanskildum rekstri og búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistun. Sveitarfélagið rekur þrjá búsetukjarna, hæfingarstöðina Hvestu og skammtímavistun. Á velferðarsviði er m.a. veitt félagsleg ráðgjöf og aðstoð við einstaklinga við að sækja rétt til annarra stofnana s.s. Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingar Íslands, Vinnumálastofnunar o.fl., auk þess að vera í samskiptum við ráðuneyti, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og fleiri opinbera aðila.

Umsóknir sem berast um þjónustu varðandi málefni fatlaðs fólks eru lagðar fyrir félagsmálateymi sem fundar einu sinni í viku. Deildarstjóri og forstöðumenn í málefnum fatlaðs fólks eru með mánaðarlegt samráð.

Starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks sjá um stuðningsþjónustu. Um er að ræða félagslega liðveislu, heimaþjónustu, akstur og sölu á mat til eldri borgara. Kostnaðarskipting á milli þjónustu við aldraða og þjónustu vegna málefna fatlaðs fólks er ekki aðgreind í bókhaldi sveitarfélagsins að sögn sviðsstjóra.

Haldnir eru teymisfundir í barnavernd þar sem teknar eru fyrir tilkynningar og ákvörðun tekin um hvort skuli hefja könnun máls eða ekki. Úrvinnsla fer fram eftir teymisfundi. Á teymisfundum eru einnig teknar ákvarðanir um lokun mála og áætlanir lagðar fyrir í málum sem eru í vinnslu. Erindi frá Barnaverndarstofu eru tekin fyrir, s.s. að taka út og skoða aðstæður á heimilum þar sem sótt er um stuðnings fjölskylduheimild eða leyfi til þess að gerast fósturforeldrar. Þá eru jafnframt teknar ákvarðanir um flutning mála eða mál móttekin frá öðrum nefndum. Þessir fundir eru einu sinni í viku. Þessa teymisfundi sitja sviðsstjóri og starfsmenn í barnavernd, ásamt deildarstjóra í málefnum fatlaðra.

Jafnframt eru haldnir reglulegir teymisfundir í félagsþjónustu. Á þeim fundum er tekið fyrir allt sem varðar almenna félagsþjónustu, s.s. umsóknir um fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, umsóknir um þjónustuíbúðir aldraðra, forgang að leiguíbúðum og fleira. Jafnframt eru afgreiddar umsóknir um stuðningsþjónustu, akstursþjónustu, heimsendingu matar og annað sem er í raun skilgreint undir málefni fatlaðra, sbr. hér að framan.

Sviðsstjóri velferðarsviðs situr fundi velferðarnefndar og barnaverndarnefndar. Hann er fulltrúi bæjarins í öldungaráði og er skipaður af heilbrigðisráðuneytinu í færni- og

heilsumatsnefnd Vestfjarða, þar áður í Vistunarmatsnefnd Vestfjarða frá árinu 2008. Nefndin metur m.a. þörf viðkomandi á hjúkrunarrými. Sviðsstjóri situr verkefnahópsfundi í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og hefur jafnframt verið í stjórn samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu á Íslandi um nokkurra ára skeið. Sviðsstjóri er hópstjóri samráðshóps áfallamála á Vestfjörðum, skipaður af Almannavörnum.

Sviðsstjórafundir eru á þriðjudögum. Þá fundi sitja sviðsstjórar, mannauðsstjóri, upplýsingafulltrúi og fjármálastjóri. Gott traust ríkir í hópnum að sögn sviðsstjóra. Sviðsstjóri velferðarsviðs á reglulega vikulega fundi með bæjarstjóra.

Forstöðumaður á Hlíf hefur stýrt þjónustunni á Hlíf. Hefur m.a. sinnt störfum húsvarðar og séð um verslun sem rekin er af bænum í húsnæði hjá Hlíf. Eftir að forstöðumaður lét af störfum hefur ekki verið ráðið í starfið.

Ísafjarðarbær rekur dagþjálfun á Hlíf. Þjónustan hefur verið í mikilli lægð en notendum hefur fjölgað undanfarið. Ráðinn hefur verið iðjuþjálfi í hlutastarf á dagdeildina.

**Hlíf íbúðir fyrir aldraða**

Á Hlíf rekur bærinn móttökueldhús, dagþjálfun, vinnustofu, sem heyra undir velferðarsvið í bókhaldi sveitarfélagsins, einnig verslun. Síðan leigir sveitarfélagið út aðstöðu fyrir hársnyrtingu, fótsnyrtingu og heimahjúkrun. Heilbrigðisstofnun greiðir ekki leigu fyrir afnotin af húsnæðinu vegna heimahjúkrunar. Aðstaða er fyrir leikfimi, þar sem bærinn greiðir laun leiðbeinanda, og jóga, sem er ókeypis þjónusta og er framlag kennarans. Félag eldri borgara er með aðstöðu í kjallara húsnæðisins. Jafnframt er stuðningsþjónustan gerð út frá Hlíf. Bankarnir eru með opið í Hlíf klukkustund á viku hvor banki en Landsbankinn og Íslandsbanki eru með útibú á Ísafirði.

Starfsmenn í Hlíf eru tveir á vinnustofu í 1,6 stöðugildi, tveir í dagþjálfuninni, sem eru í 1,3 stöðugildum auk iðjuþjálfa í 0,4 stöðugildi og starfsmenn í eldhúsi í 1,15 stöðugildum, eða samtals 4,45 stöðugildi. Starfsmenn í eldhúsi taka á móti mat frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og deila honum út. Starfsmennirnir hafa farið með mat til þeirra í húsinu sem ekki treysta sér í matsalinn en sökum þess að fleiri í húsinu hafa óskað eftir heimsendingu matar verður sú þjónusta ekki lengur veitt af starfsfólki móttökueldhússins en færð á hendur aðila sem hafa með höndum heimsendinguna. Að auki var forstöðumaður Hlífar sem látið hefur af störfum. Ekki hefur verið ráðið í hans stöðu miðað við janúar 2020, sbr. hér að framan.

Forstöðumaður Hlífar sá um verslunina, sem hefur verið opin frá kl. 10:00 til 11:00 á virkum dögum. Eftir að forstöðumaður lét af störfum hefur Vesturafl annast umsjón með versluninni fyrir bæjarfélagið.

Auk þess að sjá um um verslunina sá forstöðumaðurinn um ruslageymslu, húsumsjón og samskipti við íbúa af ýmsum toga. Auk þess að vera yfir dagdeildinni og vinnustofu. Umsjón með ýmis konar afþreyingu fyrir íbúa í húsinu svo sem samskipti við kirkjuna vegna

messuhalds og ýmis félagasamtök sem bjóða upp á margs konar skemmtun fyrir íbúa að kvöldlagi o.s.frv.

Auk framanritaðs er eitt stöðugildi vegna ræstingar á Hlíf, sem tveir starfsmenn annast í 50% stöðugildi hvor. Viðkomandi ræsta alla sameign í Hlíf I og II. 50% stöðugildi er á Hlíf tvö við ræstingar og greiða íbúar hlutdeild í því. Íbúarnir greiða samkvæmt eignaskiptayfirlýsingunni og er haldið utan um það hlutfall, ásamt öðrum upplýsingum, í skjali sem skiptir niður kostnaði skv. lögum um fjöleignarhús.

Meðalaldur íbúa á Hlíf er orðinn hár. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru 404 einstaklingar skráðir 67 ára og eldri á Ísafirði og Hnífsdal í janúar 2019, þar af eru 85 með lögheimili á Hlíf, eða 21% íbúa í þessum byggðakjörnum.

Rekstur á húsfélaginu hefur verið nokkuð umsvifamikill. Forstöðumaður kom ekki að utanumhaldi varðandi rekstur hússins, það var deildarstjórinn í félagsþjónustunni sem hélt utan um reksturinn og átti mikla samvinnu við húsfélögin. Mesta samvinnan var við húsfélag Hlífar II.

Þjónusta við aldraða í húsinu er hugsuð fyrir alla eldri bæjarbúa en ekki einungis fyrir íbúa í Hlíf. Lítið hefur verið um að fólk utan úr bæ sæki þjónustu í húsinu. Þó hefur orðið breyting þar á eftir að félag eldri borgara fékk aðstöðu í húsnæðinu.

Umsjón með húseigninni að Hlíf hefur heyrt undir velferðarsvið en telja verður eðlilegt að hún heyri undir umhverfis- og eignasvið. Deildarstjórinn í félagsþjónustu sá um þennan þátt.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra hefur verið tekin ákvörðun um að húseignin heyri undir umhverfis- og eignasvið, þ.e. rekstur húseignarinnar.

Í stuðningsþjónustunni starfar hópstjóri. Hann stýrir stuðnings- og stoðþjónustu í heimahúsum. Hópstjórinn heyrir undir forstöðumann stuðnings og stoðþjónustu.

Ísafjarðarbær hefur samþykki fyrir átta dagdeildarrýmum (dagþjálfunarrýmum) á Ísafirði og fimm á Suðureyri, eða samtals 13 rýmum. Eingöngu er verið að nota að hluta þrjú á Ísafirði og að hluta tvö á Suðureyri miðað við stöðuna í október 2019. Rétt er að fram komi að frá þessum tíma hefur notendum þjónustunnar fjölgað.

Sviðið hefur ekki haft mannaforæði til uppfæra verkferla á velferðarsviðinu, reglur og ný lög um þjónustu við fatlað fólk og gerð stefnumótunar. Langt er síðan stefnumótun í velferðarmálum hefur verið unnin fyrir sveitarfélagið. Með því að færa alla vinnuna, sem hefur verið fólgin í umsýslu með rekstrarhluta Hlífar, mun skapast tækifæri til þess að sinna framantöldu að sögn sviðsstjóra.

Þá er unnið mat á stöðu fólks þegar það sækir um þjónustuíbúð á Hlíf eða Tjörn Deildarstjóri í félagsþjónustu annast það en matið lagt fyrir félagsmálateymi. Jafnframt er kallað eftir læknisvottorði þar sem andlegu og líkamlegu heilsufari viðkomandi er metið.

Við úthlutun á íbúðum þarf að vinna meira með tekju- og eignaviðmið vegna leigu á leiguíbúðum á Hlíf I.

Ritari á velferðarsviði annast m.a. heimilisbókhald hjá fötluðum einstaklingum sem eru í búsetuþjónustu í sveitarfélaginu sem er í raun nýtt hlutverk ritara. Hugsað til þess að fleiri kæmu að viðkvæmri meðhöndlun á fé annarra, aukið eftirlit. Töluvert annríki er á velferðarsviði og mjög margir sem eiga þangað erindi. Ritari leysir úr hluta þeirra, t.d. að leiðbeina fólki með umsóknir um almennar húsnæðisbætur og kanna rétt einstaklinga til sérstaks húsnæðisstuðnings. Ritari tekur við lista yfir þá sem eiga tíma hjá sálfræðingi, raðar þeim niður og hringir út og afboðar þegar ekki er flogið. Ritari pantar vel flest flugfargjöld og bílaleigubíla sem starfsfólk velferðarsviðs þarf að nýta sér. Ritari reiknar út rétt til fjárhagsaðstoðar, annast allar greiðslur til fósturforeldra, stuðningsfjölskyldna, og þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eða félagsleg lán. Hún sundurliðar jafnframt reikninga frá sálfræðingi, þ.e. hvar greiðslustaðurinn sé. Ritari stofnar reikninga fyrir Hlíf, þ.e. þegar nýir íbúar flytja inn, og sendir til innheimtufulltrúa.

Ritari tekur niður tímapantanir hjá deildarstjórum og ráðgjöfum þegar það á við.

Forstöðumenn í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk fara með fjármál fyrir íbúa, en þó ekki alla. Ef starfsmaður fer með skjólstæðingi í búð er hann með debetkort frá skjólstæðingnum. Tekur við kvittun fyrir öllu sem er keypt og skilar því í bók á heimilinu sem forstöðumaður tekur og fer yfir. Forstöðumaður greiðir alla aðra reikninga fyrir heimilisfólkið.

Einu sinni í mánuði keyrir forstöðumaður út allar hreyfingar og ber saman við kvittanir og afhendir ritara sem raðar kvittunum í tímaröð og athugar hvort vanti kvittun. Bókhald einstaklinga fer árlega til endurskoðanda.

Mikið álag hefur verið á sviðinu vegna fæðingaorlofs starfsmanna og starfsmannabreytinga, að sögn sviðsstjóra.

Vinnustofur eru fyrir aldraða á Flateyri og Þingeyri sem eru opnar tvisvar í viku. Á dagdeildinni sem er á Suðureyri er einnig vinnustofa fyrir aldraða sem er opin alla virka daga.

**Deildarstjóri félagsþjónustu**

Undir deildarstjóra félagsþjónustu heyrir almenn félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, öldrunarmál, jafnréttismál og málefni flóttamanna. Málefni flóttamanna hafa verið mjög umfangsmikil s.l. tvö ár vegna samstarfs við félagsmálaráðuneyti um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks. Verkefni félagsþjónustu ná til áfengis- og vímuefnavarna, forvarnarmála, orlofssjóðs húsmæðra, sem og samstarf við ýmis félagasamtök vegna styrkja frá sveitarfélaginu.

Sálfræðiþjónusta er liður í þjónustu á velferðarsviði, tilvísanir til sálfræðings eru í gegnum félagsþjónustu og barnavernd. Jafnframt hefur þjónustan spannað önnur svið Ísafjarðarbæjar, nágrannasveitarfélögin og fólk sem pantar tíma á eigin vegum.

Næsti yfirmaður deildarstjóra félagsþjónustu er sviðsstjóri. Undir deildarstóra heyrir einn starfsmaður á sviðinu, sem er ráðgjafi í félagþjónustu, forstöðumaður Hlífar (nú starfsmenn á Hlíf) og umsjónarmenn félagsstarfs aldraða á Flateyri og Þingeyri og umsjónarmaður dagdeildar og vinnustofu fyrir aldraða á Suðureyri.

Með lagabreytingum og skipulagsbreytingum á sviðinu hafa verkefni flust til. Var áður með húsnæðisbætur og sérstakar húsnæðisbætur en eftir breytingar á lögum um húsnæðisbætur annast deildin núna það sem heitir sérstakur húsnæðisstuðningur. Eftir sem áður er enn töluvert um að gefnar séu leiðbeiningar og aðstoð veitt vegna umsókna einstaklinga um almennan húsnæðisstuðning, þrátt fyrir að slíkt eigi ekki að vera hlutverk sveitarfélaga. Áður annaðist deildin félagslega heimaþjónustu sem nú hefur verið færð yfir á málefni fatlaðs fólks.

Starfsemi á dagdeild fyrir aldraða og vinnustofu aldraðra var farið að valda fyrrverandi deildarstjóra áhyggjum, m.a. vegna þess að það er langur biðlisti eftir hjúkrunarrýmum en fáir eru að nýta sér þjónustu á dagdeildum. Ástæðan gæti verið sú að það vantar fagfólk, iðjuþjálfa o.s.frv., til að vinna með öldruðum á dagdeild. Í október 2019 voru einungis tveir starfsmenn í 1,3 stöðugildi, ófaglærðir, á dagdeildinni, sem rekin er á Hlíf, íbúðum fyrir aldraða. Heilbrigðistofnun Vestfjarða og Ísafjarðarbær gætu unnið meira saman að þessum málum.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur að mestu séð um persónulega aðstoð tengda heimahjúkrun og heimaþjónustu vegna aldraðra en bærinn hefur séð um þrif á heimilum. Hér mætti einnig skýra mörk á milli þjónustuaðila betur og samþætta þjónustu.

Ráðgjafi í félagsþjónustu, sem vinnur með deildarstjóra, annast almenna félagsþjónustu, fjárhagsaðstoð og sérstakan húsnæðisstuðning ásamt því að halda utan um og taka við umsóknum um félagsleg lán og forgang að leiguíbúðum. Jafnframt veitir hann félagslega ráðgjöf.

**Félagslega húsnæðiskerfið.** Töluverð vinna hefur farið í að skoða umsóknir varðandi forgang á leiguíbúðum og er hér um töluverða aukningu að ræða síðustu ár vegna þrenginga á almennum leigumarkaði. Þegar leigutakar á félagslegum og almennum leigumarkaði í sveitarfélaginu geta ekki lagt fram tryggingu fyrir húsaleigu eða fá ekki ábyrgðaryfirlýsingu í banka tengda leigu er sótt um ábyrgð hjá bæjarfélaginu vegna húsaleigu. Ábyrgðin nemur þriggja mánaða leigu. Mikill tími hefur farið í vinnu vegna þessa. Auk þess hefur einnig verið töluverð vinna í eftirfylgni þessara mála.

Deildarstjórinn hefur annast útreikning á lækkun á fasteignaskatti vegna elli- og örorkulífeyrisþega. Nokkuð er um fyrirspurnir frá fólki um hvort það fái ekki afslátt og um

afsláttarreglur.  Á álagningarseðli má lesa sér til um hvort afsláttur hafi verið veittur en hins vegar kemur það ekki fram á greiðsluseðli og reikningi. Því eru sumir ekki upplýstir um það hvort þeir séu með afslátt eða ekki. Álagningarseðill hefur ekki verið sendur út, heldur geta íbúar nálgast hann á vefsvæði Ísafjarðarbæjar, *bæjardyr*. Spurning er hvort ekki færi betur á að fjármálasviðið annist þennan þátt alfarið.  Fjármálasvið sá um þetta þar til fyrir ca. 3-4 árum. Það sér  um að afgreiða afslátt sem félagasamtök fá.

Félagsþjónustan hefur annast leigu á leiguíbúðum fyrir Tjörn og Hlíf.   Á Tjörn eru fimm þjónustuíbúðir fyrir aldraða á Þingeyri, auk þess er á Tjörn félagsstarf fyrir aldraða. Ríkið á hlut í Tjörn á móti Ísafjarðarbæ og þar er heilsugæsla og hjúkrunarheimili sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rekur.  Á Tjörn er töluverður samrekstur með Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Ísafjarðarbæ.

Félagsþjónustan hefur annast mat á félagslegum aðstæðum hjá einstaklingum sem sækja um hvíldarinnlagnir eða varanlega dvöl í hjúkrunarrými. Í matsferlinu eru viðtöl við a.m.k. einn aðstandanda sem tilgreindur er í umsókn og eftir atvikum umsækjandann sjálfan. Hvert mat tekur um þrjár klukkustundir.

Haldnir eru teymisfundir einu sinni í viku á miðvikudögum.  Haldin er fundargerð og eru afgreiðslur mála bókaðar.  Þessa fundi sitja fimm aðilar.  Deildarstjóri félagsþjónustu, deildarstjóri í málefnum fatlaðs fólks, sviðsstjóri velferðarsviðs,   ráðgjafi í félagsþjónustu og forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu.  Formlegar umsóknir eru lagðar fyrir fundinn og bókaðar.  Félagsþjónustan hefur tekið saman yfirlit um þessa fundi.

Fram kom í máli fyrrverandi deildarstóra að starf ritara væri mikilvægt starf á velferðarsviðinu.  Jafnframt kom fram að það væri ef til vill of auðvelt að hafa aðgengi að starfsmönnum sviðsins.  Spurning er af hverju dyrnar að sviðinu væru ekki læstar?

Deildarstjórinn annast undirbúning funda velferðarnefndar. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Velferðarnefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar hvað varðar félagsleg málefni og vinnur að stefnumótun í þeim málaflokkum sem undir hana heyra þegar við á.

Mikið álag var á deildarstjóranum vegna starfseminnar á Hlíf.  Með hliðsjón af því m.a. er mikilvægt að starfsemin þar verði endurskipulögð.

Fyrir tveimur árum  var ákveðið að láta húsfélögin á Hlíf starfa eins og lög um fjöleignahús eiga að starfa.  Á Hlíf eru starfandi þrjú húsfélög, húsfélag Hlífar I, húsfélag Hlífar II og húsfélag Hlífar heild sem er sameiginlegt húsfélag Hlífar, sem annast húsnæðið að utan.

Á Hlíf I eru þrjár íbúðir í einkaeign af 30 íbúðum, þannig að Ísafjarðarbær á þar 27 íbúðir sem leigðar eru út.  Á Hlíf II eru  42 íbúðir, sem eru allar í einkaeign nema að Súðavíkurhreppur á tvær og Brynja, hússjóður, á tvær.  Samtals eru 72 íbúðir á Hlíf I og Hlíf II, þar af á Ísafjarðarbær 27 íbúðir, eða 37,5% íbúðanna.

Fyrir liggja eignaskiptayfirlýsingar fyrir Hlíf. Hins vegar þarf að endurskoða þær m.t.t. villna sem fundust og setja í samþykktarferli. Hlíf I, sem er eldri byggingin, er þjónusturými, íbúðagangar og íbúðir. Svo eru skil þar sem tengibyggingin (tengibyggingin hefur verið kölluð þjónusturými) á milli Hlífar I og Hlífar II byrjar, þar byrjar Hlíf I, þ.e. Hlíf II nær yfir tengibygginguna og íbúðirnar í Hlíf II sem er yngri byggingin. Ísafjarðarbær á tengibygginguna og kjallara á Hlíf II og er þannig aðili að eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf II.

Það hefur reynst snúið að tengibyggingin sé ekki aðgreind frá íbúðarhúsi í eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf II. Dæmi um það er þegar húsfélagið í Hlíf II keypti húseigendatryggingu fyrir íbúahúsið þá var fastanúmer Ísafjarðarbæjar með tengibyggingunni inni. Þegar leitað var tilboða í húseigandatryggingu fyrir íbúðirnar, sem eru í einkaeigu, var eignahlutur Ísafjarðarbæjar alltaf að flækjast fyrir og tilboðin urðu þess vegna hærri en ella.

Fram kom að það hafi í gegnum tíðina verið nokkur tortryggni og togstreita af hálfu íbúa Hlífar í garð bæjarins varðandi reksturinn á Hlíf.

Í eignaskiptayfirlýsingunni varðandi Hlíf I og II kemur fram að þar eru félagslegar leiguíbúðir. Íbúðirnar hafa verið reknar sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða á grundvelli laga um málefni aldraðra. Þetta hefur valdið togstreitu meðal eigenda. Þjónustuíbúðir eru eðli málsins samkvæmt með hærra þjónustustigi en félagslegar íbúðir. Því hafa sumir, sem ekki hafa mikla þjónustuþörf, verið ósáttir við að greiða gjöld sem hljótast af hærra þjónustustigi. Sumir hafa jafnvel borið því við að þeir hafi ekki verið upplýstir um að þeir væru að kaupa þjónustuíbúð. Hér má velta upp ábyrgð fasteignasala, þ.e. hvaða upplýsingar liggja fyrir við sölu.

Fyrir tveimur árum var Landsbanka Íslands falið að innheimta öll gjöld fyrir húsfélögin. Húsfélögin þrjú voru áður rekin sem deild hjá Ísafjarðarbæ. Sumarið 2018 var slitið alveg á það fyrirkomulag en þá var samið við húsfélagaþjónustuna um rekstur húsfélaganna.

Ákveðið hefur verið að fela fyrirtækinu Eignarekstri, sem annast húsfélagsþjónustu, að annast alla umsýslu fyrir húsfélögin. Margt við þessa breytingu hefur gengið vel en breytingaferlið reyndist nokkuð umfangsmikið og snúið fyrir suma. Hins vegar hefur stundum reynst erfitt fyrir húsfélögin að hafa eignareksturinn svona langt í burtu, þ.e. í Reykjavík. Haldnir hafa verið símafundir einu sinni á ári.

Smíðastofa á Hlíf hefur verið notuð meira sem geymsla en smíðastofa en nokkrir aðilar eru að nota hana. Þannig er háttað um fleiri rými á Hlíf.

### Tafla 31: Gjöld og tekjur vegna þjónustu varðandi mat fyrir eldri borgara á Ísafirði í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|
| Launakostnaður | 6.090 | 6.156 | 6.036 |
| Vörukaup, þ.m.t. matvæli | 11.823 | 13.773 | 14.429 |
| Akstur | | | 20 |
| Aðkeypt þjónusta | 1.992 | 1.817 | 1.854 |
| **Samtals** | **19.905** | **21.746** | **22.339** |
| Tekjur | 11.825 | 12.921 | 14.208 |
| **Hlutur Ísafjarðarbæjar** | **8.080** | **8.825** | **8.131** |
| Millifræður kostnaður | 3.423 | 6.892 | 5.167 |
| **Samtals hlutur Ísafjarðarbæjar** | **11.503** | **15.717** | **13.298** |

Heimild: Ísafjarðarbær, aðalbók 2016, 2017 og 2018

Mynd 31 sýnir gjöld og tekjur vegna þjónustu varðandi mat fyrir eldri borgara á Ísafirði í þúsundum króna.

Ísafjarðarbær er með samning við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varðandi sölu á mat til eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Um er að ræða heimsendan mat og mat sem íbúar geta neytt á Hlíf. Ísafjarðarbær veitir þessa þjónustu frá eldhúsi í Hlíf fyrir íbúa á Ísafirði og í Hnífsdal. Máltíð kostar 1.200 kr. Forstöðumaður á Hlíf sá um reikningagerð fyrir sölu matar á Hlíf og heimsendingu matar.

Við þetta starfa í eldhúsinu tveir starfsmenn í 1,15 stöðugildum, sbr. hér að framan. Samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ voru 66 einstaklingar rukkaðir fyrir þessa þjónustu árið 2018. Sendir voru út 495 reikningar árið 2018 til þessara þjónustuþega vegna þessa. Um var að ræða 10.130 máltíðir samtals árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan var hlutur Ísafjarðarbæjar 8.131 kr. án millifærðs kostnaðar vegna þjónustunnar árið 2018, eða sem nemur niðurgreiðslu á hvern þjónustuþega upp á 123 þúsund krónur.

Að viðbættum millifærslukostnaði, sem er leiga á húsnæði vegna þjónustunnar o.fl., var niðurgreiðslan samtals 13.298 þúsund kr., eða 201 þúsund krónur á hvern þjónustuþega. Miðað við 10.130 máltíðir gerir niðurgreiðslan 1.313 kr. á hverja máltíð með millifærslu kostnaði. Um er að ræða hærri upphæð en greitt er fyrir hverja máltíð til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Án millifærslukostnaðar nam niðurgreiðslan 803 kr. á hverja máltíð.

**Tafla 32: Tekjur og gjöld og rekstrarniðurstöðu ársreikninga verslunar á Hlíf árin 2016 til 2018, í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Seldar vörur og þjónusta** | **8.703** | **7.474** | **8.248** |
| Gjöld: | | | |
| Kostnaðurverð seldra vara | 7.268 | 6.094 | 6.726 |
| Laun og launatengd gjöld | 1.101 | 1.140 | 1.140 |
| Laun og launatengd gjöld v/2015 | 402 | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 520 | 114 | 153 |
| **Gjöld samtals** | **9.291** | **7.348** | **8.019** |
| **(Tap)/hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | **-588** | **126** | **229** |
| Nettó fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -17 | -28 | -38 |
| **(Tap)/hagnaður ársins** | **-605** | **98** | **191** |

Heimild: Ársreikningar verslunar á Hlíf

Tafla 32 sýnir tekjur, gjöld og rekstrarniðurstöðu ársreikninga verslunar á Hlíf árin 2016 til 2018 í þúsundum króna.

Samkvæmt ársreikningum var rekstrarniðurstaðan neikvæð í eitt ár af þessum þremur, eða árið 2016. Árið 2018 var niðurstaðan jákvæð um 191 þúsund krónur. Samkvæmt ársreikningi 2018 var ekki skuld í árslok 2018 við Ísafjarðarbæ vegna verslunarinnar.

Á vef ríkisskattstjóra segir eftirfarandi varðandi virðisaukaskattsskylda starfsemi: „Aðili sem í sjálfstæðri starfsemi sinni selur skattskyldar vörur eða þjónustu í atvinnuskyni hefur með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Aðilar sem eru með óverulegan rekstur, þ.e. sölu á vörum þjónustu undir 2.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili frá því rekstur hefst, eru þó undanþegnir skráningarskyldu á virðisaukaskattskrá en mega þá jafnframt ekki gefa út reikninga með virðisaukaskatti. Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum að virðisaukaskattur sé innifalinn þrátt fyrir að vera undanþegnir skulu skila skattinum í ríkissjóð.“

Eins og kemur fram í töflu 32 hér að framan voru seldar vörur og þjónusta verslunarinnar í Hlíf 8.248 þúsund krónur árið 2018. Með vísan til þessa og þess sem kemur fram hér að framan varðandi upplýsingar á vef ríkisskattstjóra er ljóst að verslunin, sem er á sérstakri kennitölu, er í sjálfstæðri starfsemi og selur skattskyldar vörur og þjónustu fyrir mun hærri upphæð en 2 milljónir króna á einu ári og hefur þannig með höndum virðisaukaskattskylda starfsemi.

### Mynd 26: Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna verslunar í Hlíf

**Ísafjarðarbær**

**Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019**

Dagsetning: 27.9.2019
Umbeðið af: Margrét Geirsdóttir
**Viðauki númer: 10 - 2019_MV**

Verkefni: Hlíf verslun
Málsnúmer 2018-12-0062

| Mfl.-deild | Fjárh.lykill | Heiti fjárh.lykils | Tegund | Upphæð var | Upph. verður | Breyting | Skýringar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 53710 | 0991 | Aðrar tekjur | Tekjur | -1.200.000 | -2.965.000 | 1.765.000 | Laun + akstur v. Hlíf verslun |
| 53180 | 0991 | Aðrar tekjur | Tekjur | -250.000 | -1.700.000 | 1.450.000 | Leiga, rafm.hiti, ræsting H.verslun |
| 02890 | 9951 | Styrkir nefnda | Gjöld | 300.000 | 3.515.000 | -3.215.000 | Styrkur til reksturs Hlíf verslun |
| | | **Samtals breyting** | | **-1.150.000** | **-1.150.000** | **0** | |

Skýring:
Verslunin Hlíf er rekin á sér kennitölu, sjá meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2018. Á árinu 2018 greiddi verslunin kr 1.140.000,- í leigu/laun til Þjónustuíbúðar Hlífar (53) vegna verslunarinnar. Við yfirferð á veittri þjónustu til Hlíf verslunar á árinu 2019 er ljóst að umfang þjónustunnar er mun meira en áætlað var. Stöðugildið er um 30% og þar af akstur um 1222 km á ári. Lagt er því til að veitt þjónusta deildar 53710 verði hækkuð úr kr. 1.200.000,- í kr. 1.765.000. Einnig hefur láðst að gera ráð fyrir hita+rafmagni+leigu á deild 53180, áætlaður kostnaður vegna þess á árinu er kr. 1.451.880. Seld þjónusta til Hlífar verslunar hækkar því samtals úr 1.200.000,- í kr. 4.416.764,- eða í 368 þúsund krónur á mánuði. Þar sem verslunin Hlíf getur ekki staðið undir þeim kostnaði sem til fellur að fullu er jafnframt lagt til að framlag komi frá velferðarsviði að fjárhæð kr. 3.215.000,-

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er aukin gjöld kr. 3.215.000,- og fer því rekstrarhalli úr kr. 83.104.132,- í kr. 86.319.132,-.
Áhrif á Þjónustuíbúðir Hlíf eru auknar tekjur kr. 3.215.000,- og fer því rekstrarhalli úr kr. 11.673.698,- í kr. 8.458.698,-
Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er engin,- eða óbreytt afkomu kr. 44.486.764,-.

Heimild: Fundargerð bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 10. október 2019

Mynd 26 sýnir viðauka sem lagður var fram á bæjarstjórnarfundi 10. október 2019 varðandi verslun í Hlíf. Viðaukinn var samþykktur.

Eins og fram kemur í texta, sem fylgir viðaukanum, sjá mynd 26, segir að við frekari yfirferð á veittri þjónustu Ísafjarðarbæjar vegna verslunarinnar sé ljóst að umfang þjónustunnar sé mun meira en áætlað var og komið hefur fram í ársreikningum verslunarinnar.

Vegna ársins 2019 var samþykkt að hækka selda þjónustu Ísafjarðarbæjar til verslunar í Hlíf úr 1.200 þúsund krónum, eins og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2019, í 4.417 þúsund krónur, sjá mynd 26. Með þessa viðbót er áætlað að fjárvöntun verði á rekstrinum 3.215 þúsund krónur. Samþykkt var framlag frá velferðarsviði að fjárhæð 3.215 þúsund krónur vegna verslunarinnar á árinu 2019. Með hliðsjón af þessu er ljóst að ársreikningar undanfarinna ára hafa ekki gefið rétta mynd af rekstrinum og gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélagsins vegna rekstursins verði 3.215 þúsund krónur árið 2019.

### Tafla 33: Framlög Ísafjarðarbæjar varðandi reksturs Hlífar o.fl. í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlag skv. ársreikningi vegna Hlífar (þjónustuíbúðir) | 24.458 | 17.134 | 13.315 | 54.907 |
| Hlutur Ísafjarðarbæjar vegna matar sem þjónustaður er á Hlíf fyrir eldri borgara | 11.503 | 15.717 | 13.298 | 40.518 |
| **Samtals framlag frá Ísafjarðarbæ** | **35.961** | **32.851** | **26.613** | **95.425** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 33 sýnir framlög Ísafjarðarbæjar vegna reksturs Hlífar o.fl.

Eins og tafla 33 sýnir voru framlög samtals á þessu þriggja ára tímabili vegna reksturs Hlífar og matarþjónustu samtals 95 milljónir króna á verðlagi hvers árs.

Eins og kemur fram hér að framan var kostnaður vegna verslunar sem féll á Ísafjarðarbæ en var ekki gjaldfærður á verslunina samkvæmt ársreikningum verslunarinnar undanfarin ár. Samkvæmt viðauka við fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að það ár væri framlag vegna verslunarinnar frá velferðarsviði að fjárhæð 3.215 þúsund krónur.

Með vísan til þessa má ætla að samtals framlög Ísafjarðarbæjar vegna reksturs, er fram kemur í töflu 33 að viðbættum kostnaði sem fallið hefur á Ísafjarðarbæ þessi ár vegna verslunarinnar, hafi farið yfir 100 milljónir króna þessi þrjú ár.

### Tafla 34: Gjöld og tekjur vegna vinnustofu aldraðra á Ísafirði í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 6.104 | 6.408 | 6.637 | 3,6% | 8,7% |
| Föst yfirvinna | 634 | 654 | 697 | 6,6% | 9,9% |
| Önnur yfirvinna og/eða laun | 69 | 0 | 14 | | -79,7% |
| Uppbætur | 188 | 265 | 249 | -6,0% | 32,4% |
| Orlofs uppbætur | | | | | |
| Laun alls | 6.995 | 7.327 | 7.597 | 3,7% | 8,6% |
| Áfallið orlof, breyting | 49 | -19 | 551 | | |
| Launatengd gjöld | 1.704 | 1.748 | 1.828 | 4,6% | 7,3% |
| Launagjöld samtals | 8.748 | 9.056 | 9.976 | 10,2% | 14,0% |
| Þjónustukaup án millifærslna | 466 | 620 | 546 | -11,9% | 17,2% |
| Vörukaup, þ.m.t. til endursölu | 229 | 355 | 375 | 5,6% | 63,8% |
| Seldar enudursöluvörur | -516 | -392 | -442 | 12,8% | -14,3% |
| Samtals gjöld án millifærslna | 8.927 | 9.639 | 10.455 | 8,5% | 17,1% |
| Millifærslur | 3.982 | 3.806 | 3.771 | -0,9% | -5,3% |
| Vinnustofa aldraða á Ísafirði samtals | 12.909 | 13.445 | 14.226 | 5,8% | 10,2% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 34 sýnir gjöld og tekjur vegna vinnustofu aldraðra á Ísafirði í þúsundum króna.

Eins og fram kemur á töflunni voru samtals gjöld án millifærslna að frádregnum tekjum 10.455 þúsund krónur. Með millifærslum voru útgjöldin 14.226 þúsund krónur. Gjöldin hækkuðu um 5,8% á milli áranna 2017 og 2018.

### Hjúkrunarheimilið Tjörn og leiguíbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar á Þingeyri

Ísafjarðarbær á sex íbúðir í sambyggðu húsnæði við hjúkrunarheimilið og húsnæði heilsugæslunnar á Þingeyri. Ísafjarðarbær leigir út fimm íbúðir, sem skilgreindar eru sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Hjúkrunarheimilið hefur eina íbúð til afnota. Vegna þess hafa

farið fram  makaskipti við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á aðstöðu í kjallara hjúkrunarheimilisins í stað íbúðarinnar, þar sem bærinn hefur til afnota aðstöðu fyrir föndur fyrir aldraða á Þingeyri.

Af íbúðum Ísafjarðarbæjar er ein hjónaíbúð en einstaklingur býr í henni.  Þannig að það eru fimm einstaklingar í þjónustuíbúðunum.

Á hjúkrunarheimilinu eru sjö manns.  Aðstaðan þar er alls ekki eins og krafa er um varðandi hjúkrunarrými. Um er að ræða herbergi þar sem tveir eru saman.

Deildarstjóri er yfir hjúkrunarheimilinu Tjörn.  Deildarstjórinn er starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.  Ísafjarðar bær greiðir 30% af launum deildarstjórans, vegna þjónustu við íbúa í þjónustuíbúðum.  Síðan greiðir Ísafjarðarbær 70% stöðugildi vegna þvotta fyrir heimilisfólkið í leiguíbúðunum fimm, sem bærinn á, og vegna þrifa á sameign sem fylgir þjónustuíbúðunum.  Heimaþjónusta Ísafjarðarbæjar annast þrif á íbúðunum.  Síðan greiðir Ísafjarðarbær 100% stöðugildi í eldhúsi, Þar sem hjúkrunarheimilið sendir út mat til einstaklinga  úti í bæ og einnig  koma nokkrir út þorpinu að borða á Tjörn.

Stöðugildin á hjúkrunarheimilinu  eru samtals 9,20 (janúar 2020), það er vegna aðhlynningar, eldhúss, þvotta, þrifa og heimahjúkrunar.  Af þeim greiðir Ísafjarðarbær fyrir tvö stöðugildi samtals, sbr. hér að framan.

Íbúarnir í þjónustuíbúðunum eru með bjöllu sem starfsmenn hjúkrunarheimilisins bregðast við ef hringt er.  Gert er ráð fyrir að hjúkrunarheimilið gefi íbúum í þjónustuíbúðunum hádegismat og síðdegiskaffi, en íbúarnir fá morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat.  Starfsmenn í eldhúsi skrá niður hverjir af íbúum þjónustuíbúðanna koma í mat í hvert skipti.  Heilbrigðisstofnun Vestfjarða annast sjálf innheimtu fyrir matinn hjá þjónustuþegum.

Greitt er sem hér segir vegna matarins samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra:

- ✓ Morgunmatur 500 kr.
- ✓ Hádegismatur 1.200 kr.
- ✓ Síðdegiskaffi 400 kr.
- ✓ Kvöldmatur 500 kr.

Eldri borgarar utan dvalar- og hjúkrunarheimilisins, sem búsettir eru á Þingeyri, geta komið og borðað og einnig er heimsendur matur, sem aðili á vegum Ísafjarðarbæjar annast um.  Það eru sex sem koma á staðinn og borða og sex matarskammtar eru sendir út í bæ.  Þeir sem eru utan heimilis fá hádegismat.

Þeir sem koma á Tjörn eru sjö daga vikunnar en heimsending er aðeins  á virkum dögum.

Starfsmenn hjúkrunarheimilisins þvo þvotta fyrir íbúa þjónustuíðbúðanna, sbr. hér að framan.  Þvotturinn er þveginn einu sinni í viku fyrir hvern íbúa.

Hjúkrunarheimilið er farið að aðstoða á heimilum íbúa í þjónustuíbúðunum, m.a. er farið að gefa lyf o.s.frv.  Þau fylgjast náið með íbúunum til að tryggja öryggi þeirra. Heilbrigðisstofnunin, heimahjúkrun, veitir íbúum þjónustuíbúðanna aðstoð einu sinni í viku við böðun.  Jafnframt aðstoðar  starfsfólk Tjarnar  íbúana með ýmislegt uppáfallandi, laga sjónvarp, panta tíma hjá lækni o.s.frv.



Gera má ráð fyrir að þjónustuþörf sumra þeirra sem eru í þjónustuíbúð sé orðin það mikil að þeir þurfi að komast í  hjúkrunarrými.

Ekki er rekin dagdeild á Þingeyri.

Það hefur verið boðið upp á  hvíldarinnlögn sem ekki hefur fengist greitt með, þar sem hjúkrunarheimilið er einungis skráð með 6 rými.  Hvíldarinnlögnin rann út í byrjum árs 2019.

Nokkuð mikið húsnæði er fyrir heilsugæsluna í rýminu.  Heilsugæslan þarf ekki mikið pláss.  Læknar koma tvisvar í viku frá Ísafirði, á mánudagsmorgnum og á fimmtudögum.

Miðað við janúar 2019 voru 24% af íbúum Þingeyrar 67 ára og eldri samanborið við að á landinu öllu var þetta hlutfall 12%.  Af íbúum Þingeyrar voru 9% 80 ára og eldri.

Nokkuð mikið rými er í húsnæðinu á Tjörn sem ætlað er fyrir heilsugæsluna, sem ekki er notað.  Myndin hér til hliðar er uppdráttur að öllu húsnæðinu á Tjörn þ.m.t. vegna heilsugæslunnar og íbúða og sameignar sem Ísafjarðarbær á.

**Félagsstarf eldri borgara á Þingeyri**



Félagsstarfið fer fram í kjallaranum á Tjörn,  í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en á móti hefur hjúkrunarheimilið eina af þjónustuíbúðum Ísafjarðarbæjar til afnota.

Forstöðumaður félagsstarfsins er í 25% starfshlutfalli. Jafnframt er aðstoðarmaður í 20% starfshlutfalli, eða samtals 0,45 stöðugildi vegna félagsstarfsins á Þingeyri.



Félagsstarfið fer fram á mánudögum og fimmtudögum  frá kl. 12:30 til 16:30 hvorn dag.  Spilað er á tveimur borðum, málað keramik, prjónað, heklað, saumað og bækur bundnar inn.

Fólkið sem býr í þjónustuíbúðunum og einnig á hjúkrunarheimilinu tekur þátt í félagsstarfinu.



Þátttakendur í félagsstarfinu eru á bilinu frá 15 til 25 manns. Einungis tveir karlar hafa tekið þátt í því að jafnaði. Miðað við janúar 2019 var hlutfall kvenna 59% af þeim sem voru 67 ára og eldri og karla 41%. Samtals voru 67 ára og eldri 59 manns.

Hárgreiðslustofa er í aðstöðunni í kjallaranum, er hún notuð eftir þörfum af hárgreiðslumeistara til að þjóna íbúum í húsnæðinu. Fótaaðgerðafræðingur/snyrtifræðingur kemur frá Ísafirði tvisvar á ári.

**Dagdeild og vinnustofa fyrir aldraða í Sunnuhlíð á Suðureyri**



Reksturinn fer fram í leiguhúsnæði á annarri hæð. Til að komast upp á aðra hæð þarf að fara upp stiga sem getur valdið erfiðleikum fyrir fólk að komast upp. Hefur það hamlað því að fólk sé að koma að mati umsjónarmanns. Ef stólalyfta væri fyrir þá sem eiga erfitt með að ganga stiga væri það til mikilla bóta að sögn umsjónarmanns.

Umsjónarmaður dagvistar og vinnustofu fyrir aldraða á Suðureyri er í 50% starfshlutfalli. Kemur til vinnu kl. 12:00 og er til kl. 17:00 á virkum dögum. Opið er mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Lokað er á föstudögum. Umsjónarmaðurinn vinnur á föstudögum við frágang, undirbúning, þrif o.fl.

Næsti yfirmaður umsjónarmanns er deildarstjóri félagsþjónustu.

Rekin er dagþjálfun og vinnustofa í húsnæðinu. Heimild er fyrir fimm dagþjálfunarrýmum á Suðureyri en miðað við október 2019 var eingöngu verið að nota tvö dagþjálfunarrými að hluta. Allir 67 ára og eldri og öryrkjar mega sækja vinnustofuna. Að sögn umsjónarmanns kemur ekkert hjúkrunarfólk að starfseminni.

Þátttakendur í starfseminni koma saman í stóra herberginu sem er í húsnæðinu. Konurnar prjóna, sauma eða hekla, en karlarnir koma aðallega til að rabba saman. Þegar komið er saman, eru oftast rifjaðir upp gamlir tímar o.s.frv. Þeir sem koma, koma flestir tvisvar í viku, fer allt eftir veðri hvenær komið er.

Fram kom í máli umsjónarmanns að það mættu vera meiri samskipti við félagsþjónustuna. Sem dæmi var nefnt að líkamsræktartæki væru í aðstöðunni en ekki notuð vegna þess að umsjónarmaðurinn hefur ekki fengið leiðbeiningar um notkun á tækjunum. Hefur oft beðið um leiðsögn og að það komi einhver til að sjá um leikfimina með fólkinu.

Umsjónarmaðurinn sækir fólk heim og fer með það heim  ef beðið er um það. Umsjónarmaðurinn gerir þetta fótgangandi að hans sögn þar sem hann hefur ekki bíl.

Boðið er upp á kaffi  og meðlæti.  Greitt er fyrir meðlætið en kaffið er frítt.

Að jafnaði eru um 11 íbúar  virkir í starfi dagþjálfunarinnar og á vinnustofunni.  Miðað við janúar 2019 voru íbúar á Suðureyri 201, þar af voru 67 ára og eldri 21 íbúi, eða 10,4% af íbúum.  Karlar voru 10 og konur 11.

**Félagsstarf aldraðra á Flateyri**

Félagsstarfið fer fram á neðri hæð gamla kaupfélagshúsinu að Hafnarstræti 11.

Forstöðumaður félagsstarfsins er í 25% starfshlutfalli.  Næsti yfirmaður forstöðumanns er deildarstjóri félagsþjónustu.

Félagsstarfið fer fram á mánudögum og fimmtudögum  frá kl. 13:00 til 17:00 hvorn dag. Fólkið er að spila, þar er prjónað, heklað, saumað, bundnar inn bækur o.s.frv.

**Deildarstjóri barnaverndar**

Í barnavernd starfa tveir starfsmenn á velferðarsviði, deildarstjóri og ráðgjafi.  Auk þess er starfsmaður í 50% starfshlutfalli við tilsjón inn á heimilum. Fyrir utan að fylgjast með aðstæðum á heimilinu veitir tilsjónaraðili foreldrum uppeldisráðgjöf og stuðning. Við gerð áætlunar um meðferð máls er ákveðið hvort tilsjón verði veitt eða ekki. Þær fjölskyldur sem fá tilsjón fá á bilinu 2-6 klukkustundir á viku.

Næsti yfirmaður deildarstjóra er sviðsstjóri velferðarsviðs og næstu undirmenn eru ráðgjafi og starfsmaður í tilsjón.

Ísafjarðabær er með samning við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp um að annast barnaverndarmál fyrir þessi sveitarfélög. Samkvæmt samningnum er sameiginleg barnaverndarnefnd sem sinnir barnaverndarmálum í sveitarfélögunum þremur.  Nefndin er skipuð 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Ísafjarðarbær skipar þrjá fulltrúa, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur hvorn sinn fulltrúa. Barnaverndarnefnd skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir kosningu.

Deildarstjórinn sér um fundi barnaverndarnefndar, heldur utan um greiðslur til fulltrúa í barnaverndarnefnd fyrir þá fundi sem þeir sitja.  Jafnframt annast hann reikninga, sem koma vegna barnaverndarmála, og fer yfir vinnustund ráðgjafa og starfsmanns í tilsjón.

Hann annast jafnframt mánaðarleg skil til Barnverndarstofu um fjölda barnaverndartilkynninga og mála sem hafa verið opnuð í hverjum mánuði. Þá sér hann um skil á ársskýrslu til Barnaverndarstofu.

Deildarstjórinn og ráðgjafinn sjá um vinnslu barnaverndarmálanna, eiga samskipti við fósturforeldra og eru þeim innan handar varðandi börn frá sveitarfélögunum þremur.

Bakvakt er í barnaverndarmálum utan reglubundins vinnutíma. Fjórir starfsmenn skiptast á að taka þessar bakvaktir, eina viku í senn. Starfsmennirnir eru deildarstjóri í barnavernd, ráðgjafi í barnavernd, deildarstjóri málefna fatlaðra og ráðgjafi í félagsþjónustu. Fyrir bakvaktirnar fær hver þeirra greiddar fastar 15 klukkustundir á mánuði og að auki fimm orlofsdaga, eða samtals 20 auka orlofsdagar vegna bakvakta í barnaverndarmálum. Að meðaltali eru 21,67 vinnudagar í mánuði. Síðan eru greiddar fjórar klukkustundir í yfirvinnu ef farið er í útkall. Ef útkallið er lengra en fjórar klukkustundir er greitt fyrir allan tímann í útkalli. Samkvæmt upplýsingum frá launadeild virðist sem greitt hafi verið fyrir sex útköll allt árið 2019, samtals að upphæð 208 þúsund krónur. Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra barnaverndar voru 15 símtöl í vaktsímann allt árið 2019.

### Tafla 35: Útgjöld vegna bakvakta í barnaverndarmálum árið 2019, í þúsundum króna

| | |
|---|---|
| Mánaðarlaun (yfirvinna) | 4.410 |
| Launatengd gjöld | 769 |
| **Samtals launakostnaður vegna bakvakta í barnavernd** | **5.179** |

Heimild: Launadeild

Tafla 35 sýnir útgjöld vegna bakvakta í barnaverndarmálum árið 2019.

Eins og fram kemur í töflunni voru útgjöldin samtals vegna bakvakta í barnaverndarmálum 5.179.000 krónur.

Neyðarlínan 112 hefur verið auglýst sem barnaverndarnúmerið. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni er áætlað að í um 10% allra barnaverndartilkynninga á landinu sé hringt í Neyðarlínuna.

Neyðarlínan fylgir ákveðnum ferlum samkvæmt samningi við Barnaverndarstofu. Ef tilkynnt er um bráðatilvik þá er það oftast lögreglumál, þar sem krafist er viðveru barnaverndarstarfsmanns. Síðan eru mál sem að mati Neyðarlínunnar eru látin bíða næsta vinnudags hjá barnaverndarstarfsmönnum.

Starfsmenn Neyðarlínunnar fylla út skýrslu vegna hvers máls, sem er til upplýsingar fyrir þá barnaverndarstarfsmenn sem sinna verkefninu að lokum.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þessa þjónustu hjá Neyðarlínunni.

Fram kom í máli deildarstjóra í barnaverndarmálum að það væri mikilvægt að geta fengið handleiðslu varðandi erfið og flókin mál, t.d. með reyndum starfsmanni í barnaverndarmálum. Slík handleiðsla gæti t.d. verið hálfsmánaðarlega á skype fundi.

Á tíu ára tímabili (2009-2018) bárust alls 1.451 tilkynningar varðandi barnaverndarmál. Heildarfjöldi mála sem opnuð voru í kjölfar tilkynningar var 855 og varðaði 612 fjölskyldur.

**Mynd 27: Fjöldi tilkynninga varðandi barnaverndarmál, fjöldi opinna mála hjá fjölskyldum og opinna mála hjá börnum**




Heimild: Ísafjarðarbær

Mynd 27 sýnir fjölda tilkynninga í barnaverndarmálum, fjölda opinna mála hjá fjölskyldum og fjölda opinna mála hjá börnum.

Eins og fram kemur á myndinni eru börnin fleiri en fjölskyldurnar, er það vegna þess að í einstaka barnverndarmálum eru fleiri en eitt barn í fjölskyldu þar sem mál eru opin.

Á árinu 2019 voru 113 virk barnaverndarmál sem vörðuðu 77 fjölskyldur. Eins og fram kemur á myndinni fór virkum barnaverndarmálum fækkandi frá árinu 2009 til 2015 með tveimur undantekningum, þ.e. árin 2012 og 2014. Fæst voru virk barnaverndarmál árið 2015, eða 54. Frá árinu 2015 hefur virkum barnaverndarmálum fjölgað. Virk barnaverndarmál voru flest árið 2018, eða 122.

Miðað við að 2,0 stöðugildi, þeirra sem voru að vinna við barnaverndarmálum hjá Ísafjarðarbæ árið 2019, voru 56,2 mál á hvort stöðugildi að meðaltali. Fram kom í máli deildarstjóra barnverndarmála, að hluta til sé skýringin á fjölda opinna barnaverndarmála sú að ekki hafi unnist tími til að loka málum. Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóranum voru 64 virk barnaverndarmál þann 4. febrúar 2020. Það sem vekur athygli er að 40 af þessum málum voru vegna barna sem fædd voru á tímabilinu 2002 til 2009, eða 63%

barnanna, og börn fædd 2010 til 2019 voru 24, eða 37% barnanna. Er bent á þetta hér með hliðsjón af umræðunni varðandi snemmtæka íhlutun. Eldri hópurinn er að líkindum að stórum hluta börn sem verið hafa í leikskóla og í grunnskóla ásamt frístund (fyrsti til fjórði bekkur), þ.e. börn sem hafa verið í forsjá sveitarfélags frá klukkan átta til loka vinnudags. Spurt er hvort mögulegt sé að vinna frekar en gert hefur verið með fyrirbyggjandi hætti með barnið frá því að það byrjar í leikskóla og lýkur námi í fjórða bekk, þar sem það hefur einnig verið í frístund. Þannig að ýmis vandamál séu ekki að koma upp síðar á æviskeiðinu.

Það er mat sérfræðinga að hver starfsmaður í barnvernd eigi vel að ráða við 25 til 30 barnaverndarmál á ári hverju.

Teymisfundi í barnaverndarmálum sitja sviðstjóri velferðarsviðs, deildarstjóri barnaverndar, ráðgjafi barnaverndar og deildarstjóri málefna fatlaðra. Farið er yfir þær tilkynningar sem barnavernd hafa borist undanfarna viku, farið er yfir greinagerðir og áætlanir um meðferð mála. Ritun fundargerðar er í höndum sviðsstjóra.

Fundur með lögreglunni á Vestfjörðum. Ráðgjafi situr fundi vikulega og fær upplýsingar um afskipti lögreglunnar undanfarna viku af málefnum ólögráða einstaklinga. Tilkynningar frá lögreglu fara hefðbundna leið samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Vikulegur fundur deildarstjóra, ráðgjafa og tilsjónaraðila: Rætt er um þau mál sem tilsjónaraðili sinnir. Veittar eru upplýsingar um stöðu og gengi hverrar fjölskyldu fyrir sig og tækifæri er til að skilgreina og endurskilgreina áherslur í vinnu með hverri fjölskyldu, bæði hlutverk deildarstjóra, ráðgjafa og tilsjónar. Deildarstjóri skráir helstu atriði hverrar fjölskyldu inn í mál viðkomandi barns.

Mánaðarlegir fundir: Nemendaverndarráðsfundir við grunnskólana á Ísafirði og í Bolungarvík. Deildarstjóri situr fundina.

Barnageðteymisfundir á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Deildarstjóri og ráðgjafi sitja fundina.

Fundir haldnir einu sinni á önn: Nemendaverndarráðsfundir við grunnskólana í Súðavík, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Ráðgjafi situr fundina.

Fundur með námsráðgjafa og fleira starfsfólki Menntaskólans á Ísafirði. Deildarstjóri situr fundina.

Á nemendaverndarráðsfundum sjá skólastjórar um skráningu fyrir alla nemendur sem rætt er um. Að fundum loknum ritar fulltrúi barnaverndar dagnótu fyrir þau börn sem einnig eru aðilar að opnu barnaverndarmáli.

Fundir barnaverndarnefndar eru haldnir á 6-8 vikna fresti og oftar eftir þörfum. Deildarstjóri boðar á fund og ritar fundargerð.

Fræðsla: Starfsmenn barnaverndar sinna fræðslu samkvæmt tveggja ára fræðsluáætlun. Skipulagið er eftirfarandi: 1. önn: leikskólar, 2. önn: grunnskólar, 3. önn: félagsmiðstöð og frístund 4. önn: tónlistaskóli, íþróttafélög o.fl.

### Tafla 36: Rekstur barnaverndarskrifstofu hjá Ísafjarðarbæ í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 17.892 | 16.247 | 17.444 | 7,4% | -2,5% |
| Föst yfirvinna | 2.178 | 1.255 | 4.334 | 245,3% | 99,0% |
| Önnur yfirvinna og/eða laun | 237 | 476 | 483 | 1,5% | 103,8% |
| Uppbætur | 251 | 384 | 380 | -1,0% | 51,4% |
| Orlofs uppbætur | | 58 | 99 | 70,7% | |
| Laun alls | 20.558 | 18.420 | 22.740 | 23,5% | 10,6% |
| áfallið orlof, breyting | -533 | 363 | 52 | -85,7% | -109,8% |
| Launatengd gjöld | 4.994 | 4.281 | 5.223 | 22,0% | 4,6% |
| Matarkostnaður | 163 | 190 | 212 | 11,6% | 30,1% |
| Launagjöld samtals | 25.182 | 23.254 | 28.227 | 21,4% | 12,1% |
| Þjónustukaup án millifærslna | 10.169 | 3.789 | 4.043 | 6,7% | -60,2% |
| Vörukaup | 17 | 79 | 119 | 50,6% | 600,0% |
| Vistun og önnur félagsleg úrræði | 12100 | 7923 | 13.330 | 68,2% | 10,2% |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga og aðrar tekjur | -3.404 | -4.997 | -12.093 | 142,0% | 255,3% |
| Samtals gjöld án millifærslna | 44.064 | 30.048 | 33.626 | 11,9% | -23,7% |
| Millifærslur | 963 | 2.880 | 2.964 | 2,9% | 207,8% |
| Samtals barnaverndarskrifstofa | 45.027 | 32.928 | 36.590 | 11,1% | -18,7% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 36 sýnir rekstur barnaverndarskrifstofu hjá Ísafjarðarbæ árin 2016 til 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur á töflunni voru útgjöld barnaverndarskrifstofu Ísafjarðarbæjar árið 2018 að frádregnum tekjum 36,6 milljónir króna. Hækkuðu um 11% á milli áranna 2017 og 2018. Hins vegar lækkuðu útgjöldin um 19% á milli áranna 2016 og 2018. Þau voru 45 milljónir króna árið 2016 samanborið við 36,6 milljónir króna árið 2018.

**Deildarstjóri málefna fatlaðs fólks.**

Næsti yfirmaður deildarstjóra málefna fatlaðs fólks er sviðsstjóri velferðarsviðs.

Næstu undirmenn deildarstjóra málefna fatlaðs fólks eru þrír. Þeir eru forstöðumaður í búsetu að Fjarðarstræti og Sindragötu, forstöðumaður yfir Hæfingarstöðinni Hvestu og forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu en undir hann heyrir hópstjóri, sem sér um skipulagningu á daglegri stuðningsþjónustu í heimahúsum. Undir hópstjórann heyra starfsmenn sem veita heimaþjónustu. Undir forstöðumann fellur heimaþjónusta, heimsending matar, liðveisla, frístundarþjónusta við börn, sumarþjónusta, eldhúsið á Hlíf og akstursþjónusta.

Forstöðumaður í íbúðakjarna að Pollgötu og skammtímavistun er skilgreindur í 30% stöðugildi sem deildarstjóri. Forstöðumaðurinn heyrir beint undir sviðsstjóra velferðarsviðs.

Þar af leiðandi heyrir íbúðakjarninn að Pollgötu og skammtímavistunin ekki undir deildarstjóra málefna fatlaðs fólks.

Auk stjórnunarstarfa er deildarstjórinn að sinna ráðgjöf vegna fatlaðs fólks sem er frekar stór hluti af starfinu, almenn ráðgjöf til fatlaðs fólks og foreldra fatlaðra barna auk þess sem deildarstjórinn aðstoðar fólk við að sækja þjónustu til annarra þjónustustofnana s.s. Tryggingastofnunar ríkisins, Vinnumálastofnunar, heilbrigðisþjónustu o.fl. Hefur umsjón með samráði forstöðumanna í málefnum fatlaðra og situr teymisfundi vegna einstaklinga m.a. í grunn- og framhaldsskólanum auk þess að sitja skilafundi með greiningaraðilum þar sem farið er yfir niðurstöður greininga. Ráðinn hefur verið einhverfuráðgjafi í 20% starfshlutfalli. Hann starfar út í bæ en heyrir undir deildarstjóra fötlunarþjónustu. Viðkomandi er með sérstaka stofu fyrir einhverfuráðgjöfina og hefur valið að veita þessa þjónustu þar. Viðkomandi er einnig með einhverfuráðgjöf fyrir önnur sveitarfélög auk þess að vera í sjálfstæðum verkefnum og með stuðningshópa. Þetta er fyrirkomulag sem hentar öllum aðilum mjög vel að sögn deildarstjóra. Deildarstjóri er í mánaðarlegu samráði með einhverfuráðgjafa þar sem farið er yfir stöðuna í málum og rædd ný mál. Í einhverjum tilvikum eru sett saman teymi vegna barna sem eru í einhverfuráðgjöf þegar aðkoma annarra þjónustuaðila er talin nauðsynleg s.s. skóla, heilbrigðisstofnunar og þess háttar og deildarstjórinn situr teymisfundi með slíkum teymum.

Deildarstjórinn á samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins vegna fötlunarþjónustuþega og fleiri stofnanir og þjónustuaðila.

Deildarstjóri veitir einnig ráðgjöf til annarra stofnana innan sveitarfélagsins s.s. grunn-, leik- og framhaldsskóla og hefur verið í samvinnu við skólastjórnendur um málefni einstakra barna. Þá er hann einnig í samvinnu við sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, sem og sérkennslufulltrúa þess sviðs um ýmis mál.

Samstarfið við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Ætla má að bæta megni tengsl heilbrigðis- og félagsþjónustu. Nú hefur geðheilsuteymi tekið til starfa og geðhjúkrunarfræðingur hefur óskað eftir samvinnu við velferðarsvið. Gott samstarf er við skólana varðandi málefni fatlaðs fólks.

Sveitarfélagið hefur verið nokkuð eitt á báti með alla geðheilbrigðisþjónustu.

Þær umsóknir sem áður voru teknar fyrir á þessum teymisfundum eru nú teknar á fundum félagsþjónustuteymis, enda langoftast um að ræða grunnþjónustu sveitarfélaga skv. félagsþjónustulögum.

Stuðnings- og stoðþjónustan heyrir undir deildarstjóra málefna fatlaðs fólks. Starfstöð hópstjóra er á Hlíf.

Sviðsstjóri velferðarsviðs er í verkefnahópi Byggðasamlags (BsVest) um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Á fimmtudögum í hverri viku er fundur með framkvæmdastjóra

byggðasamlagsins.  Sviðsstjóri er í verkefnahópi BsVest og fundar sá hópur reglulega. Sviðsstjóri hefur verulega aðkomu að málefnum fatlaðra og haft lokaorð um greinargerðir, tillögur og annað sem varðar málefnin.  Deildarstjórinn hefur, ásamt öðrum deildarstjóra í hlutastöðu og sviðsstjóra, unnið skýrslur, greinargerðir og minnisblöð vegna mála sem verkefnahópur tekur fyrir á þeim fundum. Á fimmtudögum eru stöðufundir með framkvæmdastjóra BsVest sem deildarstjórinn situr ásamt sviðsstjóra og þar er farið yfir stöðuna í þeim málum sveitarfélagsins sem heyra undir BsVest, fengnar upplýsingar frá framkvæmdastjóranum um gang mála, ýtt á eftir viðbrögðum við erindum og þess háttar.

Forstöðumaður í stuðnings- og stoðþjónustu  og/eða  hópstjóri fer heim til fólks og metur þjónustuþörf viðkomandi áður en heimaþjónusta er veitt. Einnig þarf oft að endurnýja þjónustumat en þjónustuþegar geta alltaf óskað eftir því.  Jafnframt þarf alltaf að framkvæma þjónustumat þegar þjónusta hættir af einhverjum ástæðum s.s. vegna breyttra aðstæðna þjónustuþega eða breytinga á reglum.

Þegar tekin er ákvörðun um þjónustu vegna fatlaðra barna byggist það á umönnunarmati frá Tryggingastofnun ríkisins.  Deildarstjóri málefna fatlaðs fólks vinnur greinargerð fyrir Tryggingastofnun ríkisins varðandi félagslegar aðstæður viðkomandi barns og kemur með tillögu að umönnunarmati sem Tryggingastofnun styðst við í sínu mati. Með nýjum lögum, sem tóku gildi í október 2018 (nr. 38/2018), er kveðið á um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga. Deildarstjóri þarf því að hafa frumkvæði að samskiptum við foreldra barna sem fá fötlunargreiningu um leið og hann fær tilkynningu þess efnis frá greiningaraðila. Fyrstu viðtöl við foreldra fela oftast í sér að upplýsa foreldra um rétt sinn, þjónustu sem stendur þeim til boða og að vinna að þessari greinargerð fyrir Tryggingastofnun en umsókn um umönnunarmat þarf að endurnýja á 1-5 ára fresti svo að þetta eru regluleg verkefni.  Einnig sendir deildarstjóri frá sér greinargerðir þegar óskað er eftir breytingu á umönnunarmati t.d. á grundvelli breyttra aðstæðna. Deildarstjóri aðstoðar foreldra einnig við að sækja um foreldragreiðslur til Tryggingarstofnunar þegar þau geta ekki sinnt vinnu vegna umönnunar barna þeirra. Sambærilegur réttur er vegna fullorðinna einstaklinga, þ.e. þegar maki eða foreldrar annast umönnun þá geta þeir sótt um maka- og umönnunarbætur og kemur deildarstjóri að slíku ferli og er í samskiptum við Tryggingastofnun vegna þess.

Deildarstjórinn hefur yfirumsjón með þjónustu fyrir fötluð börn.   Annast alla skýrslugerð fyrir velferðarsviðið varðandi málefni fatlaðs fólks sem unnar eru og sendar til Hagstofunnar. Deildarstjóri gerir ársskýrslu fyrir Hagstofuna um málefni fatlaðs fólks.  Auk þess vinnur hann ársskýrslu fyrir BsVest vegna málefna fatlaðs fólks.

Deildarstjórinn situr alla teymisfundi á velferðarsviði, þ.e. í málefnum fatlaðs fólks, barnavernd og félagsþjónustu.

Heimaþjónusta fyrir aldraða færðist undir deildarstjóra málefna fatlaðra fyrir um tveimur árum.

Fyrir breytingu á félagsþjónustulögunum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir breyttust forsendur stoð- og stuðningsþjónustu. Áður var þjónusta umfram 36 klst. á mánuði flokkuð sem frekari liðveisla og var greidd af BsVest með framlagi frá jöfnunarsjóði. Með breytingum á lögunum er nú miðað við 65 klukkustundir á mánuði sem ekki fæst greiðsla með þar sem IV flokkurinn SIS mats heyrir nú undir grunnþjónustu. Öll þjónusta við fullorðna einstaklinga sem er veitt og nemur minna en 15 klst. á viku fellur undir lög um félagsþjónustu og er því skilgreind sem stuðningsþjónusta en ekki stoðþjónusta (fötlunarþjónusta). Fáir einstaklingar (október 2019) fá stoðþjónustu. Þegar byggðasamlagið um málefni fatlaðs fólks greiddi til sveitarfélagsins vegna frekari liðveislu fengu um 10 einstaklingar frekari liðveislu. Þessar greiðslur hafa nú fallið niður til sveitarfélagsins vegna breytinga á lögum um stoð- og stuðningsþjónustu. Rétt er að fram komi að þetta á aðallega við um þjónustu við fullorðið fólk. Þjónusta við fötluð börn fellur að mestu leyti undir lög 38/2019, s.s. frístundarþjónusta, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun og sumarþjónusta. Félagsleg liðveisla við börn er þó skilgreind sem félagsþjónusta og því á ábyrgð sveitarfélaga.

Deildarstjórinn óskar eftir SIS mötum og endurmötum á SIS mötum gerist þess þörf. Hann er viðstaddur flest möt. Ef óskað er eftir mati þarf að bíða í þrjá mánuði eftir framkvæmd þess. Síðan er bið eftir niðurstöðu a.m.k. ár. Þannig að það tekur um eitt til tvö ár að fá niðurstöðu í mati og endurmati að sögn deildarstjórans.

Deildarstjórinn vinnur fjárhagsáætlun vegna málefna fatlaðs fólks með forstöðumönnum þeirra stofnana sem undir deildina heyra. Deildarstjóri í hlutastarfi hefur haft yfirumsjón með gerð launaáætlana. Flestir reikningar, sem koma til vegna málefna fatlaðs fólks, falla á búsetuþjónustu eða skammtímavistun og forstöðumenn hafa umsjón með þeim og samþykkja þá reikninga. Það er aðeins í undantekningartilvikum sem reikningar ættu að falla beint á deildarstjóra eða þjónustuþætti sem hann ber ábyrgð á og er þá oftast vegna túlkaþjónustu eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Í slíkum tilfellum hefur deildarstjóri samþykkt reikninga eða sviðsstjóri.

Deildarstjórinn gerir samninga við stuðningsfjölskyldur, NPA samninga og notendasamninga. Notendasamningum svipar til NPA samninga. Hann sendir jafnframt mánaðarlega greiðslubeiðnir til ritara á velferðarsviði vegna þessara samninga.

Varðandi helstu verkefni deildarstjóra þá má bæta þessu við:

- Atvinnumál: Hefur umsjón með öllum atvinnumálum fatlaðra barna á aldrinum 16-18 ára, aðstoðar þau við að fá sumarstarf. Atvinnumál barna heyra undir sveitarfélög svo það er á ábyrgð sveitarfélaga að útvega þeim starf við hæfi og stuðning í starfi eftir því sem þörf er á. Vinnumálastofnun ber ábyrgð á vinnumarkaðsúrræðum fyrir fatlað fólk sem er 18 ára og eldra. Deildarstjórinn aðstoðar fólk við að sækja um þjónustu hjá Vinnumálstofnun og hefur verið í samráðsteymi með Vinnumálastofnun sem fundar ekki reglulega heldur eftir þörfum

- Nauðung og þvingun: Deildarstjórinn hefur séð um að sækja um ráðgjöf vegna beitingu nauðungar og þvingunar og eftir því sem við á óskað eftir undanþágu. Þetta ferli er mjög langt og flókið og hefur stundum tekið 2-3 ár í vinnslu
- Réttindagæslumaður fatlaðra: Deildarstjórinn á oft mikil samskipti við réttindagæslumann fatlaðra um einstaklingsmál

**Tafla 37: Gjöld og tekjur vegna sameiginlegs kostnaðar vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Millifærð vinna og þjónusta | | -8.698 | -6.605 | -9.730 |
| Laun | 15.627 | 10.537 | 14.597 | 20.210 |
| Föst yfirvinna | 1.629 | 2.316 | 2.908 | 1.619 |
| Uppbætur og önnur laun | 226 | 364 | 314 | 1.156 |
| Orlof og orlofsuppgjör | | 141 | | -7 |
| Áfallið orlof | 1.436 | 538 | -476 | 401 |
| Launatengd gjöld | 4.438 | 3.281 | 4.336 | 5.536 |
| Matarkostnaður | 52 | 52 | 40 | 39 |
| **Launagjöld samtals** | **23.408** | **17.229** | **21.719** | **28.954** |
| Vörukaup alls | 88 | 186 | 175 | 183 |
| Sérfræðiþjónusta | 774 | 1.225 | 1.555 | 2.153 |
| Greidd húsaleiga | 4.688 | 5.193 | 4.584 | 4.731 |
| Hússjóður | 1.079 | 1.113 | 890 | 890 |
| Vistun | 1.503 | 1.487 | 2.620 | 4.175 |
| Önnur þjónustukaup | 205 | 275 | 301 | 119 |
| Aðrar millifærslur | 974 | 11.795 | 11.099 | 23.825 |
| **Nettó gjöld** | **32.719** | **29.805** | **36.338** | **55.300** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 37 sýnir sameiginlegan kostnað vegna málefna fatlaðs fólks. Á milli áranna 2018 og 2019 hækkar þessi kostnaður úr 36 milljónum króna í 55 milljónir króna, eða um 52%. Launagjöld hækka um 33% og millifærslukostnaður rúmlega tvöfaldast. Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra er gerð krafa á Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks um endurgreiðslu á þessum kostnaði.

**Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu**

Næsti yfirmaður forstöðumanns stuðnings- og stoðþjónustu er deildarstjóri málefna fatlaðs fólks. Næstu undirmenn forstöðumannsins er hópstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og starfsmenn sem veita félagslegan stuðning og heimaþjónustu og frekari liðveislu.

Forstöðumaðurinn hefur yfirumjón með þeim sem falla undir stuðnings- og stoðþjónustu í heimahúsum og akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða. Um er að ræða þrif á heimilum, heimsendan mat og liðveislu. Starfið felur í sér ráðgjöf um þjónustu og móttöku á

umsóknum fyrir alla þá þætti sem forstöðumaðurinn hefur séð um eins og heimilisþrif og félagslega liðveislu, matarþjónustu og akstur. Umsóknirnar þarf að skrá og skanna inn í kerfið sem heldur utan um þessar upplýsingar. Gera þjónustumat og fara með málin fyrir félagsþjónustuteymi sem fundar alla miðvikudaga. Eftir teymisfundi þarf að útbúa svarbréf um það hvort umsókn er samþykkt eða ekki. Ef umsókn er samþykkt þarf að koma því í farveg sem sótt var um, eins og að hringja á viðeigandi staði til að byrja ferlið eða sjá út hvaða starfsmaður hefur lausan tíma til að taka við þjónustunni. Eftir að það er komið í ljós þarf að láta starfsfólkið vita um aukningu og þjónustuþega um tíma fyrir þjónustuna. Ef sótt er um liðveislu þarf oftast að auglýsa eftir starfsfólki.

Starfsmenn stuðningsþjónustu eru hópstjóri, tveir starfsmenn í 100% starfshlutfall, tveir í 60%, einn í 66% og fjórir einstaklingar í tímavinnu, sem sinna ca. 130 skjólstæðingum á Ísafjarðarsvæðinu. Stöðugildi eru samtals 4,86 með hópstjóra. Starfsmenn liðveislu eru þrír. Einn í 100% starfshlutfalli, einn í 95% og einn í 12,5% sem sinna 17 skjólstæðingum, stöðugildi eru 2,07. Í félagslegri liðveislu starfa 14 einstaklingar sem sinna 13 skjólstæðingum, að hámarki 20 klst. á mánuði. Tveir skjólstæðingar eru að bíða eftir þjónustu, stöðugildi eru 1,44. Framanritað miðast við stöðuna eins og hún var í desember 2019.

Jafnframt er veitt félagsleg liðveisla við fatlað fólk en í því felast ýmis konar samskipti, samvera, afþreying o.s.frv. Við þennan þátt þjónustunnar vinnur oftast ungt fólk. Reynt er að finna starfskraft sem hentar viðkomandi einstaklingi í hvert skipti. Greitt er fyrir þessa vinnu í tímavinnu. Hver þjónustuþegi fær að hámarki 20 klukkustundir vegna félagslegs stuðnings.

Í október 2019 fengu átta þjónustuþegar félagslega liðveislu. Í þessu verkefni voru níu starfsmenn á sama tíma. Fjórir eru í bið með þjónustu þar sem ekki hefur fengist starfskraftur til að sinna þeim. Í dag fá 12 einstaklingar þjónustu og 14 aðilar sem sinna starfinu, 2 aðilar eru að bíða eftir þjónustu.

Þrír starfsmenn vinna við stuðningsþjónustu sem fyrir lagabreytingu flokkaðist sem frekari liðveisla. Þessir starfsmenn eru einnig á tímakaupi. Í stuðningsþjónustunni felst að aðstoða fólk til sjálfshjálpar, þjónusta við fatlað fólk á heimilum þeirra m.a. við athafnir dagslegs lífs og við að halda heimili s.s. við að elda mat, aðstoð við innkaup og erindarekstur.

### Tafla 38: Gjöld og tekjur vegna grunnþjónustu (stuðningsþjónustu) í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Seld vinna og þjónusta | 3.366 | 4.156 | 3.124 | 3.360 |
| Millifærðar vörur og þjónusta | 320 | 3.305 | 2.615 | 7.111 |
| **Tekjur samtals** | **3.686** | **7.461** | **5.739** | **10.471** |
| Laun | 35.348 | 38.466 | 43.114 | 46.038 |
| Dagvinnulaun | | 2.329 | 2.422 | 2.935 |
| Föst yfirvinna | 3.834 | 1.297 | 646 | 692 |
| Vaktaálag | 509 | 383 | 318 | 372 |
| Önnur yfirvinna | | 2.586 | 3.748 | 4.499 |
| Önnur laun | 817 | | | 2.223 |
| Uppbætur | 769 | 1.376 | 1.546 | 1.752 |
| Orlof og orlofsuppgjör | | 1.068 | 3.339 | 1.479 |
| Áfallið orlof | 793 | 916 | -417 | -47 |
| Fatapeningar | 160 | 213 | 128 | 248 |
| Launtengd gjöld | 9.761 | 11.027 | 12.762 | 13.652 |
| Matarkostnaður | 27 | 107 | 210 | 95 |
| **Launagjöld samtals** | **52.016** | **59.769** | **67.816** | **73.938** |
| Vörukaup | 154 | 532 | 303 | 94 |
| Þjónustukaup án millifærslna | 5.413 | 1.984 | 2.449 | 3.709 |
| Önnur félagsleg úrræði | | | 6.112 | 3.482 |
| Millifrærður kostnaður | 5.136 | 4.686 | 5.026 | 1.337 |
| **Gjöld samtals** | **62.719** | **66.970** | **81.706** | **82.560** |
| **Nettó gjöld** | **59.033** | **59.509** | **75.967** | **72.089** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 38 sýnir gjöld og tekjur vegna stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða í þúsundum króna.

Árið 2019 var kostnaður vegna (heimaþjónustu aldraðra, félagslega liðveislu og stoðþjónustu (frekari liðveislu)) sameinaður undir einum bókhaldslið, stuðningsþjónustu. Árin 2016, 2017 og 2018 í töflunni hafa þessir bókhaldsliðir verði lagðir saman. Mestu áhrifin eru vegna þess að IV flokkur SIS mats var tekinn út úr breytu ríkisins.

Eins og fram kemur í töflunni hafa launagjöldin hækkað nokkuð á milli áranna. Voru 52 milljónir króna árið 2016 en 74 milljónir króna árið 2019, eða hækkun um 42%. Á milli þessara ára hækkaði meðaltalsvísitala launa opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 18%. Á milli áranna 2018 og 2019 hækkuðu launagjöldin um 9%.

**Akstursþjónusta.** Ísafjarðarbær er með samninga við aðila sem veitir akstursþjónustu. Einn aðili er með samning við Ísafjarðarbæ og sinnir öllum akstri fyrir utan ferðir fyrir skjólstæðinga sem búa fyrir utan Skutulsfjörðinn, einn aðili á Suðureyri og einn á Flateyri, sá

sem starfar við þetta rekur leigubílaþjónustu á svæðinu. Um 26 manns nýta þessa þjónustu miðað við stöðuna í janúar 2019.

### Tafla 39: Gjöld og tekjur vegna akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Akstur | 6.507 | 8.204 | 11.915 | 10.287 |
| Millifærslur | | 93 | 129 | 71 |
| Sérfræðiþjónusta og auglýsingar | | 91 | 110 | 17 |
| **Gjöld samtals** | **6.507** | **8.388** | **12.154** | **10.375** |
| Endurgreiðslur | 947 | 1.084 | 1.142 | 835 |
| **Nettó niðurstaða** | **5.560** | **7.304** | **11.012** | **9.540** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 39 sýnir útgjöld vegna akstursþjónustu vegna fatlaðs fólks og aldraðra. Eins og þarna kemur fram hefur þessi kostnaður farið hækkandi á milli ára, var 6,5 milljónir árið 2016 en 10,4 milljónir króna árið 2019.

Forstöðumaður í stuðnings- og stoðþjónustu fer yfir umsóknir sem berast um akstursþjónustu og leggur þær fyrir fötlunarteymi sem tekur umsóknirnar til afgreiðslu. Yfirleitt eiga skjólstæðingar einhver erindi eins og í endurhæfingu sem miðast við ca. 4 ferðir á viku. Hámark ferða er 60 ferðir á mánuði. Ef þarf að fara yfir þann fjölda, sem er sjaldgæft, þá er það metið og lagt fyrir velferðarnefnd. Allar umsóknir þarf að skrá og skanna inn í kerfið og senda svarbréf.

Verktaki vegna akstursþjónustunnar sendir forstöðumanninum mánaðarlega reikninga, sem hann stemmir af við sitt yfirlit um samþykktan akstur. Hver einstaklingur, sem fær akstursþjónustu, greiðir 210 kr. fyrir hverja ferð. Sama gjald er fyrir aldraða og fatlað fólk. Í október 2019 fengu 24 akstursþjónustu.

Hópstjóri skipuleggur og heldur utan um stuðnings- og stoðþjónustu. Hann gerir þjónustumat. Hópstjóri hefur eftirlit með starfsmönnum í stuðningsþjónustu.

Forstöðumaðurinn sendir út reikninga vegna matarins og hefur haft umsjón með starfsmönnum á Hlíf síðan í september (2019) frá því að forstöðumaður Hlífar hætti.

Forstöðumaðurinn aðstoðar nokkra þjónustuþega með einkafjármál.

Starfsmenn í heimaþjónustu byrja ekki allir daginn reglulega á starfstöð þeirra á Hlíf. Starfsmenn skrá vinnustundir á ákveðið blað, það er hverja þeir voru að þjónusta, hvaða dag og hve lengi. Ef veikindi koma upp hjá starfsmanni eða ef þjónustuþegi getur ekki tekið á móti starfsmanni láta þeir forstöðumann vita af því, og þá þarf að finna lausn. Starfsmenn skila svo til forstöðumanns vinnublaði með tímum sem hann skráir, bæði til að senda

skjólstæðingum reikning fyrir þjónustuna og til þess að skrá inn í vinnukerfið hjá forstöðumanni.

Þjónustuþegar sem fá heimaþjónustu greiða fyrir þjónustuna í samræmi við tekjur sínar. Fullt gjald er 1.226 kr. fyrir hvert skipti. Síðan er hálft gjald 613 og svo 0 kr. Tekjumörkin eru: einstaklingur með 300 þúsund kr. til 420 þúsund kr. borgar 613, hjón með 480 þúsund kr. til 672 þúsund kr. borga 613 kr. Yfir þessum tekjumörkum er fullt gjald og af lægri tekjum er ekkert gjald greitt.

Forstöðumaðurinn fundar með félagsþjónustuteymi og leggur fyrir það allar umsóknir um þjónustu á sinni deild, sem og þjónustumöt.

Forstöðumaðurinn hefur umsjón með útgjöldum vegna stuðnings- og stoðþjónustu, frístundaþjónustu og akstursþjónustu.

Forstöðumaðurinn vinnur launaáætlun vegna fjárhagsáætlunar vegna þeirra starfsmanna sem undir hann heyra. Hann vinnur einnig rekstraráætlun.

Forstöðumaðurinn samþykkir reikninga í samþykktakerfinu. Ber ábyrgð á því að fjárhagsáætlun sé fylgt og fylgist vel með að fjárheimild sé til staðar þegar reikningar eru samþykkir.

Einnig þarf forstöðumaður að eiga mikil samskipti við aðra starfsmenn innan velferðarsviðs, t.d. barnavernd, félagsþjónustuna og á bæjarskrifstofu, eins og launadeild, bókara, fjármálastjóra og innheimtustjóra og marga aðra. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur einnig sent rafrænt upplýsingar um námskeið fyrir fatlaða sem forstöðumaður þarf að sjá um að koma áleiðis til þjónustuþega.

Frístundaþjónusta er veitt börnum eftir að skóla líkur á daginn ef börn geta ekki sótt almenn úrræði sem standa til boða s.s. dægradvöl. Þá geta foreldrar fatlaðra barna einnig sótt um sumarþjónustu fyrir börn þeirra. Ekki er um að ræða sérstök sumarúrræði fyrir fötluð börn í sveitarfélaginu og því felst sumarþjónustan ýmist í félagslegri liðveislu eða stuðningi til að sækja almenn leikjanámskeið og tómstundir sem standa öllum börnum í sveitarfélaginu til boða. Þá hefur sveitarfélagið einnig greitt kostnað vegna sumardvala fatlaðra barna á vegum ýmiss aðila líkt og sumarbúðir í Reykjadal.

**Hópstjóri stuðningsþjónustu**

Næsti yfirmaður hópstjóra stuðningsþjónustu er forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu á velferðarsviði.

Undirmenn eru starfsfólk sem annast um heimilisþrif og frekari liðveislu (stuðnings- og stoðþjónusta).

Í þrifum eru 10 starfsmenn, sem eru í mismunandi starfshlutföllum. Sumir í tímavinnu við að þrífa.

Í frekari liðveislu eru þrír starfsmenn. Af þessum starfsmönnum eru tveir á Ísafirði og einn á Þingeyri.

Það hefur reynst erfitt að fá starfsfólk í heimilisþrif.

Það hefur reynst auðveldara að fá starfsmenn í stoðþjónustu en í heimilisþrif.

Mikið berst af umsóknum um heimilisþrif og hópstjórinn fer yfir þær. Árið 2019 barst 31 umsókn um heimaþjónustu.

Mikið álag hefur verið á hópstjóra vegna þess að hann hefur þurft að vera mikið í þrifum sjálfur vegna manneklu.

Hópstjóri annast ekki mannaforráð heldur er það í umsjá forstöðumanns stuðnings- og stoðþjónustu. Forstöðumaðurinn sér um að ráða nýtt starfsfólk til þjónustunnar.

Starf hópstjóra snýst um að halda utan um stuðningsþjónustu sem er bæði heimaþjónusta, eins og heimilisþrif hjá einstaklingum sem þurfa aðstoð með það, og svo frekari liðveisla (stoðþjónusta) fyrir fatlað fólk. Hópstjóri gerir vinnuáætlun fyrir starfsfólk stuðningsþjónustunnar, tekur við umsóknum og gerir þjónustumöt. Hópstjórinn á í miklum samskiptum við starfsfólkið en er ekki með mannaforráð, sbr. hér að framan.

Ef hópstjóri tekur við umsókn um akstursþjónustu sækir hann um það fyrir viðkomandi. Hópstjórinn tekur við umsóknum um akstursþjónustu en starfsfólk á velferðarsviði afgreiðir þær.

**Forstöðumaður búsetuþjónustu við Fjarðarstræti og Sindragötu**

Forstöðumaðurinn er með aðstöðu á velferðarsviðinu. Næsti yfirmaður forstöðumannsins er deildarstjóri í fötlunarþjónustu. Næstu undirmenn eru starfsmenn í tveimur búsetuþjónustukjörnum, þ.e. við Fjarðarstræti og Sindragötu.

Um er ræða tvær einingar af búsetukjörnum. Við Fjarðarstræti eru tveir íbúar, hvor í sinni eigin íbúð. Við kjarnann starfa 10 starfsmenn í samtals 5,89 stöðugildum. Á heimilunum er ekki sérstök aðstaða fyrir starfsmenn. Íbúarnir fá sólahrings þjónustu.

Í kjarna við Sindragötu búa fjórir íbúar í þremur íbúðum, sem eru í eigu Ísafjarðarbæjar, og í einni íbúð sem íbúinn á sjálfur. Við þennan kjarna eru 17 starfsmenn í 9,49 stöðugildum.

Eins og við Fjarðarstræti er engin sérstök starfsmannaaðstaða í kjarnanum við Sindragötu. Fram kom í máli forstöðumannsins að honum finnst hann eiga að vera á staðnum en vegna aðstöðuleysis er það ekki hægt. Forstöðumaður þarf að uppfylla ákveðna viðveruskyldu á

hverri búsetueiningu til að viðhalda góðum tengslum við þjónustuþega og starfsmenn og vera upplýstur um allt það sem fer fram í búsetukjörnunum hverju sinni.

Hann hefur óskað eftir að útbúin verði starfsaðstaða þar. Er að vinna að því að samræma starfsaðferðir og efla samstöðu í starfshópnum með því að vera meira á staðnum. Þegar aðstaðan er komin gerir forstöðumaðurinn ráð fyrir að vera áfram á skrifstofu velferðarsviðs en með aukna viðveru í Sindragötu.

Hann sér um persónuleg fjármál fyrir nokkra íbúa, í því felst m.a. að greiða reikninga, halda utan um innkaup, önnur en matarinnkaup, gera skattframtal o.s.frv. Forstöðumaðurinn raðar fylgiskjölunum vegna reikninga í möppu sem ritarinn á sviðinu slær inn í excel skjal. Forstöðumaðurinn fer síðan yfir þau gögn og gætir þess að engar kvittanir eða önnur gögn vanti í bókhaldið. Í janúar ár hvert fer bókhaldið til endurskoðanda.

Forstöðumaðurinn situr teymisfundi í málefnum fatlaðs fólks.

Að mati forstöðumanns vantar fleiri þroskaþjálfa til starfa, einn þroskaþjálfi starfar í Sindragötu en enginn í Fjarðarstræti. Enginn þroskaþjálfi starfar í Hvestu að sögn forstöðumanns.

Forstöðumaðurinn fær nokkuð af hringingum um kvöld og helgar vegna íbúakjarnanna sem undir hann heyra.

### Tafla 40: Rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Fjarðarstræti í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 23.747 | 29.286 | 20.659 | 20.183 |
| Föst yfirvinna | 10.039 | 3.306 | | |
| Vaktaálag | 8.355 | 8.395 | 8.417 | 8.072 |
| Yfirvinna | | 6.378 | 9.387 | 10.123 |
| Önnur laun og uppbætur | 2.213 | 1.826 | 783 | 1.686 |
| Orlofs uppbót | | 3.079 | 2.380 | 2.494 |
| Áfallið orlof | 1.189 | -1.569 | -597 | 145 |
| Fatapeningar | 192 | 180 | 182 | 165 |
| Launatengd gjöld | 10.762 | 12.640 | 10.129 | 10.136 |
| Matarkotnaður | 343 | 473 | 236 | 480 |
| **Launagjöld samtals** | **56.840** | **63.994** | **51.576** | **53.484** |
| Vörukaup | 108 | 4 | 9 | 9 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 75 | 290 | 1.942 | 1.933 |
| **Samtals án millifærslna** | **57.023** | **64.288** | **53.527** | **55.426** |
| Millifærður kostnaður | 2.567 | 2.459 | 3.278 | 2.355 |
| millifærð vinna og þjónusta | | -4.526 | | |
| **Samtals** | **59.590** | **62.221** | **56.805** | **57.781** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 40 sýnir rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Fjarðarstræti.

Eins og fram kemur á töflunni hefur kostnaðurinn lækkað frá árinu 2016 til 2019. Var 59,6 milljónir króna árið 2016 en 57,8 milljónir króna árið 2019.

Yfirvinna og önnur laun og uppbætur voru 59% af mánaðarlaunum árið 2019.

**Tafla 41: Rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Sindragötu í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 18.512 | 17.807 | 39.231 | 44.163 |
| Föst yfirvinna | 7.769 | 1.946 | 572 | 761 |
| Vaktaálag | 5.906 | 6.462 | 12.970 | 12.776 |
| Yfirvinna | 1.741 | 7.357 | 28.545 | 21.668 |
| Önnur laun og uppbætur | | 691 | 8.163 | 3.249 |
| Orlofs uppbót | | 1.859 | | 6.214 |
| Áfallið orlof | -573 | 817 | -351 | 715 |
| Fatapeningar | 175 | 173 | 353 | 304 |
| Launatengd gjöld | 7.855 | 8.380 | 20.097 | 19.835 |
| Matarkostnaður | 342 | 290 | 958 | 970 |
| **Launagjöld samtals** | **41.727** | **45.782** | **110.538** | **110.655** |
| Vörukaup | 101 | 21 | 228 | 41 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 129 | 37 | 956 | 1.589 |
| **Samtals án millifærslna** | **41.957** | **45.840** | **111.722** | **112.285** |
| Millifærð leiga til eignasjóðs og viðhald | 1.329 | 1.183 | 4.423 | 4.141 |
| Millifærð vinna og þjónusta | 2.416 | 5.679 | 2.037 | |
| Skaðabætur utan trygg. samninga | | | | 4.500 |
| **Samtals** | **45.702** | **52.702** | **118.182** | **120.926** |
| Húsaleigutekjur | -637 | -637 | -3.939 | -3.400 |
| Millifærð vinna og þjónusta og aðrar tekjur | | | -2.110 | -3.057 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **45.065** | **52.065** | **112.133** | **114.469** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafa 41 sýnir rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Sindragötu í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni hækka gjöldin nokkuð á milli áranna 2017 og 2018, er það vegna fjölgunar íbúa. Reksturinn var sameinaður við búsetuþjónustu að Sindragötu 1.

Launagjöld samtals haldast nánast óbreytt á milli áranna 2018 og 2019. Yfirvinna og önnur laun og uppbætur voru sem hlutfall af mánaðarlaunum 56% árið 2019 en 94% árið 2018, eða nánast sama upphæð og mánaðarlaunin.

**Tafla 42: Rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Sindragötu í þúsundum króna sameinað öll árin**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 34.076 | 32.335 | 39.231 | 44.163 |
| Föst yfirvinna | 17.481 | 4.095 | 572 | 761 |
| Vaktaálag | 11.119 | 12.723 | 12.970 | 12.776 |
| Yfirvinna | 1.741 | 13.381 | 28.545 | 21.668 |
| Önnur laun og uppbætur | 1.589 | 1.283 | 8.163 | 3.249 |
| Orlofs uppbót | 0 | 3.451 | | 6.214 |
| Áfallið orlof | -831 | 432 | -351 | 715 |
| Fatapeningar | 331 | 320 | 353 | 304 |
| Launatengd gjöld | 15.308 | 15.385 | 20.097 | 19.835 |
| Matarkostnaður | 803 | 963 | 958 | 970 |
| **Launagjöld samtals** | **81.617** | **84.368** | **110.538** | **110.655** |
| Vörukaup | 267 | 45 | 228 | 41 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 205 | 262 | 956 | 1.589 |
| **Samtals án millifærslna** | **82.089** | **84.675** | **111.722** | **112.285** |
| Millifærð leiga til eignasjóðs og viðhald | 1.329 | 1.183 | 4.423 | 4.141 |
| Millifærð vinna og þjónusta | 4.805 | 10.501 | 2.037 | |
| Skaðabætur utan trygg. samninga | 0 | 0 | | 4.500 |
| **Samtals** | **88.223** | **96.359** | **118.182** | **120.926** |
| Húsaleigutekjur | -637 | -637 | -3.939 | -3.400 |
| Millifærð vinna og þjónusta og aðrar tekjur | 0 | 0 | -2.110 | -3.057 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **87.586** | **95.722** | **112.133** | **114.469** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 42 sýnir rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Sindragötu. Árin 2016 og 2017 var reksturinn rekinn í tveimur einingum, sem lagðar hafa verið saman í töflunni vegna áranna 2016 og 2017. Rekstur þessara tveggja eininga var síðan sameinaður árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni hækka útgjöldin nokkuð mikið milli þessara ára. Launagjöld hækka úr 81,6 milljón króna árið 2016, þegar reksturinn var í tveimur einingum, í 110,7 milljónir króna árið 2019, eða um 36%.

**Forstöðumaður búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistunar**

Næsti yfirmaður forstöðumannsins er sviðsstjóri velferðarsviðs. Undirmenn eru u.þ.b. 18-20 starfsmenn við búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistun.

Forstöðumaðurinn er í blönduðu starfi. Annars vegar er forstöðumanns starf búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistunar. Annast starfsmannahald (vaktatöflugerð, launavinnslu, mönnun vakta, leiðsögn til starfsmanna o.s.frv.), launa- og fjárhagsáætlunargerð og heldur utan um aðra starfsemi á þessum starfsstöðvum (öll málefni íbúa s.s. læknamál, fjármál, rekstur heimilis, tómstundir o.s.frv.). Þetta á einnig við um starf

forstöðumanns í Sindragötu og Fjarðarstræti. Starfsemi eininganna er aðallega frá kl. 16:00 á daginn til kl. 9:00 á morgnana. Vinnutími forstöðumanns er frá kl. 8-16 en hann er á bakvakt þess utan alla daga ársins fyrir utan sumarleyfi.

Hins vegar er um að ræða stöðu sem deildarstjóri. Sem deildarstjóri heldur hann utan um fjárhags- og launaáætlunargerð fyrir búsetueiningarnar og skammtímavistun. Deildarstjóri hefur ríka ábyrgð í hugmyndavinnu í fötlunarþjónustu. Mikið er um tilfallandi verkefni er snerta útreikning á kostnaði þjónustu, skrif greinagerða, fundarsetu og þátttöku í ákvörðunartöku um skipulag þjónustu og ýmissa vandamála er koma upp varðandi fötlunarþjónustuna, bæði starfsmannahald, einstaklingsmál, samvinnu við aðrar stofnanir og sveitarfélög. Tímabundin verkefni heyra í sumum tilvikum undir aðra málaflokka sviðsins þar sem viðkomandi hefur áður starfað bæði í félagsþjónustu og barnavernd. Forstöðumaðurinn/deildarstjórinn var deildarstjóri barnaverndar í 12 ár. Hann vinnur mikið með sviðstjóra velferðarsviðs, deildarstjóra fötlunarþjónustu, sem og öðrum deildarstjórum á velferðarsviði. Er staðgengill sviðsstjóra í fjarveru hans ýmist með öðrum deildarstjóra/-um eða ekki.

Við Pollgötu eru fjórar íbúðir sem allar eru í eigu bæjarins. Í þeim eru fjórir íbúar.

Í búsetuþjónustunni Pollgötu eru 16 starfsmenn í 7,95 stöðugildum og við skammtímavistun eru fjórir starfsmenn í 1,94 stöðugildum.

Þjónusta skammtímavistunar hefur lengst af verið mun meiri, en þjónustan þar minnkaði síðast liðið sumar. Fram að þeim tíma var skammtímavistun opin 16-18 daga af hverjum 30 dögum og yfir sumartímann var þar veitt sólarhringsþjónusta í júlí og ágúst auk dagþjónustu í júní, til viðbótar við þá reglubundnu þjónustu (16-18 sólarhringar á mánuði).

### Tafla 43: Rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Pollgötu í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 27.755 | 24.125 | 25.748 | 28.763 |
| Föst yfirvinna | 14.960 | 3.527 | | |
| Vaktaálag | 8.598 | 8.966 | 9.237 | 9.359 |
| Yfirvinna | | 10.715 | 18.296 | 20.942 |
| Önnur laun og uppbætur | 2.728 | 838 | 994 | 2.203 |
| Orlofs uppbót | | 2.096 | 4.541 | 3.643 |
| Áfallið orlof | -483 | 634 | -1.421 | 611 |
| Fatapeningar | 248 | 238 | 240 | 273 |
| Launatengd gjöld | 12.700 | 11.342 | 13.398 | 14.575 |
| Matarkostnaður | 764 | 787 | 643 | 944 |
| **Launagjöld samtals** | **67.270** | **63.268** | **71.676** | **81.313** |
| Vörukaup | 104 | 2 | 0 | 0 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 18 | 19 | 76 | 128 |
| **Samtals án millifærslna** | **67.392** | **63.289** | **71.752** | **81.441** |
| Húsaleiga | 180 | 181 | 165 | 195 |
| Millifærð vinna og þjónusta | 3.398 | 9.865 | 6.445 | 8.340 |
| **Samtals** | **70.970** | **73.335** | **78.362** | **89.976** |
| Millifærð vinna og þjónusta | | | -1.048 | -1.433 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **70.970** | **73.335** | **77.314** | **88.543** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 43 sýnir rekstrargjöld vegna búsetuþjónustu við Pollgötu í þúsundum króna.

Útgjöldin hækka um 15% á milli áranna 2018 og 2019. Fara úr 77 milljónum króna í 89 milljónir króna árið 2019. Launaútgjöldin hækkuðu úr 71,7 milljónum króna í 81,3 milljónir króna, eða um 14%.

Yfirvinna og önnur laun voru 80% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2019.

**Tafla 44: Rekstrargjöld skammtímavistunar í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 14.349 | 12.667 | 11.854 | 9.545 |
| Föst yfirvinna | 5.582 | 1.129 | | |
| Vaktaálag | 4.659 | 4.729 | 4.362 | 3.139 |
| Yfirvinna | | 5.299 | 6.219 | 8.871 |
| Önnur laun og uppbætur | 1.225 | 1.643 | 2.134 | 830 |
| Orlofs uppbót | -56 | -13 | -187 | 2.668 |
| Áfallið orlof | | | | -524 |
| Fatapeningar | 134 | 134 | 103 | 71 |
| Launatengd gjöld | 6.095 | 5.925 | 5.676 | 5.727 |
| **Launagjöld samtals** | **31.988** | **31.513** | **30.161** | **30.327** |
| Vörukaup | 1.273 | 1.062 | 971 | 744 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 294 | 425 | 305 | 259 |
| **Samtals án millifærslna** | **33.555** | **33.000** | **31.437** | **31.330** |
| Húsaleiga | 3.387 | 4.036 | 1.940 | 1.949 |
| Millifærð vinna og þjónusta | 1.650 | 4.322 | 3.035 | 1.483 |
| **Samtals** | **38.592** | **41.358** | **36.412** | **34.762** |
| Millifærð eigin afnot | -313 | -325 | -852 | -873 |
| Endurgreiðslur annarra | -2.346 | -4.260 | -4.820 | -1.475 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **35.933** | **36.773** | **30.740** | **32.414** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 44 sýnir rekstrargjöld vegna skammtímavistunar í þúsundum króna.

Árið 2019 var yfirvinna og önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum rúmlega 100%, eða 102%.

**Forstöðumaður Hvestu, hæfingarstöð**

Næsti yfirmaður forstöðumanns er deildarstjóri málefna fatlaðs fólks og undirmenn leiðbeinendur á Hvestu, hæfingarstöð.

Forstöðumaður Hvestu samþykkir alla reikninga vegna starfseminnar í samþykktarkerfi „Navison“. Hann fer í hverjum mánuði í vefsjána „sveitarstjóri“ og prentar út yfirlit um mánaðarlega stöðu miðað við fjárhagsáætlun. Hann ber ábyrgð á að fylgja samþykktri fjárhagsáætlun.

Forstöðumaður á ekki í beinum samskiptum við byggðasamlagið um málefni fatlaðs fólks en Ísafjarðarbær rekur Hvestu skv. samningi við BsVest.

Forstöðumaður situr samráðsfundi með öðrum forstöðumönnum í málefnum fatlaðs fólks og deildarstjóra einu sinni í mánuði.

Starfsemin í Hvestu fer fram alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00. Fatlað fólk (starfsmenn) eru að koma inn á mismunandi tímum. Þau eru að koma inn á um klukkutíma fresti alveg til kl. 14:00.

Í Hvestu eru leiðbeinendur og fatlaðir starfsmenn sem er í hæfingu og starfsþjálfun.

Fjöldi stöðugilda eru 4,60 og það eru 7 leiðbeinendur sem sinna þessum stöðugildum.

Forstöðumaður er í 80% stöðugildi.

Klukkan 8:00 mæta 2 leiðbeinendur í Hvestu, opna og undirbúa daginn. Ef eru veikindi er ekki kallaður til annar starfsmaður fyrr en á hádegi.

Tveir leiðbeinendur mæta klukkan 8:00 í búsetuþjónustu (mæta á heimili viðkomandi) við að aðstoða viðkomandi við að fara á fætur og fara svo í vinnuna.

Einn leiðbeinandi mætir klukkan 12:00 (að öllu jöfnu, ef eru veikindi þá er þessi vakt ekki mönnuð með aukavakt).

Allir leiðbeinendur hætta klukkan 16:00.

Samtals eru 16 í hæfingu/dagþjónustu og að auki tvö börn, eða samtals 18 einstaklingar. Einn grunnskólanemandi er í Hvestu en það er þjónusta sem fellur undir frístundaþjónustu við börn. Forstöðumaður í skammtímavistun ásamt forstöðumanni Hvestu annast skipulag þjónustunnar við nemandann í Hvestu.

**Tafla 45: Rekstrargjöld hæfingarstöðvar, Hvestu, í þúsundum króna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 23.179 | 26.088 | 26.022 | 25.351 |
| Föst yfirvinna | 2.407 | 907 | | |
| Vaktaálag | 82 | 193 | 200 | 197 |
| Yfirvinna | | 2.139 | 2.559 | 3.014 |
| Önnur laun og uppbætur | 2.318 | 972 | 966 | 1.712 |
| Orlofs uppbót | | 570 | 1.368 | 731 |
| Áfallið orlof | 766 | -147 | -1.098 | 376 |
| Fatapeningar | 176 | 173 | 153 | 145 |
| Launatengd gjöld | 6.428 | 7.008 | 6.956 | 6.820 |
| Matarkostnaður | 6 | 18 | 17 | |
| **Launagjöld samtals** | **35.362** | **37.921** | **37.143** | **38.346** |
| Vörukaup | 2.895 | 3.021 | 3.281 | 7.915 |
| Þjónustukaup önnur en millifærslur | 631 | 553 | 533 | 1.043 |
| Greidd húsaleiga og viðhald | 6.179 | 6.408 | 6.410 | 8.413 |
| **Samtals án millifærslna** | **45.067** | **47.903** | **47.367** | **55.717** |
| Millifærð vinna og þjónusta | 2.454 | 1.821 | 1.607 | |
| **Samtals** | **47.521** | **49.724** | **48.974** | **55.717** |
| Fæðisgjöld | -1.125 | -1.660 | -1.696 | -1.711 |
| Millifærð eigin afnot búnaðar | -80 | -78 | -125 | -93 |
| Endurgreiðslur annarra | -274 | -766 | -242 | -394 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **46.042** | **47.220** | **46.911** | **53.519** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 45 sýnir rekstrargjöld Hvestu, hæfingarstöðvar, í þúsundum króna.

Yfirvinna og önnur laun voru um 19% af mánaðarlaunum árið 2019.

**Búsetukjarnar samantekið**

Ætlast er til að greiðslur samkvæmt SIS mati vegna íbúa í íbúðakjörnum standi undir rekstri þjónustunnar sem veitt er í búsetu viðkomandi ásamt hæfingu og stjórnunarkostnaði. Að auki er hlutdeild í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags.

**Tafla 46: Samtals rekstrargjöld og rekstrartekjur vegna búsetukjarna í málefnum fatlaðs fólks á Ísafirði, í þúsundum króna árið 2018**

| | Gjöld | Framlög Jöfnnarsjóðs | Mismunur | Fjöldi íbúa | Umfram kostnaður á íbúa |
|---|---|---|---|---|---|
| Búsetukjarnar samtals | 246.253 | 176.134 | 70.119 | 10 | 7.012 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 46 sýnir samantekin rekstrargjöld og rekstrartekjur, sem eru greiðslur skv. SIS mati frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, vegna þriggja búsetukjarna sem reknir eru á Ísafirði. Einnig kemur fram á töflunni hver er meðaltals umfram kostnaður á hvern íbúa í búsetukjörnunum.

Eins og fram kemur á töflunni eru gjöldin að meðaltali um 7 milljónir króna umfram tekjur vegna hvers íbúa.

**Tafla 47: Samtals rekstrargjöld og rekstrartekjur vegna búsetukjarna í málefnum fatlaðs fólks hjá nokkrum sveitarfélögum, í þúsundum króna árið 2018**

| | Rauntölur | Framlög Jöfnunarsjóðs | Umfram kostnaður | Fjöldi íbúa | Umfram kostnaður á íbúa |
|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag 1 | 785.449 | 619.052 | 166.397 | 41 | 4.058 |
| Sveitarfélag 2 | 123.720 | 80.687 | 43.033 | 9 | 4.781 |
| Sveitarfélag 3 | 241.319 | 186.481 | 54.838 | 10 | 5.484 |
| Ísafjarðarbær | 246.253 | 176.134 | 70.119 | 10 | 7.012 |
| Sveitarfélag 4 | 333.731 | 214.380 | 119.351 | 15 | 7.957 |
| Sveitarfélag 5 | 91.193 | 48.937 | 42.256 | 4 | 10.564 |
| **Samtals** | **1.821.665** | **1.325.671** | **495.994** | **89** | **5.573** |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 47 sýnir samtals rekstrargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði samkvæmt SIS mati hjá nokkrum sveitarfélögum vegna búsetukjarna hjá viðkomandi sveitarfélögum árið 2018 í þúsundum króna.

Eins og komið hefur fram hér að framan eiga greiðslur skv. SIS mati að standa undir rekstri viðkomandi búsetukjarna og hæfingu viðkomandi einstaklinga.

Eins og fram kemur á töflunni duga framlög skv. SIS mati ekki fyrir útgjöldum vegna reksturs búsetukjarna í þessum sveitarfélögum. Fram kemur í töflunni að umfram kostnaður á hvern íbúa var frá 4.058 þúsund krónum upp í 10.564 þúsund krónur hjá þessum sveitarfélögum. Umfram kostnaðurinn hjá Ísafjarðarbæ var að meðaltali 7.012 þúsund krónur á hvern íbúa í búsetukjarna.

**Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hlutur sjóðsins í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks**

Gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlað fólk sé fjármögnuð með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, með ákveðinni hlutdeild í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og af almennum skatttekjum viðkomandi sveitarfélags.

Þegar sveitarfélögin tóku yfir þjónustu við fatlað fólk var gengið út frá því að 1,20% hækkun á útsvari stæði undir kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu.

Önnur þjónusta við fatlað fólk, sem sveitarfélögin höfðu veitt fyrir yfirtökuna, er áfram fjármögnuð af almennum skatttekjum sveitarfélaga.

Þar sem hlutfallsleg dreifing fatlaðs fólks á milli sveitarfélaga og kostnaður vegna þjónustunnar er mismunandi var ákveðið að einstaklingsmiða greiðslur við hvern og einn þjónustuþega með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt ákveðnu mati og átti það, árið 2011, við þá sem eru með þjónustuþörf miðað við SIS-flokk 4 og yfir. Þetta var m.a. einnig gert með hliðsjón af því að kostnaðurinn gæti orðið minni sveitarfélögum ofviða.

Ákveðið var að skipta 1,20% útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags, annars vegar í 0,95% útsvarshlutfall, sem rennur beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og hins vegar í 0,25% útsvarshlutfall sem rennur til viðkomandi sveitarfélags vegna málaflokksins.

Þannig var gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði 0,95% útsvarshlutfall af útsvarstofni allra sveitarfélaga til ráðstöfunar til einstaklingsmiðaðra framlaga umfram ákveðin matsstig eftir þjónustuþörf hvers einstaklings samkvæmt mati varðandi þjónustuþörf.

Síðan var gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag hefði 0,25% útsvarshlutfall til að standa undir stjórnunarkostnaði og útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, sem framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga næði ekki yfir en var hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir.

Vegna mikils hallareksturs á málaflokknum hjá sveitarfélögum eftir yfirtökuna var gert tvíþætt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga í desember 2015 um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Annars vegar var tímabundin 0,04% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga, sem ákveðin var árið 2014, lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga og nemur þar með 1,24% af útsvarshlutfalli til málaflokksins. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags var hækkaður úr 0,95% í 0,99%. Hins vegar var kveðið á um hækkun framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað var að þessar breytingar leiddu til þess að framlög til þjónustu við fatlað fólk á hendi sveitarfélaganna ykist um allt að 1,5 milljarð króna á ári.

Auk þessa var gerð sú breyting árið 2018 að ákveðið var að hætta að greiða með einstaklingum sem voru í flokki 4 samkvæmt SIS mati með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Greitt var síðast fyrir einstaklinga í þeim flokki árið 2017. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru 310 einstaklingar metnir í flokki 4 skv. SIS mati árið 2017 af 1.502 einstaklingum samtals, sem greitt var með það ár samkvæmt SIS mötum, eða 21% af heildarfjöldanum. Gera má ráð fyrir að greiðslur það ár vegna 4. flokks SIS mats hafi numið rúmum 1.000 milljónum króna. Með þessari ákvörðun var ákveðið að sveitarfélög skuli fjármagna útgjöld vegna þjónustu við fatlað fólk í flokki 4 skv. SIS mati á annan hátt en með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e.a.s. með öðrum tekjum sveitarfélaga en ætlaðar voru til að standa undir rekstri málaflokksins skv. samkomulagi sem

gert var þegar sveitarfélögin tóku yfir rekstur málaflokksins árið 2011. Það er mat skýrsluhöfunda að full ástæða sé til að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar.

### Tafla 48: Skipting á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Ísafjarðarbæ í þúsundum króna árið 2018 og 2019

| | 2018 | 2019 |
|---|---|---|
| **Þjónusta sem fjármagna á með framlögum frá Jöfnunarsjóði og hlutdeild í útsvarstekjum:** | | |
| Málefni fatlaðra, sameiginlegt | 36.339 | 55.301 |
| Stoðþjónusta | 43.768 | 24.995 |
| Búseta Fjarðarstræti | 56.805 | 57.781 |
| Búseta Sindragötu | 112.134 | 114.470 |
| Búseta Pollgötu | 77.314 | 88.542 |
| Skammtímavistun | 30.739 | 32.412 |
| Hvesta, hæfingarstöð | 46.910 | 53.520 |
| **Samtals** | **404.009** | **427.021** |
| **Önnur þjónusta við fatlaða:** | | |
| Félagsleg liðveisla | 5.975 | |
| Ferðaþjónusta fatlaðra | 11.012 | 9.540 |
| **Samtals** | **16.987** | **9.540** |
| **Málfefni fatlaðra samtals** | **420.996** | **436.560** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 48 sýnir skiptingu á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, annars vegar vegna þjónustu sem Ísafjarðarbær tók yfir við yfirfærslu málaflokksins og hins vegar vegna þeirrar starfsemi sem sveitarfélagið rak fyrir yfirfærsluna að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið, þ.e. aukin útgjöld sem sveitarfélagið þarf að fjármagna á annan hátt en með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðað við árin 2018 og 2019.

Eins og taflan sýnir voru útgjöld Ísafjarðarbæjar árið 2018 og 2019 vegna þjónustu við fatlað fólk, sem ætlað er að fjármagna með tekjum sem ætlaðar eru í málefni fatlaðs fólks, 404 milljónir króna árið 2018 og 427 milljónir króna árið 2019, eða hækkun sem nemur 6%.

Samkvæmt upplýsingum úr aðalbók Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019 fékk Ísafjarðarbær greitt frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks árið 2018 samtals 397.703 kr. vegna málefna fatlaðs fólks. Ísafjarðarbær greiddi til byggðasamlagsins vegna hlutdeildar í útsvarstekjum 38.869 þúsund krónur. Árið 2019 fékk Ísafjarðarbær greiddar 319.827 þúsund krónur frá byggðasamlaginu. Hlutdeildin í útsvarstekjum sem greiddar voru til byggðasamlagsins nam 46.759 þúsund krónum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er notast við eftirfarandi formúlu við að reikna út hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags vegna málefna fatlaðs fólks:

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs=Útsvar sveitarfélags x (málefnafatlaðraprósenta/ útsvarsprósenta sveitarfélags)

Samkvæmt þessari formúlu og uppgjörsyfirliti frá Fjársýslu ríkisins nam hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar 154.457 þúsund krónum árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks. Á sama hátt reiknast 0,25% útsvarshlutfall árið 2018, sem ætlað var í málefni fatlaðs fólks af útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar, 39.004 þúsund krónur.

**Tafla 49: Útgjöld og tekjur í þúsundum króna vegna málefna fatlaðs fólks hjá Ísafjarðarbæ árin 2018 og 2019 vegna rekstrar sem fjármagna á með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hlutdeild í útsvarstekjum**

| | 2018 | 2019 |
|---|---|---|
| Rekstrargjöld málaflokksins | 404.009 | 427.021 |
| Framlög frá BsVest | 397.703 | 319.827 |
| **Afgangur/(hallarekstur) á málefnum fatlaðs fólks** | **-6.306** | **-107.194** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 49 sýnir útgjöld og tekjur vegna reksturs á þjónustu við fatlað fólk vegna þess sem yfirtekið var við flutning málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 hjá Ísafjarðarbæ með þeim breytingum sem gerðar hafa verið. Gerður er fyrirvari við árið 2019 þar sem lokauppgjöri við BsVest var ekki lokið þegar þetta var tekið saman.

Eins og tafla 49 sýnir stóðu tekjur vegna málefna fatlaðs fólks hjá Ísafjarðarbæ nánast alveg undir útgjöldum vegna málaflokksins árið 2018. Árið 2019 var halli á málaflokknum sem nam 107 milljónum króna. Eins og áður er gerður fyrirvari um árið 2019.

**Tafla 50: Hlutdeild málaflokks fatlaðs fólks í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar og útgjöld 2018 í þúsundum króna**

| | Hlutdeild í útsvarsstofni | |
|---|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum | 0,99% | 154.457 |
| Til ráðstöfunar hjá sveitarfélaginu af útsvarstekjum | 0,25% | 39.004 |
| **Samtals** | **1,24%** | **193.461** |
| Gjöld vegna málefna fatlaðs fólks | | **404.009** |
| **Gjöld umfram tekjur** | | **210.548** |

Heimild: Ísafjarðarbær og Fjársýsla ríkisins

Tafla 50 sýnir hlutdeild málaflokks fatlaðs fólks í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar og útgjöld sveitarfélagsins vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018 vegna þess rekstrar sem yfirtekinn var árið 2011 frá ríkinu, að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið. Ekki er meðtalin möguleg hlutdeild Ísafjarðarbæjar í auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks samkvæmt samkomulagi sem gert var á árinu 2015 milli ríkisins og sveitarfélaga varðandi hækkun á hlutfalli af skatttekjum ríkissjóðs, samanber hér að framan.

Hefði sveitarfélagið einungis haft til ráðstöfunar það fjármagn, sem fór í málaflokkinn af útsvarstekjum sveitarfélagsins árið 2018, hefði orðið fjárvöntun hjá sveitarfélaginu upp á 210 milljónir króna en ekki vöntun upp á 6 milljónir króna eins og reyndin varð.

Eins og taflan sýnir voru 193 milljónir króna af útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar ætlaðar í málefni fatlaðs fólks árið 2018. En sveitarfélagið fékk til ráðstöfunar samtals 398 milljónir króna, þ.e. 398 milljónir króna frá BsVest, þar af voru 39 milljónir króna hlutdeild í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar sem sveitarfélagið greiddi til BsVest.

**Tafla 51: Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar og greiðslur til Ísafjarðarbæjar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna**

| | |
|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar | 154.457 |
| Greitt til Ísafjarðarbæjar frá BsVest, nettó | 358.834 |
| **Greiðslur nettó umfram hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum** | **204.377** |

Heimild: Ísafjarðarbær og Fjársýsla ríkisins

Tafla 51 sýnir hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar og greiðslur nettó til Ísafjarðarbæjar frá BsVest vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni nam hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Ísafjarðarbæjar 204 milljón króna lægri upphæð en Ísafjarðarbær fékk greitt frá BsVest vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018.

## Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Sveitarfélögin á Vestfjörðum reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks. Sveitarfélögin eru Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna með þjónustusvæðunum.

Fjögur þjónustusvæði mynda starfssvæði byggðasamlagsins. Þjónustusvæðin eru félagsþjónustusvæði Strandabyggðar, þ.e. Reykhólahrepps, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, félagsþjónustusvæði Vestur-Barðastrandarsýslu, félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar og félagsþjónustusvæði við Djúp.

Byggðasamlagið gerir samninga við aðildarsveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi félagsþjónustusvæði þar sem tilgreindir eru þeir þættir sem viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélag framkvæmir.

Þá skal í þjónustusamningum gera grein fyrir fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélögum til byggðasamlagsins og hins vegar frá byggðasamlaginu til félagsþjónustusvæðanna. Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélög um einstaka þætti þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði og einn úr stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Kjörtímabil stjórnar skal vera tvö ár í senn og miðast við aðalfund byggðasamlagsins. Kjörgengnir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna í aðildarsveitarfélögunum.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið, eftir tillögu frá verkefnahópi á grundvelli fjárhagsáætlana félagsþjónustusvæðanna, og leggur fyrir aðalfund ár hvert. Stjórn fylgist með að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Tekjur byggðasamlagsins eru mánaðarleg framlög aðildarsveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt nánari útfærslu sem skýrð er í þjónustusamningi sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks.

Hjá byggðasamlaginu starfar einn starfsmaður, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Framkvæmdastjóri byggðasamlags annast rekstur byggðasamlagsins í umboði stjórnar. Í samþykktum byggðasamlagsins kemur ekki fram hver ræður framkvæmdastjórann. Erindisbréf verkefnahóps, sem getið er um í samþykktunum, er fylgiskjal með samþykktum byggðasamlagsins en ekki erindisbréf framkvæmdastjóra.

Samkvæmt erindisbréfi framkvæmdastjóra byggðasamlagsins hefur hann umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á því gagnvart stjórn BsVest að honum sé framfylgt. Hann skal leiðbeina um framkvæmd þjónustunnar og hefur rétt til íhlutunar um framkvæmd einstakra mála ef þörf krefur í samráði við félagsmálastjóra á viðkomandi svæði, en skal leggja ákvarðanir sínar fyrir stjórn BsVest. Framkvæmdastjóri er starfandi formaður verkefnahóps um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir er varða málefni fatlaðs fólks, þjónustusamninginn og staðfestar samþykktir verkefnahópsins. Framkvæmdastjóri á að tryggja gæðaeftirlit, faglega framþróun, ráðgjöf og samráð um jöfnun þjónustunnar á starfssvæðinu.

Byggðasamlagið greiðir fyrir þjónustu í samræmi við samninga sem gerðir eru við sveitarfélögin um þjónustu við fatlað fólk, við sjálfstæða þjónustuaðila í samræmi við samninga þar um og greiðir sameiginlegan kostnað.

Verkefnahópur um málefni fatlaðs fólks heyrir undir stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Verkefnahópurinn sinnir verkefnum samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Verkefnahópurinn skal m.a. fjalla um umsóknir vegna ráðningar framkvæmdastjóra BsVest og gera rökstudda tillögu um ráðningu til stjórnar BsVest. Ákvörðun um ráðningu tekur stjórn BsVest en svo segir í erindisbréf verkefnahópsins.

Að sögn framkvæmdastjórans heldur verkefnahópurinn, þar sem hann er formaður sbr. hér að framan, 9 til 12 fundi á ári.

Framkvæmdastjórinn gerir fjárhagsáætlun fyrir skrifstofu byggðasamlagsins og fer yfir áætlanir frá hverju sveitarfélagi fyrir sig varðandi málefni fatlaðs fólks og greiðslur frá byggðasamlaginu eiga að standa undir. Áætlanir sveitarfélaganna verða síðan hluti af heildar fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Fram kom í máli framkvæmdastjórans að unnið væri að því að móta samræmdar reglur sem sveitarfélögin fari síðan eftir við gerð fjárhagsáætlunar varðandi útgjöld sem byggðasamlagið greiðir fyrir til hvers sveitarfélags fyrir sig. Með því er ætlunin að hafa vinnuna skilavirkari og tryggja að öll sveitarfélögin vinni áætlanir sínar og kröfur á byggðasamlagið á samræmdan hátt.

Í þessu samanbandi þarf stjórn byggðasamlagsins að taka ákveðnar á því hvað á að heyra undir byggðasamlagið hvað útgjöld varðar. Sem dæmi má nefna að stjórnunarkostnaður, sem sveitarfélögin hafa rukkað fyrir vegna málefna fatlaðs fólks, hefur verið hár.

Við yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga voru fjögur stöðugildi stjórnunnar og hefur það haldist óbreytt frá árinu 2011. Til að sporna við mismunun á milli þjónustusvæða um stjórnunarkostnað hefur BsVest afmarkað stjórnunarkostnað sem er tekinn upp af stjórn á hverju ári í fjárhagsáætlunargerð.

Stöðugildin skiptast þannig:

- Ísafjarðarbær: 2,02 stöðugildi
- Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla 0,48 stöðugildi
- Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýsla 0,16 stöðugildi
- Félagsþjónustan við Djúp 0,34 stöðugildi
- Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 1,0 stöðugildi

Framkvæmdastjórinn á mikil samskipti við ráðuneytið varðandi málefni fatlaðs fólks. Hefur það sérstaklega verið vegna þess að framlögin, sem ætluð eru í málaflokkinn, hafa ekki dugað en breyting hefur orðið síðustu ár. Framkvæmdastjórinn fer yfir öll ný SIS möt og fylgir ákveðið eftir að einstaklingar fari í endurmat sé talin ástæða til þess.

Framkvæmdastjórinn gerir starfsáætlun fyrir byggðasamlagið fyrir hvert ár.

Stjórnin fundar að jafnaði sex sinnum á ári.  Stjórninni hefur verið breytt.  Áður skipaði stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða stjórnina en nú er stjórn byggðasamlagsins skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna og að auki einum fulltrúa frá fjórðungssambandinu.

### Tafla 52: Úthlutanir frá Byggðasamlagi Vestfjarða ummálefni fatlaðs fólks til sveitarfélaga á Vestfjörðum árið 2018 í þúsundum króna

| | Rauntölur | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 418.525 | 84% |
| Félagsþjónustan við Djúp | 13.017 | 3% |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 58.626 | 12% |
| Félagsþjónusta V-Barðarstrandasýslu | 5.231 | 1% |
| **Samtals** | **495.399** | **100%** |

Heimild:  Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks árið 2018

Tafla 52 sýnir úthlutanir frá Byggðasamlagi Vestfjarða til málefna  fatlaðs fólks til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Eins og fram kemur í töflunni var úthlutað til Ísafjarðarbæjar 84% af því sem úthlutað var frá byggðasamlaginu til sveitarfélaganna árið 2018.

### Mynd 28: Úthlutanir frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga  til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, í þúsundum króna, og hlutdeild í úthlutunum samtals til sveitarfélaga á landinu öllu




Heimild:  Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mynd 28 sýnir greiðslur til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á verðlagi hvers árs og hlutdeild í greiðslum samtals til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Eins og fram kemur á myndinni hefur hlutdeild Vestfjarða í samtölu greiðslna til sveitarfélaga hækkað frá því sem hún var árið 2011 þegar sveitarfélögin tóku yfir málaflokkinn.  Hæst fór hlutdeildin í 2,8% árið 2016.  Var 2,5% árið 2019 en  2,3% árið 2011.

### Mynd 29: Hlutfallsleg hækkun úthlutana úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og hlutfallsleg hækkun vísitölu launa og neysluverðsvísitölu (80/20)




Heimild:  Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Mynd 29 sýnir hlutfallslega hækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, til allra sveitarfélaga samtals, til Reykjavíkurborgar og hlutfallslega hækkun vísitölu, þar sem launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum vegur 80% og neysluverðsvísitala 20%.

Eins og fram kemur á myndinni hafa framlögin til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks hækkað um 130% frá 2011.  Á sama tíma hækkuðu framlögin samtals til allra sveitarfélaga um 113% og til Reykjavíkurborgar um 88%.  Á tímabilinu hækkaði vísitala, sem reiknast 80% samkvæmt hækkun launavísitölu opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum og 20% samkvæmt hækkun neysluverðsvísitölu, um 62%.  Þannig hækkuðu framlögin til Vestfjarða rúmlega tvöfalt meira en hækkun vísitölunnar.

## Skóla- og tómstundasvið

Skóla- og tómstundasvið heldur utan um starfsemi leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðvar, frístund og starf í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar.

**Mynd 30: Skipurit fyrir skóla- og tómsundarsvið**




Mynd 30 sýnir skipurit fyrir skóla- og tómsundasvið tekið saman af skýrsluhöfundum. Fjöldi stöðugilda miðast við febrúar 2020, fengið frá stjórnendum viðkomandi stofnunar.

**Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs**

Sviðsstjóri er yfirmaður skóla- og tómstundasviðs. Næsti yfirmaður sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er bæjarstjóri. Á skrifstofu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs eru tvö stöðugildi, annars vegar sviðsstjóri og hins vegar sérkennslustjóri og leikskólafulltrúi

Undir sviðsstjóra heyrir starfsemi grunn- og leikskóla Ísafjarðarbæjar, félagsmiðstöðvar, frístund og dægradvöl barna, íþróttamannvirki og samskipti við Tónlistarskóla Ísafjarðarbæjar. Í bænum eru starfræktir fjórir grunnskólar og fimm leikskólar.

Ísafjarðarbær hefur gert samning við Hjallastefnuna um að annast rekstur á einum leikskóla. Sviðsstjóri hefur ð eftirlit með starfsemi skólans og að hann uppfylli ákvæði samningsins. Einnig sér sviðsstjóri um samskipti við forstöðumann skólans ásamt sérkennslustjóra og leikskólafulltrúa  ásamt því að samþykkja reikninga frá Hjallastefnunni.

Sviðsstjóri er með skipulagða fundi mánaðarlega með annars vegar skólastjórum og hins vegar leikskólastjórum. Þess á milli á sviðsstjóri fundi með skólastjórnendum eftir þörfum og fer í heimsóknir í skólana.

Tveir forstöðumenn hafa umsjón með starfsemi íþróttamannvirkja. Einn forstöðumaður sér um sundlaugar og íþróttahús, að undanskilinni íþróttamiðstöðinni á Þingeyri, og annar annast forstöðu yfir skíðasvæðinu. Forstöðumaður sundlaugar og íþróttahúss á vikulega fundi með sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar á Þingeyri heyrir beint undir sviðsstjóra.

Ísafjarðarbær sér um rekstur tónlistarskólans og sér tómstundafulltrúi um að samþykkja reikninga skólans. Skólastjóri tónlistarskólans ber ábyrgð á faglegu starfi skólans.

**Skóla- og sérkennslufulltrúi**

Hefur umsjón með starfsemi leikskólanna og sérkennslu fyrir bæði grunn- og leikskóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að sjá um samskipti við talmeinafræðinga og sálfræðinga og skipulag þeirrar vinnu en þeir vinna allir í verktöku fyrir Ísafjarðarbæ. Hann sér um dagleg samskipti við stjórnendur leikskólanna og heldur utan um umsóknir og/eða biðlista fyrir leikskólavistun barna bæjarins.

**Tómstundafulltrúi**

Hefur umsjón með félagsmiðstöðvum Ísafjarðarbæjar. Starfandi eru félagsmiðsvöðvar í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og samtals eru 1,6 stöðugildi í félagsmiðstöðvunum.

Tómstundafulltrúi annast einnig forstöðu yfir frístund og dægradvöl við Grunnskólann á Ísafirði. Uppbrot er á skólastarfi grunnskólans og er þá gert hlé á kennslu og yngstu nemendur grunnskólans fara í frístund. Börnin geta valið á milli þess sem er í boði í frístund á hverjum tíma fyrir sig. Kennsla hefst svo aftur eftir frístund. Dægradvöl er í boði fyrir yngstu nemendur skólans þegar skólastarfi lýkur. Tómstundafulltrúi hefur einnig umsjón með því starfi.

**Forstöðumaður íþróttamannvirkja**

Forstöðumaður íþróttamannvirkja hefur aðsetur í íþróttahúsinu á Torfnesi. Starfið skiptist í 50% verkefni forstöðumanns og 50% fara í að taka vaktir í íþróttahúsinu.

Verkefni forstöðumanns eru m.a. að hafa umsjón með starfsemi íþróttamannvirkja á Ísafirði, Flateyri og Suðureyri. Skipuleggja vaktir og þrif eftir opnunartímum. Reglulegir fundir eru með starfsfólki. Hann heldur utan um launaskýrslur starfsmanna og sér um reikninga sem tilheyra hans ábyrgðarsviði. Sinnir einnig innheimtu reikninga vegna þjónustu sem keypt er af Ísafjarðarbæ vegna íþróttamannvirkja.

Opnunartími íþróttahússins á Torfnesi er frá kl. 07:30 til 23:00. Einn starfsmaður mætir kl. 07:30 og fær greitt álag fyrir vinnutíma fyrir kl. 08:00. Starfsmaður sem mætir kl. 07:30 lýkur sínum vinnudegi kl. 15:30. Fyrsta verkefni þessa starfsmanns er að þrífa íþróttasalinn. Annar starfsmaður mætir kl. 08:00 og er til 16:00. Nauðsynlegt er að hafa einn karl og eina konu á dagvakt til að sinna baðvörslu. Einn starfsmaður er í húsinu frá kl. 16:00 til 23:00. Íþróttahúsinu er lokað í einn mánuð á sumrin.

Fjögur stöðugildi eru í sundlauginni á Ísafirði. Það eru alltaf tveir starfsmenn á vakt. Sundlaugin er opnuð kl. 07:00 á morgnana en lokað aftur frá kl. 08:00 til 17:00. Sundlauginni er lokað meðan á skólastarfi stendur. Sundlauginni er svo lokað kl. 21:00.

Einn starfsmaður mætir kl. 06:30 í sundlaugina og fer yfir ástandið á lauginni og lýkur hann vinnudeginum kl. 15:00. Næsti starfsmaður mætir kl. 08:00 og er í vinnu til kl. 15:00. Kvöldvaktin er frá kl. 15:00 til 22:00. Kvöldvaktin sér um að ganga frá og sinnir ræstingum milli kl. 21:00 til 22:00.

**Forstöðumaður skíðasvæðis**

Verkefni forstöðumanns skíðasvæðisins er að hafa umsjón með starfsemi skíðasvæðisins. Í því felst að sinna viðhaldi á tækjum skíðasvæðisins. Sjá um að setja upp og taka niður skíðalyftur og sjá til þess að ástand svæðisins sé með þeim hætti að það sé öruggt fyrir fólk að stunda skíðaíþróttir. Tvö stöðugildi eru mönnuð allt árið á skíðasvæðinu en bætt er við fólki í vinnu þegar skíðatímabilið hefst. Þegar starfsemin nær hámarki eru um 18 einstaklingar á launaskrá. Gert er ráð fyrir að um 10 starfsmenn þurfi að vera til staðar á skíðasvæðinu á hverjum opnunardegi.

Skíðatímabilið er háð aðstæðum en áætlanir ganga út frá því að tímabilið sé frá desember og fram í maí.

Opnunartími skíðasvæðisins er frá kl. 17:00 til 20:00 á virkum dögum en um helgar er opnið kl. 10:00 til 16:00. Allir starfsmenn, sem ekki eru fastráðnir, vinna í tímavinnu nema þeir sem vinna á troðurunum.

Tveir troðarar eru í rekstri á skíðasvæðinu. Brekkurnar eru troðnar á daginn á virkum dögum en á næturnar um helgar. Lögð er áhersla á að brekkurnar séu troðnar átta tímum fyrir opnun skíðasvæðisins.

Eftir að skíðatímabilinu lýkur fer mánuður í frágang sem felst í að taka niður lyfturnar. Fastráðnir starfsmenn skíðasvæðisins fara í mánaðarfrí á sumrin. Þegar þeir koma aftur til vinnu er farið í girðingarvinnu, farið yfir ástand á vélbúnaði, svo og önnur sumarvinna. Verkefni haustsins einkennist af undirbúningi fyrir vetraropnun. Farið er yfir allar diskalyftur.

## Leikskólar Ísafjarðarbæjar

Í Ísafjarðarbæ eru reknir fimm leikskólar, fjórir af þeim eru í rekstri hjá Ísafjarðarbæ en einn er rekin af Hjallastefnunni ehf.

Leikskólarnir Sólborg og Eyrarskjól eru á Ísafirði. Eyrarskjól er í rekstri Hjallastefnunnar og er boðið upp á fjórar aldursdeildir í leikskólanum. Fimmta aldursdeildin sem jafnframt er sú elsta sameinast Leikskólanum Sólborg. Leikskólinn Sólborg rekur fimm aldursdeildir sem starfræktar eru í húsnæði við Torfnes og í Tónlistarskóla Ísafjarðar en elstu nemendurnir fara á Tanga sem er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Þrír aðrir leikskólar eru í rekstri; á Þingeyri, Suðureyri og Flateyri. Þeir heita Leikskólinn Laufás, Leikskólinn Tjarnarbær og Leikskólinn Grænigarður.

**Tafla 53: Fjöldi nemenda í leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2019**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2009/2019 | Breyting í % 2009/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólinn Bakkaskjól | 16 | 8 | | | | | | | | | | | |
| Leikskólinn Eyrarskjól | 65 | 68 | 67 | 63 | 61 | 69 | 83 | 66 | 66 | 64 | 68 | 3 | 5% |
| Leikskólinn Grænigarður | 10 | 12 | 15 | 15 | 13 | 16 | 9 | 4 | 10 | 18 | 17 | 7 | 70% |
| Leikskólinn Laufás | 17 | 20 | 16 | 17 | 20 | 17 | 14 | 10 | 11 | 14 | 13 | -4 | -24% |
| Leikskólinn Sólborg | 80 | 81 | 83 | 82 | 113 | 102 | 88 | 109 | 105 | 88 | 101 | 21 | 26% |
| Leikskólinn Tjarnarbær | 32 | 36 | 32 | 25 | 24 | 24 | 16 | 17 | 20 | 22 | 13 | -19 | -59% |
| **Samtals** | **220** | **225** | **213** | **202** | **231** | **228** | **210** | **206** | **212** | **206** | **212** | **-8** | **-4%** |
| Breyting milli ára | | 5 | -12 | -11 | 29 | -3 | -18 | -4 | 6 | -6 | 6 | | |
| *Hlutfall barna í einkareknum* | *30%* | *30%* | *31%* | *31%* | *26%* | *30%* | *40%* | *32%* | *31%* | *31%* | *32%* | | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Skóla- og tómstundasvið

Tafla 53 sýnir fjölda barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2019. Á tímabilinu hefur fækkað um 8 börn. Voru samtals 220 árið 2009 en 212 árið 2019.

Árið 2019 voru 144 börn í leikskólum sem Ísafjarðarbær rekur og 68 börn í einkareknum leikskóla. Samtals voru 32% barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar í einkareknum leikskóla.

Leikskólar Ísafjarðarbæjar veita þjónustu fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

Í næstu köflum verður fjallað um starfsemi leikskóla Ísafjarðarbæjar og þeir meðal annars bornir saman við aðra leikskóla miðað við sambærilegan fjölda heildagsígilda (eitt HDÍG er barn sem er í 8 klst. í leikskóla), þ.e.a.s. fimm leikskólar með færri HDÍG og fimm fleiri. Samanburðurinn er settur fram til að skoða stöðu leikskóla Ísafjarðarbæjar gagnvart öðrum leikskólum og meta hvort tækifæri eru til að bæta rekstrarumhverfi og þjónustu leikskólanna. Hafa verður í huga að þjónustuþörf í leikskólum er breytileg, m.a. eftir aldri barna og stuðningsþörf o.s.frv.

Allar rekstrartölur eru án innri leigu vegna breytileika sveitarfélaga við útreikning hennar. Rekstrartölur vegna ársins 2019 eru fengnar frá Ísafjarðarbæ sem taka verður með fyrirvara.

Endanlegar tölur höfðu ekki verið birtar þegar vinnan fór fram og gætu rekstrartölur vegna ársins 2019 tekið breytingu frá þeim tíma sem skýrslan var unnin.

## Leikskólinn Sólborg

Leikskólinn Sólborg er fimm deilda leikskóli, í honum eru 99 börn. Deildirnar í leikskólanum eru aldursskiptar þ.e. að tvær deildir skipta með sér yngstu börnunum, tvær aðrar skipta með sér börnum á aldrinum þriggja til fjögurra ára og ein deild er með elstu börnin. Starfsemi leikskólans fer fram í tveimur starfsstöðvum. Fjórar deildir eru í húsnæði á Torfnesi og fimma ára nemendur eru með aðstöðu í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar. Leikskólastjóri er með skipulagða viðveru á báðum starfstöðvum.

**Mynd 31: Fjöldi barna eftir fæðingarárum**




Heimild: Ísafjarðarbær

**Tafla 54: Skipting og fjöldi stöðugilda í leikskólanum Sólborg, jan. 2020**

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 0,40 |
| Sérkennslustjóri | 0,60 |
| Deildarstjóri | 5,00 |
| Starfsmenn á deildum | 14,75 |
| Afleysing v/undirbúnings á deildum | 2,00 |
| Afleysing v/veikinda, sumarleyfa, skóla | 2,85 |
| Eldhús | 2,12 |
| Stuðningur v/sérkennslu | 1,00 |
| Sérkennsla m.v. 32% af nem.fjölda | 0,80 |
| Samtals | 30,52 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Við leikskólann er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Deildarstjórar eru fimm, einn á hverri deild. Allir eru þeir með leikskólakennaramenntun.

Í töflu 54 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda í leikskólanum eftir starfsheitum í janúar 2020.

Leikskólinn er opnaður kl. 07:45 og húsnæði leikskólans er lokað kl. 16:30. Það er einn starfsmaður á hverri deild sem mætir kl. 07:45, næsti kemur kl. 8.00 og síðan 8.15. Tveir starfsmenn mæta 8.30 og sjá um að loka á Torfnesinu kl. 16.30. Á Tanga, 5 ára deildinni í Tónlistarskólanum, mætir fyrsti starfmaður kl. 07:30. Hann sér um að undirbúa morgunmat fyrir börnin. Næsti mætir kl. 7.45 þegar deildin er opnuð, síðan kl. 8.00, og tveir mæta kl. 8.30 og sjá um að loka á Tanga kl. 16.30. Vinnutími starfsmanna fer eftir fjölda barna og vistunartíma þeirra. Nemendafjöldi á Tanga er breytilegur á milli ára og þ.a.l. starfsmannafjöldi líka. Starfsmenn fá greitt álag fyrir vinnu sem unnin er fyrir kl. 08:00.

Dagurinn hefst á því að nemendur fá morgunmat kl. 07:45 og svo ávexti og vatn kl. 09:30. Síðan tekur við val/frjáls leikur, hópastarf, útivera/útinám. Hádegismatur hefst kl. 11:00 á yngstu deildinni, síðan hjá öðrum kl. 11.15/11.30 og er til 12:00. Starfsmenn fara í mat eftir

matartíma barnanna á meðan þau eru í hvíld, sum sofa en önnur eru með rólega stund þar sem er lesið fyrir þau. Elsta deildin fer í hádegismat í Grunnskólanum á Ísafirði kl. 11:10 og komur aftur í leikskólann kl. 11:40. Allir starfsmenn deildarinnar fylgja börnunum og eru með þeim í matartímanum í grunnskólanum. Grunnskóli Ísafjarðar sendir mánaðarlega kostnaðaruppgjör vegna matar vegna leikskólans.

Kl. 16:15 sameinast deildirnar í skólahúsnæðinu á Torfnesi, tvær yngstu deildirnar eru saman og tvær elstu.

Haldnir eru tíu skipulagðir fundir á dagvinnutíma með starfsmönnum yfir árið. Þrír starfsdagar eru á ári og einn námskeiðsdagur. Reynt er að skipuleggja fundartíma svo ekki komi til yfirvinnu starfsmanna en þeir sem eru í hlutastarfi fá greitt aukalega ef fundirnir eru fyrir utan  hefðbundins vinnutíma þeirra.

Ísafjarðarbær setti af stað tilraunarverkefni með vinnustyttingu starfsmanna. Starfsmenn í 100% starfi fá þriggja klst. vinnustyttingu á viku, starfsmenn í hlutastarfi fá einnig vinnustyttingu í sama hlutfalli við vinnu sína af þremur klst. Verkefnið hafði þau áhrif að nokkrir starfsmenn sem voru í hlutastarfi, s.s. 87.5%  og 93%,  juku starfshlutfall sitt upp í 100%. Það kemur líka betur út fyrir starfsemina þar sem yfir 90% nemenda eru í 8 klst. vistun. Einnig þarf að manna opnunartímann sem er frá kl.7.45 til kl. 16.30.

Fram kom í samtali við leikskólastjóra að fylgja þarf betur eftir vinnu iðnaðarmanna við hverja stofnun fyrir sig hjá Ísafjaðrarbæ. Það væri t.d. hægt með því að leikskólastjóri/forstöðumaður samþykki þá tíma sem iðnaðarmaður vinnur fyrir viðkomandi stofnun áður en reikningur er sendur. Þá gefst forstöðumönnum tækifæri á að gera athugasemdir ef þess þarf, s.s. varðandi tímafjölda við ákveðin verk sem verið er að vinna og eru ekki samkvæmt útboði. Það veitir báðum aðilum meira aðhald (meira innra eftirlit) þegar verk eru unnin fyrir Ísafjarðarbæ.

Starfsmenn leikskólans og leikskólastjóri hafa oft sinnt minniháttar viðhaldi sem fellur ekki beint undir þeirra starfslýsingu. Það er oft erfitt að fá iðnarmenn (smiði) í smá viðvik og fylgir því mikill kostnaður. Því væri ráð að skoða hvort hægt væri að samnýta stöðugildi húsumsjónarmanns Grunnskólans á Ísafirði við leikskólana Sólborg og Eyrarskjól og e.t.v. fleiri stofnanir hjá Ísafjarðarbæ? Hátt er til lofts í húsnæði leikskólans, því þarf að kalla til rafvirkja til að skipta um perur.

Leikskólastjóri tók sérstaklega fram að það væri gott að vinna fyrir Ísafjarðarbæ. Metnaðurinn er mikill þegar kemur að málefnum leikskóla. Dæmi um slíkt er nýleg samþykkt fræðslunefndar um bættan aðbúnað nemenda (barna) og starfsmanna. Skilningur og meðbyr þeirra  sem bera ábyrgð á málaflokknum skiptir miklu máli fyrir starf leikskólanna.

## Tafla 55: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfdélag<br>Leikskóli | Árborg<br>Leikskólinn<br>Álfheimar | Vestm.<br>Leikskólinn<br>Kirkjugerði | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Reynisholt | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Hamrar | Hafnarfj.<br>Leikskólinn<br>Álfaberg | **Ísafj.<br>Leikskólinn<br>Sólborg** | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Álftaborg | Reykjanes<br>Leikskólinn<br>Holt Rnesbæ | Suðurnes<br>Leikskólinn<br>Gefnarborg | Akureyri<br>Leikskólinn<br>Lundarsel | Reykjavík<br>Sunnuás |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 86,9 | 87,1 | 87,4 | 87,4 | 87,5 | **87,5** | 88,0 | 88,3 | 88,8 | 90,0 | 91,3 |
| Fjöldi barna | 84 | 84 | 82 | 84 | 84 | **88** | 84 | 87 | 92 | 89 | 88 |
| Tekjur | -32.280 | -31.311 | -23.391 | -24.332 | -33.141 | **-41.356** | -22.572 | -36.603 | -33.206 | -38.020 | -26.439 |
| Laun og launatengd gjöld | 183.039 | 136.213 | 172.522 | 167.415 | 164.940 | **208.818** | 169.712 | 172.717 | 0 | 163.091 | 226.451 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17.637 | 24.341 | 18.561 | 19.409 | 24.311 | **28.282** | 27.556 | 26.456 | 212.741 | 18.344 | 49.250 |
| Rekstrargjöld samtals | 200.675 | 160.554 | 191.083 | 186.824 | 189.250 | **237.101** | 197.268 | 199.173 | 212.741 | 181.435 | 275.701 |
| Rekstrargjöld nettó | 168.395 | 129.243 | 167.692 | 162.492 | 156.109 | **195.745** | 174.696 | 162.570 | 179.534 | 143.416 | 249.262 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 55 sýnir samanburð á rekstrargjöldum samtals í samanburðarleikskólum árið 2018 í þús. kr.

Eins og taflan sýnir er einn skóli með hærri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Leikskólinn Sólborg. Það sama á við þegar rekstrargjöld samtals eru skoðuð en samtals voru þau í Leikskólanum Sólborg 237 millj. kr. en í leikskólanum Sunnuás, þar sem hann var hæstur, voru rekstrargjöldin 275 millj. kr. Rekstrargjöld hjá þeim leikskóla sem kemur næst á eftir Leikskólanum Sólborg voru 212,7 millj. kr., hjá Leikskólanum Gefnuborgum. Leikskólinn Kirkjugerði var með lægstu rekstrargjöldin, eða um 160,6 millj. kr.

## Tafla 56: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag<br>Leikskóli | Árborg<br>Leikskólinn<br>Álfheimar | Vestm.<br>Leikskólinn<br>Kirkjugerði | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Reynisholt | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Hamrar | Hafnarfj.<br>Leikskólinn<br>Álfaberg | **Ísafj.<br>Leikskólinn<br>Sólborg** | Reykjavík<br>Leikskólinn<br>Álftaborg | Reykjanes<br>Leikskólinn<br>Holt Rnesbæ | Suðurnes<br>Leikskólinn<br>Gefnarborg | Akureyri<br>Leikskólinn<br>Lundarsel | Reykjavík<br>Sunnuás |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 86,9 | 87,1 | 87,4 | 87,4 | 87,5 | **87,5** | 88,0 | 88,3 | 88,8 | 90,0 | 91,3 |
| Fjöldi barna | 84 | 84 | 82 | 84 | 84 | **88** | 84 | 87 | 92 | 89 | 88 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 2.310 | 1.843 | 2.187 | 2.138 | 2.163 | **2.710** | 2.242 | 2.257 | 2.397 | 2.016 | 3.021 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.107 | 1.563 | 1.975 | 1.916 | 1.885 | **2.386** | 1.929 | 1.957 | 0 | 1.812 | 2.482 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 203 | 279 | 212 | 222 | 278 | **323** | 313 | 300 | 2.397 | 204 | 540 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 372 | 359 | 268 | 278 | 379 | **473** | 256 | 415 | 374 | 422 | 290 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 16,1% | 19,5% | 12,2% | 13,0% | 17,5% | **17,4%** | 11,4% | 18,4% | 15,6% | 21,0% | 9,6% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 56 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í samanburðarleikskólum.

Í samanburðinum má sjá að Leikskólinn Sólborg var með annan hæsta rekstrarkostnað á hvert HDÍG árið 2018, eða 2.710 þús. kr. á hvert HDÍG. Hæstur var leikskólinn Sunnuás í Reykjavík með 3.021 þús. kr. á hvert HDÍG. Leikskólinn Gefnarborg kemur næst á eftir Leikskólanum Sólborg og er rekstrarkostnaður á hvert HDÍG 2.397 þús. kr. Lægsti kostnaður á hvert HDÍG er í Leikskólanum Kirkjugerði og er 1.843 þús. kr.

Launakostnaður á hvert HDÍG er einnig næst hæstur í Leikskólanum Sólborg og hæstur hjá Sunnuási.

Tekjur á hvert HDÍG í samanburðinum er hæstar í Leikskólanum Sólborg eða 473 þús. kr. á hvert HDÍG. Þar á eftir kemur Leikskólinn Holt í Reykjanesbæ með 415 þús. kr. á hvert HDÍG.

**Tafla 57: Skipting launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Leikskólanum Sólborg árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi barna | 109 | 105 | 88 | 99 | -9,2% | -5,7% | 12,5% |
| Fjöldi HDÍG | 110,0 | 106,6 | 87,5 | 98,2 | -10,8% | -7,9% | 12,2% |
| Mánaðarlaun | 133.988 | 157.616 | 150.259 | 149.989 | 11,9% | -4,8% | -0,2% |
| Dagvinnulaun | 0 | 2.857 | 4.607 | 5.243 | | 83,5% | 13,8% |
| Föst yfirvinnulaun | 812 | 193 | 0 | 0 | -100,0% | -100,0% | |
| Vaktaálag | 1.821 | 2.175 | 2.413 | 2.413 | 32,5% | 10,9% | 0,0% |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 577 | 1.450 | 546 | | -5,4% | -62,3% |
| Önnur laun | 2.431 | 284 | 996 | 4.762 | 95,9% | 1574,8% | 378,1% |
| Uppbætur | 2.557 | 5.063 | 5.050 | 4.905 | 91,8% | -3,1% | -2,9% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 1.372 | 5.230 | 2.638 | | 92,2% | -49,6% |
| Áfallið orlof, breyting | 301 | 1.081 | -1.200 | 3.305 | | | |
| Launatengdgjöld | 32.810 | 39.318 | 39.474 | 38.980 | 18,8% | -0,9% | -1,3% |
| Vinnufatnaður skv. samn. | 387 | 538 | 149 | 448 | 15,8% | -16,8% | 201,0% |
| Kaffikostnaður | 336 | 351 | 354 | 396 | 17,8% | 12,7% | 11,8% |
| Matarkostnaður | 70 | 119 | 0 | 75 | 7,1% | -37,3% | |
| **Launagjöld samtals** | **175.513** | **211.546** | **208.781** | **213.698** | **21,8%** | **1,0%** | **2,4%** |
| Vörukaup samtals | 18.791 | 16.649 | 18.586 | 17.041 | -9,3% | 2,4% | -8,3% |
| Innri leiga | 24.677 | 22.188 | 30.144 | 34.585 | 40,2% | 55,9% | 14,7% |
| Þjónustukaup | 2.741 | 4.881 | 3.980 | 5.237 | 91,1% | 7,3% | 31,6% |
| Annar kostnaður | 11.818 | 6.246 | 5.744 | 6.171 | -47,8% | -1,2% | 7,4% |
| Samtals önnur rekstrargjöld | 58.027 | 49.965 | 58.454 | 63.034 | 8,6% | 26,2% | 7,8% |
| **Samtals gjöld** | 233.540 | 261.511 | 267.235 | 276.732 | 18,5% | 5,8% | 3,6% |
| **Tekjur alls** | -35.455 | -45.072 | -41.356 | -40.651 | 14,7% | -9,8% | -1,7% |
| **Rekstrarniðurstaða** | 198.085 | 216.439 | 225.879 | 236.082 | 19,2% | 9,1% | 4,5% |
| | | | | | | | |
| Fjárheimild (fjárhagsáætlun) | 228.215 | 264.910 | 272.435 | 278.443 | 22,0% | 5,1% | 2,2% |
| Mismunur á raungjöldum og fjárheimild | 5.325 | -3.399 | -5.200 | -1.710 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 0,6% | 0,5% | 1,0% | 0,4% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 4,3% | 3,9% | 5,0% | 6,8% | | | |
| Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum | 15,2% | 17,2% | 15,5% | 14,7% | | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 57 sýnir skiptingu launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Leikskólanum Sólborg árin 2016 til 2019 í þús. kr.

Frá árinu 2016 til ársins 2019 hafa launagjöld samtals hækkað um 21,8%. Mánaðarlaun hækka um 12% og á sama tímabili fækkar leikskólabörnum um 10 og HDÍG um 11,8.

Vörukaup samtals lækka frá árinu 2016 til 2019 um 9,3% en þjónustukaup án innri leigu eru mjög sveiflukennd milli ára.

Þrjú ár af fjórum eru rekstrargjöldin undir heimildum fjárhagsáætlunar.

Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum eru á bilinu 15,2% upp í 17,2%.

**Tafla 58: Nokkrir útgjaldaliðir í Leikskólanum Sólborg árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 10.339 | 10.039 | 9.663 | 10.110 | -2% | 1% | 5% |
| Rafmagn | 489 | 501 | 487 | 468 | -4% | -7% | -4% |
| Heitt vatn | 1.202 | 1.203 | 1.265 | 1.341 | 12% | 11% | 6% |
| Önnur orkukaup | 0 | 700 | 1.270 | 1.385 | | 98% | 9% |
| Hreinlætisvörur | 1.144 | 1.300 | 1.126 | 996 | -13% | -23% | -12% |
| Sorphreinsun | 287 | 351 | 335 | 366 | 28% | 4% | 9% |
| Aðkeypt ræsting | 86 | 70 | 110 | 243 | 182% | 245% | 120% |
| **Samtals** | **13.547** | **14.164** | **14.256** | **14.908** | **10%** | **5%** | **5%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 58 innifelur valda útgjaldaliði í Leikskólanum Sólborg árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Fram kemur í töflunni að samtals hafa útgjöldin hækkað um 10% frá árinu 2016 til 2019. Á sama tíma hefur vístala neysluverðs hækkað frá árinu 2016 til 2019 um 7,6%.

**Tafla 59: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskólanum Sólborg árin 2009 til 2019 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 76,9 | 78,5 | 80,5 | 82,1 | 113,8 | 100,9 | 88,1 | 110,0 | 106,6 | 87,5 | 98,2 |
| Leikskólakennari | 9,8 | 8,0 | 7,7 | 9,5 | 13,0 | 4,9 | 5,4 | 9,6 | 10,6 | 8,8 | 8,8 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,9 | 0,0 | 6,4 | 4,9 | 3,8 | 10,3 | 6,5 | 3,5 |
| Aðrir starfsmenn | 11,4 | 10,9 | 11,3 | 8,8 | 16,9 | 17,0 | 14,9 | 19,2 | 9,2 | 11,2 | 18,3 |
| Samtals stöðugildi | 24,3 | 21,9 | 21,9 | 22,2 | 29,9 | 28,3 | 25,2 | 32,6 | 30,2 | 26,4 | 30,5 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,2 | 3,6 | 3,7 | 3,7 | 3,8 | 3,6 | 3,5 | 3,4 | 3,5 | 3,3 | 3,2 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af samtals stg. | 41% | 37% | 35% | 43% | 43% | 17% | 21% | 29% | 35% | 33% | 29% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldirfr.m. af samt. Stg. | 53% | 50% | 49% | 60% | 43% | 40% | 41% | 41% | 70% | 58% | 40% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 59 má sjá þróun fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Sólborg frá árinu 2009 til 2019.

Aukning var á fjölda HDÍG frá árinu 2009 til 2013 en þá náði fjöldi HDÍG hámarki á tímabilinu eða 113,8. Frá árinu 2013 til ársins 2019 hefur fjöldi HDÍG minnkað og stóð í 98,2 árið 2019.

Stöðugildum fjölgaði í takt við fjölgun HDÍG milli áranna 2009 og 2013. Árið 2013 voru samtals 29,9 stöðugildi í leikskólanum. Árið 2019 voru 98,2 HDÍG og 30,5 stöðugildi í leikskólanum. Fleiri stöðugildi voru í leikskólanum árið 2019 en árið 2013 en á sama tíma voru fleiri HDÍG í leikskólanum árið 2013.

HDÍG á hvert stöðugildi var 3,2 árið 2009 og árið 2019 og var ekki lægra á tímabilinu. Flest HDÍG á hvert stöðugildi voru árið 2013 en þá voru þau 3,8.

Mynd 32 og 33 sýna sömu upplýsingar og koma fram í töflu 59 en með myndrænum hætti.

## Mynd 32: Fjöldi HDÍG og stöðugilda árin 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Mynd 33: Fjöldi HDÍG og HDÍG á hvert stöðugildi frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

### Tafla 60: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2018

| | Árborg Leikskólinn Álfheimar | Vestm. Leikskólinn Kirkjugerði | Reykjavík Leikskólinn Reynisholt | Reykjavík Leikskólinn Hamrar | Hafnarfj. Leikskólinn Álfaberg | **Ísafj. Leikskólinn Sólborg** | Reykjavík Leikskólinn Álftaborg | Reykjanes Leikskólinn Holt Rnesbæ | Suðurnes Leikskólinn Gefnarborg | Akureyri Leikskólinn Lundarsel | Reykjavík Sunnuás |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 86,9 | 87,1 | 87,4 | 87,4 | 87,5 | **87,5** | 88,0 | 88,3 | 88,8 | 90,0 | 91,3 |
| Leikskólakennarar | 8,9 | 3,2 | 5,3 | 6,0 | 6,1 | **8,8** | 9,5 | 12,0 | 6,8 | 14,4 | 9,8 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 2,8 | 3,9 | 5,6 | 5,6 | 6,5 | **6,5** | 4,4 | 0,0 | 11,3 | 3,0 | 0,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 14,6 | 14,8 | 6,3 | 5,0 | 15,4 | **8,4** | 6,4 | 11,5 | 5,0 | 1,8 | 21,8 |
| Aðrir starfsmenn | 1,9 | 0,8 | 2,0 | 1,0 | 0,0 | **2,8** | 0,0 | 1,8 | 0,0 | 2,0 | 0,0 |
| Samtals stöðugildi | 28,1 | 22,7 | 19,2 | 17,6 | 28,0 | **26,4** | 20,3 | 25,3 | 23,1 | 21,1 | 31,6 |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennarar | 9,8 | 27,4 | 16,5 | 14,6 | 14,4 | **10,0** | 9,2 | 7,4 | 13,0 | 6,3 | 9,4 |
| Leikskólak. og aðra uppeldismenntun | 7,5 | 12,4 | 8,0 | 7,5 | 7,0 | **5,7** | 6,3 | 7,4 | 4,9 | 5,2 | 9,4 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 5,3 | 5,6 | 10,6 | 14,6 | 5,7 | **7,8** | 13,9 | 6,7 | 17,8 | 24,0 | 4,2 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,1 | 3,8 | 4,6 | 5,0 | 3,1 | **3,3** | 4,3 | 3,5 | 3,8 | 4,3 | 2,9 |
| Hlutf. stg. leiksk.k. af stg. samt. | 32% | 14% | 28% | 34% | 22% | **33%** | 47% | 47% | 29% | 68% | 31% |
| Hlutf. stg. leiks.k. og uppe.fr.m. af stg. s | 41% | 31% | 57% | 66% | 45% | **58%** | 69% | 47% | 78% | 82% | 31% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 60 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2018 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru samtals 26,4 stöðugildi við leikskólann, þrír aðrir leikskólar eru með fleiri stöðugildi og var mestur fjöldinn í Sunnuási með 31,6 stöðugildi. Fimm leikskólar eru með fleiri stöðugildi leikskólakennara en Leikskólinn Sólborg sem var með næst flest stöðugildi þeirra sem eru með aðra uppeldisfræðimenntun. Fimm leikskólar eru með fleiri stöðugildi ófaglærðra starfsmanna og flest stöðugildi annarra starfsmanna er í leikskólanum Sólborg.

HDÍG á hvert stöðugildi í Leikskólanum Sólborg í töflunni var 3,3 og var lægst í leikskólanum Sunnuási, 2,9. Tveir aðrir leikskólar voru með lægri HDÍG á hvert stöðugildi og báðir eru þeir í 3,1. Flest HDÍG á hvert stöðugildi voru í Leikskólanum Hömrum þar sem það var 5,0.

## Leikskólinn Tjarnarbær

Í Leikskólanum Tjarnarbæ eru 14 börn og eru þeim skipt upp í tvær deildir. Deildirnar eru aldursskiptar og eru börn frá 12 mánaða til þriggja ára aldurs saman á yngri deild. Þau börn sem eru þriggja til fimm ára eru á eldri deild. Vegna smæðar leikskólans er mikill samgangur á milli deilda. Vakin er sérstök athygli á að börnum fækkaði nokkuð milli áranna 2018 og 2019, en útlit er fyrir að börnum fjölgi aftur árið 2020. Vegna tímabundinnar stöðu var tekin ákvörðun um að breyta ekki skipulagi á starfsemi skólans.

**Mynd 34: Fjöldi barna eftir fæðingarárum, febrúar 2020**




Heimild: Ísafjarðarbær

Við leikskólann er leikskólastjóri og deildarstjóri. Samtals eru 5,588 stöðugildi við leikskólann. Í töflu 61 er að finna skiptingu og fjölda stöðugilda eftir starfsheitum.

**Tafla 61: Skipting og fjöldi stöðugilda í Leikaskólanum Tjarnarbæ, janúar 2020**

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,000 |
| Deildarstjóri | 1,000 |
| Starfsmenn á deildum | 1,650 |
| Eldhús | 0,938 |
| Stuðningur | 1,000 |
| Samtals | 5,588 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Leikskólinn er opnaður kl. 07:45 og mætir einn starfsmaður á þeim tíma, annar starfsmaður mætir kl. 07:50 og fá þeir greitt álag vegna vinnutíma fyrir kl. 08:00. Báðir þessir starfsmenn ljúka vinnudeginum eftir átta klst. vinnudag. Leikskólastjóri sér um að loka húsnæðinu kl. 16:15.

Dagur barnanna hefst á morgunmat kl. 08:10. Ávaxta- og grænmetisstund er kl. 10:00, hádegismatur er frá kl. 12:00 til 12:30 og sér leikskólinn um öll innkaup og að matreiða fyrir bæði leik- og grunnskólann á Suðureyri. Síðdegishressing er kl. 14:30.

Starfsmenn taka matartíma með börnunum í hádeginu. Starfsmenn geta tekið kaffitíma sinn innan ákveðins tímabils fyrir og eftir hádegi og eru þeir frá kl. 09:00 til 10:00 og kl. 12:30 til 13:30.

Tveir starfsmenn skipta með sér þrifum á leikskólanum. Þrifin fara almennt fram á milli kl. 17:00 til 19:00 en þeir hafa heimild til að þrífa á öðrum tíma, en ekki á skólatíma. Greitt er fyrir uppmælingu á þrifum og eru stöðugildi vegna þess ekki talin með í töflu 61.

Leikskólinn sér um frístund fyrir Grunnskólann á Suðureyri. Þrjú börn eru í frísund og hafa pláss frá kl. 13:00 til 16:00 alla virka daga. Enginn aukastarfsmaður kemur inn vegna þessarar þjónustu.

Leikskólanum er lokað fjóra heila daga á ári, þrír skipulagsdagar og einn námskeiðsdagur. Þar að auki eru 18 fundartímar á ári og eru þeir á föstudögum milli kl. 14:00 til 16:00, samtals eru þetta 9 fundir yfir árið. Leikskólanum er lokað á fundartímum.

Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur á sumrin, yfirleitt frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst.

Leikskólastjóri sér um alla innheimtu vegna leikskóla- og fæðisgjalda (einnig fyrir grunnskólann), sér  að auki um að innheimta fyrir þjónustu í frístund.

Leikskólastjóri sér um alla afleysingu í leikskólanum og að auki sérkennslu.

### Tafla 62: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag | Borgar-byggð | Bláskóga-byggð | Langanes-byggð | Skaftár-hreppur | Stranda-byggð | **Ísafjörður** | Garða-bær | Skaga-strönd | Svalbarðs-strandarhr. | Dala-byggð | Garða-bær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Hnoðraból | Bláskóga-skóli | Barnaból | Kæribær | Lækjar-brekka | **Tjarnar-bær** | Flataskóli | Barnaból | Álfaborg | Auðar-skóli | Sunnu-hvoll |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 19,3 | 19,8 | 20,4 | 20,6 | 20,9 | **22,4** | 24,0 | 24,3 | 24,6 | 25,4 | 25,6 |
| Fjöldi barna | 20 | 20 | 20 | 23 | 21 | **22** | 23 | 27 | 24 | 28 | 26 |
| Tekjur | -8.138 | -9.596 | -12.856 | -8.309 | -7.333 | **-9.981** | -12.772 | -5.199 | -7.561 | -8.464 | -10.409 |
| Laun og launatengd gjöld | 47.215 | 46.431 | 49.745 | 40.351 | 61.986 | **43.037** | 30.791 | 0 | 52.158 | 56.619 | 80.119 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6.990 | 8.109 | 8.966 | 6.810 | 15.615 | **7.771** | 9.178 | 56.672 | 7.325 | 6.548 | 16.060 |
| Rekstrargjöld samtals | 54.205 | 54.541 | 58.711 | 47.161 | 77.601 | **50.807** | 39.970 | 56.672 | 59.482 | 63.167 | 96.180 |
| Rekstrargjöld nettó | 46.067 | 44.945 | 45.855 | 38.852 | 70.268 | **40.826** | 27.197 | 51.472 | 51.921 | 54.703 | 85.771 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 62 sýnir samanburð á rekstrargjöldum samtals í samanburðarleikskólum árið 2018 í þús. kr.

Eins og taflan sýnir eru einungis tveir leikskólar með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Tjarnabær. Það sama á við þegar rekstrargjöld eru skoðuð en samtals voru þau í Tjarnarborg 50,8 millj. kr. en í leikskólanum Sunnuhvoll, þar sem hann var hæstur, voru rekstrargjöldin 96,2 millj. kr.  Sunnuhvoll er ungbarnaleikskóli. Nettó rekstrargjöld í Tjarnarbæ voru 40,8 millj. kr. og voru hæst í Sunnuhvoli eða 85,8 millj. kr. Flataskóli er bæði með lægstu rekstrargjöldin samtals og nettó. Það skal tekið fram að leikskólinn er samrekinn með grunnskóla þannig kostnaði er dreift á báðar einingar.

### Tafla 63: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag | Borgar-byggð | Bláskóga-byggð | Langanes-byggð | Skaftár-hreppur | Stranda-byggð | **Ísafjörður** | Garða-bær | Skaga-strönd | Svalbarðs-strandarhr. | Dala-byggð | Garða-bær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Hnoðraból | Bláskóga-skóli | Barnaból | Kæribær | Lækjar-brekka | **Tjarnar-bær** | Flataskóli | Barnaból | Álfaborg | Auðar-skóli | Sunnu-hvoll |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 19,3 | 19,8 | 20,4 | 20,6 | 20,9 | **22,4** | 24,0 | 24,3 | 24,6 | 25,4 | 25,6 |
| Fjöldi barna | 20,0 | 20,0 | 20,0 | 23,0 | 21,0 | **22,0** | 23,0 | 27,0 | 24,0 | 28,0 | 26,0 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 2.816 | 2.762 | 2.882 | 2.287 | 3.717 | **2.271** | 1.665 | 2.337 | 2.416 | 2.489 | 3.753 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.453 | 2.351 | 2.441 | 1.956 | 2.969 | **1.923** | 1.283 | 0 | 2.118 | 2.231 | 3.127 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 363 | 411 | 440 | 330 | 748 | **347** | 382 | 2.337 | 297 | 258 | 627 |
| Tekjur á hvert HDÍG | -423 | -486 | -631 | -403 | -351 | **-446** | -532 | -214 | -307 | -334 | -406 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 15,0% | 17,6% | 21,9% | 17,6% | 9,5% | **19,6%** | 32,0% | 9,2% | 12,7% | 13,4% | 10,8% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 63 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í samanburðarleikskólum.

Af samanburðinum má sjá að Tjarnarbær var með þriðja lægsta rekstrarkostnað á hvert HDÍG árið 2018, eða 2.271 þús. kr. á hvert HDÍG. Hæstur var leikskólinn Sunnuhvoll í Garðabæ með 3.753 þús. kr. á hvert HDÍG. Lægsti kostnaður á hvert HDÍG var í Flataskóla þar sem hann var 1.665 þús. kr.

Tekjur á hvert HDÍG í Tjarnarborg voru 446 þús. kr. á hvert HDÍG. Þrír aðrir leikskólar voru með hærri tekjur á hvert HDÍG. Tekjubilið á hvert HDÍG var frá 214 – 631 þús. kr.

**Tafla 64: Skipting launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Tjarnarbæ árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi barna | 17 | 20 | 22 | 13 | -23,5% | -35,0% | -40,9% |
| Fjöldi HDÍG | 16,6 | 19,0 | 22,4 | 10,0 | -39,7% | -47,3% | -55,3% |
| Mánaðarlaun | 30.267 | 30.070 | 30.302 | 30.302 | 0,1% | 0,8% | 0,0% |
| Dagvinnulaun | 0 | 1.026 | 1.520 | 1.840 | | 79,3% | 21,1% |
| Föst yfirvinnulaun | 10 | 0 | 0 | 0 | -100,0% | | |
| Vaktaálag | 610 | 678 | 651 | 624 | 2,3% | -8,0% | -4,2% |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 141 | 114 | 134 | | -5,2% | 17,1% |
| Önnur laun | 500 | 0 | 0 | 994 | 98,9% | | |
| Uppbætur | 616 | 1.052 | 1.014 | 1.011 | 64,0% | -3,9% | -0,3% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 480 | 445 | 350 | | -27,1% | -21,3% |
| Áfallið orlof, breyting | 776 | -320 | 325 | 222 | -71,4% | -169,2% | -31,8% |
| Launatengdgjöld | 7.622 | 7.961 | 8.160 | 8.357 | 9,6% | 5,0% | 2,4% |
| Vinnufatnaður skv. samn. | 43 | 104 | 83 | 63 | 46,4% | -39,6% | -24,7% |
| Kaffikostnaður | 33 | 55 | 70 | 55 | 65,7% | 0,4% | -21,0% |
| Matarkostnaður | 22 | 10 | 0 | 18 | -16,7% | 76,7% | |
| **Launagjöld samtals** | **40.498** | **41.257** | **42.683** | **43.968** | **8,6%** | **6,6%** | **3,0%** |
| Vörukaup samtals | 4.532 | 4.296 | 5.087 | 4.549 | 0,4% | 5,9% | -10,6% |
| Innri leiga | 8.069 | 7.160 | 5.885 | 5.962 | -26,1% | -16,7% | 1,3% |
| Þjónustukaup | 1.389 | 2.107 | 1.480 | 1.451 | 4,5% | -31,2% | -2,0% |
| Annar kostnaður | 2.619 | 1.979 | 1.557 | 1.441 | -45,0% | -27,2% | -7,5% |
| Samtals önnur rekstrargjöld | 16.608 | 15.541 | 14.008 | 13.403 | -19,3% | -13,8% | -4,3% |
| **Samtals gjöld** | 57.107 | 56.798 | 56.692 | 57.371 | 0,5% | 1,0% | 1,2% |
| **Tekjur alls** | -8.304 | -9.096 | -9.981 | -8.871 | 6,8% | -2,5% | -11,1% |
| **Rekstrarniðurstaða** | 48.802 | 47.703 | 46.710 | 48.500 | -0,6% | 1,7% | 3,8% |
| | | | | | | | |
| Fjárheimild (fjárhagsáætlun) | 53.548 | 55.649 | 57.732 | 60.005 | 12,1% | 7,8% | 3,9% |
| Mismunur á raungjöldum og fjárheimild | 3.558 | 1.149 | -1.040 | -2.634 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 0,0% | 0,5% | 0,4% | 0,4% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 3,7% | 4,0% | 3,7% | 7,1% | | | |
| Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum | 14,5% | 16,0% | 17,6% | 15,5% | | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 64 sýnir skiptingu launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Tjarnarbæ árin 2016 til 2019 í þús. kr.

Frá árinu 2016 til ársins 2019 hafa launagjöld samtals hækkað um 8,6%. Mánaðarlaun standa í stað en aðrir liðir hækka launakostnaðinn, s.s. dagvinnulaun, önnur yfirvinna, önnur laun og uppbætur. Á sama tímabili fækkar börnum úr 17 í 13 en fóru í 22 árið 2018.

Vörukaup samtals hækka lítillega frá 2016 til 2019 eða um 0,4% og það sama má segja um þjónustukaup án innri leigu.

Tvö ár af fjórum  eru rekstrargjöldin undir heimildum fjárhagsáætlunar.

Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum voru á bilinu 14,5% og upp í 17,6%.

Yfirvinna og aðrar launagreiðslur[1] sem hlutfall af mánaðarlaunum hækkar í 7,1% árið 2019 en hafði staðið í um 4% árin áður.

### Tafla 65: Nokkrir útgjaldaliðir í Tjarnarbæ árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 3.064 | 2.897 | 3.081 | 3.309 | 8% | 14% | 7% |
| Rafmagn | 190 | 220 | 199 | 189 | 0% | -14% | -5% |
| Heitt vatn | 503 | 542 | 591 | 617 | 23% | 14% | 4% |
| Hreinlætisvörur | 174 | 127 | 120 | 98 | -44% | -23% | -18% |
| Sorphreinsun | 62 | 63 | 82 | 121 | 95% | 93% | 48% |
| **Samtals** | **3.993** | **3.849** | **4.074** | **4.334** | **9%** | **13%** | **6%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 65 innifelur valda útgjaldaliði í Tjarnarborg árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Fram kemur í töflunni að samtals hafa útgjöldin hækkað um 9% frá árinu 2016 til 2019. Kostnaður vegna heits vatns hefur hækkað um 23% á tímabilinu og kostnaður vegna sorphreinsunar hefur tvöfaldast. Útgjöld vegna hreinlætisvara hafa lækkað umtalsvert á tímabilinu.

### Tafla 66: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Tjarnarbæ árin 2009 til 2019 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi heildagsígildi (HDÍG) | 24,0 | 29,5 | 28,6 | 21,3 | 22,5 | 22,5 | 14,5 | 16,6 | 19,0 | 22,4 | 10,0 |
| Leikskólakennari | 2,0 | 1,5 | 2,0 | 3,3 | 2,0 | 2,0 | 4,0 | 4,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 1,0 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | 2,0 | 1,6 | 0,7 |
| Aðrir starfsmenn | 3,9 | 4,9 | 5,1 | 4,1 | 4,9 | 4,3 | 3,3 | 1,5 | 2,2 | 2,5 | 2,9 |
| Samtals stöðugildi | 5,9 | 7,4 | 7,8 | 7,3 | 6,9 | 6,3 | 7,3 | 6,5 | 6,2 | 6,2 | 5,6 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,1 | 4,0 | 3,7 | 2,9 | 3,2 | 3,6 | 2,0 | 2,6 | 3,1 | 3,6 | 1,8 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af samtals stg. | 34% | 20% | 26% | 44% | 29% | 32% | 55% | 62% | 32% | 32% | 36% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldirfr.m. af samt. Stg. | 34% | 34% | 35% | 44% | 29% | 32% | 55% | 77% | 65% | 59% | 47% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Í töflu 66 má sjá þróun á fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Tjarnarbæ frá árinu 2009 til 2019.

[1] Aðrar launagreiðslur eru: önnur laun og uppbætur

HDÍG voru 24,0 árið 2009 en fóru í 29,5 ári seinna, var aldrei hærra á tímabilinu. Frá árinu 2010 til ársins 2016 fækkaði HDÍG. Árið 2019 fækkaði HDÍG og náði lágmarki á tímabilinu, og voru 10,0 HDÍG í leikskólanum það ár.

Stöðugildum fjölgaði frá árinu 2009 úr 5,9 í 7,8 árið 2011 og voru ekki fleiri stöðugildi við leikskólann á tímabilinu. Stöðugildum fækkar lítillega milli áranna 2012 til 2014 en fjölgaði árið 2015 í 7,3 þegar mikil fækkun var á HDÍG sama ár. Á árunum 2016 til 2018 helst fjöldi stöðugilda nánast óbreyttur. Milli áranna 2018 og 2019 fækkar stöðugildum um 0,6 en á sama tíma fækkar HDÍG um 12,4.

HDÍG á hvert stöðugildi var 4,1 árið 2009 og voru aldrei fleiri HDÍG á hvert stöðugildi á tímabilinu. Árið 2015 fer fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi niður í 2,0 og árið 2019 fór fjöldinn niður í 1,8.

Mynd 35 og 36 sýna sömu upplýsingar og koma fram í töflu 66 en með myndrænum hætti.

**Mynd 35: Fjöldi HDÍG og stöðugilda árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Mynd 36: Fjöldi HDÍG og HDÍG á hvert stöðugildi frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Tafla 67: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2018

| Sveitarfélag / Leikskóli | Borgarbyggð Hnoðraból | Bláskógabyggð Bláskógaskóli | Langanesbyggð Barnaból | Skaftárhreppur Kæribær | Strandabyggð Lækjarbrekka | **Ísafjörður Tjarnarbær** | Garðabær Flataskóli | Skagaströnd Barnaból | Svalbarðsstrandarhr. Álfaborg | Dalabyggð Auðarskóli | Garðabær Sunnuhvoll |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 19,3 | 19,8 | 20,4 | 20,6 | 20,9 | **22,4** | 24,0 | 24,3 | 24,6 | 25,4 | 25,6 |
| Leikskólakennarar | 2,0 | 2,0 | 1,7 | 1,0 | 2,0 | **2,0** | 0,0 | 2,0 | 3,0 | 1,0 | 4,7 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 3,1 | 1,0 | 0,0 | 1,0 | **1,7** | 1,1 | 4,0 | 0,0 | 2,1 | 0,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 4,8 | 1,3 | 4,0 | 6,6 | 4,5 | **1,4** | 3,0 | 2,8 | 4,0 | 4,9 | 5,2 |
| Aðrir starfsmenn | 1,2 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 1,2 | **1,2** | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,8 | 0,8 |
| Samtals stöðugildi | 7,9 | 6,9 | 7,3 | 8,2 | 8,7 | **6,2** | 4,1 | 9,0 | 7,3 | 8,8 | 10,7 |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennarar | 9,6 | 9,9 | 12,1 | 20,6 | 10,4 | **11,2** | | 12,1 | 8,3 | 25,4 | 5,5 |
| Leikskólak. og aðra uppeldismenntun | 9,6 | 3,9 | 7,6 | 20,6 | 7,0 | **6,1** | 21,8 | 4,0 | 8,3 | 8,2 | 5,5 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 3,3 | | 4,5 | 2,9 | 3,7 | **8,8** | 7,9 | 8,1 | 5,7 | 4,5 | 4,3 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,4 | 2,9 | 2,8 | 2,5 | 2,4 | **3,6** | 5,8 | 2,7 | 3,4 | 2,9 | 2,4 |
| Hlutf. stg. leiksk.k. af stg. samt. | 25% | 29% | 23% | 12% | 23% | **32%** | 0% | 22% | 41% | 11% | 44% |
| Hlutf. stg. leiks.k. og uppe.fr.m. af stg. samt. | 25% | 74% | 37% | 12% | 34% | **59%** | 27% | 67% | 41% | 35% | 44% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 67 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2018 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir eru samtals 6,2 stöðugildi við leikskólann, einungis tveir aðrir leikskólar eru með færri stöðugildi. Flest stöðugildi voru í Sunnuhvoli. Flestir leikskólar eru með tvö stöðugildi leikskólakennara eins og Tjarnarbær. Hlutfall leikskólakennara af samtals stöðugildum í Tjarnarbæ var 32% en hæst fer það í 44% og lægsta hlutfallið var 12%.

HDÍG á hvert stöðugildi í Tjarnarbæ í töflunni er 3,6.

Staðan hefur breyst verulega frá því að þessar tölur komu fram en í desember 2019 voru 5,6 stöðugildi við Tjarnarbæ og HDÍG voru 10,0, þar af leiðandi var HDÍG á hvert stöðugildi komið í 1,8.

## Leikskólinn Grænigarður

Leikskólinn Grænigarður er einnar deildar leikskóli og í honum eru 17 börn. Innan deildarinnar eru börnunum skipt í hópa sem taka mið af aldri.

Leikskólastjóri er einnig skólastjóri yfir Grunnskóla Önundarfjarðar og hefur aðsetur í grunnskólanum. Skólastjóri hefur viðveru í leikskólanum alla þriðjudaga frá kl. 09:00 til 12:00.

**Mynd 37: Fjöldi barna eftir fæðingarárum**




Heimild: Ísafjarðarbær

Í mynd 37 er samantekinn fjöldi barna eftir árgöngum sem eru í leikskólanum. Flest börn eru í árgangi 2016 en fæst eru í 2017 og 2018. Engin börn eru í árgangi 2019.

Við leikskólann eru samtals 5,84 stöðugildi án stöðugildis leikskólastjóra. Eitt stöðugildi er fyrir

deildarstjóra sem sinnir daglegri stjórnun á leikskólanum með stuðningi frá leikskólastjóra

### Tafla 68: Skipting og fjöldi stöðugilda á Grænagarði, janúar 2020

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri/Skólastjóri | 1,00 |
| Deildarstjóri | 1,00 |
| Leikskólakennarar | 1,53 |
| Leiðbeindandi | 2,84 |
| Ræsting | 0,47 |
| Samtals með leikskólastjóra | 6,84 |
| Samtals án leikskólastjóra | 5,84 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 68 er að finna yfirlit yfir og skiptingu stöðugilda á Grænagarði í janúar 2020.

Leikskólinn er opnaður kl. 08:00 og sér deildarstjóri um að opna skólann. Leikskólanum er lokað kl. 16:00. Börnin fá morgunmat frá kl. 08:45 til 09:15. Hádegismatur er frá kl. 11:30 til 12:00. Maturinn er keyptur frá Gunnukaffi og sér skólaliði frá Grunnskóla Önundarfjarðar um að koma með matinn í leikskólann. Síðdegishressing er kl. 14:45 til 15:15.

Börnin fara öll saman daglega í útivist kl. 10:30 til 11:30 ef veður leyfir.

### Tafla 69: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag | Norðurþing | Súðavík | Ísafjörður | Húnavatn shr. | Fjarðabyggð | **Ísafjörður** | Dalvík | Reykhóla hr. | Grýtubakka hr. | Skagafjörður | Borgarbyggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Öxarfjarðar skóli | Súðavíkur skóli | Laufás | Húnavalla skóli | Breiðdals skóli | **Grænigarður** | Árskógar skóli | Reykhóla skóli | Krummafótur | Tröllaborg | Hnoðraból |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 10,0 | 11,0 | 12,1 | 12,8 | 13,0 | **16,3** | 16,4 | 17,9 | 18,9 | 19,1 | 19,3 |
| Fjöldi barna | 11 | 11 | 14 | 14 | 14 | **18** | 18 | 19 | 20 | 20 | 20 |
| Tekjur | 0 | -1.956 | -7.089 | 0 | -4.724 | **-10.133** | -3.860 | -4.982 | -6.628 | -9.497 | -8.138 |
| Laun og launatengd gjöld | 0 | 14.923 | 22.205 | 0 | 32.025 | **30.270** | 26.134 | 49.089 | 50.437 | 59.445 | 47.215 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 2.875 | 7.262 | 0 | 2.598 | **8.848** | 7.455 | 12.380 | 5.468 | 4.959 | 6.990 |
| Rekstrargjöld samtals | 0 | 17.798 | 29.467 | 0 | 34.623 | **39.118** | 33.589 | 61.469 | 55.905 | 64.403 | 54.205 |
| Rekstrargjöld nettó | 0 | 15.842 | 22.378 | 0 | 29.899 | **28.985** | 29.729 | 56.488 | 49.277 | 54.907 | 46.067 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 69 sýnir samanburð á rekstrargjöldum samtals í samanburðarleikskólum árið 2018 í þús. kr.

Eins og taflan sýnir voru þrír leikskólar með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Grænigarður. Fjórir leikskólar voru með lægri rekstrargjöld samtals en samtals voru þau hjá Grænagarði 39,1 millj. kr. Nettó rekstrargjöld í Grænagarði voru 29,0 millj. kr. en voru hæst í Reykhólaskóla eða 56,5 millj. kr.

## Tafla 70: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag | Norðurþing | Súðavík | Ísafjörður | Húnavatnshr. | Fjarðabyggð | **Ísafjörður** | Dalvík | Reykhólahr. | Grýtubakkahr. | Skagafjörður | Borgarbyggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Öxarfjarðarskóli | Súðavíkurskóli | Laufás | Húnavallaskóli | Breiðdalsskóli | **Grænigarður** | Árskógarskóli | Reykhólaskóli | Krummafótur | Tröllaborg | Hnoðraból |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 10,0 | 11,0 | 12,1 | 12,8 | 13,0 | **16,3** | 16,4 | 17,9 | 18,9 | 19,1 | 19,3 |
| Fjöldi barna | 11 | 11 | 14 | 14 | 14 | **18** | 18 | 19 | 20 | 20 | 20 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 0 | 1.618 | 2.430 | 0 | 2.663 | **2.407** | 2.051 | 3.439 | 2.962 | 3.367 | 2.816 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 0 | 1.357 | 1.831 | 0 | 2.463 | **1.863** | 1.596 | 2.746 | 2.672 | 3.108 | 2.453 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 0 | 261 | 599 | 0 | 200 | **545** | 455 | 693 | 290 | 259 | 363 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 0 | -178 | -585 | 0 | -363 | **-624** | -236 | -279 | -351 | -497 | -423 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | | 11,0% | 24,1% | | 13,6% | **25,9%** | 11,5% | 8,1% | 11,9% | 14,7% | 15,0% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 70 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í samanburðarleikskólum.

Í samanburðinum má sjá að Grænigarður er með þriðja lægsta rekstrarkostnað á hvert HDÍG árið 2018, eða 2.407 þús. kr. á hvert HDÍG. Hæstur var leikskólinn Tröllaborg í Sveitarfélaginu Skagafjörður með 3.367 þús. kr. á hvert HDÍG. Leikskólinn Laufás á Þingeyri kemur næst á eftir Grænagarði og er rekstrarkostnaður þar á hvert HDÍG 2.430 þús. kr.

Tekjur á hvert HDÍG í Grænagarði voru 624 þús. kr. á hvert HDÍG og er enginn annar leikskóli með hærri tekjur á HDÍG. Tekjubilið á hvert HDÍG var frá 178 – 624 þús. kr.

### Tafla 71: Skipting launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Grænagarði árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi barna | 4 | 10 | 18 | 15 | 275,0% | 50,0% | -16,7% |
| Fjöldi HDÍG | 3,8 | 8,9 | 16,3 | 15,9 | 324,0% | 79,2% | -2,2% |
| Mánaðarlaun | 20.647 | 17.275 | 21.679 | 23.002 | 11,4% | 33,1% | 6,1% |
| Dagvinnulaun | 0 | 1.022 | 519 | 327 | | -68,0% | -37,0% |
| Föst yfirvinnulaun | 719 | 147 | 0 | 0 | -100,0% | -100,0% | |
| Vaktaálag | 315 | 0 | 0 | 0 | -100,0% | -100,0% | |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 318 | 1.028 | 87 | | -72,6% | -91,5% |
| Önnur laun | 512 | 0 | 0 | 1.277 | 149,2% | | |
| Uppbætur | 438 | 631 | 619 | 781 | 78,2% | 23,8% | 26,1% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 1.002 | 650 | 325 | | -67,6% | -50,1% |
| Áfallið orlof, breyting | 145 | 0 | -215 | 529 | 264,3% | | -345,9% |
| Launatengdgjöld | 5.383 | 4.819 | 5.700 | 5.747 | 6,8% | 19,3% | 0,8% |
| Vinnufatnaður skv. samn. | 0 | 0 | 15 | 200 | | | 1231,5% |
| Kaffikostnaður | 66 | 20 | 40 | 32 | -52,1% | 55,3% | -21,5% |
| Matarkostnaður | 6 | | 0 | 12 | 100,3% | | |
| **Launagjöld samtals** | **28.233** | **25.236** | **30.037** | **32.318** | **14,5%** | **28,1%** | **7,6%** |
| Vörukaup samtals | 3.526 | 2.762 | 6.223 | 9.213 | 161,3% | 233,6% | 48,0% |
| Innri leiga | 9.871 | 8.706 | 7.200 | 7.345 | -25,6% | -15,6% | 2,0% |
| Þjónustukaup | 1.503 | 864 | 1.091 | 1.212 | -19,4% | 40,3% | 11,1% |
| Annar kostnaður | 2.050 | 2.139 | 1.628 | 1.455 | -29,0% | -32,0% | -10,6% |
| Samtals önnur rekstrargjöld | 16.950 | 14.471 | 16.141 | 19.225 | 13,4% | 32,9% | 19,1% |
| **Samtals gjöld** | 45.182 | 39.706 | 46.178 | 51.543 | 14,1% | 29,8% | 11,6% |
| **Tekjur alls** | -5.444 | -4.540 | -10.133 | -10.053 | 84,7% | 121,4% | -0,8% |
| **Rekstrarniðurstaða** | 39.738 | 35.166 | 36.045 | 41.490 | 4,4% | 18,0% | 15,1% |
| | | | | | | | |
| Fjárheimild (fjárhagsáætlun) | 42.769 | 40.024 | 45.097 | 60.042 | 40,4% | 50,0% | 33,1% |
| Mismunur á raungjöldum og fjárheimild | 2.413 | -318 | 1.080 | -8.499 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 3,5% | 2,7% | 4,7% | 0,4% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 8,1% | 6,3% | 7,6% | 9,3% | | | |
| Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum | 12,0% | 11,4% | 21,9% | 19,5% | | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 71 sýnir skiptingu launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Grænagarði árin 2016 til 2019 í þús. kr.

Frá árinu 2016 til ársins 2019 hafa launagjöld samtals hækkað um 14,5%. Mánaðarlaun hækka um 11,4% og aðrir liðir hækka, s.s. dagvinnulaun, önnur laun og uppbætur. Börnum fjölgar nokkuð í leikskólanum frá árinu 2016 til 2019 og voru flest börn á tímabilinu árið 2018 en þá voru 18 börn í leikskólanum.

Vörukaup hækka umtalsvert á tímabilinu en frá 2016 til 2019 hækka þau um 161,3% en þjónustukaup lækka á sama tímabili.

Tvö ár af fjórum eru rekstrargjöldin undir heimildum fjárhagsáætlunar.

Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum eru á bilinu 11,4% og upp í 21,9%.

Yfirvinna og aðrar launagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum var 9,3% árið 2019.

### Tafla 72: Nokkrir útgjaldaliðir í Grænagarði árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 2.521 | 1.836 | 4.241 | 7.871 | 212% | 329% | 86% |
| Rafmagn | 137 | 115 | 117 | 136 | -1% | 19% | 17% |
| Heitt vatn | 550 | 426 | 520 | 484 | -12% | 14% | -7% |
| Hreinlætisvörur | 98 | 145 | 121 | 76 | -22% | -47% | -37% |
| Sorphreinsun | 56 | 49 | 67 | 101 | 82% | 107% | 51% |
| Aðkeypt ræsting | 58 | 64 | 67 | 0 | -100% | -100% | -100% |
| **Samtals** | **3.420** | **2.634** | **5.132** | **8.669** | **153%** | **229%** | **69%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 72 innifelur valda útgjaldaliði hjá Grænagarði árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Fram kemur í töflunni að samtals hafa útgjöldin hækkað um 153% frá árinu 2016 til 2019. Matvæli hækka um 212% frá árinu 2016 til 2019. Taka verður mið af því að á árinu 2019 gerði leikskólinn samning við verktaka um kaup á mat en á móti féll niður stöðugildi vegna matráðs. Einnig hefur börnum við leikskólann fjölgað nokkuð. Aðrir kostnaðarliðir lækka, fyrir utan sorphreinsun en hún hækkar um 82% á tímabilinu.

### Tafla 73: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Grænagarði árin 2009 til 2019 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 8,5 | 9,1 | 11,4 | 12,5 | 10,9 | 15,5 | 8,9 | 3,8 | 8,9 | 16,3 | 15,9 |
| Leikskólakennari | 1,0 | 0,9 | 1,5 | 1,5 | 1,8 | 1,8 | 2,7 | 2,7 | 2,8 | 2,8 | 2,5 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Aðrir starfsmenn | 2,5 | 1,8 | 3,0 | 2,4 | 2,4 | 3,4 | 1,6 | 1,6 | 1,6 | 2,8 | 3,3 |
| Samtals stöðugildi | 3,5 | 2,6 | 4,5 | 4,0 | 4,3 | 5,2 | 4,3 | 4,3 | 4,4 | 5,6 | 5,8 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,4 | 3,5 | 2,6 | 3,2 | 2,5 | 3,0 | 2,0 | 0,9 | 2,0 | 2,9 | 2,7 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af samtals stg. | 29% | 33% | 34% | 39% | 43% | 35% | 63% | 63% | 63% | 50% | 43% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldirfr.m. af samt. Stg. | 29% | 33% | 34% | 39% | 43% | 35% | 63% | 63% | 63% | 50% | 43% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Í töflu 73 má sjá þróun á fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Laufás frá árinu 2009 til 2019.

Árið 2009 var fjöldi HDÍG 8,5 og var aldrei lægri á tímabilinu. Aukning var á fjölda HDÍG frá árinu 2009 til 2014. Árið 2018 náði fjöldi HDÍG hámarki og var 16,3 og lækkaði örlítið árið 2019 og stóð þá í 15,9.

Stöðugildum fjölgaði í takt við fjölgun HDÍG milli áranna 2009 og 2014. Árið 2014 voru samtals 5,2 stöðugildi í leikskólanum. Árið 2019 voru 15,9 HDÍG og 5,8 stöðugildi í leikskólanum.

HDÍG á hvert stöðugildi var 2,4 árið 2009 og náði hámarki á tímabilinu ári seinna og var þá 3,5. Árið 2019 voru 2,7 HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Grænagarði.

Mynd 38 og 39 sýna sömu upplýsingar og koma fram í töflu 73 en með myndrænum hætti.

### Mynd 38: Fjöldi HDÍG og stöðugilda frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

### Mynd 39: Fjöldi HDÍG og HDÍG á hvert stöðugildi frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Tafla 74: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2018

| Sveitarfélag | Norðurþing | Súðavík | Ísafjörður | Húnavatn shr. | Fjarðabyggð | **Ísafjörður** | Dalvík | Reykhóla hr. | Grýtubakka hr. | Skagafjörður | Borgarbyggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Öxarfjarðar skóli | Súðavíkur skóli | Laufás | Húnavalla skóli | Breiðdals skóli | **Grænigarður** | Árskógar skóli | Reykhóla skóli | Krummafótur | Tröllaborg | Hnoðraból |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 10,0 | 11,0 | 12,1 | 12,8 | 13,0 | **16,3** | 16,4 | 17,9 | 18,9 | 19,1 | 19,3 |
| Leikskólakennarar | 1,2 | 0,3 | 1,0 | 1,0 | 0,9 | **2,8** | 0,0 | 1,0 | 2,4 | 4,0 | 2,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 2,3 | 0,0 | 1,1 | 0,2 | **0,0** | 0,8 | 1,1 | 0,8 | 0,0 | 0,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 2,4 | 0,0 | 3,0 | 1,3 | 3,9 | **2,8** | 1,0 | 2,5 | 2,3 | 3,7 | 4,8 |
| Aðrir starfsmenn | 0,0 | 0,0 | 0,8 | 0,0 | 0,6 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 1,2 | 1,6 | 1,2 |
| Samtals stöðugildi | 3,6 | 2,5 | 4,8 | 3,4 | 5,6 | **5,6** | 1,8 | 4,6 | 6,6 | 9,3 | 7,9 |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennarar | 8,7 | 44,0 | 12,1 | 12,8 | 14,4 | **5,8** | | 17,9 | 8,0 | 4,8 | 9,6 |
| Leikskólak. og aðra uppeldismenntun | 8,7 | 4,4 | 12,1 | 6,1 | 11,8 | **5,8** | 20,5 | 8,5 | 6,1 | 4,8 | 9,6 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 4,2 | | 3,2 | 9,8 | 2,9 | **5,8** | 17,2 | 7,3 | 5,4 | 3,6 | 3,3 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,8 | 4,4 | 2,5 | 3,8 | 2,3 | **2,9** | 9,4 | 3,9 | 2,9 | 2,1 | 2,4 |
| Hlutf. stg. leiksk.k. af stg. samt. | 32% | 10% | 21% | 29% | 16% | **50%** | 0% | 22% | 36% | 43% | 25% |
| Hlutf. stg. leiks.k. og uppe.fr.m. af stg. samt. | 32% | 100% | 21% | 62% | 20% | **50%** | 46% | 46% | 47% | 43% | 25% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 74 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2018 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru samtals 5,6 stöðugildi í Grænagarði. Sex leikskólar eru með færri samtals stöðugildi og þrír eru með fleiri. Flest stöðugildin voru í Tröllaborg og voru þau 9,3. Grænigarður er með 2,8 stöðugildi leikskólakennara en einungis einn leikskóli er með fleiri stöðugildi leikskólakennara, en það var Tröllaborg með 4,0 stöðugildi. Hlutfall leikskólakennara af samtals stöðugildum í Grænagarði var 50% og er enginn annar leikskóli með hærra hlutfall í samanburðinum. Lægsta hlutfallið var 0%.

HDÍG á hvert stöðugildi í Grænagarði í töflunni var 2,9 og var lægst í Breiðdalsskóla, 2,3. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi í Súðavíkurskóla, eða 4,4.

## Leikskólinn Laufás

Leikskólinn Laufás er einnar deildar leikskóli og í honum eru 15 börn (feb. 2020). Yngstu börnin eru tekin inn á leikskólann þegar þau ná 12 mánaða aldri.

Innan deildar leikskólans er börnum skipt í þrjá hópa eftir aldri. Yngstu börnin mynda einn hóp, þau börn sem eru tveggja og þriggja ára mynda annan hóp og elstu börnin eru í þriðja hópnum.

### Mynd 40: Fjöldi barna eftir fæðingarárum, febrúar 2020




Heimild: Ísafjarðarbær

Leikskólastjóri er einnig skólastjóri yfir Grunnskólanum á Þingeyri og hefur aðsetur í grunnskólanum. Deildarstjóri sinnir daglegri stjórnun í leikskólanum. Í töflu 75 er að finna yfirlit yfir fjölda stöðugilda raðað eftir starfsheitum í leikskólanum.

### Tafla 75: Skipting og fjöldi stöðugilda í Leikskólanum Laufás, janúar 2020

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri/Skólastjóri | 1,00 |
| Deildarstjóri | 1,00 |
| Sérkennslustjóri | 0,10 |
| Starfsmenn á deildum | 1,51 |
| Afleysing v/undirbúnings | 0,38 |
| Afleysing v/veikinda | 0,40 |
| Eldhús og þrif | 1,30 |
| Sérkennsla miðað við 32% af nem.f. | 0,11 |
| Samtals með leikskólastjóra: | 5,80 |
| Samtals án leikskólastjóra: | 4,80 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 75 er að finna yfirlit yfir fjölda stöðugilda raðað eftir starfsheitum í leikskólanum.

Leikskólaliði sér um að opna leikskólann kl. 07:45 og lýkur hann vinnudeginum kl. 15:45, greitt er álag fyrir vinnutíma fyrir kl. 08:00. Húsnæði leikskólans er lokað kl. 15:15 og sér deildarstjóri um að loka en fær aðstoð frá öðrum starfsmönnum eftir þörfum.

Dagur barnanna hefst með rólegri stund og fá þau morgunmat kl. 08:30 til 09:00 og morgunhressing er í boði frá kl. 09:30. Börnin eru í hópunum sínum fyrir hádegi. Hádegismatur er kl. 12:00 til 13:00. Starfsmenn borða með börnunum en taka sér 20 mínútna kaffitíma fyrir hádegi og 15 mínútur eftir hádegi, en það eru ekki allir starfsmenn sem fara í kaffi eftir hádegi. Eftir hádegi eru allir hóparnir sameinaðir. Síðdegishressingin er kl. 15:00. Elstu börnin eru í skólahópi sem heimsækir Grunnskólann á Þingeyri einu sinni til tvisvar í mánuði. Á móti kemur fyrsti og annar bekkur í heimsókn í leikskólann.

Leikskólanum er lokað í fjórar til fimm vikur á sumrin og þá yfirleitt í júlí.

Einn starfsmaður er í 38% starfi sem sinnir aðstoð í eldhúsi, þrifum og afleysingum á deild.

Matráður sér um að elda mat bæði fyrir leik- og grunnskólann og sinnir öllum innkaupum fyrir eldhúsið.

Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði frá kl. 08:00 til 10:00, leikskólanum er lokað meðan á fundinum stendur.

### Tafla 76: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag<br>Leikskóli | Fljótsdals-hérað<br>Brúarás-skóli | Tálknafjarðarhreppur<br>Vind-heimar | Vestur-byggð<br>Tjarnar-brekka | Norður-þing<br>Lundi | Súðavík<br>Kofrasel | **Ísafjörður**<br>**Laufás** | Húnavatns hreppur<br>Vallaból | Fjarða-byggð<br>Breiðdals skóli | Ísafjörður<br>Græni-garður | Dalvík<br>Árskógars kóli | Reykhóla hreppur<br>Reykhóla skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 8,5 | 8,8 | 9,1 | 10,0 | 11,0 | **12,1** | 12,8 | 13,0 | 16,3 | 16,4 | 17,9 |
| Fjöldi barna | 11 | 10 | 9 | 11 | 11 | **14** | 14 | 14 | 18 | 18 | 19 |
| Tekjur | 0 | -717 | -3.607 | 0 | -1.956 | **-7.089** | 0 | -4.724 | -10.133 | -3.860 | -4.982 |
| Laun og launatengd gjöld | 0 | 2.570 | 21.823 | 0 | 14.923 | **22.205** | 0 | 32.025 | 30.270 | 26.134 | 49.089 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 19.548 | 4.993 | 0 | 2.875 | **7.262** | 0 | 2.598 | 8.848 | 7.455 | 12.380 |
| Rekstrargjöld samtals | 0 | 22.118 | 26.816 | 0 | 17.798 | **29.467** | 0 | 34.623 | 39.118 | 33.589 | 61.469 |
| Rekstrargjöld nettó | 0 | 21.401 | 23.209 | 0 | 15.842 | **22.378** | 0 | 29.899 | 28.985 | 29.729 | 56.488 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 76 sýnir samanburð á rekstrargjöldum samtals í samanburðarleikskólum árið 2018 í þús. kr.

Eins og taflan sýnir voru þrír leikskólar með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Laufás. Þrír leikskólar eru með lægri rekstrargjöld samtals en samtals voru þau hjá Laufási 29,5 millj. kr. Nettó rekstrargjöld voru hjá Laufási 22,4 millj. kr.

### Tafla 77: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í þús. kr.

| Sveitarfélag<br>Leikskóli | Fljótsdals-hérað<br>Brúarás-skóli | Tálknafjarðarhreppur<br>Vind-heimar | Vestur-byggð<br>Tjarnar-brekka | Norður-þing<br>Lundi | Súðavík<br>Kofrasel | **Ísafjörður**<br>**Laufás** | Húnavatns hreppur<br>Vallaból | Fjarða-byggð<br>Breiðdals skóli | Ísafjörður<br>Græni-garður | Dalvík<br>Árskógars kóli | Reykhóla hreppur<br>Reykhóla skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 8,5 | 8,8 | 9,1 | 10,0 | 11,0 | **12,1** | 12,8 | 13,0 | 16,3 | 16,4 | 17,9 |
| Fjöldi barna | 11 | 10 | 9 | 11 | 11 | **14** | 14 | 14 | 18 | 18 | 19 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 0 | 2.528 | 2.939 | 0 | 1.618 | **2.430** | 0 | 2.663 | 2.407 | 2.051 | 3.439 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 0 | 294 | 2.392 | 0 | 1.357 | **1.831** | 0 | 2.463 | 1.863 | 1.596 | 2.746 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 0 | 2.234 | 547 | 0 | 261 | **599** | 0 | 200 | 545 | 455 | 693 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 0 | -82 | -395 | 0 | -178 | **-585** | 0 | -363 | -624 | -236 | -279 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | | 3,2% | 13,5% | | 11,0% | **24,1%** | | 13,6% | 25,9% | 11,5% | 8,1% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 77 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í samanburðar-leikskólum.

Af samanburðinum má sjá að Laufás er með fjórða lægsta rekstrarkostnað á hvert HDÍG árið 2018, eða 2.430 þús. kr. á hvert HDÍG.

Tekjur á hvert HDÍG í Laufási voru 585 þús. kr. á hvert HDÍG. Tekjubilið á hvert HDÍG var frá 82 – 624 þús. kr.

**Tafla 78: Skipting launagjalda, vöru- og þjónustukaup samtals í þús. kr. í Leikskólanum Laufás árin 2017 til 2019 á verðlagi hvers árs**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi barna | 10 | 11 | 14 | 13 | 30,0% | 18,2% | -7,1% |
| Fjöldi HDÍG | 8,8 | 9,3 | 12,1 | 11,4 | 29,3% | 22,3% | -6,0% |
| Mánaðarlaun | 20.698 | 17.033 | 15.591 | 18.795 | -9,2% | 10,3% | 20,5% |
| Dagvinnulaun | 0 | 687 | 243 | 267 | | -61,2% | 9,8% |
| Föst yfirvinnulaun | 57 | 176 | 535 | 456 | 694,4% | 159,4% | -14,7% |
| Vaktaálag | 122 | 299 | 87 | 104 | -14,6% | -65,2% | 19,2% |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 47 | 343 | 1.107 | | 2258,0% | 222,6% |
| Önnur laun | 294 | 0 | 0 | 590 | 100,6% | | |
| Uppbætur | 465 | 607 | 540 | 630 | 35,3% | 3,8% | 16,6% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 163 | 381 | 282 | | 73,2% | -25,9% |
| Áfallið orlof, breyting | -208 | -5 | 213 | 361 | -273,9% | -8018,3% | 70,0% |
| Launatengdgjöld | 5.268 | 4.563 | 4.147 | 5.054 | -4,1% | 10,8% | 21,9% |
| Vinnufatnaður skv. samn. | 39 | 75 | 54 | 54 | 37,3% | -28,4% | -0,8% |
| Kaffikostnaður | 47 | 16 | 24 | 16 | -66,4% | -1,8% | -34,3% |
| Matarkostnaður | 10 | 4 | 11 | 21 | 107,4% | 374,5% | 90,2% |
| **Launagjöld samtals** | **26.793** | **23.665** | **22.168** | **27.736** | **3,5%** | **17,2%** | **25,1%** |
| Vörukaup samtals | 3.973 | 4.031 | 5.106 | 5.454 | 37,3% | 35,3% | 6,8% |
| Innri leiga | 9.088 | 8.162 | 6.832 | 6.930 | -23,7% | -15,1% | 1,4% |
| Þjónustukaup | 1.079 | 1.283 | 659 | 792 | -26,6% | -38,3% | 20,2% |
| Annar kostnaður | 2.736 | 1.647 | 1.534 | 1.271 | -53,5% | -22,9% | -17,1% |
| Samtals önnur rekstrargjöld | 16.876 | 15.124 | 14.130 | 14.446 | -14,4% | -4,5% | 2,2% |
| **Samtals gjöld** | 43.669 | 38.789 | 36.299 | 42.182 | -3,4% | 8,7% | 16,2% |
| **Tekjur alls** | -5.489 | -5.570 | -7.089 | -7.361 | 34,1% | 32,2% | 3,8% |
| **Rekstrarniðurstaða** | 38.180 | 33.219 | 29.210 | 34.821 | -8,8% | 4,8% | 19,2% |
| | | | | | | | |
| Fjárheimild (fjárhagsáætlun) | 47.808 | 43.473 | 35.554 | 36.652 | -23,3% | -15,7% | 3,1% |
| Mismunur á raungjöldum og fjárheimild | -4.139 | -4.684 | 745 | 5.531 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 0,3% | 1,3% | 5,6% | 8,3% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 3,9% | 4,9% | 9,1% | 14,8% | | | |
| Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum | 12,6% | 14,4% | 19,5% | 17,5% | | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 78 sýnir skiptingu launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Laufási árin 2016 til 2019 í þús. kr.

Frá árinu 2016 til ársins 2019 hafa launagjöld samtals hækkað um 3,5%. Mánaðarlaun lækka um 9,2% og aðrir liðir hækka, s.s. dagvinnulaun, föst yfirvinnulaun, önnur yfirvinnulaun, önnur laun og uppbætur. Börnum fjölgar í leikskólanum frá árinu 2016 til 2019 og var hámarksfjöldi barna á tímabilinu árið 2018 en þá voru 14 börn í leikskólanum.

Vörukaup hækka á tímabilinu en frá 2016 til 2019 hækka þau um 37,3% en þjónustukaup lækka á sama tímabili.

Tvö ár af fjórum voru rekstrargjöldin undir heimildum fjárhagsáætlunar.

Tekjur sem hlutfall af samtals gjöldum voru á bilinu 12,6% og upp í 19,5%.

Yfirvinna og aðrar launagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum var 14,8% árið 2019.

**Tafla 79: Nokkrir útgjaldaliðir í Laufási árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 2.317 | 2.525 | 3.017 | 3.225 | 39% | 28% | 7% |
| Rafmagn | 1.103 | 1.118 | 1.236 | 1.125 | 2% | 1% | -9% |
| Hreinlætisvörur | 143 | 99 | 199 | 205 | 44% | 107% | 3% |
| Sorphreinsun | 58 | 65 | 51 | 97 | 67% | 48% | 88% |
| Aðkeypt ræsting | 45 | 46 | 48 | 90 | 99% | 95% | 86% |
| **Samtals** | **3.665** | **3.854** | **4.551** | **4.742** | **29%** | **23%** | **4%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 79 innifelur valda útgjaldaliði hjá Laufási árin 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Fram kemur í töflunni að samtals hafa útgjöldin hækkað um 29% frá árinu 2016 til 2019. Matvæli hækka um 39% frá árinu 2016 til 2019. Kostnaður vegna hreinlætisvara hækkar um 44%, sorphreinsun um 67% og aðkeypt ræsting hækkar um 99%

**Tafla 80: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Laufási árin 2009 til 2019 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 12,5 | 14,6 | 13,1 | 14,4 | 19,0 | 14,9 | 13,0 | 8,8 | 9,3 | 12,1 | 11,4 |
| Leikskólakennari | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,5 | 1,6 | 2,8 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 1,0 | 1,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0 |
| Aðrir starfsmenn | 3,8 | 4,0 | 3,2 | 4,1 | 4,4 | 4,7 | 3,9 | 3,9 | 3,8 | 3,8 | 3,8 |
| Samtals stöðugildi | 4,8 | 5,0 | 4,2 | 5,6 | 6,0 | 7,4 | 4,9 | 4,9 | 4,8 | 4,8 | 4,8 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,6 | 2,9 | 3,2 | 2,6 | 3,2 | 2,0 | 2,7 | 1,8 | 1,9 | 2,5 | 2,4 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af samtals stg. | 21% | 20% | 24% | 27% | 27% | 37% | 20% | 20% | 0% | 21% | 21% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldirfr.m. af samt. stg. | 21% | 20% | 24% | 27% | 27% | 37% | 20% | 20% | 21% | 21% | 21% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 80 má sjá þróun á fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Laufási frá árinu 2009 til 2019.

Aukning var á fjölda HDÍG frá árinu 2009 til 2013 en þá náði fjöldi HDÍG hámarki á tímabilinu eða 19,0. Frá árinu 2013 til ársins 2019 hefur fjöldi HDÍG lækkað og stóð í 11,4 árið 2019.

Stöðugildum fjölgaði hægar en fjölgun HDÍG en árið 2014 voru samtals stöðugildi við leikskólann 7,4 en árið áður voru þau 6,0. Milli áranna 2013 og 2014 fækkar HDÍG um 4,0. Eftir árið 2014 fækkar stöðugildum í 4,9 og haldast nánast óbreytt til ársins 2019 en þá voru þau 4,8.

HDÍG á hvert stöðugildi var 2,6 árið 2009 og voru flest HDÍG á hvert stöðugildi árið 2013 eða 3,2. Lágmarkið er árið 2016 þegar það fer niður í 1,8. Árið 2019 voru 2,4 HDÍG á hvert stöðugildi.

Mynd 41 og 42 sýna sömu upplýsingar og koma fram í töflu 80 en með myndrænum hætti.

## Mynd 41: Fjöldi HDÍG og stöðugilda frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Mynd 42: Fjöldi HDÍG og HDÍG á hvert stöðugildi frá árinu 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

### Tafla 81: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2018

| Sveitarfélag | Fljótsdals-hérað | Tálkna-fjarðarhr. | Vestur-byggð | Norður-þing | Súðavík | **Ísafjörður** | Húnavatns hreppur | Fjarða-byggð | Ísafjörður | Dalvík | Reykhóla hreppur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | Brúarás-skóli | Vind-heimar | Tjarnar-brekka | Lundi | Kofrasel | **Laufás** | Vallaból | Breiðdals skóli | Græni-garður | Árskógars kóli | Reykhóla skóli |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 8,5 | 8,8 | 9,1 | 10,0 | 11,0 | **12,1** | 12,8 | 13,0 | 16,3 | 16,4 | 17,9 |
| Leikskólakennarar | 0,9 | 0,0 | 0,3 | 1,2 | 0,3 | **1,0** | 1,0 | 0,9 | 2,8 | 0,0 | 1,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,2 | 0,8 | 2,0 | 0,0 | 2,3 | **0,0** | 1,1 | 0,2 | 0,0 | 0,8 | 1,1 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 2,4 | 0,0 | **3,0** | 1,3 | 3,9 | 2,8 | 1,0 | 2,5 |
| Aðrir starfsmenn | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,8** | 0,0 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Samtals stöðugildi | 2,1 | 1,8 | 3,3 | 3,6 | 2,5 | **4,8** | 3,4 | 5,6 | 5,6 | 1,8 | 4,6 |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennarar | 9,2 | | 30,4 | 8,7 | 44,0 | **12,1** | 0,3 | 14,4 | 5,8 | | 17,9 |
| Leikskólak. og aðra uppeldismenntun | 7,6 | 10,9 | 4,0 | 8,7 | 4,4 | **12,1** | 6,1 | 11,8 | 5,8 | 20,5 | 8,5 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 8,5 | 0,0 | 9,1 | 4,2 | | **3,2** | 9,8 | 2,9 | 5,8 | 17,2 | 7,3 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,0 | 4,9 | 2,8 | 2,8 | 4,4 | **2,5** | 3,8 | 2,3 | 2,9 | 9,4 | 3,9 |
| Hlutf. stg. leiksk.k. af stg. samt. | 43% | 0% | 9% | 32% | 10% | **21%** | 29% | 16% | 50% | 0% | 22% |
| Hlutf. stg. leiks.k. og uppe.fr.m. af stg. : | 53% | 44% | 70% | 32% | 100% | **21%** | 62% | 20% | 50% | 46% | 46% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 81 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2018 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru samtals 4,8 stöðugildi á Laufási árið 2018. Sjö leikskólar voru með færri samtals stöðugildi og tveir voru með fleiri stöðugildi. Laufás var með 1,0 stöðugildi leikskólakennara en tveir leikskólar voru með fleiri stöðugildi leikskólakennara. Hlutfall leikskólakennara af samtals stöðugildum á Laufási var 21%.

HDÍG á hvert stöðugildi á Laufási var 2,5.

## Leikskólar Ísafjarðarbæjar, samantekið

Í kaflanum verður fjallað um innbyrðis samanburð á leikskólum Ísafjarðarbæjar.

### Tafla 82: Rekstrargjöld og -tekjur á hvert HDÍG í leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019 í þús. kr.

| | Sólborg | | Tjarnarbær | | Grænigarður | | Laufás | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Heildagsígildi | 87,5 | 98,2 | 22,4 | 10,0 | 16,3 | 15,9 | 12,1 | 11,4 |
| Fjöldi barna | 88 | 99 | 22 | 13 | 18 | 15 | 14 | 13 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 2.710 | 2.466 | 2.271 | 5.141 | 2.407 | 2.780 | 2.430 | 3.092 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.386 | 2.176 | 1.923 | 4.397 | 1.863 | 2.033 | 1.831 | 2.433 |
| Annar rekstrarkosnaður á hvert HDÍG | 323 | 290 | 347 | 744 | 543 | 747 | 600 | 659 |
| Tekjur á hvert HDÍG | -473 | -414 | -446 | -887 | -622 | -632 | -586 | -646 |
| Tekjur sem hlutfall af útgjöldum | 17,4% | 16,8% | 19,6% | 17,3% | 25,8% | 22,7% | 24,1% | 20,9% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 82 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert HDÍG hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019 í þús. kr.

Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur í leikskólanum Tjarnarbæ árið 2018 en í leikskólanum Sólborg árið 2019. Töluverðar breytingar verða á kostnaði á hvert HDÍG í

leikskólunum, vegna annars vegar fjölgunar barna í leikskólanum Sólborg og fækkunar í leikskólunum Tjarnabæ, Grænagarði og Laufási milli áranna 2018 og 2019.

Launakostnaður á hvert HDÍG var hæstur í leikskólanum Sólborg árið 2018 en var lægstur þar á meðal leikskólanna árið 2019.

Mesta breyting milli ára er í leikskólanum Tjarnarbæ. Árið 2018 var rekstrarkostnaður á hvert HDÍG 2.271 þús. kr. en hækkar í 5.141 þús. kr. árið 2019.

Það vekur athygli hversu há rekstrargjöldin hjá Sólborg voru í samanburði við hina leikskólana með hliðsjón af því hversu miklu fleiri börn voru á Leikskólanum Sólborg. Reynslan er almennt sú að rekstrargjöld eru lægri á hvert HDÍG þar sem HDÍG eru fleiri í samanburði við það sem er almennt þegar þau eru færri.

### Tafla 83: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019

| | Sólborg | | Tjarnarbær | | Grænigarður | | Laufás | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Heildagsígildi | 87,5 | 98,2 | 22,4 | 10 | 16,3 | 15,9 | 12,1 | 11,4 |
| Fjöldi barna | 88 | 99 | 22 | 13 | 18 | 15 | 14 | 13 |
| Leikskólakennarar | 8,8 | 8,8 | 2,0 | 2,0 | 2,8 | 2,5 | 1,0 | 1,0 |
| Önnur uppeldismenntun | 6,5 | 3,5 | 1,6 | 0,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Annað (matseld, þrif, skrifstofa) | 11,2 | 18,3 | 2,5 | 2,9 | 2,8 | 3,3 | 3,8 | 3,8 |
| **Samtals** | **26,4** | **30,6** | **6,2** | **5,6** | **5,6** | **5,8** | **4,8** | **4,8** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | |
| Leikskólakennarar | 10,0 | 11,2 | 11,2 | 5,0 | 5,8 | 6,4 | 12,1 | 11,4 |
| Leikskólakennarar og önnur uppeldisfræðimenntun | 13,5 | 28,1 | 13,6 | 14,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Annað (matseld, þrif, skrifstofa) | 7,8 | 5,4 | 8,8 | 3,4 | 5,8 | 4,8 | 3,2 | 3,0 |
| **Samtals** | **3,3** | **3,2** | **3,6** | **1,8** | **2,9** | **2,7** | **2,5** | **2,4** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 33,1% | 28,8% | 32,3% | 35,7% | 50,0% | 43,1% | 20,9% | 20,8% |
| Hlufall leiksk.k. og uppeldisfr.m. af stg. Samtals | 57,7% | 40,2% | 59,0% | 48,2% | 50,0% | 43,1% | 20,9% | 20,8% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 83 sýnir fjölda stöðugilda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019.

Eins og taflan sýnir voru 3,6 HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Tjarnarbæ árið 2018 og voru ekki fleiri í öðrum leikskóla það ár. Árið 2019 voru flest HDÍG í leikskólanum Sólborg og voru þau þá 3,2.

Eins og áður ber að leggja áherslu á að mönnun leikskóla getur verið mismunandi m.a. vegna þjónustuþarfa barnanna, aldursdreifingar þeirra o.s.frv. Það er því mikilvægt að skoða mönnun leikskólanna með mismuninn í huga og meta hvort skoða þurfi frekar skipulag leikskólanna með það að markmiði að skipta fjármunum í samræmi við álag.

**Tafla 84: Rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða samtals og á hvert stöðugildi hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019 í þús. kr.**

| | Sólborg | | Tjarnarbær | | Grænigarður | | Laufás | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Heildagsígildi | 87,5 | 98,2 | 22,4 | 10 | 16,3 | 15,9 | 12,1 | 11,4 |
| Fjöldi barna | 88 | 99 | 22 | 13 | 18 | 15 | 14 | 13 |
| Matvæli | 9.663 | 10.110 | 3.081 | 3.309 | 4.241 | 7.871 | 3.017 | 3.225 |
| Rafmagn | 487 | 468 | 199 | 189 | 117 | 136 | 1.236 | 1.125 |
| Heitt vatn | 1.265 | 1.341 | 617 | 0 | 520 | 484 | 0 | 0 |
| Hreinlætisvörur | 1.126 | 996 | 120 | 98 | 121 | 76 | 199 | 205 |
| Aðkeypt ræsting | 110 | 243 | | | 67 | 0 | 48 | 90 |
| Sorphreinsun | 335 | 366 | 82 | 121 | 67 | 101 | 58 | 65 |
| **Samtals** | 12.986 | 13.523 | 4.100 | 3.718 | 5.132 | 8.669 | 4.558 | 4.711 |
| **Kostnaður á hvert HDÍG:** | | | | | | | | |
| Matvæli | 110 | 103 | 138 | 331 | 260 | 495 | 249 | 283 |
| Rafmagn | 6 | 5 | 9 | 19 | 7 | 9 | 102 | 99 |
| Hreinlætisvörur | 14 | 14 | 28 | 0 | 32 | 30 | 0 | 0 |
| Aðkeypt ræsting | 13 | 10 | 5 | 10 | 7 | 5 | 16 | 18 |
| Sorphreinsun | 1 | 2 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 8 |
| **Samtals** | 145 | 134 | 179 | 360 | 311 | 539 | 372 | 408 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 84 sýnir rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar og á hvert HDÍG árin 2018 og 2019.

Kostnaður vegna kaupa á matvælum á hvert HDÍG var hæstur hjá leikskólanum Laufási árið 2018 eða 249 þús. kr. á hvert HDÍG. Árið 2019 færist hæsti kostnaður vegna matvæla yfir á leikskólann Grænagarð en það ár kaupir leikskólinn mat af verksala.

Samtals voru valdir kostnaðarliðir á hvert HDÍG hæstir í leikskólanum Laufási árið 2018 og var þá 372 þús. kr. Árið 2019 var kostnaður hæstur hjá Grænagarði en þá var kostnaðurinn á hvert HDÍG 539 þús. kr. Kostnaður á hvert HDÍG lækkar einungis hjá leikskólanum Sólborg milli ára en þá jókst fjöldi HDÍG milli ára en kostnaðurinn jókst mun minna.

### Tafla 85: Greining á mánaðarlaunum og viðbótar launagreiðslum í þús. kr. árin 2018 og 2019

| | Sólborg | | Tjarnarbær | | Grænigarður | | Laufás | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Heildagsígildi | 87,5 | 98,2 | 22,4 | 10 | 16,3 | 15,9 | 12,1 | 11,4 |
| Fjöldi barna | 88 | 99 | 22 | 13 | 18 | 15 | 14 | 13 |
| Mánaðarlaun | 133.988 | 157.616 | 30.302 | 30.302 | 21.679 | 23.002 | 15.591 | 18.795 |
| Dagvinnulaun | 0 | 2.857 | 1.520 | 1.840 | 519 | 327 | 243 | 267 |
| Föst yfirvinnulaun | 812 | 193 | 0 | 0 | 0 | 0 | 535 | 456 |
| Vaktaálag | 1.821 | 2.175 | 651 | 624 | 0 | 0 | 87 | 104 |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 577 | 114 | 134 | 1.028 | 87 | 343 | 1.107 |
| Önnur laun | 2.431 | 284 | 0 | 994 | 0 | 1.277 | 0 | 590 |
| Uppbætur | 2.557 | 5.063 | 1.014 | 1.011 | 619 | 781 | 540 | 630 |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 1.372 | 445 | 350 | 650 | 325 | 381 | 282 |
| Áfallið orlof, breyting | 301 | 1.081 | 325 | 222 | -215 | 529 | 213 | 361 |
| Launatengdgjöld | 32.810 | 39.318 | 8.160 | 8.357 | 5.700 | 5.747 | 4.147 | 5.054 |
| Vinnufatnaður skv. samn. | 387 | 538 | 83 | 63 | 15 | 200 | 54 | 54 |
| Kaffikostnaður | 336 | 351 | 70 | 55 | 40 | 32 | 24 | 16 |
| Matarkostnaður | 70 | 119 | 0 | 18 | 0 | 12 | 11 | 21 |
| **Samtals** | 175.513 | 211.546 | 42.683 | 43.968 | 30.037 | 32.318 | 22.168 | 27.736 |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 0,6% | 0,5% | 0,4% | 0,4% | 4,7% | 0,4% | 5,6% | 8,3% |
| Dagv. og yfirvinna sem hlutfall af mánaðarl. | 0,6% | 2,3% | 5,4% | 6,5% | 7,1% | 1,8% | 7,2% | 9,7% |
| Yfir., önnur laun og uppbætur sem hlutfall af mánaðrl. | 4,3% | 3,9% | 3,7% | 7,1% | 7,6% | 9,3% | 9,1% | 14,8% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 85 sýnir mánaðarlaun og viðbótar launagreiðslur hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019.

Nokkrar valdar viðbótargreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum er nokkuð mismunandi á milli leikskóla Ísafjarðarbæjar. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var lægst 0,4% í leikskólunum Tjarnarbæ og Grænagarði en 8,3% í leikskólanum Laufási árið 2019. Dagvinna og yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum er lægst í leikskólanum Sólborg og var 2,3% árið 2019 en hæst í leikskólanum Laufási eða 9,7%. Yfirvinna, önnur laun og uppbætur sem hlutfall af mánaðarlaunum var einnig hæst í leikskólanum Laufási árið 2019 og var tæplega 15% en lægst í leikskólanum Sólborg, eða 3,9%.

## Mynd 43: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum 2018 til 2020




Heimild: Vefsíðu ASÍ og sveitarfélaga

Mynd 43 sýnir leikskólagjöld, án afslátta, miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðarsveitarfélögunum árin 2018 til 2020. Sveitarfélög veita afslætti, t.d. vegna fjölda barna í leikskóla og hvort um er að ræða einstætt foreldri o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir í þessum samanburði.

Árið 2020 eru hæstu leikskólagjöldin hjá Suðurnesjabæ, eða 39.950 kr., en lítill munur er á leikskólagjöldum þeirra sveitarfélaga sem koma næst þar á eftir. Fimm sveitarfélög eru með hærri leikskólagjöld en Ísafjarðarbær. Lægstu leikskólagjöldin í samanburðinum eru hjá Seltjarnarnesbæ en þar eru þau 29.052 kr.

## Tafla 86: Samanburðar á rekstrarkostnaði nettó allra leikskóla í Ísafjarðarbæ árið 2018

| | Sólborg | Tjarnarbær | Grænigarður | Laufás | Eyrarskjól |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi | 87,5 | 22,4 | 16,3 | 12,1 | 65,1 |
| Fjöldi barna | 88 | 22 | 18 | 14 | 64 |
| Rekstrarkostnaður nettó á hvert HDÍG | 2.237 | 1.825 | 1.785 | 1.844 | 2.398 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 86 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði nettó á hvert heildagsígildi í leikskólum í Ísafjarðarbæ árið 2018 í þús. kr.

Eins og fram hefur komið var rekstrarkostnaðurinn lægstur á hvert HDÍG í leikskólanum Grænagarði árið 2018 og var 1.785 þús. kr. Leikskólinn Eyrarskjól, sem er einkarekinn leikskóli, er með hæsta rekstrarkostnaðinn á hvert HDÍG árið 2018 og var 2.398 þús. kr.

### Tafla 87: Fjöldi heildagsígilda, barna og rekstrarkostnaður í leikskólanum Eyrarskjól á árunum 2013 til 2018 í þús. kr.

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting milli 2015 og 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi | 62,0 | 69,3 | 83,6 | 67,3 | 64,9 | 65,1 | -22% |
| Fjöldi barna | 61 | 69 | 83 | 66 | 66 | 64 | -23% |
| Tekjur | -23.440 | -13.758 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Laun og launatengd gjöld | 82.026 | 49.396 | -776 | 0 | 0 | 0 | -100% |
| Annar kostnaður | 12.491 | 59.253 | 107.326 | 135.304 | 152.019 | 165.929 | 55% |
| Innri leiga | -2.857 | -3.267 | -12.792 | -13.268 | -11.816 | -9.775 | -24% |
| Rekstrarkostnaður nettó án innri leigu | 91.660 | 105.382 | 93.758 | 122.036 | 140.203 | 156.154 | 67% |
| Rekstarkostnaður á hvert HDÍG án innri leigu | 1.478 | 1.522 | 1.121 | 1.815 | 2.161 | 2.398 | 114% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 87 innifelur upplýsingar um þróun rekstrar leikskólans Eyrarskjól á árunum 2013 til 2018. Ísafjarðarbær gerði samning við Hjallastefnuna árið 2014 sem tók við rekstrinum árið 2015.

Árið 2014 var rekstrarkostnaður nettó og án innri leigu á hvert HDÍG 1.522 þús. kr. Síðasta árið sem Ísafjarðarbær rak leikskólann. Ári seinna lækkaði sami rekstrarkostnaður á hvert HDÍG í 1.121 þús. kr. en það ár fjölgaði börnum í leikskólanum um 14. Jafnframt var þetta fyrsta árið sem Hjallastefnan rak leikskólann.

Frá árinu 2015 til ársins 2018 hefur rekstrarkostnaður nettó án innri leigu á hvert HDÍG hækkað úr 1.121 þús. kr. í 2.398 þús. kr. sem er hækkun um 114% á fjórum árum. Mikil hækkun á milli áranna 2015 og 2016 vekur athygli. Miðað við rekstrarkostnað á hvert HDÍG var hækkunin 38%. Á milli áranna fækkaði HDÍG um 16,3.

### Tafla 88: Samanburður á kostnaði á hvert HDÍG milli áranna 2015 og 2018 í þús. kr.

| | 2015 | 2018 | Breyting milli 2014 og 2018 |
|---|---|---|---|
| Leikskólinn Grænigarður | 3.249 | 1.784 | -45,1% |
| Heilsuleikskólinn Laufás | 2.459 | 1.846 | -25,0% |
| Leikskólinn Tjarnarbær | 2.628 | 1.825 | -30,6% |
| Leikskólinn Eyrarskjól | 1.121 | 2.398 | 113,9% |
| Leikskólinn Sólborg | 1.492 | 2.237 | 49,9% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 88 sýnir samanburð á breytingu rekstrarkostnaðar nettó án innri leigu á hvert HDÍG í leikskólum í Ísafjarðarbæ milli áranna 2015 og 2018 í þús. kr.

Lækkun var á rekstrarkostnaði á hvert HDÍG í leikskólunum Grænagarði, Laufási og Tjarnabæ. Kostnaðurinn hækkaði um 50% í leikskólanum Sólborg en hækkar langmest í leikskólanum Eyrarskjól.

Markmið sem sveitarfélag ætti að setja þegar tekin er ákvörðun um að útvista þjónustu á vegum bæjarins er, hvort einkaaðili geti veitt þjónustuna með betri og hagkvæmari hætti. Ef annað þessara skilyrða standast ekki má ætla að ástæða sé til að fyrirkomulagið sé endurskoðað.

## Grunnskólar Ísafjarðarbæjar

Í Ísafjarðarbæ eru reknir fjórir grunnskólar. Einn skóli er í hverjum byggðakjarna nema í Hnífsdal.

### Tafla 89: Fjöldi nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2019

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2009/2019 | Breyting í % 2009/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskóli Önundarfjarðar | 24 | 23 | 24 | 17 | 19 | 15 | 22 | 19 | 18 | 18 | 17 | -7 | -29% |
| Grunnskólinn á Ísafirði | 461 | 413 | 390 | 382 | 349 | 337 | 327 | 341 | 355 | 368 | 374 | -87 | -19% |
| Grunnskólinn á Suðureyri | 41 | 36 | 38 | 38 | 36 | 38 | 47 | 43 | 39 | 41 | 43 | 2 | 5% |
| Grunnskólinn Þingeyri | 46 | 43 | 44 | 38 | 29 | 36 | 30 | 29 | 27 | 31 | 34 | -12 | -26% |
| **Samtals** | **572** | **515** | **496** | **475** | **433** | **426** | **426** | **432** | **439** | **458** | **468** | **-104** | **-18%** |
| Breyting milli ára | | -57 | -19 | -21 | -42 | -7 | 0 | 6 | 7 | 19 | 10 | | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 89 sýnir fjölda nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar á tímabilinu 2009 til 2019.

Á árunum 2009 til 2014 fækkar nemendum samtals í öllum skólunum um 146. Fækkunin er mest í Grunnskólanum á Ísafirði eða 124 nemendur. Árið 2015 snýst þróunin við og heildarfjöldi nemenda eykst um 42 frá árinu 2015 til 2019. Nemendum fjölgar á því tímabili í Grunnskólanum á Ísafirði og Þingeyri en fækkar í Grunnskólanum á Suðureyri og Önundarfirði.

Frá árinu 2009 til ársins 2019 fækkar nemendum um 18%. Ef hlutfallsbreyting nemenda á sama tímabili er skoðuð fyrir einstaka grunnskóla þá fækkaði nemendum í Grunnskóla Önundarfjarðar um 29%, Grunnskólanum á Ísafirði um 19% og Grunnskólanum Þingeyri um 26%. Nemendum fjölgar í Grunnskólanum á Suðureyri um 5%.

**Mynd 44: Fjöldi nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2009 til 2019** Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga




**Mynd 45: Þróun á fjölda nemenda í Grunnskóla Önundarfjarðar, Þingeyri og á Suðureyri árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

## Grunnskólinn á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði er heildstæður skóli, þ.e. með nemendur í fyrsta til tíunda bekk og eru samtals 374 nemendur skólaárið 2019/2020.

Í yfirstjórn skólans er skólastjóri og einn aðstoðarskólastjóri. Bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru með þrjár fastar kennslustundir á viku. Tveir deildarstjórar eru í hlutastarfi, annar er í 50% og hinn er í 75% starfi.

Í skólanum eru 34,6 stöðugildi við kennslu, 8,84 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 6,70 stöðugildi skólaliða, tveir þroskaþjálfar og einn starfsmaður í 0,6 stöðugildi náms- og starfsráðgjafa. Í mötuneyti skólans eru 1,86 stöðugildi. Á bókasafninu er 1,5 stöðugildi, eitt stöðugildi fyrir starf húsvarðar og eitt stöðugildi á skrifstofu. Samtals eru stöðugildi við skólann 61,35.

**Tafla 90: Skipting og fjöldi stöðugilda við Grunnskólann á Ísafirði í janúar 2020**

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 3,25 |
| Kennarar | 34,60 |
| Þroskaþjálfar | 2,00 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 0,60 |
| Stuðningsfulltrúi | 8,84 |
| Skrifstofa | 1,00 |
| Matráður | 0,93 |
| Aðstoðarmatráður | 0,93 |
| Skólaliði | 6,70 |
| Bóksafnsfræðingur | 0,50 |
| Bókavörður | 1,00 |
| Húsvörður | 1,00 |
| Samtals | 61,35 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Húsvörður skólans opnar húsnæðið kl. 07:30 og lokar því kl. 16:30. Húsvörður skólans hefur umsjón með fasteignum skólans, s.s. ræstingum, minniháttar viðhaldi og hefur með sér sex skólaliða sem sinna gæslu og ræstingum og heyra undir hann. Skólaliðar mæta til vinnu kl. 07:45 og þurfa að vera til staðar til að taka á móti nemendum. Ljúka svo vinnudeginum kl. 15:45, skólaliðar fá greidda fasta yfirvinnutíma vegna vinnu fyrir kl. 08:00. Stuðningsfulltrúar sinna einnig gæslu í frímínútum á móti skólaliðum en stuðningsfulltrúar heyra ekki undir húsvörð og mæta kl. 08:00 til vinnu.

Kennsla hefst kl. 08:00 í öllum bekkjardeildum og kennarar hefja vinnudaginn á sama tíma.

Kennslu í fyrsta til fjórða bekk lýkur 13:20 alla daga. Uppbrot er á skólastarfi nemenda fyrsta til fjórða bekkjar. Hlé er á skólastarfi nemenda í fyrsta og öðrum bekk frá kl. 12:00 til 12:40 alla virka daga en þá fara nemendur í frístund. Nemendur í þriðja og fjórða bekk fara í

frístund kl. 11:00 til 11:40 alla virka daga. Skipulag á starfi frístundar Ísafjarðarbæjar er lýst nánar í kaflanum Frístund.

Kennslu hjá nemendum í fimmta og sjötta bekk lýkur kl. 13:50 alla virka daga. Nemendur í sjöunda, áttunda, níunda og tíunda bekk ljúka skóladeginum á bilinu 14:20 til 15:00.

Matartími nemenda í mötuneyti skólans er frá kl. 11:00 til 13:00. Nemendur í fyrsta og öðrum bekk mæta kl. 11:00 í mat og leikskólabörn frá Tanga mæta í mat kl. 11:10 og eru til 11:40. Þriðji og fjórði bekkur mætir kl. 11:40 þegar þau hafa lokið viðveru í frístundinni. Nemendur í fimmta og sjötta bekk mæta kl. 12:00 og þeir nemendur sem tilheyra unglingastiginu mæta kl. 12:30. Stuðningsfulltrúar fylgja þeim nemendum sem eru í stuðningi hjá þeim, skólaliðar og kennarar sinna gæslu í mötuneyti.

Skólastjóri sinnir fjárhagsáætlunargerð fyrir skólann og fær yfirlit yfir þróun útgjalda skólans í hverjum mánuði og fær þá tækifæri til að bera raunútgjöld saman við fjárhagsáætlun skólans.

Fundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á önn með öllu starfsfólki skólans. Fundir með kennurum eru í hverri viku og sérstakir fundir með stuðningsfulltrúum annars vegar og skólaliðum hins vegar eru tvisvar til þrisvar á önn.

Það er tölvubúnaður í öllum kennslustofum hjá yngsta og miðstigi sem og sérgreinastofum. Kennarar hafa aðgang að vinnuherbergi með tölvum inn af kaffistofu kennara. Kennarar á unglingastigi eru með fartölvur. Í flestum tilvikum sjá umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi um kennslu í upplýsingatækni í sínum umsjónarhópum. Nemendur í fimmta til tíunda bekk eru með spjaldtölvur, nemendur í áttunda bekk eru einnig með upplýsingatæknitíma á töflu.

**Tafla 91: Fjöldi nemenda, stöðugilda kennara og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara í hverjum bekk í Grunnskólanum á Ísafirði, janúar 2020.**

| Bekkur | Fjöldi | Fjöldi bekkja | Stöðugildi kennara við bekk | Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara |
|---|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 23 | 2 | 2 | 11,5 |
| 2. bekkur | 48 | 3 | 3 | 16,0 |
| 3. bekkur | 48 | 2 | 2 | 24,0 |
| 4. bekkur | 48 | 2 | 2 | 24,0 |
| 5. bekkur | 32 | 2 | 2 | 16,0 |
| 6. bekkur | 43 | 2 | 2 | 21,5 |
| 7. bekkur | 32 | 2 | 2 | 16,0 |
| 8. bekkur | 39 | 2 | 2 | 19,5 |
| 9. bekkur | 32 | 2 | 2 | 16,0 |
| 10. bekkur | 29 | 2 | 2 | 14,5 |
| Samtals | 374 | 21 | 21 | 17,8 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 91 er að finna samanteknar upplýsingar um bekkjardeildir Grunnskólans á Ísafirði, um er að ræða fjölda nemenda, fjölda bekkja, stöðugildi kennara og fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara í hverri bekkjardeild í janúar 2020.

Fámennasti nemendahópurinn er í 1. bekk og eru þar 23 nemendur, þar á eftir kemur 10. bekkur en þar eru 29 nemendur. Fjölmennustu árgangarnir eru í 2., 3. og 4. bekk og eru þar 48 nemendur í hverjum hópi fyrir sig. Samtals eru 374 nemendur í skólanum, að auki sækja nemendur á unglingastigi frá Grunnskólanum Önundarfirði og Grunnskólanum á Suðureyri kennslu í skólanum.

Það eru tveir bekkir í öllum bekkjardeildum fyrir utan 2. bekk en þar eru þrír bekkir. Stöðugildi kennara haldast í hendur  við fjölda bekkja í hverri bekkjardeild.

### Tafla 92: Fjöldi nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði 2016 til 2019 og skipting launakostnaður, vöru- og þjónustukaup samtals í þús. kr. á verðlagi hvers árs

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 341 | 355 | 368 | 374 | 9,7% | 5,4% | 1,6% |
| Mánaðarlaun | 268.335 | 306.458 | 338.076 | 346.655 | 29,2% | 13,1% | 2,5% |
| Dagvinnulaun | 0 | 752 | 2.035 | 3.035 | | 303,7% | 49,1% |
| Föst yfirvinna | 9.915 | 8.230 | 7.246 | 7.991 | -19,4% | -2,9% | 10,3% |
| Vaktaálag | 69 | 72 | 75 | 0 | -100,0% | -100,0% | -100,0% |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 6.683 | 8.853 | 9.085 | | 35,9% | 2,6% |
| Önnur laun | 10.802 | 714 | 5.763 | 10.040 | -7,1% | 1306,7% | 74,2% |
| Uppbætur | 4.311 | 8.584 | 9.532 | 9.933 | 130,4% | 15,7% | 4,2% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 3.561 | 2.891 | 3.748 | | 5,3% | 29,6% |
| Áfallið orlof, breyting | -1.368 | 403 | 12.325 | 6.051 | -542,3% | 1401,2% | -50,9% |
| Fatapeningar | 325 | 363 | 408 | 377 | 16,0% | 4,0% | -7,4% |
| Launatengd gjöld | 73.101 | 82.198 | 91.631 | 93.943 | 28,5% | 14,3% | 2,5% |
| Vinnufatnaður skv. Samningum | 17 | 0 | 0 | 83 | 399,5% | | |
| Kaffikostnaður | 574 | 610 | 688 | 700 | 21,9% | 14,6% | 1,7% |
| Annar starfsmannakostnaður | 0 | 65 | 0 | 0 | | -100,0% | |
| **Laungagjöld samtals** | **366.081** | **418.693** | **479.525** | **491.642** | **34,3%** | **17,4%** | **2,5%** |
| Vörukaup samtals | 23.439 | 32.686 | 35.815 | 28.780 | 22,8% | -12,0% | -19,6% |
| Innri leiga | 193.572 | 152.375 | 140.816 | 136.172 | -29,7% | -10,6% | -3,3% |
| Þjónustukaup | 33.202 | 32.567 | 31.737 | 37.197 | 12,0% | 14,2% | 17,2% |
| Annar kostnaður | 31.785 | 17.956 | 14.758 | 16.374 | -48,5% | -8,8% | 10,9% |
| **Samtals önnur rekstrargjöld** | **281.997** | **235.584** | **223.127** | **218.523** | **-22,5%** | **-7,2%** | **-2,1%** |
| **Samtals gjöld** | **648.079** | **654.277** | **702.652** | **710.165** | **9,6%** | **8,5%** | **1,1%** |
| Tekjur alls | -8.313 | -13.689 | -11.612 | -7.331 | -11,8% | -46,4% | -36,9% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **639.765** | **640.588** | **691.040** | **702.833** | **9,9%** | **9,7%** | **1,7%** |
| Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar | 631.926 | 640.684 | 667.874 | 696.552 | 10,2% | 8,7% | 4,3% |
| Mismunur raun niðurstöðu og fjárhagsáætlun | 7.839 | -96 | 23.167 | 6.282 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 3,7% | 4,9% | 4,8% | 4,9% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 9,3% | 7,9% | 9,3% | 10,7% | | | |
| Launagjöld samtals á hvern nemanda | 1.074 | 1.179 | 1.303 | 1.315 | 22,4% | 11,5% | 0,9% |
| Annar kostnaður (án innri leigu) á  hvern nem | 259 | 234 | 224 | 220 | -15,1% | -6,1% | -1,6% |
| Rekstrargjöld samtals (án innri leigu) á hvern nem. | 1.333 | 1.414 | 1.527 | 1.535 | 15,1% | 8,6% | 0,5% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 92 sýnir fjölda nemenda, skiptingu launagjalda, vöru- og þjónustukaup samtals, rekstrarniðurstöðu, fjárheimild í Grunnskólanum á Ísafirði á árunum 2016 til 2019 í þús. kr. á verðlagi hvers árs.

Börnum hefur fjölgað í skólanum frá árinu 2016 til 2019 um 10%, eða um 33 börn. Á sama tíma hafa mánaðarlaun hækkað um 29,2%, eða um 78 millj. kr. Föst yfirvinnulaun hafa lækkað frá árinu 2016 til 2019 um 19,4% eða um 1,9 millj. kr. Þrátt fyrir þá lækkun hefur kostnaður vegna annarra yfirvinnulauna aukist mikið milli ára. Önnur laun eru sveiflukennd en árið 2016 voru þau samtals 10,8 millj. kr. ári, seinna lækka þau niður í 714 þús. kr. Árið 2018 eru þau samtals um 5,8 millj. kr. og árið 2019 eru þau 10 millj. kr. Launauppbætur hækka um 130% frá árinu 2016 til 2019. Launagjöld samtals hækka um 34,3% frá árinu 2016 til 2019, eða um 125,6 millj. kr.

Vörukaup aukast um 22,8% á tímabilinu og er hækkun um 5,3 millj. kr. Þjónustukaup án innri leigu hækka um 12% eða um 1,5 millj. kr.

Annar kostnaður er hlutdeild skólans í sameiginlegum kostnaði skólanna og aðrir skattar og gjöld.

Rekstrargjöld án innri leigu og þjónustukaupa hækka á tímabilinu um 32% sem er aukning útgjalda upp á 135 millj. kr.

Launagjöld á hvern nemanda í grunnskólanum voru 1.074 þús. kr. árið 2016 en fóru í 1.315 árið 2019. Rekstrargjöld samtals án innri leigu á hvern nemanda voru 1.333 árið 2016 en 1.535 árið 2019.

Þrjú ár af fjórum er rekstrarniðurstaða skólans neikvæð miðað við fjárhagsáætlun. Samtals var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 37 millj. kr. á árunum 2016 til 2019.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum eykst úr 3,7% árið 2016 í 4,9% árin þar á eftir. Yfirvinna og aðrar launagreiðslur, sem hlutfall af mánaðarlaunum, helst nokkuð jöfn öll árin og er um 10% af mánaðarlaunum.

**Tafla 93: Nokkrir útgjaldaliðir í þús. kr. á verðlagi hvers árs árin 2016 til 2019**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 2.552 | 2.790 | 3.352 | 3.527 | 38% | 26% | 5% |
| Rafmagn | 2.772 | 2.429 | 2.949 | 3.239 | 17% | 33% | 10% |
| Heitt vatn | 4.286 | 4.743 | 4.016 | 4.749 | 11% | 0% | 18% |
| Efni til tæknimenntakennslu | 186 | 418 | 524 | 630 | 238% | 51% | 20% |
| Hreinlætisvörur | 1.344 | 1.239 | 1.282 | 1.267 | -6% | 2% | -1% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra | 18.808 | 18.055 | 17.451 | 22.698 | 21% | 26% | 30% |
| Kerfisfræðiaðstoð m. ekr. vsk. | 583 | 563 | 653 | 1.882 | 223% | 234% | 188% |
| Önnur kerfisfræðiaðstoð | 232 | 1.062 | 1.066 | 1.097 | 372% | 3% | 3% |
| Sorphreinsun m. ekr. vsk. | 467 | 660 | 547 | 483 | 3% | -27% | -12% |
| **Samtals** | **31.232** | **31.960** | **31.839** | **39.572** | **27%** | **24%** | **24%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 93 eru nokkrir valdir útgjaldaliðir í þús. kr. á verðlagi hvers árs í Grunnskólanum á Ísafirði á árunum 2016 til 2019.

Hlutfallslega hækka mest útgjaldaliðir vegna kerfisfræðiaðstoðar og efna til tæknimenntakennslu. Taka verður tillit til þess að umræddir útgjaldaliðir eiga til að sýna háan kostnað einstök ár vegna úreldunar á eldri búnaði en þá ætti útgjöld vegna þessara flokka að lækka næstu árin þar á eftir þegar búið er að endurnýja eldri búnað.

Kostnaður vegna ritfanga, pappírs og bréfbinda eykst um 38% á tímabilinu.

### Tafla 94: Greining á launum í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2017 til 2019

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| 1000 - Mánaðarlaun | 231.906.564 | 75.473.565 | 256.085.089 | 84.184.944 | 255.193.769 | 93.661.623 |
| 1100 - Dagvinna | | | | 233.814 | 278.897 | 567.886 |
| 1120 - Stundakennsla | 1.261.705 | 840.415 | 182.644 | 1.618.837 | 616.698 | 1.162.318 |
| 1130 - Föst stundakennsla | | | | | 133.148 | 275.946 |
| 1090 - Uppgjör kennara | 139.390 | 2.326.066 | 1.616.385 | | 1.774.007 | 304.854 |
| 1200 - Yfirvinna | 648.428 | 929.352 | 938.613 | 1.194.428 | 933.246 | 888.876 |
| 1280 - Föst yfirvinna án orlofs | | 2.918.184 | | 3.152.300 | | 3.032.466 |
| 1290 - Yfirvinnuálag 44,44% | | | | | | 99.704 |
| 1230 - Forfallakennsla | 5.747.183 | 110.464 | 4.525.062 | | 5.131.101 | 77.434 |
| 1235 - Yfirvinna - félagsstörf | 1.696.959 | | 1.482.962 | | 930.745 | |
| 1250 - Kennsluyfirvinna grunnskóla | 412.815 | | 2.283.384 | | 3.823.818 | 123.555 |
| 1270 - Föst yfirvinna | | | 683.539 | | 556.127 | 139.607 |
| 1240 - Frímínútugæsla | 2.449.783 | | 1.838.830 | | 1.339.381 | |
| 1320 - Álag 55% | | 72.045 | | 75.088 | | |
| 1450 - TV eining | 475.000 | | 282.000 | | 132.000 | |
| 1510 - Akstur skv. akstursdb. | 26.950 | | 21.560 | | 19.250 | |
| 1400 - Fatapeningar | | 362.890 | 2.786 | 404.716 | 15.522 | 361.769 |
| 1550 - Endurgreiddur símakostnaður | 27.160 | | 22.480 | | 52.700 | |
| 1040 - Lausnarlaun | | | | 334.247 | 1.531.014 | 679.858 |
| 1020 - Launalaust leyfi | -690.806 | -2.025.002 | -1.321.989 | -2.488.240 | -1.727.334 | -2.551.507 |
| 9210 - Orlof (á laun) 9210 | 1.551.853 | 225.872 | 1.519.173 | 345.531 | 1.752.080 | 355.946 |
| 1050 - Orlofsuppgjör | | | | 1.026.651 | | 1.640.301 |
| 2000 - Desemberuppbót | | 2.440.023 | 3.555 | 1.937.584 | 66.829 | 1.909.761 |
| 2010 - Orlofsuppbót | | | | 826.548 | 13.477 | 861.590 |
| 2050 - Eingreiðsla | | | 5.147.100 | | 4.457.507 | 3.269.863 |
| 2020 - Annaruppbót | 6.144.324 | | 6.764.597 | | 6.842.913 | 238.589 |
| Launatengd gjöld | 63.168.513 | 19.029.488 | 70.738.320 | 20.892.924 | 70.127.131 | 23.815.456 |
| **Samtals** | **314.965.821** | **102.703.362** | **352.816.090** | **113.739.372** | **353.994.026** | **130.915.895** |
| **Hlutfallsleg skipting** | 75,4% | 24,6% | 75,6% | 24,4% | 73,0% | 27,0% |
| Hlutfall af mánaðarlaunum | 4,9% | 5,3% | 4,7% | 5,3% | 5,0% | 4,7% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 94 sýnir skiptingu launagjalda eftir kennurum og stjórnendum annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2017 til 2019.

Fram kemur í töflunni hlutfall af mánaðarlaunum en þar hafa verið lagðar saman eftirfarandi launagreiðslur: yfirvinna, föst yfirvinna án orlofs, yfirvinnuálag, forfallakennsla, yfirvinna-félagsstörf, kennsluyfirvinna grunnskóla, föst yfirvinna, frímínútugæsla, álag og TV eining. Síðan er fundið hlutfall summu þessara talna af mánaðarlaunum. Hlutfallið á að lýsa hversu háar aukagreiðslur eru í hlutfalli við mánaðarlaun. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli hópa og ára.

Fram kemur í töflunni að laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna sem hlutfall af heildarlaunagjöldum skólans árið 2019 var 27,0%.

### Tafla 95: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag | Fljótsdals. | Reykjavík | Reykjavík | Kópavogur | Reykjanesbær | **Ísafjörður** | Hveragerði | Akureyri | Reykjavík | Reykjavík | Akureyri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Egilsstaða skóli | Fossvogs skóli | Kelduskóli | Kópavogs-skóli | Myllubakka-skóli | **Grunnskólinn á Ísafirði** | Grunnskólinn í Hveragerði | Síðuskóli | Ingunnarskóli | Réttar-holtsskóli | Giljaskóli |
| Fjöldi nemenda | 356 | 357 | 358 | 360 | 362 | **368** | 370 | 372 | 391 | 391 | 394 |
| Laun og launatengd gjöld | 489.923 | 384.199 | 465.147 | 540.118 | 470.722 | **495.000** | 510.928 | 446.797 | 473.816 | 408.790 | 445.197 |
| Annar rekstrarkostnaður | 60.313 | 60.045 | 69.363 | 58.911 | 63.089 | **80.556** | 87.047 | 68.412 | 61.518 | 53.261 | 73.727 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 550.236 | 444.244 | 534.510 | 599.030 | 533.811 | **575.556** | 597.975 | 515.210 | 535.334 | 462.051 | 518.924 |
| Tekjur | -22.301 | -30.007 | -31.145 | -25.665 | -12.637 | **-34.184** | -92.845 | -40.758 | -39.139 | -30.855 | -52.265 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 527.935 | 414.237 | 503.365 | 573.365 | 521.174 | **541.372** | 505.130 | 474.452 | 496.195 | 431.196 | 466.659 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.376 | 1.076 | 1.299 | 1.500 | 1.300 | **1.345** | 1.381 | 1.201 | 1.212 | 1.045 | 1.130 |
| Annar rekstrarkostnaður | 169 | 168 | 194 | 164 | 174 | **219** | 235 | 184 | 157 | 136 | 187 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 1.546 | 1.244 | 1.493 | 1.664 | 1.475 | **1.564** | 1.616 | 1.385 | 1.369 | 1.182 | 1.317 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 1.483 | 1.160 | 1.406 | 1.593 | 1.440 | **1.471** | 1.365 | 1.275 | 1.269 | 1.103 | 1.184 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 95 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018.

Eins og taflan sýnir voru tveir skólar með hærri launagjöld í krónum talið en Grunnskóli Ísafjarðar. Grunnskólinn í Hveragerði er eini skólinn með hærri annan rekstrarkostnað en Grunnskólinn á Ísafirði. Tveir grunnskólar eru með hærri rekstrarkostnað samtals en Grunnskólinn á Ísafirði.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Giljaskóla á Akureyri og eru 1.130 þús. kr. á hvern nemanda. Í Grunnskólanum á Ísafirði voru launagjöld á hvern nemanda 1.345 þús. kr. árið 2018. Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var hæstur í Grunnskólanum í Hveragerði og var 235 þús. kr. á hvern nemanda. Næstur á eftir kom Grunnskólinn á Ísafirði með 219 þús. kr. á hvern nemanda. Lægstur var kostnaðurinn í Ingunnarskóla og var hann 157 þús. kr. á hvern nemanda.

Þegar gjöldin hafa verið tekin saman var rekstrarkostnaður samtals á hvern nemanda í Grunnskólanum á Ísafirði 1.564 þús. kr. Tveir grunnskólar voru með hærri kostnað á hvern nemanda en átta grunnskólar voru með lægri kostnað á hvern nemanda. Réttarholtsskóli er með lægsta rekstrarkostnað samtals á hvern nemanda og var hann 1.182 þús. kr. til samanburðar við 1.564 þúsund krónur hjá Grunnskólanum á Ísafirði.

### Tafla 96: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2018

| Sveitarfélag | Fljótsdals. | Reykjavík | Reykjavík | Kópavogur | Reykjanesbær | **Ísafjörður** | Hveragerði | Akureyri | Reykjavík | Reykjavík | Akureyri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Egilsstaða skóli | Fossvogs skóli | Kelduskóli | Kópavogs-skóli | Myllubakka-skóli | **Grunnskólinn á Ísafirði** | Grunnskólinn í Hveragerði | Síðuskóli | Ingunnarskóli | Réttar-holtsskóli | Giljaskóli |
| Fjöldi nemenda | 356 | 357 | 358 | 360 | 362 | **368** | 370 | 372 | 391 | 391 | 394 |
| Stjórnendur | 4,5 | 6,0 | 5,0 | 4,0 | 5,1 | **4,0** | 6,0 | 3,5 | 5,0 | 3,0 | 3,0 |
| Sérkennarar | 1,8 | 0,5 | 1,9 | 7,3 | 3,3 | **3,7** | 4,5 | 6,0 | 2,0 | 2,0 | 3,7 |
| Kennarar | 36,9 | 27,1 | 34,0 | 33,2 | 28,9 | **31,9** | 27,8 | 33,3 | 29,4 | 23,4 | 30,0 |
| **Stg. alls við kennslu** | **43,2** | **33,6** | **40,9** | **44,5** | **37,3** | **39,6** | **38,3** | **42,9** | **36,4** | **28,4** | **36,8** |
| Aðrir starfsmenn | 18,2 | 9,6 | 8,2 | 8,5 | 22,3 | **22,3** | 22,3 | 27,6 | 18,1 | 11,2 | 27,1 |
| **Samtals stöðugildi** | **61,4** | **43,2** | **49,0** | **53,0** | **59,6** | **61,9** | **60,6** | **70,4** | **54,5** | **39,6** | **63,8** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 96 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðargrunnskólum árið 2018. Stöðugildi stjórnenda voru flest hjá Fossvogsskóla og Grunnskólanum í Hveragerði. Kópavogsskóli og Síðuskóli voru með flest stöðugildi sérkennara. Síðuskóli og Kópavogsskóli eru með flest stöðugildi kennara og Grunnskólinn á Ísafirði kemur þar rétt á eftir.

Síðuskóli og Giljaskóli voru samtals með flest stöðugildi meðal samanburðarskólanna. Grunnskólinn á Ísafirði var samtals með 61,9 stöðugildi í skólanum árið 2018 og kom næstur á eftir framangreindum skólum hvað fjölda stöðugilda varðar.

### Tafla 97: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018

| | Fljótsdals. Egilsstaða skóli | Reykjavík Fossvogs skóli | Reykjavík Kelduskóli | Kópavogur Kópavogs-skóli | Reykjanesbær Myllubakka-skóli | **Ísafjörður Grunnskólinn á Ísafirði** | Hveragerði Grunnskólinn í Hveragerði | Akureyri Síðuskóli | Reykjavík Ingunnarskóli | Reykjavík Réttar-holtsskóli | Akureyri Giljaskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 356 | 357 | 358 | 360 | 362 | **368** | 370 | 372 | 391 | 391 | 394 |
| Stg. alls við kennslu | 8,2 | 10,6 | 8,8 | 8,1 | 9,7 | **9,3** | 9,7 | 8,7 | 10,7 | 13,8 | 10,7 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 9,0 | 11,5 | 9,9 | 10,2 | 11,3 | **10,9** | 11,6 | 10,7 | 12,1 | 16,0 | 12,7 |
| Aðrir starfsmenn | 19,6 | 37,3 | 43,9 | 42,2 | 16,3 | **16,5** | 16,6 | 13,5 | 21,6 | 35,1 | 14,6 |
| Stöðugildi samtals | 5,8 | 8,3 | 7,3 | 6,8 | 6,1 | **5,9** | 6,1 | 5,3 | 7,2 | 9,9 | 6,2 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 97 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018. Grunnskólinn á Ísafirði er með 5,9 nemendur á hvert stöðugildi og eru einungis tveir grunnskólar með færri nemendur á hvert stöðugildi. Réttarholtsskóli var með 9,9 nemendur á hvert stöðugildi og Fossvogsskóli var með 8,3 nemendur á hvert stöðugildi.

### Tafla 98: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2009 til 2019 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 461 | 413 | 390 | 382 | 349 | 337 | 327 | 341 | 355 | 368 | 374 |
| Kennara og leiðb. | 46,6 | 44,4 | 41,2 | 37,3 | 35,9 | 32,8 | 33,1 | 34,3 | 39,5 | 39,6 | 43,44 |
| Annarra starfsmanna | 20,5 | 20,3 | 19,0 | 5,8 | 20,4 | 17,8 | 19,4 | 20,5 | 21,3 | 22,3 | 17,91 |
| **Samtals stöðugilda** | **67,2** | **64,7** | **60,2** | **43,1** | **56,3** | **50,6** | **52,5** | **54,9** | **60,8** | **61,9** | **61,4** |
| Fjöldi nem. á hvert stg. kennara og leiðb | 9,9 | 9,3 | 9,5 | 10,2 | 9,7 | 10,3 | 9,9 | 9,9 | 9,0 | 9,3 | 8,6 |
| Fjöldi nem. á hvert stg. annarra starfsm. | 22,4 | 20,3 | 20,5 | 66,2 | 17,1 | 18,9 | 16,9 | 16,6 | 16,7 | 16,5 | 20,9 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stg.** | **6,9** | **6,4** | **6,5** | **8,9** | **6,2** | **6,7** | **6,2** | **6,2** | **5,8** | **5,9** | **6,1** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjörður

Tafla 98 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda samtals annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar á árunum 2009 til 2019.

Stöðugildum samtals fjölgar frá árinu 2012 til ársins 2019. Hins vegar hefur nemendum fækkað. Milli áranna 2012 og 2016 fækkar nemendum um 41 en stöðugildum fjölgar um 11,8.

Frá árinu 2016 til ársins 2019 snýst þróunin á fjölda nemenda við og þeim fer að fjölga og í lok árs 2019 er nemendafjöldinn orðinn 374, það sama á við um stöðugildin, þeim heldur áfram að fjölga og eru 61,4 árið 2019. Þrátt fyrir fjölgun nemenda árið 2019 er nemendafjöldinn ekki jafn mikill og var við skólann árið 2012. Ef árin 2012 og 2019 eru borin saman fjölgar stöðugildum milli áranna um 18,3 og nemendum fækkar um átta. Hægt er að skoða þróunina myndrænt á mynd 46.

Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi var 6,9 árið 2009 en hámarksfjöldi nemenda á hvert stöðugildi á tímabilinu árið 2012 var 8,9. Frá því ári hefur talan lækkað og var 6,1 árið 2019. Árið 2017 voru 5,8 nemendur á hvert stöðugildi og eru ekki færri nemendur á hvert stöðugildi á tímabilinu. Hægt er að skoða þróunina myndrænt á mynd 47.

**Mynd 46: Fjöldi nemenda og stöðugilda árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

**Mynd 47: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélag og Ísafjarðarbær

## Grunnskólinn á Suðureyri

Grunnskólinn á Suðureyri er heildstæður skóli með nemendur sem tilheyra fyrsta til tíunda bekk og eru nemendur við skólann 43 skólaárið 2019/2020. Nemendur í hverjum árgangi eru ekki margir og er skólanum því skipt upp í þrjár bekkjardeildir. Yngsta deild er fyrir nemendur fyrsta til þriðja bekkjar, miðdeild er fyrir nemendur í fjórða til sjötta og unglingadeild er fyrir nemendur í sjöunda til tíunda.

Eitt stöðugildi er vegna stjórnunar við skólann, sem er skólastjóri. Hann hefur fjórar fastar kennslustundir á viku og er að auki með fjóra aðra tíma vegna starfsþróunarverkefnis sem unnið er bæði í mið- og unglingadeild.

Í skólanum eru 5,31 stöðugildi við kennslu, 1,125 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 0,5 stöðugildi

**Tafla 99: Skipting og fjöldi stöðugilda við Grunnskóla Önundarfjarðar í janúar 2020**

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 1,00 |
| Kennarar | 5,31 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 0,18 |
| Stuðningsfulltrúi | 1,125 |
| Skólaliði | 0,50 |
| Samtals | 8,115 |

Heimild: Ísafjarðarbær

skólaliða og 0,18 stöðugildi náms- og starfsráðgjafa. Samtals eru 8,115 stöðugildi við skólann.

Skólastjóri mætir kl. 07:30 og opnar skólahúsnæðið. Starfsmenn skólans hafa komið sér saman um að sá sem er síðastur út úr húsinu sér um að loka því sem yfirleitt er skólastjóri og er húsnæðinu lokað á bilinu 16:30 til 17:00.

Skólaliði sér um ræstingu í öllu húsinu. Ræstingin fer fram frá kl. 12:00 – 16:00.

Starfsmenn koma til vinnu nokkru áður en kennslustundir hefjast.

Kennsla hefst í öllum bekkjardeildum kl. 08:00.

Kennslu hjá yngstu deild lýkur kl. 12:30 og geta nemendur valið hvort þeir fara í mat hjá skólanum. Kennslu hjá miðdeildinni lýkur á bilinu 13:00 til 14:00. Kennslu hjá unglingadeildinni lýkur um kl. 14:20. Unglingastigið sækir kennslu í valgreinum í Grunnskólann á Ísafirði tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum. Á mánudögum geta nemendur notað almenningssamgöngur báðar leiðir en á fimmtudögum kemur Vestfjarðaleið sérstaka ferð til að sækja nemendur en þeir taka svo almenningssamgöngur á bakaleiðinni. Í frímínútum sjá tveir stuðningsfulltrúar (annar er í 50% og hinn í 60% starfi) um gæslu. Þeir sinna einnig stuðningi í kennslustundum.

**Tafla 100: Skipting og fjöldi nemenda í hverjum árgangi, janúar 2020**

| Árgangar | Fjöldi |
|---|---|
| 1. bekkur | 8 |
| 2. bekkur | 2 |
| 3. bekkur | 2 |
| 4. bekkur | 4 |
| 5. bekkur | 7 |
| 6. bekkur | 5 |
| 7. bekkur | 2 |
| 8. bekkur | 5 |
| 9. bekkur | 6 |
| 10. bekkur | 2 |
| Samtals | 43 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Matartími nemenda í skólanum er frá 12:30 til 13:00. Leikskólinn Tjarnaborg sér um að útvega skólanum skólamáltíðir. Stuðningsfulltrúi sér um gæslu í mötuneytinu. Í því felst að leikskólinn sér alfarið um rekstur mötuneytisins, þ.e. að innheimta fæðisgjaldið, sjá um innkaupin og elda matinn. Matráður leikskólans kemur með matinn í skólann og er með nemendum í matartímanum ásamt öðrum stuðningsfulltrúa skólans.

Skólastjóri sinnir fjárhagsáætlunargerð fyrir skólann, sent er mánaðaryfirlit á allar deildir.

Fundað er með öllu starfsfólki skólans sameiginlega að jafnaði einu sinni í mánuði og með kennurum einu sinni í viku. Á þessum fundum eru rædd skipulagsmál, unnið að mati á skólastarfinu og í þróunarverkefnum skólans. Starfsaðstaða kennara: Kennarar hafa spjaldtölvur frá skólanum til afnota við kennslu. Kennsla í upplýsingatækni fer að mestu fram í tölvuveri skólans.

Það eru 24 nemendur við skólann sem hafa íslensku ekki sem móðurmál, sem eru um 56% nemenda skólans. Það eru miklar áskoranir fyrir starfsemi skólans að uppfylla þarfir allra nemenda og mikilvægt að rækta málþroska barnanna. Á nýlegu orðaforðaprófi kom í ljós að einungis 14% nemenda skólans teljast utan áhættu hvað orðaforða og málskilning varðar. Talmeinafræðingur hefur komið tvisvar í skólann það sem af er þessu skólaári og í ljósi samsetningar á nemendahópnum er mikilvægt að endurskoða fjölda þeirra skipta sem talmeinafræðingur er við skólann. Í skólanum er einnig unnið þróunarverkefni um eflingu kennslu í orðaforða og árangursríkari samvinnu kennara. Nemendur hafa val um að sækja móðurmálskennslu í pólsku og tailensku einu sinni í viku þar sem góð undirstaða í móðurmáli er hjálpleg við að læra annað tungumál.

Vegna samsetningar nemendahópsins er þörf fyrir mikla túlkaþjónustu í skólanum því mikilvægt er að hægt sé að ræða við foreldra um nám og líðan án þess að eiga á hættu misskilning vegna tungumálavanda. Í venjulegum foreldraviðtölum, sem haldin eru þrisvar á ári, þarf að fá túlka á pólsku eða tailensku í 14 viðtöl, í fjórum viðtölum er töluð enska og kennarar skólans gera það án aðstoðar. Ef annað foreldri barns er íslenskumælandi hefur ekki verið boðið upp á túlkaþjónustu af hálfu skólans. Öll viðtöl um viðkvæm efni vegna barna sem ekki eiga íslenska foreldra krefjast túlks. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að skólinn þurfi á túlk að halda í 40 viðtölum árlega.

**Tafla 101: Fjöldi nemenda, launakostnaður og annar kostnaður í Grunnskólanum á Suðureyri frá 2016 til 2019, á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 43 | 39 | 41 | 43 | 0,0% | 10,3% | 4,9% |
| Mánaðarlaun | 40.807 | 44.840 | 47.044 | 50.329 | 23,3% | 12,2% | 7,0% |
| Dagvinnulaun | 0 | 249 | 746 | 502 | | 101,5% | -32,7% |
| Föst yfirvinna | 1.740 | 466 | 0 | 95 | -94,5% | -79,6% | #DIV/0! |
| Vaktaálag | 0 | 0 | 0 | 0 | | | |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 689 | 731 | 951 | | 38,1% | 30,0% |
| Önnur laun | 2.040 | 132 | 788 | 966 | -52,7% | 631,9% | 22,7% |
| Uppbætur | 664 | 1.262 | 1.306 | 1.346 | 102,6% | 6,6% | 3,0% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 118 | 301 | 191 | | 62,2% | -36,4% |
| Áfallið orlof, breyting | 1.332 | -93 | 92 | 990 | -25,7% | -1162,6% | 972,2% |
| Launatengd gjöld | 11.132 | 11.746 | 12.588 | 13.278 | 19,3% | 13,0% | 5,5% |
| Vinnufatnaður skv. Samningum | 40 | 29 | 65 | 0 | | | |
| Kaffikostnaður | 86 | 59 | 131 | 120 | 39,3% | 104,0% | -8,2% |
| Annar starfsmannakostnaður | 0 | 16 | 0 | 0 | | | #DIV/0! |
| **Laungagjöld samtals** | **57.843** | **59.514** | **63.792** | **68.768** | **18,9%** | **15,6%** | **7,8%** |
| Vörukaup samtals | 4.286 | 3.046 | 4.196 | 6.855 | 60,0% | 125,1% | 63,4% |
| Innri leiga | 18.653 | 18.207 | 16.261 | 15.704 | -15,8% | -13,7% | -3,4% |
| Þjónustukaup | 3.889 | 3.847 | 5.657 | 6.582 | 69,3% | 71,1% | 16,3% |
| Annar kostnaður | 4.896 | 3.291 | 2.952 | 2.970 | -39,3% | -9,7% | 0,6% |
| **Samtals önnur rekstrargjöld** | **31.724** | **28.391** | **29.067** | **32.112** | **1,2%** | **13,1%** | **10,5%** |
| **Samtals gjöld** | **89.567** | **87.905** | **92.859** | **100.880** | **12,6%** | **14,8%** | **8,6%** |
| Tekjur alls | -500 | -396 | -525 | -1.073 | 114,7% | 171,2% | 104,6% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **89.067** | **87.509** | **92.335** | **99.807** | **12,1%** | **14,1%** | **8,1%** |
| | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar | 87.920 | 90.305 | 91.675 | 97.919 | 11,4% | 8,4% | 6,8% |
| Mismunur raun niðurstöðu og fjárhagsáætlun | 1.147 | -2.796 | 659 | 1.888 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4,3% | 2,6% | 1,6% | 2,1% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 10,9% | 5,7% | 6,0% | 6,7% | | | |
| Launagjöld samtals á hvern nemanda | 1.345 | 1.526 | 1.556 | 1.599 | 18,9% | 4,8% | 2,8% |
| Annar kostnaður (án innri leigu) á hvern nem | 304 | 261 | 312 | 382 | 25,5% | 46,1% | 22,2% |
| Rekstrargjöld samtals (án innri leigu) á hvern nem. | 1.649 | 1.787 | 1.868 | 1.981 | 20,1% | 10,8% | 6,0% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 101 inniheldur upplýsingar um skiptingu og þróun launakostnaðar, þróun vöru- og þjónustukaupa samtals og að auki kostnað á hvern nemanda frá árinu 2016 til 2019. Útgjöldin eru á verðlagi hvers árs í þús. kr. Einnig má sjá hlutfallsbreytingu útgjalda miðað við árið 2019.

Á milli áranna 2016 og 2019 helst nemendafjöldinn óbreyttur, launakostnaður skólans jókst um 18,9%, vörukaup aukast um 60% og þjónustukaup án innri leigu hækka um 69,3%. Útgjöld samtals án innri leigu hækka frá árinu 2016 til 2019 um 20%.

Rekstrarniðurstaða samtals fyrir árin fjögur er nánast á pari við fjárhagsáætlun á sama tímabili.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum lækkar á tímabilinu og fer úr 4,3% í 2,1%. Yfirvinna og aðrar laungreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum lækkar einnig og lækkar hlutfallið úr 10,9% í 6,7%.

Rekstrargjöld á hvern nemanda hækka á tímabilinu um 20,1%, fara úr 1.649 þús. kr. á hvern nemanda í 1.981 þús. kr. árið 2019.

**Tafla 102: Nokkrir útgjaldaliðir hjá Grunnskólanum á Suðureyri frá árinu 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 219 | 317 | 330 | 554 | 153% | 75% | 68% |
| Rafmagn | 246 | 263 | 267 | 320 | 30% | 22% | 20% |
| Heitt vatn | 969 | 1.084 | 1.141 | 1.159 | 20% | 7% | 2% |
| Vörur til kennslu alls | 620 | 480 | 699 | 642 | 3% | 34% | -8% |
| Hreinlætisvörur | 91 | 78 | 77 | 105 | 15% | 34% | 35% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra | 1.235 | 616 | 1.560 | 805 | -35% | 31% | -48% |
| Kerfisfræðiaðstoð m. ekr. vsk. | 32 | 167 | 145 | 488 | 1408% | 192% | 236% |
| Önnur kerfisfræðiaðstoð | 59 | 320 | 351 | 369 | 523% | 15% | 5% |
| Sorphreinsun m. ekr. vsk. | 57 | 61 | 106 | 194 | 242% | 217% | 83% |
| **Samtals** | **3.528** | **3.386** | **4.676** | **4.634** | **31%** | **37%** | **-1%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í töflu 102 eru nokkrir útgjaldaliðir í þús. kr. á verðlagi hvers árs í Grunnskólanum á Suðureyri á árunum 2016 til 2019.

Hlutfallslega hækka mest útgjaldaliðir vegna kerfisfræðiaðstoðar, ritfanga og sorphreinsunar.

Samtals hækka útgjaldaliðirnir um 31% milli áranna 2016 og 2019.

## Tafla 103: Greining á launum í Grunnskólanum á Suðureyri árin 2017 til 2019

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| 1000 - Mánaðarlaun | 34.486.568 | 10.688.806 | 40.683.262 | 6.138.042 | 40.491.922 | 13.974.430 |
| 1020 - Dagvinna | 21.796 | | | | | |
| 1120 - Stundakennsla | | 248.992 | 55.189 | 556.736 | | |
| 1130 - Föst stundakennsla | | | | 133.792 | | 301.032 |
| 1090 - Uppgjör kennara | | | 460.634 | | 122.556 | |
| 1200 - Yfirvinna | 297.752 | 70.094 | 12.169 | 6.420 | | |
| 1230 - Forfallakennsla | | 137.057 | 219.292 | | 502.379 | 255.096 |
| 1250 - Kennsluyfirvinna grunnskóla | 430.515 | 67.982 | 80.016 | | 94.988 | |
| 1235 - Yfirvinna - félagsstörf | 108.334 | 43.234 | 413.347 | | 118.262 | 29.006 |
| 1450 - TV eining | 132.000 | | | | | |
| 1020 - Launalaust leyfi | -165.953 | -237.502 | -216.249 | -21.402 | -114.089 | -82.727 |
| 9210 - Orlof (á laun) 9210 | 98.903 | 65.586 | 99.647 | 78.752 | 91.624 | 67.417 |
| 1510 - Akstur skv. akstursdb. | 355.960 | 256.740 | 304.062 | 87.736 | 79.157 | 275.880 |
| 1050 - Orlofsuppgjör | | | | 122.595 | | |
| 2000 - Desemberuppbót | | 157.464 | | 163.551 | | 111.439 |
| 2010 - Orlofsuppbót | | 64.496 | | 71.204 | | 44.431 |
| 2050 - Eingreiðsla | | | 787.500 | | 617.974 | 349.026 |
| 2020 - Annaruppbót | 902.741 | 137.740 | 1.071.320 | | 992.885 | 283.839 |
| Launatengd gjöld | 9.117.723 | 2.628.234 | 10.962.066 | 1.625.908 | 10.686.120 | 3.681.463 |
| **Samtals** | **45.786.339** | **14.328.923** | **54.932.255** | **8.963.334** | **53.683.778** | **19.290.332** |
| **Hlutfallsleg skipting** | 76,2% | 23,8% | 86,0% | 14,0% | 73,6% | 26,4% |
| Hlutfall af mánaðarlaunum | 2,8% | 3,0% | 1,8% | 0,1% | 1,8% | 2,0% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 103 sýnir skiptingu launagjalda eftir kennurum og stjórnendum annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar í Grunnskólanum á Suðureyri árin 2017 til 2019.

Hlutfall viðbótarlauna af mánaðarlaunum var um 2% árið 2019 hjá báðum hópum.

Fram kemur í töflunni að laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna sem hlutfall af heildarlaunagjöldum skólans árið 2019 var 26,4%.

## Tafla 104: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag | Grímsnes- og Grafningshr. | Húnav.-hreppur | Þingeyjar-sveit | Tálknafjarðar-hreppur | Skaftár-hreppur | **Ísafjarðar-bær** | Fljóts.-hérað | Reykhóla-hreppur | Stranda-byggð | Skeiða- og Gnúpverjahr. | Bláskógabyggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Kerhólsskóli | Húnavalla skóli | Stórutjarna skóli | Grunnskólinn á Tálknafirði | Kirkjubæjar skóli | **Suðureyrar skóli** | Brúarás skóli | Reykhólask óli | Grunnsk. á Hólmavík | Þjórsárskóli | Bláskógaskóli - Laugarvatni |
| Fjöldi nemenda | 36 | 37 | 39 | 40 | 40 | **41** | 41 | 42 | 44 | 46 | 51 |
| Laun og launatengd gjöld | 116.157 | 0 | 132.507 | 24.150 | 97.263 | **64.184** | 101.317 | 111.328 | 133.985 | 87.980 | 96.253 |
| Annar rekstrarkostnaður | 47.562 | 0 | 18.022 | 71.987 | 21.484 | **10.885** | 17.440 | 45.809 | 23.333 | 65.623 | 37.302 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 163.719 | 0 | 150.529 | 96.137 | 118.748 | **75.069** | 118.757 | 157.137 | 157.319 | 153.603 | 133.555 |
| Tekjur | -5.650 | 0 | -10.458 | -736 | -8.462 | **-525** | -3.278 | -42.569 | -12.825 | -2.432 | -4.483 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 158.070 | 0 | 140.071 | 95.402 | 110.286 | **74.544** | 115.479 | 114.568 | 144.493 | 151.170 | 129.072 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3.227 | 0 | 3.398 | 604 | 2.432 | **1.565** | 2.471 | 2.651 | 3.045 | 1.913 | 1.887 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.321 | 0 | 462 | 1.800 | 537 | **265** | 425 | 1.091 | 530 | 1.427 | 731 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 4.548 | 0 | 3.860 | 2.403 | 2.969 | **1.831** | 2.897 | 3.741 | 3.575 | 3.339 | 2.619 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 4.391 | 0 | 3.592 | 2.385 | 2.757 | **1.818** | 2.817 | 2.728 | 3.284 | 3.286 | 2.531 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 104 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemenda í 11 samanburðarskólum árið 2018.

Eins og taflan sýnir er einungis einn skóli með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Grunnskólinn á Suðureyri. Nettó rekstrarkostnaður Grunnskólans á Suðureyri var 75,5 millj. kr. og er enginn annar grunnskóli með lægri nettó rekstrarkostnað.

Grunnskólinn á Suðureyri kemur vel út í samanburðinum. Rekstrarkostnaður samtals á hvern nemenda árið 2018 var lægstur í Grunnskólanum á Suðureyri og var 1.831 þús. kr. Grunnskólinn á Tálknafirði er með næst lægsta rekstrarkostnaðinn á hvern nemanda og var hann 2.403 þús. kr. Munurinn á milli Grunnskólans Tálknafirði og á Suðureyri var um 600 þús. kr. á hvern nemanda.

### Tafla 105: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2018

| Sveitarfélag<br>Nafn skóla | Grímsnes- og Grafningshr.<br>Kerhólsskóli | Húnav.-hreppur<br>Húnavalla skóli | Þingeyjar-sveit<br>Stórutjarna skóli | Tálknafjarðar-hreppur<br>Grunnskólinn á Tálknafirði | Skaftár-hreppur<br>Kirkjubæjar skóli | **Ísafjarðar-bær<br>Suðureyrar skóli** | Fljóts.-hérað<br>Brúarás skóli | Reykhóla-hreppur<br>Reykhólask óli | Stranda-byggð<br>Grunnsk. á Hólmavík | Skeiða- og Gnúpverjahr.<br>Þjórsárskóli | Bláskógabyggð<br>Bláskógaskóli - Laugarvatni |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 36 | 37 | 39 | 40 | 40 | **41** | 41 | 42 | 44 | 46 | 51 |
| Stjórnendur | 1,8 | 0,8 | 1,8 | 0,8 | 1,0 | **1,0** | 0,7 | 0,8 | 1,0 | 1,0 | 1,9 |
| Sérkennarar | 1,3 | 1,0 | 0,5 | 0,0 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Kennarar | 7,8 | 5,0 | 6,1 | 6,5 | 6,5 | **5,5** | 6,6 | 5,6 | 6,6 | 5,2 | 6,8 |
| Stg. alls við kennslu | 11,0 | 6,9 | 8,4 | 7,3 | 7,5 | **6,5** | 7,3 | 7,2 | 7,6 | 6,2 | 8,7 |
| Aðrir starfsmenn | 5,8 | 5,6 | 6,0 | 2,5 | 4,1 | **1,5** | 3,8 | 4,2 | 8,9 | 2,7 | 1,5 |
| Samtals stöðugildi | 16,8 | 12,5 | 14,4 | 9,8 | 11,6 | **8,0** | 11,1 | 11,4 | 16,5 | 9,0 | 10,2 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 105 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólum árið 2018.

Í samanburðinum eru stöðugildi stjórnenda á bilinu 0,8 til 1,9. Stöðugildi við kennslu eru á bilinu 6,2 til 11,0 og samtals stöðugildi eru á bilinu 8,0 til 16,8. Eins og sjá má í töflunni er Grunnskólinn á Suðureyri með fæst stöðugildi meðal samanburðarskóla árið 2018. Þjórsárskóli kemur næst á eftir Grunnskólanum á Suðureyri með 9 stöðugildi.

### Tafla 106: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag<br>Nafn skóla | Grímsnes- og Grafningshr.<br>Kerhólsskóli | Húnav.-hreppur<br>Húnavalla skóli | Þingeyjar-sveit<br>Stórutjarna skóli | Tálknafjarðar-hreppur<br>Grunnskólinn á Tálknafirði | Skaftár-hreppur<br>Kirkjubæjar skóli | **Ísafjarðar-bær<br>Suðureyrar skóli** | Fljóts.-hérað<br>Brúarás skóli | Reykhóla-hreppur<br>Reykhóla-skóli | Stranda-byggð<br>Grunnsk. á Hólmavík | Skeiða- og Gnúpverjahr.<br>Þjórsárskóli | Bláskógabyggð<br>Bláskógaskóli - Laugarvatni |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 36 | 37 | 39 | 40 | 40 | **41** | 41 | 42 | 44 | 46 | 51 |
| Stg. alls við kennslu | 3,3 | 5,4 | 4,6 | 5,5 | 5,4 | **6,3** | 5,6 | 5,9 | 5,8 | 7,4 | 5,9 |
| Stg. við kennslu án stjórnend | 4,6 | 7,3 | 6,4 | 6,2 | 6,2 | **7,4** | 6,2 | 7,5 | 6,7 | 8,8 | 7,5 |
| Aðrir starfsmenn | 6,2 | 6,6 | 6,5 | 16,3 | 9,8 | **27,3** | 10,8 | 10,0 | 4,9 | 16,8 | 34,0 |
| Stöðugildi samtals | 2,1 | 3,0 | 2,7 | 4,1 | 3,5 | **5,1** | 3,7 | 3,7 | 2,7 | 5,1 | 5,0 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 106 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018.

Grunnskólinn á Suðureyri og Þjórsárskóli eru með flesta nemendur á hvert stöðugildi eða 5,1.

**Tafla 107: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum á Suðureyri árin 2009 til 2019 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 41 | 36 | 38 | 38 | 36 | 38 | 47 | 43 | 39 | 41 | 43 |
| Kennara og leiðb. | 7,1 | 6,1 | 7,2 | 6,2 | 6,2 | 5,7 | 6,2 | 6,6 | 6,3 | 6,5 | 6,4 |
| Annarra starfsmanna | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 1,5 | 1,7 | 1,6 | 1,4 | 1,6 | 1,7 | 1,5 | 1,68 |
| **Samtals stöðugilda** | **8,1** | **7,2** | **8,2** | **7,7** | **7,9** | **7,3** | **7,6** | **8,2** | **8,0** | **8,0** | **8,1** |
| Fjöldi nem. á hvert stg. kennara og leiðb | 5,8 | 5,9 | 5,3 | 6,1 | 5,8 | 6,7 | 7,6 | 6,5 | 6,2 | 6,3 | 6,7 |
| Fjöldi nem. á hvert stg. annarra starfsm. | 41,0 | 32,7 | 38,0 | 25,3 | 21,2 | 23,8 | 33,6 | 26,9 | 22,9 | 27,3 | 25,6 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stg.** | **5,1** | **5,0** | **4,6** | **4,9** | **4,6** | **5,2** | **6,2** | **5,2** | **4,9** | **5,1** | **5,3** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 107 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Grunnskólann á Suðureyri á árunum 2009 til 2019. Nemendum fjölgar um tvo frá árinu 2009 til ársins 2019 og fjöldi stöðugilda helst óbreyttur.

**Mynd 48: Fjöldi nemenda og stöðugilda árin 2009 til**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Heildafjöldi stöðugilda var mestur árin 2011 og 2016 eða 8,2 en fæst voru þau árið 2010 eða 7,2. Eins og sjá má helst fjöldi stöðugilda nokkuð stöðugur á tímabilinu en á sama tímabili eru ekki miklar sveiflur í fjölda nemenda í skólanum milli ára.

**Mynd 49: Fjöldi nemenda og nemenda á hvert stöðugildi árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Mynd 49 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum á Suðureyri árin 2009 til 2018. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi helst nokkuð stöðugur flest árin og er um 5,2 með einni undantekningu árið 2015 þegar fjöldi nemenda á hvert stöðugildi fór í 6,2.

## Grunnskóli Önundarfjarðar

Grunnskóli Önundarfjarðar er heildstæður skóli, þ.e. með nemendur í fyrsta til tíunda bekk og samtals eru 17 nemendur í skólanum, skólaárið 2019/2020. Skólanum er skipt upp í tvær bekkjadeildir, annars vegar er nemendum frá fyrsta og upp í fimmta bekk kennt saman og hins vegar eru nemendur í áttunda til tíunda bekk saman í bekk.

Skólastjóri veitir einnig forstöðu  leikskólanum Grænagarði og hefur aðstöðu í grunnskólanum. Skólastjóri hefur fasta viðveru í leikskólanum alla þriðjudaga frá kl. 09:00 til 12:00. Skólastjóri hefur með sér deildarstjóra sem sinnir daglegri stjórnun í leikskólanum.

Í töflu 108 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda í Grunnskóla Önundarfjarðar.

**Tafla 108: Skipting og fjöldi stöðugilda við Grunnskóla Önundarfjarðar í janúar 2020**

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 1,00 |
| Kennarar | 3,00 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 0,06 |
| Skólaliði | 0,65 |
| Samtals | 4,71 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Í skólanum eru samtals 4,71 stöðugildi. Grunnskólarnir á Þingeyri, Suðureyri og Flateyri samnýta starfsmann sem sinnir verkefnum náms- og starfsráðgjafa. Skólastjóri er með þrjár fastar kennslustundir á viku. Skólastjóri sér um að opna skólahúsnæðið kl. 07:55 og einnig að loka því kl. 16:30.

Kennsla hefst kl. 08:15 í báðum bekkjardeildum en kennarar hefja vinnudaginn kl. 08:00. Kennslu lýkur á bilinu 12:35 til 15:20.

Nemendur fara í hádegismat kl. 12:00, í Félagsbæ, matartíminn er til kl. 12:35. Grunn- og leikskólinn kaupir mat af fyrirtækinu Gunnukaffi. Skólaliði fylgir nemendum í og úr mat og borðar einnig með þeim.

Boðið er upp á daggæslu eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur frá kl. 13:15 til 16:00. Daggæsla er í boði fyrir nemendur í fyrsta og fjórða bekk og eru allir nemendur í þeim bekkjum  í daggæslu.

Skólaliði sinnir ræstingum, fylgir börnum í mat og sinnir daggæslu eftir skóla. Ræstingar fara fram frá kl. 08:15 til 13:15, inn á milli koma önnur verkefni, s.s. að elda hafragraut og sækja mat í Félagsbæ fyrir leikskólann.

**Tafla 109: Skipting og fjöldi nemenda í hverjum árgangi**

| Árgangar | Fjöldi |
|---|---|
| 1. bekkur | 3 |
| 2. bekkur | 0 |
| 3. bekkur | 2 |
| 4. bekkur | 2 |
| 5. bekkur | 3 |
| 6. bekkur | 0 |
| 7. bekkur | 0 |
| 8. bekkur | 0 |
| 9. bekkur | 3 |
| 10. bekkur | 4 |
| Samtals | 17 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Skipulagðir kennarafundir eru á mánudögum frá kl. 14:00 til 15:20, inn á milli eru þessir fundir nýttir sem starfsmannafundir og mætir skólaliði á þá fundi.

Skólastjóri sinnir fjárhagsáætlunargerð fyrir skólann. Sér um öll innkaup og fylgist með raunútgjöldum samhliða því að gera kostnaðaráætlun.

Grunnskólinn og íþróttahúsið, með sundlaug, eru með sameiginlegan mæli fyrir heita vatnið. Allur kostnaður vegna hita er skráður á skólann. Á sumrin þegar skólinn er lokaður  hækkar hitavatnsreikningur skólans um 100 þús. kr. á mánuði og er mikilvægt til framtíðar að kostnaðurinn sé skráður á viðeigandi stofnun til þess að tryggja að raunkostnaður viðkomandi stofnunar sé réttur.

Foreldrar sjá um skólaakstur þeirra barna sem eiga rétt á honum frá sveitarfélaginu og fá sérstaklega greitt fyrir aksturinn.

Starfsmönnum og velunnurum skólans hefur tekist að skapa samstöðu milli nemenda með því að vinna að  sameiginlegum verkefnum. Skólinn hóf í vetur að útbúa skautasvell á skólalóðinni þar sem allir nemendur tóku þátt í vinnunni.

**Tafla 110: Fjöldi nemenda, launakostnaður og annar kostnaður í Grunnskóla Önundarfjarðar frá 2016 til 2019, á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 19 | 18 | 18 | 17 | -10,5% | -5,6% | -5,6% |
| Mánaðarlaun | 23.946 | 25.693 | 26.230 | 29.149 | 21,7% | 13,5% | 11,1% |
| Dagvinnulaun | 0 | 804 | 540 | 106 | | -86,9% | -80,4% |
| Föst yfirvinna | 2.796 | 1.776 | 123 | 107 | -96,2% | -94,0% | -13,3% |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 175 | 805 | 472 | | 170,1% | -41,3% |
| Önnur laun | 1.043 | 150 | 329 | 653 | -37,4% | 335,5% | 98,7% |
| Uppbætur | 329 | 650 | 742 | 817 | 148,3% | 25,6% | 10,2% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 171 | 566 | 83 | | -51,7% | -85,4% |
| Áfallið orlof, breyting | 91 | 987 | 235 | 1.023 | 1026,5% | 3,7% | 336,2% |
| Launatengd gjöld | 6.991 | 7.136 | 7.054 | 7.507 | 7,4% | 5,2% | 6,4% |
| Vinnufatnaður skv. Samningum | 0 | 0 | 14 | 0 | | | |
| Kaffikostnaður | 69 | 19 | 24 | 81 | 17,3% | 327,5% | 241,7% |
| Annar starfsmannakostnaður | 0 | 0 | 221 | 328 | | | 48,0% |
| **Laungagjöld samtals** | **35.265** | **37.561** | **36.881** | **40.326** | **14,4%** | **7,4%** | **9,3%** |
| Vörukaup samtals | 3.031 | 3.173 | 5.155 | 7.654 | 152,5% | 141,2% | 48,5% |
| Innri leiga | 12.879 | 11.465 | 10.445 | 11.736 | -8,9% | 2,4% | 12,4% |
| Þjónustukaup | 4.179 | 5.331 | 3.343 | 3.411 | -18,4% | -36,0% | 2,0% |
| Annar kostnaður | 2.725 | 2.092 | 2.258 | 2.516 | -7,7% | 20,2% | 11,4% |
| **Samtals önnur rekstrargjöld** | **22.813** | **22.061** | **21.200** | **25.316** | **11,0%** | **14,8%** | **19,4%** |
| **Samtals gjöld** | **58.078** | **59.622** | **58.082** | **65.642** | **13,0%** | **10,1%** | **13,0%** |
| Tekjur alls | -486 | -139 | -143 | -200 | -58,9% | 43,9% | 39,8% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **57.592** | **59.483** | **57.939** | **65.442** | **13,6%** | **10,0%** | **13,0%** |
| | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar | 53.407 | 57.348 | 58.609 | 60.211 | 12,7% | 5,0% | 2,7% |
| Mismunur raun niðurstöðu og fjárhagsáætlun | 4.185 | 2.135 | -670 | 5.231 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 11,7% | 7,6% | 3,5% | 2,0% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 17,4% | 10,7% | 7,6% | 7,0% | | | |
| Launagjöld samtals á hvern nemanda | 1.856 | 2.087 | 2.049 | 2.372 | 27,8% | 13,7% | 15,8% |
| Annar kostnaður (án innri leigu) á hvern nem | 523 | 589 | 598 | 799 | 52,8% | 35,7% | 33,7% |
| Rekstrargjöld samtals (án innri leigu) á hvern nem. | 2.379 | 2.675 | 2.646 | 3.171 | 33,3% | 18,5% | 19,8% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 110 inniheldur upplýsingar um skiptingu og þróun launakostnaðar, þróun vöru- og þjónustukaupa samtals og sýnir að auki kostnað á hvern nemenda frá árinu 2016 til 2019. Útgjöldin eru á verðlagi hvers árs í þús. kr. Einnig má sjá hlutfallsbreytingu útgjalda.

Frá árinu 2016 til 2019 jókst launakostnaður skólans um 14,4%, vörukaup aukast um 153% og þjónustukaup án innri leigu lækka um 18%. Útgjöld samtals án innri leigu aukast frá árinu 2016 til 2019 um 22%.

Þrjú ár af fjórum var rekstrarniðurstaða skólans neikvæð gagnvart fjárhagsáætlun.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum lækkar á tímabilinu og fer úr 12% í 2%. Yfirvinna og aðrar laungreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum lækkar einnig og lækkar hlutfallið úr 17,4% í 7%.

Rekstrargjöld á hvern nemanda hækka talsvert á tímabilinu eða um 33,3%, fara úr 2.379 þús. kr. á hvern nemanda í 3.171 þús. kr. árið 2019.

**Tafla 111: Nokkrir útgjaldaliðir hjá Grunnskóla Önundarfjarðar frá árinu 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 208 | 157 | 185 | 285 | 37% | 81% | 54% |
| Matvæli | 1 | 0 | 1.746 | 3.432 | | | |
| Rafmagn | 315 | 252 | 256 | 423 | 34% | 68% | 66% |
| Heitt vatn | 1.536 | 1.541 | 1.600 | 2.067 | 35% | 34% | 29% |
| Efni til tæknimenntakennslu | 186 | 418 | 524 | 630 | 238% | 51% | 20% |
| Hreinlætisvörur | 119 | 72 | 91 | 65 | -45% | -9% | -29% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra | 1.781 | 1.188 | 1.188 | 1.188 | -33% | 0% | 0% |
| Kerfisfræðiaðstoð m. ekr. vsk. | 174 | 234 | 145 | 446 | 156% | 91% | 206% |
| Önnur kerfisfræðiaðstoð | 76 | 2.037 | 236 | 236 | 211% | -88% | 0% |
| Sorphreinsun m. ekr. vsk. | 67 | 75 | 78 | 86 | 27% | 14% | 10% |
| **Samtals** | **4.463** | **5.975** | **6.050** | **8.857** | **98%** | **48%** | **46%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Nokkrir útgjaldaliðir eru sýndir sérstaklega til að sýna hvernig einstök útgjöld hafa verið að þróast. Í þessu sambandi er mikilvægt að fylgjast með þróun einstakra kostnaðarliða og meta hvort aukning í kostnaði sé réttlætanleg. Dæmi um slíkan kostnað eru ritföng, pappír og bréfabindi en frá árin 2016 til 2019 hefur sá kostnaður aukist um 37%.

Fram kemur að kostnaður vegna rafmagns hækkar frá árinu 2016 til 2019 um 34% og heitt vatn á sama tímabili hækkar um 35%. Inn í þessum tölum er rekstur sundlaugar og íþróttahúss og því mikilvægt að aðgreina þann kostnað frá rekstri grunnskólans svo hægt sé að meta hvort óeðlileg aukning kostnaðar eigi sér stað í sjálfum skólanum eða í íþróttahúsinu.

Fram til ársins 2018 var starfandi matráður við grunnskólann en frá árinu 2018 hefur grunnskólinn keypt mat af Gunnukaffi. Skólastjóri hefur séð um innkaup á tölvubúnaði fyrir starfsmenn og spjaldtölvur. Ísafjarðarbær er að undirbúa útboð á tölvukaupum sem nýttar verða til kennslu.

### Tafla 112: Greining á launum í Grunnskóla Önundarfjarðar árin 2017 til 2019

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| 1000 - Mánaðarlaun | 17.773.029 | 6.944.776 | 23.633.014 | 2.488.952 | 26.361.328 | 3.042.120 |
| 1100 - Dagvinna | | 26.315 | | 196.391 | | |
| 1120 - Stundakennsla | 294.652 | 1.147.224 | | 343.981 | | 37.629 |
| 1090 - Uppgjör kennara | | | 123.734 | | | |
| 1200 - Yfirvinna | 229.132 | 3.110 | 289.000 | 28.034 | 118.275 | 91.372 |
| 1240 - Frímínútugæsla | 98.608 | 55.633 | 89.143 | | 106.861 | |
| 1280 - Föst yfirvinna án orlofs | | | | | | |
| 1230 - Forfallakennsla | 111.620 | 20.925 | 234.514 | 6.635 | 144.706 | |
| 1290 - Yfirvinnuálag 44,44% | | | | 33.745 | | 68.639 |
| 1235 - Yfirvinna - félagsstörf | | | 52.130 | | 49.394 | |
| 1250 - Kennsluyfirvinna grunnskóla | 986.360 | 445.057 | 160.817 | | | |
| 1450 - TV eining | 150.000 | | | | | |
| 1270 - Föst yfirvinna | | | 34.083 | | | |
| 1510 - Akstur skv. akstursdb. | 500.500 | 38.720 | 635.250 | 79.420 | 458.304 | 16.932 |
| 1020 - Launalaust leyfi | | -21.107 | | -16.044 | -12.899 | -241.813 |
| 9210 - Orlof (á laun) 9210 | 215.864 | 187.725 | 107.625 | 63.873 | 51.080 | 24.692 |
| 1050 - Orlofsuppgjör | | 99.128 | | 394.173 | | |
| 2000 - Desemberuppbót | | 214.175 | | 86.398 | | 77.400 |
| 2010 - Orlofsuppbót | | | | 43.707 | | 46.442 |
| 2050 - Eingreiðsla | | | 328.800 | | 500.803 | 167.500 |
| 2020 - Annaruppbót | 436.281 | | 611.575 | | 693.333 | |
| Launatengd gjöld | 5.077.447 | 2.058.949 | 6.283.638 | 770.113 | 6.794.339 | 699.548 |
| **Samtals** | **25.873.493** | **11.220.630** | **32.583.323** | **4.519.378** | **35.265.524** | **4.030.461** |
| **Hlutfallsleg skipting** | 69,8% | 30,2% | 87,8% | 12,2% | 89,7% | 10,3% |
| Hlutfall af mánaðarlaunum | 8,9% | 7,6% | 3,6% | 2,7% | 1,6% | 5,3% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 112 sýnir skiptingu launagjalda eftir kennurum og stjórnendum annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar í Grunnskóla Önundarfjarðar árin 2017 til 2019.

Fram kemur í töflunni að hlutfall aukagreiðslna af mánaðarlaunum var 8,9% hjá kennurum og stjórnendum og 7,6% hjá öðrum starfsmönnum árið 2017. Sama hlutfall lækkar til ársins 2019 og var 1,6% hjá kennurum og stjórnendum en 5,3% hjá öðrum starfsmönnum.

Fram kemur í töflunni að laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna sem hlutfall af heildarlaunagjöldum skólans árið 2019 var 10,3%.

## Tafla 113: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag | Hornafjörður | Kaldrananes hreppur | Norðurþing | Akureyri | Eyja- og Miklaholts | **Ísafjarðarbær** | Dalvíkur byggð | Súðarvíkur hreppur | Norðurþing | Fjarðarbyggð | Ísafjarðarbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Grunnskólinn í Hofgarði | Grunnskólinn á Drangsnesi | Grunnskólinn á Raufarhöfn | Hríseyjar-skóli | Laugargerðis skóli | **Grunnskóli Önundarfjarðar** | Árskógar skóli | Súðavíkur skóli | Öxarfjarðar skóli | Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | Grunnskólinn Þingeyri |
| Fjöldi nemenda | 5 | 8 | 11 | 13 | 14 | **18** | 21 | 24 | 24 | 26 | 31 |
| Laun og launatengd gjöld | 36.884 | 29.369 | 48.306 | 32.778 | 52.517 | **37.596** | 39.471 | 52.313 | 115.996 | 87.339 | 64.468 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.882 | 12.091 | 6.848 | 5.908 | 25.131 | **8.853** | 5.676 | 12.483 | 12.700 | 32.507 | 11.040 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 41.767 | 41.460 | 55.154 | 38.686 | 77.648 | **46.449** | 45.147 | 64.795 | 128.696 | 119.846 | 75.508 |
| Tekjur | -312 | -3.598 | -2.801 | -2.573 | -16.794 | **-143** | -5.791 | -1.379 | -10.397 | -5.388 | -386 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 41.454 | 37.862 | 52.353 | 36.113 | 60.854 | **46.306** | 39.356 | 63.417 | 118.299 | 114.459 | 75.122 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7.377 | 3.671 | 4.391 | 2.521 | 3.751 | **2.089** | 1.880 | 2.180 | 4.833 | 3.359 | 2.080 |
| Annar rekstrarkostnaður | 976 | 1.511 | 623 | 454 | 1.795 | **492** | 270 | 520 | 529 | 1.250 | 356 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 8.353 | 5.183 | 5.014 | 2.976 | 5.546 | **2.580** | 2.150 | 2.700 | 5.362 | 4.609 | 2.436 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 8.291 | 4.733 | 4.759 | 2.778 | 4.347 | **2.573** | 1.874 | 2.642 | 4.929 | 4.402 | 2.423 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 113 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2018.

Eins og taflan sýnir eru þrír skólar með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Grunnskóli Önundarfjarðar. Nettó rekstrarkostnaður Grunnskóla Önundarfjarðar var 46,3 millj. kr. og eru fjórir aðrir grunnskólar með lægri kostnað.

Grunnskóli Önundarfjarðar kemur vel út úr þessum samanburði. Rekstrarkostnaður samtals á hvern nemanda árið 2018 var 2.580 þús. kr. í Grunnskóla Önundarfjarðar. Einungis Árskógsskóli og Grunnskólinn á Þingeyri voru með lægri rekstrarkostnað á hvern nemenda.

## Tafla 114: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2018

| Sveitarfélag | Hornafjörður | Kaldrananes hreppur | Norðurþing | Akureyri | Eyja- og Miklaholts | **Ísafjarðarbær** | Dalvíkur byggð | Súðarvíkur hreppur | Norðurþing | Fjarðarbyggð | Ísafjarðarbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Grunnskólinn í Hofgarði | Grunnskólinn á Drangsnesi | Grunnskólinn á Raufarhöfn | Hríseyjar-skóli | Laugargerðis skóli | **Grunnskóli Önundarfjarðar** | Árskógar skóli | Súðavíkur skóli | Öxarfjarðar skóli | Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | Grunnskólinn Þingeyri |
| Fjöldi nemenda | 5 | 8 | 11 | 13 | 14 | **18** | 21 | 24 | 24 | 26 | 31 |
| Stjórnendur | 1,0 | 1,0 | 0,9 | 1,0 | 0,8 | **1,0** | 1,6 | 0,8 | 1,7 | 2,0 | 1,0 |
| Sérkennarar | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,0** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,9 |
| Kennarar | 2,0 | 2,0 | 2,1 | 2,0 | 2,9 | **2,5** | 2,2 | 5,0 | 4,9 | 4,6 | 3,5 |
| Stg. alls við kennslu | 3,0 | 3,0 | 2,9 | 3,0 | 3,7 | **3,5** | 3,8 | 5,8 | 6,6 | 6,6 | 5,4 |
| Aðrir starfsmenn | 1,2 | 0,7 | 1,2 | 1,1 | 3,3 | **1,0** | 1,5 | 1,0 | 4,0 | 3,6 | 1,8 |
| Samtals stöðugildi | 4,1 | 3,7 | 4,1 | 4,1 | 7,0 | **4,5** | 5,4 | 6,8 | 10,6 | 10,2 | 7,2 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 114 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólum árið 2018.

Í samanburðinum eru stöðugildi stjórnenda á bilinu 0,8 til 2,0. Stöðugildi við kennslu eru á bilinu 3,0 til 6,6 og samtals stöðugildi eru á bilinu 3,7 til 10,6. Eins og sjá má í töflunni er Grunnskóli Önundarfjarðar á meðal þeirra skóla sem hafa fæst stöðugildi.

## Tafla 115: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag | Hornafjörður | Kaldrananes hreppur | Norðurþing | Akureyri | Eyja- og Miklaholts | **Ísafjarðarbær** | Dalvíkur byggð | Súðarvíkur hreppur | Norðurþing | Fjarðarbyggð | Ísafjarðarbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Grunnskólinn í Hofgarði | Grunnskólinn á Drangsnesi | Grunnskólinn á Raufarhöfn | Hríseyjar-skóli | Laugargerðis skóli | **Grunnskóli Önundarfjarðar** | Árskógar skóli | Súðavíkur skóli | Öxarfjarðar skóli | Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | Grunnskólinn Þingeyri |
| Fjöldi nemenda | 5 | 8 | 11 | 13 | 14 | **18** | 21 | 24 | 24 | 26 | 31 |
| Stg. alls við kennslu | 1,7 | 2,7 | 3,8 | 4,3 | 3,8 | **5,1** | 5,5 | 4,2 | 3,6 | 4,0 | 5,7 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 2,6 | 4,1 | 5,3 | 6,5 | 4,8 | **7,1** | 9,4 | 4,8 | 4,9 | 5,7 | 8,9 |
| Aðrir starfsmenn | 4,3 | 11,4 | 9,4 | 11,4 | 4,2 | **18,0** | 13,6 | 24,0 | 6,0 | 7,3 | 17,2 |
| Stöðugildi samtals | 1,2 | 2,2 | 2,7 | 3,1 | 2,0 | **4,0** | 3,9 | 3,6 | 2,3 | 2,6 | 4,3 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 115 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018.

Grunnskóli Önundarfjarðar og Grunnskólinn á Þingeyri eru þeir skólar sem eru með flesta nemendur á hvert stöðugildi meðal samanburðarskóla.

### Tafla 116: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskóla Önundarfjarðar árin 2009 til 2019 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 24 | 23 | 24 | 17 | 19 | 15 | 22 | 19 | 18 | 18 | 17 |
| Kennara og leiðb. | 8,3 | 8,1 | 4,7 | 3,9 | 3,7 | 3,6 | 3,7 | 3,7 | 3,4 | 3,5 | 3,65 |
| Annarra starfsmanna | | | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | 1,06 |
| **Samtals stöðugilda** | **8,3** | **8,1** | **5,5** | **4,6** | **4,5** | **4,3** | **4,5** | **3,7** | **3,4** | **4,5** | **4,7** |
| Fjöldi nem. á hvert stg. kennara og leiðb | 2,9 | 2,8 | 5,1 | 4,4 | 5,1 | 4,2 | 5,9 | 5,1 | 5,3 | 5,1 | 4,7 |
| Fjöldi nem. á hvert stg. annarra starfsm. | 0,0 | 0,0 | 30,0 | 22,7 | 25,3 | 20,0 | 29,3 | 0,0 | 0,0 | 18,0 | 16,0 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stg.** | **2,9** | **2,8** | **4,4** | **3,7** | **4,2** | **3,5** | **4,9** | **5,1** | **5,3** | **4,0** | **3,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 116 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Grunnskóla Önundarfjarðar á árunum 2009 til 2018. Nemendum fækkar frá árinu 2009 til ársins 2018, sömu þróun má sjá í fjölda stöðugilda á sama tímabili.

Heildafjöldi stöðugilda var mestur árið 2009 eða 8,3 og lægsta stöðugildafjöldinn var árið 2017 eða 3,4. Heildarfjöldi stöðugilda hækkar um 1,1 milli áranna 2017 og 2018 og er síðan nánast óbreyttur árið 2019.

Mynd 51 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Önundarfjarðar árin 2009 til 2018.

**Mynd 50: Fjöldi nemenda og stöðugilda árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Frá árinu 2009 til ársins 2017 eykst fjöldi nemenda á hvert stöðugildi og nær hámarki árið 2017 en þá voru 5,3 nemenda á hvert stöðugildi. Árið 2018 þá lækkar fjöldi nemenda á hvert stöðugildi og var 4,0. Sama gildir fyrir árið 2019 en þá var 3,6 nemandi á hvert stöðugildi.

**Mynd 51: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi árin 2009 til 2018**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Á árinu 2018 sýnir samanburður á rekstri Grunnskóla Önundarfjarðar við aðra sambærilega skóla að skólinn er vel rekinn. Þrátt fyrir þá góðu stöðu eru viss merki á lofti um að rekstrarkostnaður skólans á hvern nemanda hafi hækkað. Nemendum fækkaði á milli áranna 2018 og 2019 og á sama tíma fjölgaði stöðugildum um 0,1. Nemendur á hvert stöðugildi voru 5,3 árið 2017 en eru nú orðnir í 3,6. Það er torvelt verkefni að reka litla grunnskóla þar sem fastur kostnaður dreifist á fáa nemendur.

## Grunnskólinn á Þingeyri

Grunnskólinn á Þingeyri er heildstæður skóli, þ.e. með nemendur í fyrsta til tíunda bekk og eru samtals 34 nemendur skólaárið 2019/2020. Í skólanum eru þrjár bekkjardeildir. Yngsta bekkjardeildin er frá fyrsta til þriðja bekk, næsta bekkjadeild þar fyrir ofan innifelur bekki frá fjórða til sjöunda og elsta bekkjadeildin innifelur bekki áttunda til tíunda.

Skólastjóri veitir einnig forstöðu leikskólanum Laufási á Þingeyri og áætlar að miðað við fjölda barna í leikskólanum sé staða leikskólastjóra um 30%. Skólastjóri hefur aðstöðu í grunnskólanum en hefur fasta viðveru í leikskólanum þrisvar í viku.

**Tafla 117: Skipting og fjöldi stöðugilda við Grunnskóla Önundarfjarðar í janúar 2020**

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 1,00 |
| Kennarar | 4,77 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 0,07 |
| Skólaliði | 1,80 |
| Samtals | 7,64 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Húsnæði skólans er opnað kl. 07:45 og sér skólaliði um að opna húsnæðið og fær greitt álag fyrir tímann fyrir kl. 08:00 og lýkur vinnudeginum kl. 15:00. Húsnæðinu er lokað kl. 16:00 og sér annar skólaliði um að loka skólanum.

**Tafla 118: Skipting og fjöldi nemenda í hverjum árgangi í febrúar 2020**

| Árgangar | Fjöldi |
|---|---|
| 1. bekkur | 2 |
| 2. bekkur | 3 |
| 3. bekkur | 4 |
| 4. bekkur | 3 |
| 5. bekkur | 6 |
| 6. bekkur | 4 |
| 7. bekkur | 1 |
| 8. bekkur | 3 |
| 9. bekkur | 4 |
| 10. bekkur | 4 |
| Samtals | 34 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Skólaliði (1) sinnir ræstingum, stuðningi í skólanum og gæslu í frímínútum. Að auki hefur skólaliði verið með tvær kennslustundir á viku sem kallast tómstund og er hugsuð sem útivera. Einn starfsmaður frá leikskólanum sinnir einnig þessari kennslu með skólaliðanum.

Skólaliði (2) er telst blandað starf og kemur hann ábendingum um það sem þarf að laga í húsnæði skólans til skólastjóra sem kemur þeim upplýsingum áfram til forstöðumanns fasteigna Ísafjarðarbæjar. Hann sinnir einnig ræstingum. Hann sér um sækja matinn frá leikskólanum, sinnir gæslu í frímínútum á móti skólaliða 1, fylgir yngstu börnunum í íþróttir og hefur sinnt stuðningi í kennslustundum.

Kennsla hefst kl. 08:10 í öllum bekkjardeildum og kennarar hefja vinnudaginn á sama tíma. Kennslu lýkur í skólanum á bilinu 12:00 til 15:00. Engin börn eru í daggæslu eftir að skólastarfi lýkur en ef þörf er á slíkri þjónustu sinnir leikskólinn gæslunni.

Allir nemendur fara í mat á sama tíma, kl. 12:10, og á honum að vera lokið kl. 12:40 þegar kennsla hefst eftir hádegi. Skólaliðar sinna gæslu í sal og fara út með nemendum þar til kennsla hefst.

Skólinn deilir námsráðgjafa með grunnskólunum á Flateyri og Suðureyri. Sami starfsmaður er í 75% starfi í skólanum á Þingeyri sem íslensku- og sérkennari.

Skólastjóri sinnir fjárhagsáætlunargerð fyrir skólann. Skólastjóri getur fylgst með stöðu fjármála á þar til gerðu forriti hjá Ísafjarðarbæ.

Skipulagðir fundir kennara eru tvisvar í viku, svokallað samráð. Stundum er þeim ætlað að vinna að fyrir fram gefinni dagskrá án stjórnanda. Starfsmannafundir eru aðra hvora viku. Kennarar hafa allir sitt skrifborð í sameiginlegu vinnurými og borðtölvu.

Starfsmenn hafa val um að kaupa mat af skólanum, á sama verði og nemendur, eða koma sjálfir með mat. Þeir skrá sig að hausti og skólastjóri sér um að senda mánaðarlega yfirfarna reikninga til innheimtu Ísafjarðarbæjar.

Fimm börnum er ekið í skólann  og er hámarksferðartími um 30 mínútur. Bifreiðin sem nýtt er í aksturinn er eign Ísafjarðarbæjar og sér grunnskólinn um að greiða eldsneyti en annar rekstrarkostnaður er ekki greiddur af skólanum. Skólastjóri heldur utan um vinnuskýrslu bílstjóra en Ísafjarðarbær greiðir launin.

**Tafla 119: Fjöldi nemenda, launakostnaður og annar kostnaður í Grunnskólanum á Þingeyri  frá 2016 til 2019, á verðlagi hvers árs í þús. kr.**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2019 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 29 | 27 | 31 | 34 | 17,2% | 25,9% | 9,7% |
| Mánaðarlaun | 39.790 | 43.961 | 46.076 | 50.666 | 27,3% | 15,3% | 10,0% |
| Dagvinnulaun | 0 | 0 | 442 | 486 | | #DIV/0! | 9,9% |
| Föst yfirvinna | 2.599 | 897 | 443 | 888 | -65,8% | -1,0% | 100,6% |
| Vaktaálag | 0 | 26 | 107 | 83 | | | |
| Önnur yfirvinnulaun | 0 | 1.011 | 1.521 | 2.772 | | 174,3% | 82,2% |
| Önnur laun | 1.628 | 212 | 885 | 1.160 | -28,8% | 447,0% | 31,0% |
| Uppbætur | 626 | 1.208 | 1.183 | 1.366 | 118,4% | 13,1% | 15,5% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 0 | 134 | 316 | 545 | | 305,7% | 72,6% |
| Áfallið orlof, breyting | 1.348 | 223 | -28 | 784 | -41,8% | 251,8% | -2889,8% |
| Launatengd gjöld | 11.125 | 11.734 | 12.543 | 14.200 | 27,6% | 21,0% | 13,2% |
| Vinnufatnaður skv. Samningum | 0 | 0 | 0 | 0 | | | |
| Kaffikostnaður | 66 | 111 | 91 | 98 | 48,4% | -11,1% | 8,0% |
| Annar starfsmannakostnaður | 8 | 0 | 78 | 0 | | | -100,0% |
| **Laungagjöld samtals** | **57.189** | **59.517** | **63.657** | **73.049** | **27,7%** | **22,7%** | **14,8%** |
| Vörukaup samtals | 4.359 | 4.905 | 5.426 | 6.645 | 52,4% | 35,5% | 22,5% |
| Innri leiga | 21.640 | 18.502 | 16.247 | 16.350 | -24,4% | -11,6% | 0,6% |
| Þjónustukaup | 9.874 | 7.856 | 2.979 | 3.755 | -62,0% | -52,2% | 26,0% |
| Annar kostnaður | 5.947 | 3.563 | 3.446 | 3.792 | -36,2% | 6,4% | 10,0% |
| **Samtals önnur rekstrargjöld** | **41.820** | **34.826** | **28.099** | **30.542** | **-27,0%** | **-12,3%** | **8,7%** |
| **Samtals gjöld** | **99.009** | **94.343** | **91.756** | **103.592** | **4,6%** | **9,8%** | **12,9%** |
| Tekjur alls | -475 | -376 | -386 | -438 | -7,8% | 16,4% | 13,4% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **98.534** | **93.967** | **91.370** | **103.154** | **4,7%** | **9,8%** | **12,9%** |
| | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar | 98.493 | 92.758 | 91.073 | 93.515 | -5,1% | 0,8% | 2,7% |
| Mismunur raun niðurstöðu og fjárhagsáætlun | 41 | 1.209 | 296 | 9.639 | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 6,5% | 4,3% | 4,3% | 7,2% | | | |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 12,2% | 7,6% | 8,8% | 12,2% | | | |
| Launagjöld samtals á hvern nemanda | 1.972 | 2.204 | 2.053 | 2.149 | 8,9% | -2,5% | 4,6% |
| Annar kostnaður (án innri leigu) á  hvern nem | 696 | 605 | 382 | 417 | -40,0% | -31,0% | 9,2% |
| Rekstrargjöld samtals (án innri leigu) á hvern nem. | 2.668 | 2.809 | 2.436 | 2.566 | -3,8% | -8,7% | 5,3% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 119 inniheldur upplýsingar um skiptingu og þróun launakostnaðar, þróun vöru- og þjónustukaupa samtals, að auki kostnað á hvern nemenda frá árinu 2016 til 2019. Útgjöldin eru á verðlagi hvers árs í þús. kr. Einnig má sjá hlutfallsbreytingu útgjalda miðað við árið 2019.

Frá árinu 2016 til 2019 hækkaði launakostnaður skólans um 27,7%, vörukaup aukast um 52,4% en þjónustukaup án innri leigu lækka um 62%. Útgjöld samtals án innri leigu hækka frá árinu 2016 til 2019 um 11,4%.

Þrjú ár af fjórum eru nettó gjöld skólans nánast jöfn rekstrarniðurstöðu fjárhagsáætlunar en árið 2019 er rekstrarniðurstaðan 9,6 milljón kr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum hækkar á tímabilinu og fer úr 6,5% í 7,2%. Yfirvinna og aðrar launagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum stendur í stað og er 12,2%.

Rekstrargjöld á hvern nemanda lækka á tímabilinu um 3,8%, fara úr 2.668 þús. kr. á hvern nemanda í 2.436 þús. kr. árið 2019.

**Tafla 120: Nokkrir útgjaldaliðir í þús. kr. hjá Grunnskólanum á Þingeyri frá árinu 2016 til 2019 á verðlagi hvers árs**

| Kostnaðarliðir: | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2016/2019 | 2017/2018 | 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 414 | 559 | 525 | 709 | 71% | 27% | 35% |
| Rafmagn | 407 | 448 | 431 | 431 | 6% | -4% | 0% |
| Heitt vatn | 1.645 | 1.819 | 2.058 | 2.066 | 26% | 14% | 0% |
| Vörur til kennslu alls | 751 | 787 | 510 | 843 | 12% | 7% | 66% |
| Hreinlætisvörur | 151 | 66 | 192 | 70 | -54% | 6% | -64% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra | 6.884 | 4.743 | 0 | 0 | -100% | -100% | |
| Kerfisfræðiaðstoð m. ekr. vsk. | 154 | 143 | 145 | 468 | 204% | 228% | 222% |
| Önnur kerfisfræðiaðstoð | 115 | 235 | 236 | 243 | 111% | 3% | 3% |
| Sorphreinsun m. ekr. vsk. | 118 | 74 | 104 | 114 | -3% | 54% | 10% |
| **Samtals** | **10.639** | **8.874** | **4.201** | **4.945** | **-54%** | **-44%** | **18%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 120 sýnir nokkra útgjaldaliði hjá Grunnskólanum á Þingeyri á árunum 2016 til 2019. Kostnaður vegna ritfanga, pappírs og bréfabinda hækkar um 71% frá árinu 2016 til 2019. Hitakostnaður hækkar um 26% á sama tímabili. Kerfisfræðiaðstoð hækkar um 200% á tímabilinu og önnur kerfisfræðiaðstoð hækkar um 111%. Samtals lækkar kostnaðurinn um 54% hjá skólanum en ef kostnaður vegna skólaaksturs er tekinn út fyrir sviga hækkaði kostnaðurinn í töflunni um 31%.

### Tafla 121: Greining á launum í Grunnskóla Þingeyrar á árunum 2017 til 2019

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| 1000 - Mánaðarlaun | 37.198.143 | 6.693.474 | 38.478.382 | 7.698.035 | 42.291.068 | 8.637.811 |
| 1100 - Dagvinna | | | | | | 59.642 |
| 1120 - Stundakennsla | | | 190.346 | | 183.964 | 213.231 |
| 1090 - Uppgjör kennara | | | 68.316 | | | |
| 1130 - Föst stundakennsla | | | | 251.624 | | 29.072 |
| 1200 - Yfirvinna | 1.066.449 | 86.166 | 397.198 | 190.772 | 541.511 | 916.107 |
| 1280 - Föst yfirvinna án orlofs | | | 1.434 | | | |
| 1230 - Forfallakennsla | 604.008 | | 540.400 | | 912.012 | |
| 1235 - Yfirvinna - félagsstörf | 146.163 | | 372.937 | | 309.940 | |
| 1270 - Föst yfirvinna | | | 218.263 | | 375.908 | |
| 1250 - Kennsluyfirvinna grunnskóla | 4.865 | | 243.044 | | 605.882 | |
| 1320 - Álag 55% | | 26.471 | | 106.672 | | 81.894 |
| 1450 - TV eining | 212.000 | | 240.000 | | 140.000 | |
| 9210 - Orlof (á laun) 9210 | 234.258 | 14.685 | 251.406 | 64.375 | 377.070 | 167.815 |
| 1510 - Akstur skv. akstursdb. | 920.370 | | 738.540 | 72.600 | 575.088 | 777 |
| 1020 - Launalaust leyfi | -45.277 | | -140.141 | -28.664 | -241.007 | -21.729 |
| 2000 - Desemberuppbót | | 183.833 | | 208.008 | | 215.847 |
| 2010 - Orlofsuppbót | | 81.282 | | 81.263 | | 91.537 |
| 2050 - Eingreiðsla | | | 645.000 | | 740.017 | 294.705 |
| 2020 - Annaruppbót | 942.975 | | 893.396 | | 1.059.098 | |
| Launatengd gjöld | 10.109.560 | 1.624.202 | 10.602.336 | 1.941.030 | 11.824.797 | 2.375.320 |
| **Samtals** | **51.393.514** | **8.710.113** | **53.740.857** | **10.585.715** | **59.695.348** | **13.062.029** |
| **Hlutfallsleg skipting** | 85,5% | 14,5% | 83,5% | 16,5% | 82,0% | 18,0% |
| Hlutfall af mánaðarlaunum | 5,5% | 1,7% | 5,2% | 7,1% | 6,8% | 11,9% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 121 sýnir skiptingu launagjalda eftir kennum og stjórnendum annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar í Grunnskólanum á Þingeyri árin 2017 til 2019.

Fram kemur í töflunni  að hlutfall aukagreiðslna af mánaðarlaunum er 5,5% hjá kennurum og stjórnendum og 1,7% hjá öðrum starfsmönnum árið 2017. Sama hlutfall hækkar til ársins 2019 og er 6,8% hjá kennurum og stjórnendum en 11,9% hjá öðrum starfsmönnum.

Fram kemur í töflunni að laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna sem hlutfall af heildarlaunagjöldum skólans árið 2019 var 11,9%.

## Tafla 122: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018

| Sveitarfélag | Ísafjarðarbær | Dalvíkurbyggð | Súðavíkur hreppur | Norðurþing | Fjarðarbyggð | **Ísafjarðarbær** | Vesturbyggð | Skútustaða hreppur | Grímsnes- og Grafnings. | Húnavatns hreppur | Þingeyjar- sveit |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Grunnskóli Önundarfjarðar | Árskógarskóli | Súðavíkur skóli | Öxarfjarðarskóli | Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | **Grunnskólinn Þingeyri** | Bíldudalsskóli | Reykjahlíða rskóli | Kerhólsskóli | Húnavalla skóli | Stórutjarna- skóli |
| Fjöldi nemenda | 18 | 21 | 24 | 24 | 26 | **31** | 35 | 35 | 36 | 37 | 39 |
| Laun og launatengd gjöld | 37.596 | 39.471 | 52.313 | 115.996 | 87.339 | **64.468** | 72.544 | 77.974 | 116.157 | 0 | 132.507 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8.853 | 5.676 | 12.483 | 12.700 | 32.507 | **11.040** | 8.592 | 10.016 | 47.562 | 0 | 18.022 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 46.449 | 45.147 | 64.795 | 128.696 | 119.846 | **75.508** | 81.135 | 87.991 | 163.719 | 0 | 150.529 |
| Tekjur | -143 | -5.791 | -1.379 | -10.397 | -5.388 | **-386** | 0 | 3 | -5.650 | 0 | -10.458 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 46.306 | 39.356 | 63.417 | 118.299 | 114.459 | **75.122** | 81.135 | 87.994 | 158.070 | 0 | 140.071 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.089 | 1.880 | 2.180 | 4.833 | 3.359 | **2.080** | 2.073 | 2.228 | 3.227 | 0 | 3.398 |
| Annar rekstrarkostnaður | 492 | 270 | 520 | 529 | 1.250 | **356** | 245 | 286 | 1.321 | 0 | 462 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.580 | 2.150 | 2.700 | 5.362 | 4.609 | **2.436** | 2.318 | 2.514 | 4.548 | 0 | 3.860 |
| Nettó Rekstrarkostnaður | 2.573 | 1.874 | 2.642 | 4.929 | 4.402 | **2.423** | 2.318 | 2.514 | 4.391 | 0 | 3.592 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 122 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemenda í 11 samanburðarskólum árið 2018.

Eins og taflan sýnir eru þrír skólar með lægri launagjöld í samanburðinum í krónum talið en Grunnskólinn á Þingeyri. Nettó rekstrarkostnaður Grunnskóla Þingeyrar var 75,1 millj. kr. og voru þrír aðrir grunnskólar með lægri kostnað.

Grunnskólinn á Þingeyri var með 2.436 þús. kr. í samtals rekstrarkostnað á hvern nemanda. Þrír skólar voru með lægri kostnað á hvern nemanda en lægsti kostnaðurinn var 2.150 þús. kr. á hvern nemanda í Árskógsskóla.

## Tafla 123: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2018

| Sveitarfélag | Ísafjarðarbær | Dalvíkurbyggð | Súðavíkur hreppur | Norðurþing | Fjarðarbyggð | **Ísafjarðarbær** | Vesturbyggð | Skútustaða hreppur | Grímsnes- og Grafnings. | Húnavatns hreppur | Þingeyjar- sveit |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn skóla | Grunnskóli Önundarfjarðar | Árskógarskóli | Súðavíkur skóli | Öxarfjarðarskóli | Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | **Grunnskólinn Þingeyri** | Bíldudalsskóli | Reykjahlíða rskóli | Kerhólsskóli | Húnavalla skóli | Stórutjarna- skóli |
| Fjöldi nemenda | 18 | 21 | 24 | 24 | 26 | **31** | 35 | 35 | 36 | 37 | 39 |
| Stjórnendur | 1,0 | 1,6 | 0,8 | 1,7 | 2,0 | **1,0** | 1,0 | 1,0 | 1,8 | 0,8 | 1,8 |
| Sérkennarar | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | **0,9** | 0,0 | 0,0 | 1,3 | 1,0 | 0,5 |
| Kennarar | 2,5 | 2,2 | 5,0 | 4,9 | 4,6 | **3,5** | 5,5 | 5,4 | 7,8 | 5,0 | 6,1 |
| Stg. alls við kennslu | 3,5 | 3,8 | 5,8 | 6,6 | 6,6 | **5,4** | 6,5 | 6,4 | 11,0 | 6,9 | 8,4 |
| Aðrir starfsmenn | 1,0 | 1,5 | 1,0 | 4,0 | 3,6 | **1,8** | 2,3 | 4,1 | 5,8 | 5,6 | 6,0 |
| Samtals stöðugildi | 4,5 | 5,4 | 6,8 | 10,6 | 10,2 | **7,2** | 8,8 | 10,5 | 16,8 | 12,5 | 14,4 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 123 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólum árið 2018.

Í samanburðinum eru stöðugildi stjórnenda á bilinu 0,8 til 1,8. Stöðugildi við kennslu eru á bilinu 3,5 til 11,0 og samtals stöðugildi eru á bilinu 4,5 til 16,8. Eins og sjá má í töflunni er Grunnskólinn á Þingeyri með samtals 7,2 stöðugildi. Þrír skólar eru með færri samtals stöðugildi en Grunnskólinn á Þingeyri og eru þeir skólar einnig með færri nemendur.

## Tafla 124: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018

| | Hornarfjörður Grunnskóli Önundarfjarðar | Dalvíkurbyggð Árskógarskóli | Súðavíkur hreppur Súðavíkur skóli | Norðurþing Öxarfjarðarskóli | Fjarðarbyggð Breiðdals- og stöðvarf. Skóli | **Ísafjarðarbær Grunnskólinn Þingeyri** | Vesturbyggð Bíldudalsskóli | Skútustaða hreppur Reykjahlíðarskóli | Grímsnes- og Grafnings. Kerhólsskóli | Húnavatns hreppur Húnavalla skóli | Þingeyjar-sveit Stórutjarna-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 18 | 21 | 24 | 24 | 26 | **31** | 35 | 35 | 36 | 37 | 39 |
| Stg. alls við kennslu | 5,1 | 5,5 | 4,2 | 3,6 | 4,0 | **5,7** | 5,4 | 5,5 | 3,3 | 5,4 | 4,6 |
| Stg. við kennslu án stjórnend | 7,1 | 9,4 | 4,8 | 4,9 | 5,7 | **8,9** | 6,4 | 6,5 | 4,6 | 7,3 | 5,5 |
| Aðrir starfsmenn | 18,0 | 13,6 | 24,0 | 6,0 | 7,3 | **17,2** | 15,4 | 8,5 | 6,2 | 6,6 | 6,5 |
| Stöðugildi samtals | 4,0 | 3,9 | 3,6 | 2,3 | 2,6 | **4,3** | 4,0 | 3,3 | 2,1 | 3,0 | 2,7 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 124 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2018.

Grunnskólinn á Þingeyri var með 4,3 nemendur á hvert stöðugildi og var enginn annar skóli í samanburðinum með fleiri nemendur á hvert stöðugildi.

## Tafla 125: Fjöldi nemenda og stöðugilda samtals og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Grunnskólanum á Þingeyri árin 2009 til 2019

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 46 | 43 | 44 | 38 | 29 | 36 | 30 | 29 | 27 | 31 | 34 |
| Kennara og leiðb. | 8,6 | 7,7 | 7,5 | 7,1 | 6,1 | 5,2 | 5,5 | 5,5 | 5,1 | 5,4 | 5,8 |
| Annarra starfsmanna | 1,9 | 1,9 | 1,8 | 0,9 | 1,8 | 0,0 | 0,9 | 0,9 | 1,8 | 1,8 | 1,8 |
| **Samtals stöðugilda** | **10,5** | **9,6** | **9,3** | **8,0** | **7,9** | **5,2** | **6,4** | **6,4** | **6,9** | **7,2** | **7,6** |
| Fjöldi nem. á hvert stg. kennara og leiðb | 5,4 | 5,6 | 5,9 | 5,4 | 4,7 | 7,0 | 5,5 | 5,2 | 5,3 | 5,7 | 5,8 |
| Fjöldi nem. á hvert stg. annarra starfsm. | 0,0 | 0,0 | 24,4 | 42,2 | 16,1 | 0,0 | 33,3 | 0,0 | 0,0 | 17,2 | 18,9 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stg.** | **4,4** | **4,5** | **4,7** | **4,8** | **3,7** | **7,0** | **4,7** | **4,5** | **3,9** | **4,3** | **4,5** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 125 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Grunnskólann á Þingeyri á árunum 2009 til 2019. Nemendum fækkar frá árinu 2009 til ársins 2018, sömu þróun má sjá í fjölda stöðugilda á sama tímabili.

Heildafjöldi stöðugilda var mestur árið 2009 eða 10,5 og minnstur var stöðugildafjöldinn árið 2014 eða 5,2.

Mynd 53 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum á Þingeyri árin 2009 til 2019. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi helst nokkuð stöðugur flest árin og eru um 4,5 með einni undantekningu árið 2014 þegar fjöldi nemenda á hvert stöðugildi fer í 7.

**Mynd 52: Fjöldi nemenda og stöðugilda árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

**Mynd 53: Fjöldi nemenda og nemenda á hvert stöðugildi árin 2009 til 2019**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Grunnskólar Ísafjarðar, samantekið

Í kaflanum verða dregnar saman helstu niðurstöður um rekstur grunnskóla Ísafjarðarbæjar.

**Tafla 126: Rekstrargjöld og gjöld á hvert stöðugildi í þús. kr. hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar árið 2018 og 2019**

| | Grunnskólinn á Ísafirði | | Grunnskólinn á Suðureyri | | Grunnskóli Önundarfjarðar | | Grunnskólinn á Þingeyri | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Fjöldi nemenda | 368 | 374 | 41 | 43 | 18 | 17 | 31 | 34 |
| Laun og launatengd gjöld | 479.525 | 491.642 | 63.792 | 68.768 | 36.881 | 40.326 | 63.657 | 73.049 |
| Annar rekstrarkostnaður | 82.310 | 82.351 | 12.806 | 16.408 | 10.755 | 13.580 | 11.852 | 14.192 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 561.835 | 573.993 | 76.598 | 85.176 | 47.636 | 53.906 | 75.509 | 87.241 |
| Tekjur | -11.612 | -7.331 | -525 | -1.073 | -143 | -200 | -386 | -438 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.303 | 1.315 | 1.556 | 1.599 | 2.049 | 2.372 | 2.053 | 2.149 |
| Annar rekstrarakostnaður | 224 | 220 | 312 | 382 | 598 | 799 | 382 | 417 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 1.527 | 1.535 | 1.868 | 1.981 | 2.646 | 3.171 | 2.436 | 2.566 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 126 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og gjöldum á hvert stöðugildi í þús. kr. hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019.

Hafa verður í huga að í þessum samanburði er Grunnskóli Ísafjarðar langstærsti skólinn miðað við fjölda nemenda og dreifist fasti kostnaðurinn þar á fleiri nemendur en í öðrum skólum Ísafjarðarbæjar.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Grunnskólanum á Ísafirði, eða 1.303 þús. kr. árið 2018, en næstur á eftir var Grunnskólinn á Suðureyri með 1.556 þús. kr. á hvern nemanda.

Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var lægstur í Grunnskólanum á Ísafirði og var 224 þús. kr. 2018 og einnig var Grunnskólinn á Suðureyri með næst lægsta kostnaðinn eða 312 þús. kr. á hvern nemanda.

Rekstrarkostnaður samtals án innri leigu árið 2018 var 1.527 þús. kr. á hvern nemanda í Grunnskólanum á Ísafirði. Næst þar á eftir kemur Grunnskólinn á Suðureyri með 1.868 þús. á hvern nemanda. Grunnskólinn á Þingeyri var með 2.436 þús. kr. á hvern nemanda og Grunnskóli Önundarfjarðar, sem er minnsti skólinn í Ísafjarðarbæ, var með 2.646 þús. kr. á hvern nemanda.

## Tafla 127: Greining á launagjöldum grunnskóla Ísafjarðarbæjar í þús. kr. árin 2018 og 2019

| | Grunnskólinn á Ísafirði | | Grunnskólinn á Suðureyri | | Grunnskóli Önundarfjarðar | | Grunnskólinn á Þingeyri | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Fjöldi nemenda | 368 | 374 | 41 | 43 | 18 | 17 | 31 | 34 |
| Mánaðarlaun | 338.076 | 346.655 | 47.044 | 50.329 | 26.230 | 29.149 | 46.076 | 50.666 |
| Dagvinnulaun | 2.035 | 3.035 | 746 | 502 | 540 | 106 | 442 | 486 |
| Föst yfirvinna | 7.246 | 7.991 | 0 | 95 | 123 | 107 | 443 | 888 |
| Vaktaálag | 75 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 107 | 83 |
| Önnur yfirvinnulaun | 8.853 | 9.085 | 731 | 951 | 805 | 472 | 1.521 | 2.772 |
| Önnur laun | 5.763 | 10.040 | 788 | 966 | 329 | 653 | 885 | 1.160 |
| Uppbætur | 9.532 | 9.933 | 1.306 | 1.346 | 742 | 817 | 1.183 | 1.366 |
| Orlof og orlofsuppgjör | 2.891 | 3.748 | 301 | 191 | 566 | 83 | 316 | 545 |
| Áfallið orlof, breyting | 12.325 | 6.051 | 92 | 990 | 235 | 1.023 | -28 | 784 |
| Fatapeningar | 408 | 377 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Launatengd gjöld | 91.631 | 93.943 | 12.588 | 13.278 | 7.054 | 7.507 | 12.543 | 14.200 |
| Vinnufatnaður skv. Samningum | 0 | 83 | 65 | 0 | 14 | 0 | 0 | 0 |
| Kaffikostnaður | 688 | 700 | 131 | 120 | 24 | 81 | 91 | 98 |
| Annar starfsmannakostnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 221 | 328 | 78 | 0 |
| **Laungagjöld samtals** | 479.525 | 491.642 | 63.792 | 68.768 | 36.881 | 40.326 | 63.657 | 73.049 |
| Vörukaup samtals | 35.815 | 28.780 | 4.196 | 6.855 | 5.155 | 7.654 | 5.426 | 6.645 |
| Innri leiga | 140.816 | 136.172 | 16.261 | 15.704 | 10.445 | 11.736 | 16.247 | 16.350 |
| Þjónustukaup | 31.737 | 37.197 | 5.657 | 6.582 | 3.343 | 3.411 | 2.979 | 3.755 |
| Annar kostnaður | 14.758 | 16.374 | 2.952 | 2.970 | 2.258 | 2.516 | 3.446 | 3.792 |
| **Samtals önnur rekstrargjöld** | 223.127 | 218.523 | 29.067 | 32.112 | 21.200 | 25.316 | 28.099 | 30.542 |
| **Samtals gjöld** | 702.652 | 710.165 | 92.859 | 100.880 | 58.082 | 65.642 | 91.756 | 103.592 |
| Tekjur alls | -11.612 | -7.331 | -525 | -1.073 | -143 | -200 | -386 | -438 |
| **Rekstrarniðurstaða** | 691.040 | 702.833 | 92.335 | 99.807 | 57.939 | 65.442 | 91.370 | 103.154 |
| | | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar | 667.874 | 696.552 | 91.675 | 97.919 | 58.609 | 60.211 | 91.073 | 93.515 |
| Mismunur raun niðurstöðu og fjárhagsáætlun | 23.167 | 6.282 | 659 | 1.888 | -670 | 5.231 | 296 | 9.639 |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 5% | 5% | 2% | 2% | 4% | 2% | 4% | 7% |
| Yfirvinna og aðrar launagr. hlutfall af mánl. | 9% | 11% | 6% | 7% | 8% | 7% | 9% | 12% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 127 sýnir skiptingu laungjalda, vöru- og þjónustukaupa samtals, rekstrarniðurstöðu og rekstrarniðurstöðu skv. fjárhagsáætlun í grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var hæst í Grunnskólanum á Þingeyri árið 2019 og var 7% en lægst í Grunnskólanum á Suðureyri og Önundarfirði, eða 2%.

## Tafla 128: Fjöldi stöðugilda og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019

| | Grunnskólinn á Ísafirði | | Grunnskólinn á Suðureyri | | Grunnskóli Önundarfjarðar | | Grunnskólinn á Þingeyri | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 | 2019 |
| Fjöldi nemenda | 368 | 374 | 41 | 43 | 18 | 17 | 31 | 34 |
| Kennarar og leiðbeinendur | 39,6 | 43,4 | 6,5 | 6,4 | 3,5 | 3,7 | 5,4 | 5,8 |
| Aðrir starfsmenn | 22,3 | 17,9 | 1,5 | 1,7 | 1,0 | 1,1 | 1,8 | 1,8 |
| Samtals stöðugildi | 61,9 | 61,4 | 8,0 | 8,1 | 4,5 | 4,7 | 7,2 | 7,6 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | |
| Stg. Kennara og leiðbeinenda | 9,3 | 8,6 | 6,3 | 6,7 | 5,1 | 4,7 | 5,7 | 5,9 |
| Aðrir starfsmenn | 16,5 | 20,9 | 27,3 | 25,6 | 18,0 | 16,0 | 17,2 | 18,9 |
| **Fjöldi nemenda á stöðugildi samtals** | **5,9** | **6,1** | **5,1** | **5,3** | **4,0** | **3,6** | **4,3** | **4,5** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 128 sýnir fjölda stöðugilda og nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2018 og 2019.

Árið 2018 voru 5,9 nemendur á hvert stöðugildi í Grunnskólanum á Ísafirði og voru ekki fleiri nemendur á hvert stöðugildi í samanburðinum.

## Tafla 129: Fjöldi nemenda, stöðugilda og nemenda á hvert stöðugildi í grunnskólum Ísafjarðarbæjar samtals árin 2009 til 2019

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 572 | 515 | 496 | 475 | 433 | 426 | 426 | 432 | 439 | 458 | 468 |
| Kennarar og leiðbeinendur | 70,6 | 66,2 | 60,6 | 54,4 | 51,9 | 47,3 | 48,5 | 50,1 | 54,3 | 55,1 | 59,29 |
| Aðrir starfsmenn | 23,5 | 23,3 | 22,6 | 8,9 | 24,6 | 20,1 | 22,4 | 23,0 | 24,8 | 26,6 | 22,45 |
| **Samtals** | **94,1** | **89,5** | **83,2** | **63,3** | **76,6** | **67,4** | **70,9** | **73,2** | **79,1** | **81,7** | **81,74** |
| **Fjöldi nemnda á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Nemendur á stg. kennar og leiðbeinenda | 8,1 | 7,8 | 8,2 | 8,7 | 8,3 | 9,0 | 8,8 | 8,6 | 8,1 | 8,3 | 7,9 |
| Nemendur á stg. annarra starfsmanna | 24,4 | 22,1 | 21,9 | 53,3 | 17,6 | 21,2 | 19,0 | 18,8 | 17,7 | 17,2 | 20,8 |
| **Nemendur á stg. samtals** | **6,1** | **5,8** | **6,0** | **7,5** | **5,7** | **6,3** | **6,0** | **5,9** | **5,5** | **5,6** | **5,7** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

Tafla 129 sýnir samtölu fjölda nemenda og stöðugilda annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar í grunnskólum Ísafjarðarbæjar árin 2009 til 2019.

Í upphafi tímabilsins voru 572 nemendur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og 94,1 stöðugildi. Nemendum fækkar um 104 til ársins 2019 og stöðugildum um 12,3. Á sama tímabili voru 6,1 nemendur á hvert stöðugildi árið 2009 en fer í 5,7 árið 2019.

### Mynd 54: Fjöldi **nemenda** og stöðugilda árin 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

### Mynd 55: Fjöldi nemenda og nemenda á hvert stöðugildi árin 2009 til 2019




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Ísafjarðarbær

## Dægradvöl og félagsmiðstöðvar

Tómstundarfulltrúi veitir dægradvöl og félagsmiðstöðvum forstöðu og heyrir undir sviðsstjóra skóla- og tómstundarsviðs.

Starfsemi dægradvalar í Grunnskólanum á Ísafirði skiptist í tvennt, annars vegar frístund sem er uppbrot á skólastarfi Grunnskólans á Ísafirði og hins vegar dægradvöl sem er þjónusta sem börn fá eftir að skólastarfi lýkur.

Þeir sem sinna verkefnum frístundar og dægradvalar eru í 4,9 stöðugildum, með forstöðumanni, miðað við janúar 2020 .

Frístundinni er skipt upp í tvo hópa. Fyrsti hópurinn fer í frístund kl. 11:00 og er til 11:40. Í hópnum eru 92 börn og eru fimm starfsmenn með börnin. Seinni hópurinn byrjar í frístund kl. 12:00 og er til 12:40 og eru 69 börn í hópnum. Sami fjöldi starfsmanna er með seinni hópinn og var í þeim fyrri.

Dægradvöl hefst kl. 13:00 og er opin til kl 16:00. Fjöldi barna í dægradvöl er misjafn eftir dögum og klukkustundum en er á bilinu 44 til 69 börn.

**Mynd 56 fjöldi starfsmanna í frístund og dægradvöl á hverjum hálftíma í hverri vinnuviku**




Heimild: Ísafjarðarbær

Mynd 56 sýnir skipulag á mætingu starfsmanna í frístund og dægradvöl yfir daginn.

Frá kl. 8:00 til 10:30 er einn starfsmaður í vinnu, kl. 10:30 mætir annar starfsmaður og þrír mæta kl. 11:00. Þá eru starfsmenn orðnir fimm talsins. Frístundastarf hefst kl. 11:00 þegar fyrri hópurinn mætir í frístund og er til kl. 11:40. Þá er hlé þar til að seinni

hópurinn mætir kl. 12:00 og er til kl. 12:40. Samkvæmt þessu er engin starfsemi á milli kl. 11:40 til 12:00 og 12:40 til 13:00.

Dægradvölin hefst síðan kl. 13:00. Þrír starfsmenn til viðbótar mæta þá og eru starfsmennirnir þá orðnir samtals átta. Dægradvölin er opin til kl. 16:00 og ljúka sex starfsmenn vinnudeginum á þeim tíma. Síðan ljúka tveir starfsmennirnir vinnu kl. 16:30.

**Mynd 57. Fjöldi barna í frístund og dægradvöl skipt eftir tíma og vikudögum**




Heimild: Ísafjarðarbær

Mynd 57 sýnir fjölda barna sem eru í frístund og dægradvöl á hverjum virkum degi skipt niður á hálfa klukkustund.

Eins og sjá má þá er fjöldi barna breytilegur í dægradvölinni en börnin eru ýmist að fara í annað starf, s.s íþróttir og tónlist, eða eru hluta úr degi í dægradvöl.

## Mynd 58. Fjöldi barna á hvern starfsmann í frístund og dægradvöl 2020




Heimild: Ísafjarðarbær

Mynd 58 sýnir fjölda barna á hvern starfsmann samkvæmt uppgefnu skipulagi frá Ísafjarðarbæ um mönnun og fjölda barna á hverjum hálftíma í frístund og dægradvöl.

Eins og sjá má eru 18 börn á hvern starfsmann í fyrri hópnum í frístund frá kl. 11:00 til 11:30. Seinni hópurinn er fámennari en fjöldi starfsmanna í vinnu er óbreyttur og lækkar þá fjöldi barna á hvern starfsmann í um 14 börn.

Í dægradvöl má sjá að í upphafi er fjöldi barna á hvern starfsmann hæstur eða um 14 börn en lækkar þegar hálftími er liðinn í 7-8 börn á hvern starfsmann og helst það nánast óbreytt þangað til starfi lýkur.

### Tafla 130: Samantekið rekstraryfirlit í þús. kr. dægradvalar og frístundar í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2017 til 2019

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Vistgjöld | 6.712 | 9.740 | 11.364 | 17% | 69% |
| Fæðisgjöld | 1.603 | 2.119 | 2.402 | 13% | 50% |
| Mf. Vinna og þjónusta án vsk. | 1.961 | 1.264 | 1.400 | 11% | -29% |
| **Samtals tekjur** | **10.276** | **13.123** | **15.166** | 16% | 48% |
| Laun | 13.766 | 17.415 | 20.623 | 18% | 50% |
| Vaktaálag | 300 | 269 | 304 | 13% | 1% |
| Yfirvinnulaun | 83 | 267 | 144 | -46% | 74% |
| Önnur laun og uppbætur | 405 | 555 | 1.371 | 147% | 238% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 331 | 747 | 997 | 33% | 201% |
| **Laun alls** | **14.886** | **19.253** | **23.438** | 22% | 57% |
| Áfallinn launakostnaður | 41 | -17 | 50 | -386% | 22% |
| Launatengd gjöld | 3.435 | 4.413 | 5.293 | 20% | 54% |
| Starfsmannakostnaður | 65 | 98 | 148 | 51% | 128% |
| **Launakostnaður alls** | **18.426** | **23.747** | **28.929** | 22% | 57% |
| Matvæli | 760 | 1.025 | 1.322 | 29% | 74% |
| Hreinlætisvörur | 47 | 67 | 60 | | |
| Önnur vörukaup | 421 | 665 | 679 | 2% | 61% |
| Þjónustukaup | 929 | 806 | 343 | -57% | -63% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **2.157** | **2.563** | **2.404** | -6% | 11% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 7.736 | 7.378 | 11.340 | 54% | 47% |
| **Gjöld samtals** | **28.319** | **33.687** | **42.672** | 27% | 51% |
| **Rekstarniðurstaða** | **18.043** | **20.565** | **27.506** | 34% | 52% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 0,6% | 1,5% | 0,7% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 130 sýnir samantekið rekstraryfirlit dægradvalar í Grunnskólanum á Ísafirði árin 2017 til 2019.

Launakostnaður alls hefur hækkað um 57% frá árinu 2017 og um 22% milli áranna 2018 og 2019. Spyrja má af hverju sé verið að greiða vaktaálag og yfirvinnu þar sem starfsemin fer öll fram á dagvinnutíma?

Í Ísafjarðarbæ eru fjórar félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni. Þær eru á Ísafirði, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Stöðugildi á stöðvunum eru 1,6 og skiptast þannig að 1,3 stöðugildi er á Ísafirði, 0,06 stöðugildi á Flateyri, 0,14 á Þingeyri og 0,08 stöðugildi á Suðureyri.

**Tafla 131: Samantekið rekstraryfirlit í þús. kr. félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar árin 2017 til 2018**

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Endurgreiðsla og tilfærslur alls** | 0 | 0 | 180 | | |
| Laun | 4.973 | 5.278 | 5.461 | 3% | 10% |
| Vaktaálag | 419 | 352 | 402 | 14% | -4% |
| Yfirvinnulaun | 3.209 | 4.763 | 4.806 | 1% | 50% |
| Önnur laun og uppbætur | 122 | 259 | 396 | 53% | 226% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 260 | 450 | 582 | 29% | 124% |
| **Laun alls** | **8.982** | **11.103** | **11.648** | 5% | 30% |
| Áfallinn launakostnaður | 214 | 130 | 19 | -85% | -91% |
| Launatengd gjöld | 2.120 | 2.610 | 2.716 | 4% | 28% |
| **Launakostnaður alls** | **11.316** | **13.843** | **14.384** | 4% | 27% |
| Vörukaup alls | 124 | 357 | 597 | 67% | 380% |
| Þjónustukaup á millifærlsna | 1.666 | 650 | 2.019 | 211% | 21% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **1.791** | **1.007** | **2.616** | 160% | 46% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 10.907 | 9.372 | 9.764 | 4% | -10% |
| **Gjöld samtals** | **24.014** | **24.222** | **26.764** | 10% | 11% |
| **Rekstarniðurstaða** | **24.014** | **24.222** | **26.584** | 10% | 11% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 64,5% | 90,3% | 88,0% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 131 sýnir samantekin rekstrargjöld félagsmiðstöðva árin 2017 til 2019.

Launakostnaður alls hækkaði um 27% á milli áranna 2017 og 2018. Kostnaður vegna yfirvinnu hækkaði um 50%. Yfirvinna sem hlutfall af launum hefur aukist úr 64,5% á árinu 2017 í 88,0% árið 2019.

## Mötuneyti í grunn- og leikskólum Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær rekur fjögur eldhús sem sjá um matargerð fyrir börn í grunn- og leikskólum, til viðbótar er fimmta eldhúsið í rekstri í leikskólanum Eyrarskjóli sem Hjallastefnan rekur.

Þrjú eldhús eru rekin á Ísafirði, eitt í mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði, annað í leikskólanum Sólborg og þriðja í leikskólanum Eyrarskjól. Börnin á leikskóladeildinni Tanga fá mat frá mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði.

Nemendur greiða 530 kr. fyrir hverja máltíð og starfsfólk greiðir 649 kr. Þeir starfsmenn sem sinna gæslu í matartíma barnanna fá frían mat. Að meðaltali eru gerðir 280 matarskammtar á dag að sögn skólastjóra í mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði.

Leikskólinn Laufás annast matagerð fyrir leik- og grunnskólann á Þingeyri. Þar eru framreiddar að jafnaði 53 máltíðir á dag.

Leikskólinn Tjarnarbær annast matagerð fyrir leik- og grunnskólann á Suðureyri. Það eru framreiddar um 50 matarskammtar á dag.

Matur bæði fyrir nemendur í leik- og grunnskólanum á Flateyri er keyptur af fyrirtæki. Að jafnaði eru keyptar 29 skammtar á dag fyrir leik- og grunnskólanemendur og kostar hver máltíð 1.300 kr. Máltíðin fyrir starfsmenn kostar 1.800 kr.

**Tafla 132: Fjöldi stöðugilda í eldhúsi og kostnaður vegna matvæla í þús. kr. eftir íbúakjörnum árið 2019**

| | Þingeyri | Flateyri | Suðureyri | Ísafjörður |
|---|---|---|---|---|
| Stöðugildi í eldhúsi | 1,3 | 0 | 0,938 | 3,98 |
| Matvæli | 7.167 | 11.303 | 3.309 | 25.617 |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 132 sýnir skiptingu stöðugilda í eldhúsi og kostnað vegna matvæla í þús. kr. eftir byggðakjörnum árið 2019.

Samtals eru 6,2 stöðugildi í eldhúsum Ísafjarðarbæjar vegna leik- og grunnskóla.

Ástæða þess að kostnaður vegna matvæla á Flateyri er svona hár er sú, að þar er um að ræða greiðslu til verktaka vegna matargerðar, tilbúinn matur sbr. hér að framan.

Ekki er hægt að sýna launakostnað eftir byggðakjörnum vegna fárra stöðugilda á hverjum stað en samtals launakostnaður í eldhúsum leik- og grunnskóla fyrir árið 2019 var 41,4 millj. kr., skv. upplýsingum frá Ísafjarðarbæ.

**Tafla 133: Tekjur og gjöld í þús. kr. vegna mötuneytis Grunnskólans á Ísafirði árin 2017 til 2019**

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fæðisgjöld | 20.364 | 19.797 | 20.633 | 4% | 1% |
| Seldar veitingar | 820 | 1.124 | 1.266 | 13% | 54% |
| Mf. Vinna og þjónusta án vsk | 0 | 1.652 | 612 | -63% | |
| **Samtals tekjur** | **21.183** | **22.572** | **22.511** | 0% | 6% |
| Laun | 9.909 | 10.934 | 11.310 | 3% | 14% |
| Yfirvinnulaun | 1.589 | 1.435 | 1.467 | 2% | -8% |
| Önnur laun og uppbætur | 367 | 399 | 813 | 104% | 122% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 415 | 0 | 0 | -100% | -100% |
| **Laun alls** | **12.280** | **12.768** | **13.591** | 6% | 11% |
| Áfallinn launakostnaður | 12 | -191 | 0 | -100% | -100% |
| Launatengd gjöld | 2.705 | 2.805 | 2.951 | 5% | 9% |
| Starfsmannakostnaður | 60 | 49 | 90 | 84% | 51% |
| **Launakostnaður alls** | **15.056** | **15.432** | **16.632** | 8% | 10% |
| Matvæli | 12.077 | 13.036 | 15.508 | 19% | 28% |
| Hreinlætisvörur | 136 | 103 | 251 | 143% | 84% |
| Önnur vörukaup | 369 | 417 | 449 | 8% | 22% |
| Vöru- og sendirferðabílar | 213 | 607 | 543 | | |
| Önnur þjónustukaup | 260 | 61 | 87 | 42% | -66% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **13.056** | **14.225** | **16.837** | 18% | 29% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 1.244 | 1.515 | 936 | -38% | -25% |
| **Gjöld samtals** | **29.356** | **31.171** | **34.405** | 10% | 17% |
| **Rekstarniðurstaða** | **8.173** | **8.599** | **11.895** | 38% | 46% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 16,0% | 13,1% | 13,0% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 133 sýnir rekstrargjöld- og -tekjur mötuneytis Grunnskólans á Ísafirði. Bókhald Ísafjarðarbæjar gerir einungis mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði upp með þessum hætti en rekstur annarra eldhúsa hjá Ísafjarðarbæ er innifalinn í bókhaldi viðkomandi skólastofnana.

Gjöld samtals hafa hækkað um 17% frá árinu 2017 til 2019, eða farið úr 29,4 millj. kr. í 34,4 millj. kr.

Kostnaður vegna reksturs mötuneyta hjá Ísafjarðarbæ vegna leik- og grunnskóla var samtals 76,8 millj. kr. árið 2019, en þá er ekki talinn með kostnaður vegna tækja og reksturs þeirra

## Tónlistarskóli Ísafjarðar

Tónlistarskóli Ísafjarðar er sjálfstæð stofnun. Skólinn á og rekur húsnæði við Austurveg 11. Ísafjarðarbær greiðir laun starfsmanna skólans en stöðugildi, miðað við desember s.l., voru 13,35.

**Tafla 134: Tekjur og gjöld í þús. kr. vegna Tónlistarskóla Ísafjarðar árin 2017 til 2019**

| | 2007 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals tekjur** | **14.029** | **14.517** | **13.918** | -4% | -1% |
| Laun | 75.001 | 87.876 | 91.281 | 4% | 22% |
| Vaktaálag | 666 | 1.218 | 580 | -52% | -13% |
| Yfirvinnulaun | 2.075 | 2.499 | 1.426 | -43% | -31% |
| Önnur laun og uppbætur | 6.704 | 3.013 | 5.305 | 76% | -21% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 187 | 653 | 340 | -48% | 82% |
| **Laun alls** | **84.634** | **95.259** | **98.931** | 4% | 17% |
| Launatengd gjöld | 19.360 | 21.646 | 22.315 | 3% | 15% |
| **Launakostnaður alls** | **103.993** | **116.906** | **121.247** | 4% | 17% |
| Þjónustukaup | 4 | 4 | 950 | 24824% | 25704% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 2.057 | 2.206 | 850 | -61% | -59% |
| **Gjöld samtals** | **106.053** | **119.116** | **123.046** | 3% | 16% |
| **Rekstarniðurstaða** | **92.024** | **104.599** | **109.128** | 4% | 19% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 2,8% | 2,8% | 1,6% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 134 sýnir tekjur og gjöld í þús. kr. vegna Tónlistarskóla Ísafjarðar árin 2017 til 2019.

Eins og fram kemur á töflunni hafa launagjöld hækkað um 22% frá árinu 2017 til 2019.

Yfirvinna sem hlutfall af launum var innan við 2% árið 2019 og lækkar frá árunum 2017 og 2018.

## Íþróttahúsið Torfnesi

Forstöðumaður íþróttamannvirkja ber ábyrgð á starfsemi Sundhallar Ísafjarðar.

Vaktafyrirkomulag íþróttahússins er eftirfarandi alla vikuna:

- ✔ Einn starfsmaður mætir kl. 07:30 og er til kl. 15:30, annar starfsmaður mætir kl. 08:00 og er til kl. 16:00. Einn starfsmaður er á kvöldvakt og mætir kl. 16:00 og er til 23:00.

Á vöktum eru 3,1 stöðugildi.

Opnunartími íþróttahússins er frá kl. 07:30 til 23:00 alla daga. Opnunartími á sumrin er frá kl. 13:00 til 20:00 en húsinu er lokað í einn mánuð yfir sumartímann. Á sumrin bætast við verkefni á útivallarsvæði sem starfsfólk íþróttahússins sinnir.

Starfsmaður sem mætir kl. 7:30 byrjar daginn á því að þrífa íþróttasalinn. Á mánudögum fara fram ýtarleg þrif á húsinu. Húsið er svo sótthreinsað á miðvikudögum. Starfsfólk sem er á vöktum sinnir þrifum.

**Tafla 135: Tekjur og gjöld í þús. kr. vegna Íþróttahúss Torfness árin 2017 til 2019**

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | 2018 | 2019 | 2018/2019 | 2017/2019 |
| Húsaleigutekjur | 3.725 | 4.085 | 5.571 | 36% | 50% |
| Seldar endursöluvörur | 137 | 42 | 138 | | |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 3.445 | 3.682 | 3.598 | -2% | 4% |
| Mf. afnot í formi styrkja | 31.051 | 31.358 | 30.813 | -2% | -1% |
| **Samtals tekjur** | **38.357** | **39.167** | **40.120** | 2% | 5% |
| Laun | 11.158 | 12.318 | 12.406 | 1% | 11% |
| Vaktaálag | 1.258 | 1.352 | 1.391 | 3% | 11% |
| Yfirvinnulaun | 3.090 | 2.612 | 2.537 | -3% | -18% |
| Önnur laun og uppbætur | 404 | 574 | 1.089 | 90% | 170% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 372 | 648 | 875 | 35% | 135% |
| **Laun alls** | **16.281** | **17.504** | **18.298** | 5% | 12% |
| Áfallinn launakostnaður | 115 | -25 | 39 | -258% | -66% |
| Launatengd gjöld | 3.778 | 4.045 | 4.050 | 0% | 7% |
| Starfsmannakostnaður | 172 | 166 | 163 | -2% | -5% |
| **Launakostnaður alls** | **20.345** | **21.689** | **22.549** | 4% | 11% |
| Orkukaup | 4.033 | 4.509 | 4.353 | -3% | 8% |
| Smáverkfæri, áhöld og tæki alls | 4.769 | 221 | 91 | | |
| Hreinlætisvörur | 313 | 296 | 440 | 48% | 40% |
| Önnur vörukaup | 144 | 43 | 145 | 238% | 1% |
| Þjónustukaup | 2.692 | 3.206 | 1.767 | -45% | -34% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **11.951** | **8.275** | **6.796** | -18% | -43% |
| Innri leiga og leigugjöld | 41.362 | 36.575 | 38.557 | 5% | -7% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 1.458 | 983 | 1.170 | 19% | -20% |
| **Gjöld samtals** | **75.116** | **67.523** | **69.073** | 2% | -8% |
| **Rekstarniðurstaða** | **36.759** | **28.356** | **28.954** | 2% | -21% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 27,7% | 21,2% | 20,4% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 135 sýnir tekjur og gjöld í þús. kr. vegna Íþróttahúss Torfness árin 2017 til 2019.

Eins og fram kemur á töflunni hafa launagjöld hækkað lítillega frá árinu 2017 til 2019. Gjöld án launakostnaðar, innri leigu og millifærslna hafa lækkað umtalsvert á tímabilinu.

Yfirvinna hefur lækkað frá árinu 2017. Var 27,7% af launum árið 2017 en er 20,4% árið 2019.

## Sundhöll Ísafjarðar

Sundhöll Ísafjarðar heyrir undir forstöðumann íþróttamannvirkja.

Vaktafyrirkomulag sundlaugarinnar yfir vetrartímann er eftirfarandi:

- ✔ Virkir dagar: Einn starfsmaður mætir kl. 06:30, annar mætir kl. 08:00. Vinna báðir til kl. 15:00. Tveir starfsmenn mæta á kvöldvakt og eru frá kl. 15:00 til 22:00.
- ✔ Helgar: Tveir starfsmenn mæta kl. 9:30 og eru í vinnu til kl. 17:30.

Opnunartími sundlaugarinnar er frá kl. 7:00 til 8:00 alla virka morgna. Frá kl. 8:00 til 17:00 er sundlaugin lokuð fyrir almenningi en hluta af þeim tíma fer skólasund fram. Sundlaugin er opnuð aftur fyrir almenning kl. 17:00 og er opin til 21:00. Um helgar er sundlaugin opin frá kl. 10:00 til 17:00 og á sumrin frá kl. 10:00 til 21:00.

Fjögur stöðugildi eru í sundlauginni en nauðsynlegt er að hafa tvo starfsmenn á hverri vakt og þá einn karl og eina konu til að geta sinnt baðvörslu. Starfsmaður sem mætir fyrir opnun fer yfir ástand laugarinnar. Þrif fara fram frá kl. 21:00 til 22:00.

### Tafla 136: Tekjur og gjöld Sundhallar Ísafjarðar árin 2017 til 2019 í þús. kr.

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | 2018 | 2019 | 2018/2019 | 2017/2019 |
| Aðgangseyrir | 4.728 | 4.231 | 5.449 | 29% | 15% |
| Húsaleigutekjur | 463 | 667 | 633 | -5% | 37% |
| Seldar endursöluvörur | 0 | 0 | 0 | | |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 6.900 | 7.754 | 6.416 | -17% | -7% |
| Mf. afnot í formi styrkja | 28.036 | 26.363 | 27.364 | 4% | -2% |
| **Samtals tekjur** | **40.128** | **39.016** | **39.863** | 2% | -1% |
| Laun | 21.878 | 21.024 | 21.852 | 4% | 0% |
| Vaktaálag | 3.313 | 3.216 | 3.492 | 9% | 5% |
| Yfirvinnulaun | 4.840 | 5.283 | 4.294 | -19% | -11% |
| Önnur laun og uppbætur | 831 | 758 | 1.803 | 138% | 117% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 1.403 | 1.568 | 1.313 | -16% | -6% |
| **Laun alls** | **32.264** | **31.849** | **32.753** | 3% | 2% |
| Áfallinn launakostnaður | -226 | -192 | 983 | -611% | -536% |
| Launatengd gjöld | 7.173 | 7.028 | 7.091 | 1% | -1% |
| Starfsmannakostnaður | 167 | 199 | 136 | -32% | -19% |
| **Launakostnaður alls** | **39.379** | **38.883** | **40.963** | 5% | 4% |
| Orkukaup | 7.156 | 6.792 | 11.530 | 70% | 61% |
| Hreinlætisvörur | 827 | 808 | 805 | 0% | -3% |
| Önnur vörukaup | 937 | 577 | 783 | 36% | -17% |
| Þjónustukaup | 988 | 1.155 | 1.305 | 13% | 32% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **9.909** | **9.331** | **14.423** | 55% | 46% |
| Innri leiga og leigugjöld | 33.055 | 29.194 | 30.536 | 5% | -8% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 2.828 | 1.587 | 1.775 | 12% | -37% |
| **Gjöld samtals** | **85.171** | **78.996** | **87.698** | 11% | 3% |
| **Rekstarniðurstaða** | **45.043** | **39.981** | **47.835** | 20% | 6% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 22,1% | 25,1% | 19,6% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 136 sýnir tekjur og gjöld í þús. kr. vegna Sundhallar Ísafjarðar árin 2017 til 2019.

Eins og fram kemur á töflunni hafa launagjöld staðið nánast í stað frá árinu 2017 til 2019. Kostnaður vegna orkukaupa hefur hækkað umtalsvert á tímabilinu en hann hækkar um 70% milli áranna 2018 og 2019. Allt heitt vatn er hitað upp með rafmagni í kyndiklefa í grunnskólanum.

Yfirvinna hefur lækkað frá árinu 2017. Var 22,1% af launum árið 2017 og fór í 19,6% árið 2019.

## Íþróttamiðstöð á Flateyri

Næsti yfirmaður forstöðumanns íþróttamiðstöðvar á Flateyri er forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Vinnutími forstöðumanns er sem hér segir:

- Þriðjudaga:  Frá kl. 8:00 til 12:00.  Síðan frá kl. 13:00 til 20:00.
- Miðvikudaga frá 12:30 til 20:00.
- Fimmtudaga frá kl. 8:00 til 12:00 og frá kl. 13:00 til 20:00.
- Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12:30 til 17:00.

Lokað er á mánudögum og föstudögum.

Gestir eru flestir frá kl. 17:00 til 19:00.

Íþróttahúsið er opið fyrir eldri borgara frá kl. 13:00 til 14:00 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en engir mæta að sögn forstöðumanns.  Leikskólinn á tíma einu sinni í mánuði í íþróttahúsinu en hefur ekki nýtt þann tíma í vetur.

Eftir skoðun á húsnæðinu má ljóst vera að það vantar nokkuð upp á viðhald á því.

Þegar er skólasund kemur kennari við grunnskólann og hefur umsjón með drengjunum.

Breitt er yfir sundlaugina þegar er lokað.  Dúkurinn er kominn til ára sinna og þyrfti að skipta honum út. Vantar almennilegar yfirbreiðslur yfir potta sem hægt er að festa niður.

Nýtt loftræstikerfi var sett upp í  í íþróttahúsið fyrir u.þ.b. tveimur árum en ekki er hægt að nota það þar sem vatnið sem kemur inn í húsið er ekki nógu heitt.

Kyndiklefi í grunnskólanum er einnig fyrir sundlaugina.  Vatnið er hitað upp með rafmagni.  Vatnið sem kemur inn í íþróttamiðstöðina er 58 gráður og verður kaldara þegar það kemur inn eftir því sem meira álag er á kerfinu vegna t.d. áfyllingar á laug, mikillar umferðar gesta og þess háttar.  Vatnið þarf að vera heitara en það er, því m.a. er ekki hægt að halda öllum pottum heitum og sturtur verða kaldar.

Brýn þörf er á því að  að skipta um allar vatnslagnir á neðri hæð hússins þar sem mikið ryð er í kerfinu sem truflar rennsli að sögn forstöðumanns.

Engin loftræsting er í kjallara þar sem stundum kemur upp klórleki og einnig er nauðsynlegt að lofta betur um, þar sem það tryggir betri  endingu búnaðar.

### Tafla 137: Tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Flateyri

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðgangseyrir | 2.557 | 2.816 | 3.644 | 29% | 43% |
| Húsaleigutekjur | 4 | 117 | 223 | 91% | 5475% |
| Seldar endursöluvörur | | 1 | 2 | 100% | |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 1.527 | 1.835 | 1.690 | -8% | 11% |
| Mf. afnot í formi styrkja | 3.139 | 2.921 | 1.903 | -35% | -39% |
| **Samtals tekjur** | **7.227** | **7.690** | **7.462** | **-3%** | **3%** |
| Laun | 8.141 | 5.719 | 6.126 | 7% | -25% |
| Vaktaálag | 1.514 | 1.165 | 1.234 | 6% | -18% |
| Yfirvinnulaun | 2.440 | 1.572 | 1.665 | 6% | -32% |
| Önnur laun og uppbætur | 327 | 1.253 | 447 | -64% | 37% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 1.438 | 475 | 514 | 8% | -64% |
| **Laun alls** | **13.860** | **10.184** | **9.986** | **-2%** | **-28%** |
| Áfallin launakostanður | -250 | 51 | | -100% | -100% |
| Launatengd gjöld | 2.922 | 2.270 | 2.237 | -1% | -23% |
| Starfsmannakostnaður | 69 | 58 | 98 | 69% | 42% |
| **Launakostnaður alls** | **16.601** | **12.563** | **12.321** | **-2%** | **-26%** |
| Orkukaup | 8.126 | 8.776 | 10.545 | 20% | 30% |
| Hreinlætisvörur | 634 | 420 | 426 | 1% | -33% |
| Önnur vörukaup | 274 | 414 | 295 | -29% | 8% |
| Þjónustukaup | 730 | 1.163 | 959 | -18% | 31% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **26.365** | **23.336** | **24.546** | **5%** | **-7%** |
| Innri leiga og leigugjöld | 29.595 | 25.961 | 27.704 | 7% | -6% |
| Hlutdeild í sameiginlegum og millifærðum kostnaði | 1.586 | 1.207 | 1.208 | 0% | -24% |
| **Gjöld samtals** | **57.546** | **50.504** | **53.458** | **6%** | **-7%** |
| **Rekstrar niðurstaða** | **50.319** | **42.814** | **45.996** | **7%** | **-9%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 34% | 20% | 22% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 137 sýnir tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Flateyri.

Eins og fram kemur á töflunni hafa launagjöld lækkað á milli ára sem leitt hefur til þess að samtala gjalda hefur lækkað. Rétt er að vekja athygli á háum orkukostnaði, sem var 10.545 þúsund krónur árið 2019. Allt heitt vatn er hitað upp með rafmagni í kyndiklefa í grunnskólanum.

Yfirvinna hefur lækkað frá árinu 2017. Var 34% af launum árið 2017 en 22% árið 2019.

## Íþróttamiðstöð á Þingeyri

Í íþróttamiðstöðinni er íþróttahús og sundlaug. Við íþróttamiðstöðina starfar forstöðumaður í 100% starfshlutfalli.

Næsti yfirmaður forstöðumannsins er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs. Næsti undirmaður forstöðumannsins er starfsmaður í 20% starfshlutfalli sem er í baðvörslu vegna skólasunds og sinnir jafnframt ýmsum viðhalds og viðgerðarverkefnum eins og kostur er á.

Að auki eru starfsmenn sem taka kvöld og helgarvaktir á móti forstöðumanni. Alltaf er einn á vakt.

Almennur opnunartími er frá kl. 8:00 – 10:00 alla virka daga og að auki frá kl. 17:00 – 21:00 fjóra virka daga, ekki á föstudögum.

Laugardaga og sunnudaga er opið frá kl. 10:00 – 16:00. Einn er á vakt. Viðkomandi byrjar vaktina kl. 9:30 eða 9:45 aðeins breytilegt eftir verkefnastöðu, t.d. hvort moka þarf snjó frá dyrum, enginn annar kemur til þess verks sem verður að vera lokið áður en gestir koma. Starfsmaður á að geta lokið vinnu kl. 16:30 og tekst það oftast nær.

Forstöðumaður vinnur alltaf virka daga á morgnana, auk þess tekur hann eina, stundum tvær seinni vaktir og oft eina á helgum, upp í vinnuskildu (40 stundir á viku), en að auki vinnur hann eftir hádegi tvisvar í viku, þá er hann einn og getur farið í skipulagsvinnu, gert upp kassa, farið í bankann með uppgjörið, farið yfir tímastimplanir, samþykkt reikninga, svarað tölvupósti og þess háttar.

Mönnun vakta hefur gengið treglega undanfarin sumur og oft þarf að púsla til að fylla inn í þær.

Á sumrin er opið alla virka daga frá kl. 8:00 til 21:00 og 10:00 til 18:00 um helgar. Vaktir eru frá kl. 7:30 – 22:00 virka og 8:30 til 19:30 um helgar.

Starfsmenn íþróttamiðstöðvar sjá um tjaldstæðið. Sjá um að rukka gesti og þrífa þjónustuhús og salerni. Árið 2019 voru tæplega 5.000 gistinætur á tjaldsvæðinu og greiddu gestir samtals kr. 8.330.576.

Staðgreiðsla er við komu í íþróttamiðstöðina fyrir gesti sem ekki eru í áskrift.

## Tafla 138: Tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðgangseyrir | 3.692 | 3.504 | 4.514 | 29% | 22% |
| Húsaleigutekjur | 199 | 45 | 54 | 20% | -73% |
| Seldar endursöluvörur | 599 | 268 | 455 | 70% | -24% |
| Millifærð vinna og þjónusta | 3.200 | 2.500 | 2.600 | 4% | -19% |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 2.354 | 2.277 | 2.239 | -2% | -5% |
| Mf. afnot í formi styrkja | 1.239 | 1.176 | 1.210 | 3% | -2% |
| Endurgreiðslur annarra, styrkir | | 200 | 147 | -27% | |
| **Samtals tekjur** | **11.283** | **9.970** | **11.219** | **13%** | **-1%** |
| Laun | 8.453 | 9.582 | 9.548 | 0% | 13% |
| Vaktaálag | 1.556 | 1.719 | 1.781 | 4% | 14% |
| Yfirvinnulaun | 3.921 | 4.886 | 5.510 | 13% | 41% |
| Önnur laun og uppbætur | 249 | 249 | 714 | 187% | 187% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 700 | 1.040 | 1.014 | -3% | 45% |
| **Laun alls** | **14.879** | **17.476** | **18.567** | **6%** | **25%** |
| Áfallin launakostanður | 375 | 66 | -276 | -518% | -174% |
| Launatengd gjöld | 3.513 | 4.062 | 4.265 | 5% | 21% |
| Starfsmannakostnaður | 51 | 92 | 126 | 37% | 147% |
| **Launakostnaður alls** | **18.818** | **21.696** | **22.682** | **5%** | **21%** |
| Orkukaup | 9.105 | 8.130 | 8.549 | 5% | -6% |
| Hreinlætisvörur | 421 | 435 | 518 | 19% | 23% |
| Vörukaup til endursölu | 255 | 125 | 362 | 190% | 42% |
| Önnur vörukaup | 1.063 | 1.712 | 750 | -56% | -29% |
| Þjónustukaup | 1.281 | 1.268 | 1.834 | 45% | 43% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **30.943** | **33.366** | **34.695** | **4%** | **12%** |
| Innri leiga og leigugjöld | 27.610 | 24.140 | 24.495 | 1% | -11% |
| Hlutdeild í sameiginlegum og millifærðum kostnaði | 1.864 | 1.122 | 1.155 | 3% | -38% |
| **Gjöld samtals** | **60.417** | **58.628** | **60.345** | **3%** | **0%** |
| **Rekstrar niðurstaða** | **49.134** | **48.658** | **49.126** | **1%** | **0%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 46% | 51% | 58% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 138 sýnir tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri.

Eins og fram kemur á töflunni hafa launagjöld hækkað á milli ára. Launakostnaður alls hækkaði um 6% á milli áranna 2018 og 2019. Hann hækkaði um 21% á milli áranna 2017 og 2019. Rétt er að vekja athygli á háum orkukostnaði, sem var 8.549 þúsund krónur árið 2019. Allt heitt vatn er hitað upp með rafmagni.

Yfirvinna hefur farið hækkandi sem hlutfall af launum. Var 46% af launum árið 2017 en 58% árið 2019.

## Íþróttamiðstöð á Suðureyri og samantekið rekstraryfirlit íþróttamannvirkja

Íþróttamiðstöðin á Suðureyri er útisundlaug.

### Tafla 139: Tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Suðureyri

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | Breyting 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðgangseyri | 4.017 | 3.867 | 4.904 | 27% | 22% |
| Húsaleigutekjur | 70 | 90 | 55 | -39% | -21% |
| Seldar endursöluvörur | 454 | 530 | 658 | 24% | 45% |
| Millifærð vinna og þjónusta | | | | | |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 2.950 | 2.674 | 1.935 | -28% | -34% |
| Mf. afnot í formi styrkja | 3.080 | 2.570 | 2.123 | -17% | -31% |
| Endurgreiðslur annarra, styrkir | | | | | |
| **Samtals tekjur** | **10.571** | **9.731** | **9.675** | **-1%** | **-8%** |
| Laun | 6.672 | 6.294 | 7.739 | 23% | 16% |
| Vaktaálag | 1520 | 1.382 | 1.553 | 12% | 2% |
| Yfirvinnulaun | 2.280 | 1.738 | 1.587 | -9% | -30% |
| Önnur laun og uppbætur | 285 | 173 | 611 | 253% | 114% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 1.249 | 874 | 834 | -5% | -33% |
| **Laun alls** | **12.006** | **10.461** | **12.324** | **18%** | **3%** |
| Áfallin launakostanður | -474 | 105 | 22 | -79% | -105% |
| Launatengd gjöld | 2.790 | 2.309 | 2.631 | 14% | -6% |
| Starfsmannakostnaður | 149 | 170 | 138 | -19% | -7% |
| **Launakostnaður alls** | **14.471** | **13.045** | **15.115** | **16%** | **4%** |
| Orkukaup | 2.508 | 3.368 | 3.649 | 8% | 45% |
| Hreinlætisvörur | 525 | 666 | 601 | -10% | 14% |
| Vörukaup til endursölu | 129 | 143 | 151 | 6% | 17% |
| Önnur vörukaup | 774 | 114 | 2.659 | 2232% | 244% |
| Þjónustukaup | 1.064 | 972 | 845 | -13% | -21% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **19.471** | **18.308** | **23.020** | **26%** | **18%** |
| Innri leiga og leigugjöld | 16.676 | 14.737 | 14.869 | 1% | -11% |
| Hlutdeild í sameiginlegum og millifærðum kostnaði | 2.158 | 1.335 | 1.290 | -3% | -40% |
| **Gjöld samtals** | **38.305** | **34.380** | **39.179** | **14%** | **2%** |
| **Rekstrar niðurstaða** | **27.734** | **24.649** | **29.504** | **20%** | **6%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 34% | 18% | 21% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 139 sýnir tekjur og gjöld vegna Íþróttamiðstöðvar á Suðureyri.

Eins og fram kemur á töflunni lækkaði launakostnaður milli áranna 2017 og 2018 en hækkar síðan á milli áranna 2018 og 2019.

Yfirvinna hefur lækkað sem hlutfall af launum. Var 34% af launum árið 2017 en 21% árið 2019.

### Tafla 140: Samantekið rekstraryfirlit íþróttamannvirkja árið 2018 í þúsundum króna

| | Suðureyri | Flateyri | Torfnes | Sundhöll | Þingeyri |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðgangseyrir | 3.867 | 2.816 | 4.085 | 4.231 | 3.504 |
| Húsaleigutekjur | 90 | 117 | 42 | 667 | 45 |
| Seldar endursöluvörur | 530 | 1 | | 0 | 268 |
| Millifærð vinna og þjónusta | | | | | 2.500 |
| Mf. eigin afnot fasteigna | 2.674 | 1.835 | 3.682 | 7.754 | 2.277 |
| Mf. afnot í formi styrkja | 2.570 | 2.921 | 31.358 | 26.363 | 1.176 |
| Endurgreiðslur annarra, styrkir | | | | | 200 |
| **Samtals tekjur** | **9.731** | **7.690** | **39.167** | **39.016** | **9.970** |
| Laun | 6.294 | 5.719 | 12.318 | 21.024 | 9.582 |
| Vaktaálag | 1.382 | 1.165 | 1.352 | 3.216 | 1.719 |
| Yfirvinnulaun | 1.738 | 1.572 | 2.612 | 5.283 | 4.886 |
| Önnur laun og uppbætur | 173 | 1.253 | 574 | 758 | 249 |
| Orlof og orlofsuppgjör | 874 | 475 | 648 | 1.568 | 1.040 |
| **Laun alls** | **10.461** | **10.184** | **17.504** | **31.849** | **17.476** |
| Áfallin launakostanður | 105 | 51 | -25 | -192 | 66 |
| Launatengd gjöld | 2.309 | 2.270 | 4.045 | 7.028 | 4.062 |
| Starfsmannakostnaður | 170 | 58 | 166 | 199 | 92 |
| **Launakostnaður alls** | **13.045** | **12.563** | **21.689** | **38.883** | **21.696** |
| Orkukaup | 3.368 | 8.776 | 4.509 | 6.792 | 8.130 |
| Hreinlætisvörur | 666 | 420 | 296 | 808 | 435 |
| Vörukaup til endursölu | 143 | | | | 125 |
| Önnur vörukaup | 114 | 414 | 264 | 577 | 1.712 |
| Þjónustukaup | 972 | 1.163 | 3.206 | 1.155 | 1.268 |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **18.308** | **23.336** | **8.275** | **9.331** | **33.366** |
| Innri leiga og leigugjöld | 14.737 | 25.961 | 36.575 | 29.194 | 24.140 |
| Hlutdeild í sameiginlegum og millifærðum kostnaði | 1.335 | 1.207 | 983 | 1.587 | 1.122 |
| **Gjöld samtals** | **34.380** | **50.504** | **67.523** | **78.996** | **58.628** |
| **Rekstrar niðurstaða** | **24.649** | **42.814** | **28.356** | **39.981** | **48.658** |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 17,9% | 20,4% | 21,2% | 25,1% | 51,0% |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 140 sýnir samantekið yfirlit yfir rekstur íþróttamannvirkja hjá Ísfjarðarbæ árið 2018 í þúsundum króna.

Íþróttamiðstöðin á Þingeyri sker sig nokkuð úr hvað rekstrarútgjöld varðar. Launakostnaður alls var 21.696 þúsund krónur samanborið við 21.689 þúsund krónur hjá íþróttahúsinu á Torfnesi. Nokkur munur var á tekjum þessara stofnana, þar sem tekjur íþróttahússins á Torfnesi voru 39,0 milljónir króna samanborið við 10 milljónir króna hjá Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri.

Íþróttamiðstöðin á Þingeyri sker sig nokkuð úr hvað varðar hátt hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum. Hlutfallið var 51% samanborið við 25% hjá Sundhöllinni á Ísafirði þar sem hlutfallið var næst hæst árið 2018.

## Skíðasvæði

Við skíðasvæði Ísafjarðar eru tvö stöðugildi árið um kring. Skíðatímabilið er frá desember og fram í maí mánuð. Á opnunartímabilinu eru ráðnir starfsmenn sem eru á tímakaupi og nær ráðningarsamningur þeirra fram til 15. maí.

**Tafla 141: Samantekið rekstraryfirlit skíðasvæðis árin 2017 til 2019 í þús. kr.**

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | 2018 | 2019 | 2018/2019 | 2017/2019 |
| Aðgangseyrir | 10.709 | 10.522 | 6.397 | -39% | -40% |
| Leigutekjur | 1.047 | 1.853 | 1.497 | -19% | 43% |
| Seldar endursöluvörur | 1.643 | 3.022 | 536 | | |
| Mf. Vörur og þjónusta | 8.600 | 8.866 | 9.070 | 2% | 5% |
| Aðrar tekjur | 2.630 | 20 | 332 | 1558% | -87% |
| **Samtals tekjur** | **24.629** | **24.283** | **17.831** | -27% | -28% |
| Laun | 12.621 | 14.086 | 14.063 | 0% | 11% |
| Vaktaálag | 685 | 527 | 565 | 7% | -17% |
| Yfirvinnulaun | 6.457 | 11.105 | 5.699 | -49% | -12% |
| Önnur laun og uppbætur | 293 | 333 | 1.123 | 237% | 284% |
| Orlof og orlofsuppgjör | 624 | 2.047 | 1.311 | -36% | 110% |
| **Laun alls** | **20.680** | **28.098** | **22.761** | -19% | 10% |
| Áfallinn launakostnaður | 536 | -284 | 235 | -183% | -56% |
| Launatengd gjöld | 4.627 | 6.370 | 5.024 | -21% | 9% |
| Starfsmannakostnaður | 340 | 343 | 969 | 182% | 185% |
| **Launakostnaður alls** | **26.182** | **34.527** | **28.989** | -16% | 11% |
| Orkukaup | 5.359 | 7.412 | 5.772 | -22% | 8% |
| Önnur vörukaup | 5.266 | 10.192 | 3.515 | -66% | -33% |
| Viðhald efnislegra fjármuna alls | 12.657 | 4.518 | 7.165 | | |
| Önnur þjónustukaup | 7.210 | 4.232 | 4.547 | 7% | -37% |
| **Gjöld samtals án innri leigu og millifærslna** | **30.492** | **26.353** | **20.999** | -20% | -31% |
| Innri leiga og leigugjöld | 40.898 | 40.946 | 47.255 | 15% | 16% |
| Hlutdeild í sameiginilegum og millifærðum kostnaði | 4.108 | 3.248 | 2.969 | -9% | -28% |
| **Gjöld samtals** | **101.681** | **105.075** | **100.213** | -5% | -1% |
| **Rekstarniðurstaða** | **77.052** | **80.792** | **82.382** | 2% | 7% |
| Yfirvinna sem hlutfall af launum | 51,2% | 78,8% | 40,5% | | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 141 sýnir samantekið yfirlit yfir rekstur skíðasvæðis Ísafjarðar árin 2017 til 2019 í þús. kr.

Launakostnaður getur verið breytilegur enda er opnunartími svæðisins breytilegur eftir skíðafæri ár hvert. Breytilegt tíðarfar hefur áhrif á tekjur og gjöld svæðisins. Aðgangstekjur eru nokkuð jafnar milli áranna 2017 og 2018 en launakostnaður hækkar um 8 millj. kr. milli ára. Á sama tíma fer hlutfall yfirvinnu af launum úr 51,2% í 78,8%. Yfirvinnuhlutfallið lækkar svo í 40,5% árið 2019 en tekjur vegna aðgangseyris lækka jafnframt um 40% milli áranna 2018 og 2019.

# Umhverfis- og eignasvið

Á umhverfis- og eignasviði eru sex stöðugildi.

**Mynd 59: Skipurit fyrir umhverfis- og eignasvið**




Mynd 59 sýnir skipurit umhverfis- og eignasviðs tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og fram kemur á myndinni heyra samtals 16 stöðugildi undir sviðið, að meðtalinni þjónustumiðstöðinni.

Undir sviðið heyra skipulags- og byggingarmál, umhverfismál, þar með talin þjónustumiðstöð, götur og veitur, opin svæði og allar eignir sveitarfélagsins, þ.m.t. Fasteignir Ísafjarðarbæjar.

**Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs**

Yfirmaður umhverfis- og eignasviðs er sviðsstjóri. Yfirmaður hans er bæjarstjóri.

Næstu undirmenn sviðsstjóra eru umhverfisfulltrúi, forstöðumaður Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., yfirmaður eignasjóðs, þjónustufulltrúi, skipulags- og byggingarfulltrúi, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar og verkefnastjóri en ekki hefur verið ráðið í þá stöður.

Þjónustufulltrúi er í móttöku og sér m.a. um flokkun á skjölum á sviðinu, skönnun og sinnir ýmsum öðrum verkefnum.

Að sögn sviðsstjóra hafa s.l. tvö ár skipulagsmál tekið mikinn tíma af verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa en sviðsstjóri gegndi áður því starfi. Í skipulagsmálum

er fullt starf við breytingu á aðalskipulagi og verndarsvæði í byggð að mati sviðsstjóra. Fram kom í máli sviðsstjóra að honum finnist að byggingarmálin hafi setið á hakanum, þar sem skipulagsmálin hafa tekið mikinn tíma. Hins vegar má gera ráð fyrir að verkefni byggingarfulltrúa minnki með breytingum á lögum og reglum um byggingarmál. Byggingarfulltrúi mun einungis annast loka úttektir en aðrar úttektir eru á ábyrgð byggingarstjóra.

Úttektir byggingarfulltrúa, s.s. smærri áfangaúttektir, falla út. Hins vegar eru aðrar úttektir eftir, s.s. fokheldi- og lokaúttektir hluti af störfum byggingarfulltrúa, sbr. hér að framan. Mikill tími fer í gagnaskráningar, s.s. í grunn mannvirkjastofnunar að sögn sviðsstjóra. Öll gögn er varða byggingarleyfi, s.s. uppdrættir, vottorð, skráningar meistara, byggingarstjóra og tryggingar, fara í gagnagátt, en samkvæmt 16. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 skal útgefandi byggingarleyfis (byggingarfulltrúi) „sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í gagnasafn Mannvirkjastofnunar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.“ Umfangið á þessu starfi hefur aukist og er orðið til þess að auka enn á skriffinnsku og flækjustig vegna útgáfu byggingarleyfa að mati sviðsstjóra.

Skýrsluhöfundar eru þessu ekki alveg sammála. Í samtali sem skýrsluhöfundar áttu við starfsmann hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) kom fram að viðræður standa yfir á milli HMS og Þjóðskrár Íslands um þetta fyrirkomulag og hefur HMS lagt fram sína sýn á það hvernig þessum málum verði háttað til framtíðar litið eftir að farið verður að vinna samkvæmt breytingunum á lögum nr. 160/2010 og reglugerð tengdri þeim. HMS stefnir að í byrjun næsta árs (2021) verði farið að vinna samkvæmt því ferli sem stofnunin hefur lagt upp með, sjá fylgiskjal 2 til frekari skýringar.

Haldnir eru samráðsfundir á umhverfis- og eignasviði einu sinni í viku. Þar eru línurnar lagðar fyrir vikuna, sem framundan er. Fundir eru haldnir í fundarsal fjórðu hæðar á fimmtudagsmorgnum frá 08:30 til 9:40. Á fundum eru eftirtaldir aðilar

- Forstöðumaður áhaldahúss
- Forstöðumaður Fastís
- Yfirmaður eignasjóðs
- Skipulags- og byggingarfulltrúi
- Umhverfisfulltrúi
- Þjónustufulltrúi
- Sviðsstjóri

Að mati sviðsstjóra þarf að kaupa landmælingatæki með hnitpunktum þannig að hægt sé að merkja t.d. öll niðurföll og þá þyrfti ekki að vera að leita að niðurföllum þegar er snjór yfir öllu. Slík tæki kosta frá 200.000 til 400.000 krónur, fer eftir nákvæmni tækja.

Grassláttur er allur boðinn út. Sviðsstjóra finnst óljóst hvaða svæði ber að slá og hver ekki. Þarf að skerpa á því. Aðhald frá íbúum er með grasslætti. Umhverfisfulltrúi hefur verið með eftirlitið á slættinum. Garðyrkjustjóri heyrir undir þjónustumiðstöðina.

Þegar samtalið fór fram var unnið að útboði á snjómokstri fyrir Ísafjörð.

Að sögn fyrrverandi sviðsstjóra fór mikið af tíma hans í verklegar framkvæmdir. Jafnframt kom fram það sjónarmið að athuga ætti að bjóða meira út af verkefnum þjónustumiðstöðvar.

Að mati fyrrverandi sviðsstjóra er réttlætanlegt að eiga götusóp. Hins vegar eru önnur tæki, sem bærinn þarf, einnig í eigu verktaka, sem skapar möguleika á að bjóða út verkefni. Nýverið var snjómokstur á Flateyri boðinn út. Meðalverðið var um 14.000 þúsund krónur á klukkustund að sögn fyrrverandi sviðsstjóra.

Þjónustumiðstöðin er að hluta til að þjónusta hina byggðakjarnana í Ísafjarðarbæ frá Ísafirði. Verktakar í byggðakjörnunum sjá um snjómokstur og annast einnig ýmis verk á hverjum stað en þjónustumiðstöðin annast sams konar verk á Ísafirði. Búið er að loka áhaldahúsum í hinum byggðakjörnunum.

Rekin er garðyrkjudeild í þjónustumiðstöðinni. Þar starfar garðyrkjufulltrúi í fullu starfi. Hann hefur tekið sumarleyfi á veturna. Auk þess að sjá um garðyrkjudeildina hefur hann annast um allar jólaskreytingar, viðgerð á bekkjum o.s.frv. yfir vetramánuðina. Hefur fengið að hafa sumarstarfsmenn fram á haustin til að geta lokið öllu slíku fyrir veturinn.

**Umhverfisfulltrúi**

Næsti yfirmaður umhverfisfulltrúa er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs. Umhverfisfulltrúi var með garðyrkjudeildina en nú heyrir hún undir þjónustumiðstöðina. Garðyrkjustjóri heyrir undir yfirmann þjónustumiðstöðvar.

Umhverfisfulltrúi vinnur með garðyrkjustjóra varðandi opin svæði í sveitarfélaginu.

Umhverfisfulltrúi kemur að öllu sem varðar umhverfismál. Aðal verkefnin hafa verið sorpmálin með áherslu á flokkun rusls, eftirlit með urðunarstað, sem búið er að loka. Það þarf að hafa eftirlit með svæðinu skv. vöktunaráætlun og fyrirmæli umhverfisstofnunar, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisfulltrúi annast samskipti við Terra, verktaka, sem annast söfnun, meðhöndlun og förgun sorps hjá sveitarfélaginu.

Sorpið er flokkað í plast, pappír, málma, gler og annað. Móttökustaður á sorpi og rusli fyrir sveitarfélagið er í Funa. Suðureyri, Flateyri og Þingeyri er þjónað með gámabíl sem sækir rusl frá íbúum. Terra rekur móttökustöðina sem verktaki fyrir bæjarfélagið.

Sorp sem er ekki flokkað sem endurvinnsluefni eða spilliefni er urðað í Fíflholti í Borgarfirði og sér  Terra um aksturinn þangað.  Terra sér um alla meðhöndlun sorps og endurvinnslu og spilliefna.  Árlega eru u.þ.b. 90 milljónir króna áætlaðar fyrir þennan málaflokk.

Ísafjarðarbær er með samning um urðun sorps í Fíflholti.  Magnið sem var urðað  í Fíflholt árið  2018 var 1.943.740 kg., þar af voru 550.000 kg. heimilissorp.  Árið 2019 voru urðuð 2.150.820 kg. og þar af voru 356.559 kg. heimilissorp. Kostnaður við urðun 2018 var 19,5 milljónir króna og 2019 22 milljónir króna.

Umhverfisfulltrúi er m.a. að uppfæra kortasjá með lagnateikningar fyrir vatnsveitu- og fráveitulagnir.

Umhverfisfulltrúi hefur séð um útboð á grasslætti í sveitarfélaginu.  Er að vinna að umhverfisverkefni með höfninni.  Vinnur að tilraunaverkefni við að safna rusli í sjó. Sorpmál hjá Ísafjarðarhöfn.  Einnig er umhverfisfulltrúi að vinna með höfninni í viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar á  hafnarsvæðum sveitarfélagsins.

Umhverfisfulltrúi er að vinna að umferðaröryggisáætlun sem snýr m.a. að því að bæta öryggi gangandi og akandi vegfarenda í umferðinni, lagfæra hættuleg gatnamót, gangbrautir og gangstéttir.  Er að teikna göngustígakerfi fyrir nýtt aðalskipulag.

Umhverfisfulltrúi er starfsmaður umhverfisnefndar og undirbýr fundi hennar. Tjaldsvæði heyrir undir umhverfisfulltrúa.  Einnig hundahald, kattaleyfi, hænsnahald og hann hefur eftirlit með förgun á númerslausum bílum.

**Yfirmaður eignasjóðs**

Næsti yfirmaður yfirmanns eignasjóðs er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Allar eignir eignasjóðs heyra undir yfirmann eignasjóðs og annast hann viðhald á fasteignum sveitarfélagsins.  Yfirmaður eignasjóðs vinnur náið með forstöðumanni Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf.

Yfirmaður eignasjóðs hefur  aðstoðað þjónustumiðstöðina við ýmis verk varðandi mælingar o.fl.   Jafnframt pantar hann ýmislegt fyrir þjónustumiðstöðina.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa annast einfalda þætti í viðhaldi.

Forstöðumenn hafa samband við yfirmann eignasjóðs varðandi viðhald.  Hann fær lista sendan frá forstöðumönnum yfir  það sem þarf að gera á excel skjali. Forstöðumaðurinn annast einnig húsnæði Eyrar, hjúkrunarheimilis, sem er í eigu sveitarfélagsins.  Ekki er notast við fasteignastjórnunarkerfi svo sem „MainManager“ við að halda utan um upplýsingar um einstakar fasteignir og þar sem forstöðumenn

gætu rafrænt komið á framfæri upplýsingum um viðkomandi fasteign og þá beiðni um viðhaldsframkvæmdir o.s.frv.

Fram kom í máli yfirmanns fasteigna að ýmsir gallar hafi komið fram á húsnæði Eyrar. M.a. er pússningin ónýt, húsnæðið lak meira og minna í fyrstu.

## Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.

Næsti yfirmaður umsjónarmanns eigna er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar eiga og reka 100 leiguíbúðir.

Viðhaldið á fasteignum Fasteigna Ísafjarðarbæjar er í góðu standi að sögn umsjónarmanns. Allar íbúðir eru í leigu. Leigunýtingin yfir árið er 98 til 99%.

Umsjónarmaður eigna starfar með yfirmanni eignasjóðs Ísafjarðabæjar og skipta þeir með sér verkum. Auk leiguíbúðanna annast umsjónarmaður eigna íþróttahúsin og gömlu húsin í Neðstakaupstað sem tilheyra Byggðasafninu. Auk þess er gert ráð fyrir að umsjónarmaðurinn taki yfir húseignina í Hlíf I, sem tilheyrir sveitarfélaginu. Yfirmaður eignasjóðs annast húsnæði leik- og grunnskóla.

Verktakar sinna öllu viðhald.

Eru með aðila í þrem fjölbýlishúsum sem annast ræstingu. Rukka leigjendur fyrir ræstinguna en ekki að fullu að sögn forstöðumanns.

Úthlutun á íbúðum. Forstöðumaðurinn tekur á móti öllum umsóknum um leiguhúsnæði. Velferðarsvið sendir erindi varðandi umsækjendur sem eru í forgangi með leiguhúsnæði af félagslegum ástæðum.

Síðustu þrjú ár hafa leigjendur verið nokkuð stöðugir, þ.e. ekki eins oft skipt um leigjendur og áður var. Hefur verið að endurleigja tvær til þrjár íbúðir í mánuði hverjum.

Forstöðumaðurinn gerir leigusamninga við leigjendur. Enginn fær leigt án þess að leggja fram ábyrgð fyrir leigunni. Ef viðkomandi getur það ekki kemur leigjandi inn á vegum félagsþjónustunnar sem ábyrgist þá leiguna. Vel hefur gengið að innheimta húsaleigu að sögn umsjónarmanns.

## Tafla 142: Leiguverð og fermetrastærð íbúða hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf.

| Íbúð | FM | Fjöldi herbergja | Leiguverð | Leiga á m2 | Íbúð | FM | Fjöldi herbergja | Leiguverð | Leiga á m2 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dalbraut | 114,5 | 5 | 119.118 | 1.040 | Múlaland | 89,6 | 3 | 114.799 | 1.281 |
| Dalbraut | 57,3 | 3 | 73.416 | 1.281 | Múlaland | 79,3 | 2 | 101.603 | 1.281 |
| Dalbraut | 114,5 | 5 | 119.118 | 1.040 | Múlaland | 89,6 | 3 | 114.800 | 1.281 |
| Dalbraut | 57,3 | 3 | 73.416 | 1.281 | Pollgata | 115,2 | 3 | 147.600 | 1.281 |
| Dalbraut | 57,3 | 3 | 73.416 | 1.281 | Pollgata | 79,6 | 2 | 101.988 | 1.281 |
| Dalbraut | 114,5 | 5 | 0 | 0 | Pollgata | 79,6 | 2 | 101.988 | 1.281 |
| Dalbraut | 57,3 | 3 | 73.416 | 1.281 | Pollgata | 115,2 | 3 | 147.600 | 1.281 |
| Dalbraut | 114,5 | 5 | 119.118 | 1.040 | Pollgata | 115,2 | 3 | 147.599 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 79,3 | 2 | 101.603 | 1.281 | Pollgata | 79,6 | 2 | 101.988 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 117,5 | 4 | 122.239 | 1.040 | Pollgata | 79,6 | 2 | 101.988 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 123,9 | 4 | 128.897 | 1.040 | Pollgata | 115,2 | 3 | 147.600 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 115,8 | 4 | 120.470 | 1.040 | Pollgata | 93,1 | 3 | 119.284 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 107,5 | 3 | 137.734 | 1.281 | Pollgata | 93,1 | 3 | 119.284 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 117,7 | 4 | 0 | 0 | Stórholt | 91,4 | 3 | 117.106 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 100,5 | 3 | 128.765 | 1.281 | Stórholt | 65,3 | 2 | 83.666 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 82,4 | 2 | 105.574 | 1.281 | Stórholt | 92,8 | 3 | 118.900 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 106,9 | 3 | 136.965 | 1.281 | Stórholt | 67,6 | 2 | 86.613 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 88,8 | 2 | 113.773 | 1.281 | Stórholt | 65,3 | 2 | 83.666 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 117,8 | 4 | 122.551 | 1.040 | Stórholt | 89,1 | 3 | 114.160 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 107,5 | 3 | 137.734 | 1.281 | Stórholt | 65,3 | 2 | 83.666 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 117,7 | 4 | 122.446 | 1.040 | Stórholt | 91,4 | 3 | 117.106 | 1.281 |
| Fjarðarstræti | 111,7 | 4 | 116.204 | 1.040 | Stórholt | 118 | 4 | 0 | 0 |
| Fjarðarstræti | 103,6 | 4 | 107.778 | 1.040 | Stórholt | 118 | 4 | 122.759 | 1.040 |
| Fjarðarstræti | 101 | 4 | 105.073 | 1.040 | Stórholt | 82,9 | 3 | 0 | 0 |
| Garðavegur | 144,8 | 4 | 126.855 | 876 | Fjarðargata | 83,7 | 3 | 85.792 | 1.025 |
| Garðavegur | | E/V | 0 | | Fjarðargata | 85,6 | 3 | 87.740 | 1.025 |
| Garðavegur | | E/V | 0 | | Fjarðargata | 85,6 | 3 | 87.740 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 75,2 | 3 | 106.004 | 1.410 | Fjarðargata | 83,7 | 3 | 85.792 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 30 | 2 | 38.437 | 1.281 | Fjarðargata | 83,7 | 3 | 85.792 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 73,4 | 3 | 106.004 | 1.444 | Fjarðargata | 85,6 | 3 | 0 | 0 |
| Hlíðarvegur | 76,6 | 3 | 106.003 | 1.384 | Fjarðargata | 72,1 | 3 | 73.903 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 74,7 | 3 | 106.004 | 1.419 | Fjarðargata | 85,6 | 3 | 87.740 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 76,2 | 3 | 106.004 | 1.391 | Fjarðargata | 83,7 | 3 | 85.792 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 76,1 | 3 | 106.004 | 1.393 | Vallargata | 115,6 | 4 | 96.210 | 832 |
| Hlíðarvegur | 76,5 | 3 | 106.004 | 1.386 | Vallargata | 98,6 | 3 | 101.065 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 76,6 | 3 | 106.004 | 1.384 | Drafnargata FL | 130 | 5 | 108.194 | 832 |
| Hlíðarvegur | 74,7 | 3 | 106.004 | 1.419 | Hjallavegur FL | 90,9 | 3 | 93.172 | 1.025 |
| Hlíðarvegur | 76,6 | 3 | 106.004 | 1.384 | Eyrargata | 112,6 | 4 | 105.427 | 936 |
| Hlíðarvegur | 74,3 | 3 | 106.004 | 1.427 | Túngata | 55,4 | 3 | 70.981 | 1.281 |
| Hlíðarvegur | 83,3 | 3 | 106.004 | 1.273 | Túngata | 112,7 | 5 | 105.520 | 936 |
| Hlíðarvegur | 90,5 | 3 | 106.004 | 1.171 | Túngata | 55,4 | 3 | 70.981 | 1.281 |
| Hlíðarvegur | 98,6 | 3 | 106.004 | 1.075 | Túngata | 112,7 | 4 | 105.520 | 936 |
| Hlíðarvegur | 98,6 | 3 | 106.004 | 1.075 | Túngata | 112,7 | 5 | 105.520 | 936 |
| Hlíðarvegur | 98,6 | 3 | 106.004 | 1.075 | Túngata | 55,4 | 3 | 70.981 | 1.281 |
| Hlíðarvegur | 97,8 | 3 | 106.004 | 1.084 | Túngata | 112,7 | 5 | 105.521 | 936 |
| Hlíðarvegur | 90,6 | 3 | 106.004 | 1.170 | Túngata | 55,4 | 3 | 70.981 | 1.281 |
| Múlaland | 96,3 | 3 | 123.385 | 1.281 | Túngata | 153,2 | 5 | 143.441 | 936 |
| Múlaland | 97 | 3 | 124.281 | 1.281 | Túngata | 103,8 | 4 | 97.188 | 936 |
| Múlaland | 114,8 | 3 | 147.087 | 1.281 | Túngata | 127,8 | 4 | 119.659 | 936 |
| Múlaland | 98,5 | 3 | 126.203 | 1.281 | Túngata | 127,8 | 4 | 119.659 | 936 |
| Múlaland | 114,8 | 3 | 147.087 | 1.281 | Túngata | 103,8 | 4 | 97.187 | 936 |
| Múlaland | 97,9 | 3 | 125.434 | 1.281 | Túngata | 66,7 | 2 | 85.459 | 1.281 |
| Múlaland | 90,5 | 2 | 115.953 | 1.281 | Samtals | 9.681,5 | | 10.615.514 | |
| Múlaland | 97,7 | 3 | 125.177 | 1.281 | Leiguverð ekki uppgefið | 518,7 | | | |
| | | | | | **Samtals m2 til að reikna meðal m2 verð ...** | **9.162,8** | | **10.615.514** | **1.159** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 142 sýnir leiguverð og leiguverð á hvern m$^2$ hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar eins og leiguverðið var í desember 2019. Auk leigunnar greiða leigjendur fyrir rafmagn og hita.

Eins og fram kemur í töflunni er leiguverðið á hvern $m^2$ í sumum tilfella nokkuð mismunandi. Leiguverð á hvern $m^2$ var hæst 1.419 krónur. Lægst var leiguverðið 832 krónur á hvern $m^2$. Hér gæti skipt máli bæði aldur og ástand íbúða.

**Tafla 143: Meðalleiguverð og -fermetraverð á leiguíbúðum í Ísafjarðarbæ skv. þinglýstum leigusamningum á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 2019**

| Matssvæði | Leiguverð | Fermetraverð | Stærð | Herbergi | Fjöldi samninga |
|---|---|---|---|---|---|
| Ísafjörður: Nýrri byggð | 137.971 | 1.381 | 99,9 $m^2$ | 3 | 8 |
| Ísafjörður: Eldri byggð | 124.675 | 1.446 | 86,2 $m^2$ | 3 | 26 |
| Flateyri | 88.054 | 913 | 96,5 $m^2$ | 4 | 9 |
| Þingeyri | 80.000 | 817 | 97,9 $m^2$ | 4 | 4 |

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Tafla 143 sýnir meðalleiguverð og -verð á hvern $m^2$ á leiguhúsnæði í Ísafjarðarbæ samkvæmt þinglýstum leigusamningum á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 2019.

Eins og fram kemur á töflunni var meðalleiguverð á hvern $m^2$ í eldri byggð á Ísafirði 1.446 krónur vegna leigusamninga sem gerðir voru á þessu tímabili. Leiguverðið er nokkru lægra bæði á Flateyri og Þingeyri.

Þegar leiguverðið er borið saman við leiguverð hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar er verðið hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar í flestum tilfellum nokkru lægra. Þar sem fram hefur komið að margar íbúðir hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf. eru ekki leigðar út á félagslegum forsendum má spyrja af hverju verið er að leigja íbúðirnar undir markaðsleiguverði þar sem það á við?

### Tafla 144: Tekjur og gjöld Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. árin 2017 og 2018

| | 2017 | 2018 |
|---|---|---|
| Tekjur/Húsaleigutekjur | 121.970 | 124.312 |
| Tjónabætur og aðrar tekjur | | 3.930 |
| Endurgreiðslur annarra | 10.360 | 11.331 |
| Rekstrarframlag | 29.674 | |
| **Tekjur samtals** | **162.004** | **139.573** |
| | | |
| Laun og annarr starfsmannakostnaður | 11.125 | 11.085 |
| Vörukaup | 26 | 34 |
| þjónustukaup | 11.209 | 4.715 |
| Orkukostnaður | 7.455 | 8.847 |
| Viðhaldskostnaður | 26.989 | 27.118 |
| Skattar og önnur gjöld | 16.001 | 17.194 |
| Annar rekstrarkostnaður | 23.742 | 10.101 |
| **Samtals gjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **96.547** | **79.094** |
| Afskriftir | 23.184 | 23.184 |
| Fjármagnsliðir | 43.138 | 61.843 |
| **Rekstrarafkoma ársins** | **-865** | **-24.548** |

Heimild: Ársreikningur Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., 2018

Tafla 144 sýnir tekjur og gjöld Fasteigna Ísafjarðarbæjar samkvæmt ársreikningi 2018.

Eins og fram kemur á töflunni var rekstrartap árið 2018 að upphæð 24,5 milljónir króna. Rekstrartapið var 865 þúsund krónur árið 2017 en það ár lagði Ísafjarðarbær félaginu til 29,7 milljónir króna. Af ársreikningum félagsins s.l. ár sést að Ísafjarðarbær hefur verið að leggja félaginu til um 30 milljónir króna á ári.

Árið 2018 voru húsaleigutekjur 124.312 milljónir króna. Miðað við heildar $m^2$ fjöldi allra íbúðanna er 9.681,5 var meðalleiguverð 1.070 krónur á hvern $m^2$ árið 2018.

Viðhaldskostnaður sem hlutfall af leigutekjum var 22% sem verður að teljast nokkuð hátt hlutfall. Þjónustukaup og orkukostnaður var samtals 13.562 þúsund krónur. Á móti var innheimt frá leigjendum 11.331 þúsund krónur.

## Þjónustumiðstöð

### Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar

Næsti yfirmaður forstöðumanns þjónustumiðstöðvar er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Næstu undirmenn forstöðumanns þjónustumiðstöðvar eru verkstjóri þjónustumiðstöðvar og garðyrkjustjóri.

Stöðugildin við þjónustumiðstöðina voru sem hér segir í desember 2019:

| | |
|---|---|
| Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar | 1,0 stöðugildi |
| Verkstjóri | 1,0 “ |
| Garðyrkjufulltrúi | 1,0 “ |
| Vélamaður á verkstæði | 1,0 “ |
| Tækjamenn | 4,0 “ |
| Verkamenn | 2,0 “ |
| **Samtals** | **10,0 stöðugildi** |

Við þjónustumiðstöðina eru samtals 10 stöðugildi.

Vinnutíminn hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar er frá kl 7:20 til 16:45 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 12:00 á föstudögum.

Kaffi er tekið frá kl. 9:45 til kl. 10:00 og matartími er frá kl. 12:00 til 13:00. Ekki er tekið síðdegiskaffi. Yfirleitt eru starfsmenn farnir úr húsi kl. 7:45 á morgnana.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru með fastar 25 klukkustundir í yfirvinnu á mánuði, að undanskyldum forstöðumanni og tveimur starfsmönnum. Yfirvinna umfram þetta er ekki greidd nema unnið sé umfram 25 klukkustundir á virkum dögum samtals í mánuð. Ef unnið er um helgar er greidd yfirvinna fyrir það. Á sumrin hafa verið ráðnir aukalega fjórir til fimm starfsmenn.

Haldið er verkbókhald í tímaskráningakerfinu.

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar á í miklum samskiptum við umhverfis- og eignasvið. Mikið er um að viðskiptavinir (íbúar) hringi vegna ýmissa mála sem koma upp.

Vinnuskólinn heyrir undir fræðslusvið. Garðyrkjufulltrúi hefur unnið með vinnuskólanum. Vinnuskólinn hefur haft eina til tvær bifreiðar frá þjónustumiðstöðinni til afnota yfir sumarmánuðina.

Þjónustumiðstöðin hefur eftirfarandi tæki til afnota: Sjá einnig myndir, fylgiskjal 3:

- FH0278. Cat 950 E. 1990
- FH0486. Cat IT 28B. 1990
- EH0788. Hydrema 926C. 2006
- IM0516. Kubota. 2010
- JL1160. Komatsu-FB25. 1994
- SB0226. Fassi-M15A krani. 2007
- SE0639. Wolf-Gartens. 2017

- SE0638. Toro-Wheel horse. 2003
- SE0181. Harði-garðúðari. 2017
- VM0288. Þ.M.-K0101. Mannkarfa. 2004
- CD0049. Kitta-lot. Talía. 2003
- NB0168 Istoban. Bílalyfta. 1989

Bílarnir sem þjónustumiðstöðin hefur til ráðstöfunar eru sem hér segir:  Sjá einnig myndir á fylgiskjali 3.

- BH 561. toyota hiace. 2003
- YVX 32. MB. Sprinter. 2011
- X4813 / IJ004 mazda-E2200. 1987
- MM914. Isuzu -NQR75. 2007
- JDX84. MB. Citan. 2016
- JDP55 Toyota-Hilux. 2008
- KM827. Zao-Gasele. 2005
- Í4869/HN177 Isuzu-NHR. 1985
- DT009. Toyota hiace. 2005
- PAX70. Citroen-Berlingo. 2010
- RBT40. Man-N18. 2017

Um er að ræða samtals 11 bifreiðar, þar af er einn götusópur.

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar yfirfer reikninga og samþykkir þá vegna þjónustumiðstöðvar.  Hann fylgist jafnframt með fjárheimildum samkvæmt fjárhagsáætlun vegna þjónustumiðstöðvar.

Hann fær  alls konar beiðnir frá stofnunum sveitarfélagsins, um m.a. að færa húsgögn o.s.frv.

Yfir háveturinn er daufasti tíminn hjá þjónustumiðstöðinni að sögn forstöðumanns fyrir utan snjómokstur og hálkuvarnir.  Eftir október er daufur tími fram í mars.  Á þessum tíma koma þó upp alls konar verkefni sem þarf að sinna að sögn forstöðumanns.

### Tafla 145: Rekstrargjöld þjónustumiðstöðvar árin 2017 og 2018 í þúsundum króna

| | 2017 | 2018 | Hlutfallsleg breyting |
|---|---|---|---|
| Laun | 46.396 | 56.584 | 22% |
| Yfirvinna | 15.226 | 16.588 | 9% |
| Önnur laun og uppbætur | 2.620 | 2.632 | 0% |
| Orlof og orlofsuppbætur | 759 | 1.067 | 41% |
| **Laun alls** | **65.001** | **76.871** | **18%** |
| Áfallið orlof | -275 | 1.786 | |
| Launatengd gjöld | 14.679 | 17.438 | 19% |
| **Launagjöld alls** | **79.405** | **96.095** | 21% |
| **Áhaldahús** | **13.971** | **19.298** | 38% |
| Vinnuvélar: | | | |
| Vörukaup | 1.362 | 1.874 | 38% |
| Viðhald | 2.195 | 3.181 | 45% |
| Tryggingar | 162 | 310 | 91% |
| Millifærð þjónusta | 2.463 | 2.928 | 19% |
| Önnur þjónustukaup | 67 | 880 | 1213% |
| Skattar og gjöld | 188 | 241 | 28% |
| Afskriftir | 246 | 1.723 | 600% |
| **Samtals vinnuvélar** | **6.683** | **11.137** | 67% |
| **Snjósleðar, valtarar og smávélar** | **1.805** | **691** | -62% |
| Bifreiðar: | | | |
| Vöruakup | 1.259 | 1.435 | 14% |
| Millifærð leiga eignasjóðs | 519 | 530 | 2% |
| Viðhald | 1.558 | 1.471 | -6% |
| Tryggingar | 557 | 711 | 28% |
| Millifærð þjónusta | 934 | 2.016 | 116% |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 101 | 103 | 2% |
| Skattar og gjöld | 415 | 433 | 4% |
| Afskriftir og sölutap | 601 | 687 | 14% |
| **Samtals bifreiðar** | **5.944** | **7.386** | **24%** |
| Endursöluvörur: | | | |
| eldsneyti | 2.456 | 3.767 | 53% |
| Önnur vöru- og þjónustukaup | | 104 | |
| **Samtals endursöluvörur** | **2.456** | **3.871** | **58%** |
| **Samtals gjöld þjónustumiðstöðvar** | **110.264** | **138.478** | **26%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 145 sýnir rekstrargjöld þjónustumiðstöðvar árin 2017 og 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launagjöld um 21% á milli áranna 2017 og 2018. Yfirvinna sem hlutfall af launum var 29%. Samtals útgjöld vegna þjónustumiðstöðvar

hækkuðu um 26% á milli áranna 2017 og 2018 sem er nokkuð yfir verðlagshækkunum á milli þessara ára.

Samtals kostnaður vegna vinnuvéla hækkar nokkuð á milli áranna, var 6,7 milljónir króna árið 2017 en 11,1 milljónir árið 2018, eða hækkun um 67%. Á sama hátt hækka útgjöld vegna bifreiða nokkuð á milli áranna eða um 24%. Eldsneytiskostnaður vegna allra bifreiða og tækja hækkar um 58% á milli áranna.

Með hliðsjón af útgjöldum vegna bifreiða og tækja og þá helst með vísan til eldsneytiskostnaðar og fjölda bifreiða og tækja má ætla að notkun þessara tækja sé ekki mikil. Ef við deilum fjölda bifreiða (11) í eldsneytiskostnaðinn var meðalkostnaðurinn á hverja bifreið 342 þúsund krónur. Raunkostnaður fyrir hverja bifreið var í reynd mun lægri því eldsneytiskostnaðurinn er einnig vegna tækja þjónustumiðstöðvarinnar, þar með talin snjómoksturstæki.

### Tafla 146: Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá samanburðar sveitarfélögum

| | Fjöldi íbúa 01.01.2019 | Fráveita | Vatnsveita | Annað/Garð-yrkjudeild | Þjónustumiðstöð | Þjónustumiðstöð samtals | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð[1)] | 5.070 | 2 | 2 | | 13,0 | 17,0 | 298 |
| Seltjarnarnesbær[2)] | 4.664 | 0,5 | 1,5 | | 10,0 | 12,0 | 389 |
| Vestmannaeyjabær[3)] | 4.301 | 1 | | 1 | 9,0 | 11,0 | 391 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður[4)] | 3.992 | 1,5 | 9 | | 7,5 | 18,0 | 222 |
| Borgarbyggð[5)] | 3.807 | | | | 3,0 | 3,0 | 1.269 |
| Ísafjarðarbær[6)] | 3.800 | | | 1 | 9,0 | 10,0 | 380 |
| Fljótsdalshérað[7)] | 3.600 | | | | 3,5 | 3,5 | 1.037 |
| Suðurnesjabær[8)] | 3.480 | | | | 5,5 | 5,5 | 633 |
| Grindavíkurbær[9)] | 3.427 | 0,5 | 0,5 | 2 | 4,5 | 7,5 | 457 |
| Norðurþing | 3.042 | | | | | | |
| Hveragerði[10)] | 2.628 | | | 1 | 6 | 7 | 375 |

1) Í sveitarfélaginu eru sex byggðakjarnar og veitt sambærileg þjónusta á hverjum stað. Kostnaðrsamt að koma mönnum á milli staða. Snjómokstur er í 75% verktöku og 25% á vegum sveitarfélagsins.
2) Sveitarfélagið annast allan snjómokstur. Starfsmenn vatnsveitu annast einnig hitaveitu ásamt öðrum starfsmönnum í þjónustumiðstöð.
3) Einn starfsmaður er á þjónustubifreið fyrir fatlaða. Varðandi snjómokstur er bænum skipt í þrennt. Verktakar annast tvö svæði og sveitarfélagið eitt. Sveitarfélagið annast ruðning á gangstéttum og göngustígum.
4) Starfsmenn vatnsveitu annast líka hitaveitu. Allur snjómokstur er í verktöku.
5) Áhaldahúsið mokar snjó af gangstéttum og minni svæðum í Borgarnesi og á Hvanneyri.
Verktakar moka götur í þéttbýli. Verktakar moka snjó á þeim vegum úti í héraðinu sem sveitarfélagið ber ábyrgð á.
6) Þjónustumiðstöð annast snjómokstur á Ísafirði. Í minni byggðakjörnunum annast verktakar snjómokstur. Verið er að bjóða út snjómokstur fyrir Ísafjörð (des. 2019).
7) Snjómokstur í þéttbýli ásamt heimreiðum lögbýla þar sem börn á grunnskólaaldri eru búsett er að hluta synt af þjónustumiðstöð.
8) Þjónustumiðstöð annast snjómokstur.
9) Snjómokstur á götum er á höndum verktaka, en bæjarfélagið sér sjálft um að ryðja stíga og stéttar.
10) Snjómokstri er sinnt jöfnum höndum af starfsmönnum áhaldahúss og aðkeyptum verktökum sem koma til aðstoðar þegar mikið snjóar.

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 146 sýnir fjölda stöðugilda í þjónustumiðstöðvum samanburðarsveitarfélaganna. Upplýsingar vegna sveitarfélaga með 3.992 íbúa til 5.070 voru fengnar í desember 2018. Upplýsingar vegna annarra voru fengnar á tímabilinu nóvember 2019 til febrúar 2020.

Eins og fram kemur í töflunni er fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá sveitarfélögum nokkuð mismunandi. Flestir voru íbúar á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð hjá Borgarbyggð, eða 1.269. Til samanburðar voru 380 íbúar á hvert stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ. Þrjú sveitarfélög voru með færri íbúa á hvert stöðugildi en Ísafjarðarbær í þessum samanburði. Taka ber þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefni þjónustumiðstöðva geta verið mismunandi. Sem dæmi má nefna annast þjónustumiðstöðvar hjá nokkrum sveitarfélaganna rekstur hitaveitu sem almennt er ekki hjá öðrum sveitarfélögum. Upplýsingar frá Norðurþingi lágu ekki fyrir.

**Garðyrkjufulltrúi**

Starfsemi garðyrkjufulltrúa er í öllum byggðakjörnunum Ísafjarðarbæjar, þ.e. Hnífsdal, Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Næsti yfirmaður garðyrkjufulltrúa er forstöðumaður þjónustumiðstöðvar. Hann var með einn starfsmann í desember 2019 í einn mánuð við að aðstoða garðyrkjufulltrúa við að setja upp jólatré og jólaskraut.

Garðyrkjufulltrúi ásamt starfsmanninum sá um öll jólatré og þeir settu upp allt skraut árið 2019. Garðyrkjufulltrúi smíðaði allt í sambandi við járntré sem sett voru upp við hringtorgið og í Hnífsdal, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar aðstoðuðu við vélavinnu. Garðyrkjufulltrúi og starfsmaðurinn fóru inn í skóg og söguðu niður tré og komu þeim niður að vegi, þar sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar tóku við þeim og komu á viðkomandi staði.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa annast það að taka niður allt jólaskrautið. Garðyrkjufulltrúi hefur síðan farið yfir og lagfært seríurnar og komið þeim í geymslu.

Garðyrkjufulltrúi hefur ekki tekið sumarfrí frá byrjun maí til loka september ár hvert.

Garðyrkjufulltrúi hefur sinnt viðhaldi innan húss á húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar eftir áramót þegar ekki er hægt að vinna úti vegna veðurs. Hefur verið að mála og setti m.a. upp nýja kaffistofuinnréttingu. Jafnframt hefur garðyrkjufulltrúi lagað til á neðri hæðinni í þjónustumiðstöðinni, málað og parketlagt.

Yfir vetramánuðina er verið að undirbúa sumarstarfið, unnið við útistörf sé það mögulegt. En álagið eykst nokkuð í byrjun apríl.

Þá byrjar garðyrkjufulltrúi að fara yfir tækin, tína til sláttuvélar og verkfæri. Garðyrkjufulltrúi annast slátt á öllum lóðum leikskóla innan Ísafjarðarbæjar, einnig við hjúkrunarheimilið Eyri, í almenningsgörðum og sér um snyrtingu á svæðum sem falla ekki undir annan slátt. Allur sláttur sem fellur undir umhverfi gatna og opin svæði er í höndum verktaka. Viðkomandi hefur staðið sig mjög vel að sögn garðyrkjufulltrúa og á í góðu sambandi við garðyrkjufulltrúa sem kemur með athugasemdir ef þurfa þykir.

Sumarstarfsfólk byrjar að koma til starfa um miðjan maí. Sumarið 2019 voru fimm starfsmenn með garðyrkjustjóra. Fimm starfsmenn hafa náð að sinna þeim störfum sem voru fyrirliggjandi síðastliðið sumar. Var vel haldið á spöðunum og allt gekk upp enda mjög duglegt fólk í vinnu. Verkefni garðyrkjudeildar eru margvísleg en þau helstu eru hreinsun beða, plöntun á sumarblómum og trjáplöntum, viðhald á almenningsgörðum, viðhald á bekkjum og nýframkvæmdir eftir því sem fjármagn leyfir.

Sumarstarfsfólkið hættir að vinna um miðjan ágúst ár hvert. Sumarstörfunum er ekki lokið þá og hefur þá vökvun og önnur garðyrkjustörf verið á höndum garðyrkjufulltrúa. Komið hefur fyrir að garðyrkjufulltrúi hefur fengið leyfi til að hafa einn starfsmann lengur til að aðstoða við almenn garðyrkjustörf, klippingar og frágang. Á haustin fer fram mikil klipping, líkamleg vinna, þegar veður leyfir. Er þá klippt limgerði og tré.

Vinnuskólinn hefur fengið verkefni frá garðyrkjufulltrúa, s.s. hreinsun á beðum, opnum svæðum og í almenningsgörðum.

Garðyrkjufulltrúi hefur haft litla starfsaðstöðu í þjónustumiðstöðinni. Á haustin hefur garðyrkjufulltrúi þurft að fara með tól og tæki af fyrst hæðinni í þjónustumiðstöðinni. Tæki og tól garðyrkjudeildarinnar hafa þá verið sett á bretti og í gáma í geymslu á Kirkjubæ sem er köld geymsla í Engidal. Með tilkomu millilofts hér í áhaldahúsinu er hægt að geyma sláttuvélar inni sem er mjög gott. Eftir sem áður er ekki aðgengileg aðstaða í boði fyrir utan nokkra fermetra á efri hæð.

Fram kom í máli garðyrkjufulltrúa að næg verkefni væru frá apríl ár hvert fram í miðjan janúar. Þá gefst tími til að skipuleggja næsta sumar og taka sumarleyfi. Vinnuskólinn er eingöngu starfandi á Ísafirði og fellur hann undir æskulýðsfulltrúa. Garðyrkjufulltrúa, sem lætur flokksstjóra hafa verkefni, finnst fyrirkomulagið mjög gott og samvinna mjög góð.

Garðyrkjufulltrúi er ekki einungis að skipuleggja og stjórna heldur líka í fullri vinnu með sumarstarfsmönnunum. Hugmyndavinnan að störfum garðyrkjudeildar er alfarið í höndum garðyrkjufulltrúa.

## Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra er bæjarstjóri. Auk slökkviliðsstjóra eru þrír starfsmenn í fullu starfi hjá slökkviliðinu, aðstoðarslökkviliðsstjóri og tveir varðstjórar, eða samtals fjögur stöðugildi. Aðstoðarslökkviliðsstjóri og varðstjórarnir tveir hafa sinnt sjúkraflutningum ásamt tólf öðrum sem eru menntaðir sjúkraflutningamenn. Þessir tólf sjúkraflutningamenn standa vaktir á móti föstum starfsmönnum slökkviliðsins. Þeir fá vaktarálag fyrir vaktir eftir dagvinnu og greitt fyrir útköll sem eru fjórar klukkustundir að lágmarki.

Virkur vinnudagur er frá kl. 8:00 til 16:00.

Utan reglubundins vinnutíma eru tveir á bakvakt viku í senn.  Aðra vikuna er einn fastráðinn slökkviliðsmaður og einn aukamaður.  Bakvaktir standa yfir frá lokum vinnudags kl. 16:00 til kl. 8:00 næsta virkan dag.  Um helgar er bakvakt frá kl. 16:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni.   Bakvaktaskiptin eru á mánudögum.

Annar varðstjórinn sinnir eldvarnareftirliti og fær aðstoð frá aðstoðarslökkviliðsstjóra þegar mikið er um skoðanir.  Notast er við App frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna eldvarnareftirlits.

Starfsmenn slökkviliðsins annast öll eldvarnarkerfi í stofnunum bæjarins, auk þess sjá þeir um kerfi í nokkrum öðrum byggingum á svæðinu.

Ef kerfið hringir og starfsmenn á vakt eru í útkalli er hringt í slökkviliðsstjóra sem er á bakvakt.  Þóknun fyrir bakvaktir hjá slökkviliðsstjóra er hluti af fastri yfirvinnu sem hann fær greitt fyrir mánaðarlega.

Á Ísafirði hefur slökkviliðið tvo dælubíla,  árgerð 1995 og 2006, tankbíl árgerð  1996 og körfubíl, árgerð 1995. Síðan eru tveir sjúkrabílar vegna sjúkraflutninga og tveir þjónustubílar sem einnig eru notaðir sem vaktbílar.  Þegar slökkviliðsmenn eru á bakvöktum hafa þeir hvor sinn þjónustubíl  til afnota.

Í janúar s.l. kom nýr bíll til Flateyrar. Nýr bíll kemur í ágúst/september 2020 á Þingeyri sem ríkið borgar vegna jarðganganna.  Gert er ráð fyrir nýjum bíl í ágúst/september (2020) vegna Bolungarvíkurganga og Vestfjarðarganga.  Um er að ræða slökkvi- og björgunarbíla.  Vegagerðin greiðir fyrir bílinn.

Áætlað er að nýr bíll komi til Suðureyrar 2021 eða 2022 í síðasta lagi að sögn fráfarandi slökkviliðsstjóra.  Á Suðureyri er gamall bíll, sem var á Ísafirði, árgerð 1964, sömuleiðis Bedford sem er jafngamall. Á Flateyri var Landrover sem var í Hnífsdal og Bedford. Nýr bíll leysir þessa báða bíla af.  Á Þingeyri er bíll sem slökkviliðið fékk gefins frá Reykjavík, árgerð 1968.  Jafnframt er á Þingeyri tankbíl, sem gerður var upp.

Í hverjum byggðakjarna fyrir utan Ísafjörð er liðsstjóri og útkallslið og  eru 10 slökkviliðsmenn á hverjum stað.  Á Ísafirði eru 34 í útkallsliðinu með föstum starfsmönnunum.

**Tafla 147: Launagjöld hjá Slökkviliði Ísafjarðar og tekjur og gjöld vegna sjúkraflutninga**

| | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 | 2017/2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 24.234 | 27.264 | 31.019 | 14% | 28% |
| Yfirvinna | 21.658 | 19.742 | 19.791 | 0% | -9% |
| Vaktaálag | 17.875 | 19.038 | 18.526 | -3% | 4% |
| Önnur laun og uppbætur | 2.138 | 2.331 | 3.244 | 39% | 52% |
| Orlof og orlofsuppbætur | 4.065 | 4.774 | 4.657 | -2% | 15% |
| **Laun** | **69.969** | **73.150** | **77.237** | **6%** | **10%** |
| Áfallið orlof | 134 | 294 | 81 | -72% | -39% |
| Launagjöld | 13.851 | 15.354 | 16.198 | 5% | 17% |
| Starfsmannakostnaður | 547 | 889 | 655 | -26% | 20% |
| **Launagjöld samtals** | **84.501** | **89.688** | **94.171** | **5%** | **11%** |
| **Greitt vegna sjúkraflutninga** | **-26.944** | **-28.228** | **-29.827** | **6%** | **11%** |
| Laun | 25.122 | 28.877 | 29.592 | 2% | 18% |
| Afnotagjöld síma | 0 | 63 | 91 | 45% | |
| Ráðstefnu- og námsgjöld | 70 | 0 | 1.848 | | 2540% |
| Millifærður kostnaður | 588 | 1.552 | 2.784 | 79% | 374% |
| Annar kostnaður | 0 | 7 | 8 | 8% | |
| **Gjöld samtals** | **25.780** | **30.499** | **34.322** | **13%** | **33%** |
| **Niðurstaða** | **-1.165** | **2.271** | **4.495** | **98%** | |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 147 sýnir launagjöld samtals hjá Slökkviliði Ísafjarðar og greiðslur vegna sjúkraflutninga og kostnað sem gjaldfærður hefur verið vegna þeirra.

Eins og fram kemur á myndinni hækka launagjöldin samtals um 5% milli áranna 2018 og 2019 og um 11% frá 2017 til 2019. Greiðslur frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vegna sjúkraflutninganna hækka um 5% á milli áranna 2018 og 2019 og um 11% milli 2017 og 2019, eða um sömu hlutfallstölur og laun hækka.

Eins og fram kemur í töflunni var gjaldfærður kostnaður vegna sjúkraflutninga hærri en það sem fékkst greitt fyrir þá árin 2018 og 2019.

Það vekur athygli að enginn launakostnaður vegna mánaðarlauna er gjaldfærður á sjúkraflutninga. Eingöngu er gjaldfærður kostnaður vegna bakvakta og yfirvinnu vegna þeirra. Við slökkviliðið eru fjögur stöðugildi en tvö af þeim eru vegna sjúkraflutninga og því er spurt hvort rétt sé að Ísafjarðarbær beri þann kostnað alfarið. Einnig vekur athygli að svo virðist sem enginn kostnaður sé færður vegna húsnæðis en slökkviliðið hýsir tvo sjúkraflutningabíla. Eðlilegt verður að telja að fyrir það sé greidd leiga. Einnig vekur athygli að millifærður kostnaður vegna sameiginlegs kostnaðar er að hækka nokkuð á milli ára. Kostnaður var 588 þúsund krónur árið 2017 en 2.784 þúsund krónur árið 2019.

## Tafla 148: Skipting vaktaálags hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar

| | | | | Hltufallsleg skipting | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2018 | 2019 | 2017 | 2018 | 2019 |
| Vaktaálag, sjúkraflutningar | 12.770 | 13.684 | 13.504 | 71% | 72% | 73% |
| Vaktaálag, öryggisþjónusta | 5.105 | 5.354 | 5.022 | 29% | 28% | 27% |
| **Vaktaálag samtals** | **17.875** | **19.038** | **18.526** | **100%** | **100%** | **100%** |

Heimild: Ísafjarðarbær

Tafla 148 sýnir skiptingu kostnaðar vegna vaktaálags hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

Eins og fram kemur á töflunni er kostnaður vegna vaktaálags hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar gjaldfærður 71% til 73% vegna sjúkraflutninga og þá 27 til 29% vegna öryggisþjónustu.

Vegna sjúkraflutninga eru alltaf tveir slökkviliðsmenn/sjúkraflutningamenn á bakvöktum utan reglubundins vinnutíma. Á sama hátt verður alltaf einn slökkviliðsmaður að vera á bakvakt vegna slökkviliðs- og öryggisþjónustu.

Af þessu má ætla að til að fá sem bestu samlegðaráhrif sé eðlilegt að sjúkraflutningar beri alfarið kostnað við eina bakvakt og síðan beri sjúkraflutningar og slökkvilið/öryggisþjónusta kostnað við hálfa bakvakt hvor. Þannig beri sjúkraflutningarnir eina og hálfa bakvakt og slökkvilið/öryggisþjónusta hálfa bakvakt. Samkvæmt þessu ætti skiptingin á kostnaðinum að vera 75% sjúkraflutningar og 25% slökkvilið/öryggisþjónusta.

# B-hluta stofnanir

Í kaflanum verður gerð grein fyrir rekstrarreikningum eftirfarandi B-hluta stofnana árin 2017 og 2018.

- Vatnsveita
- Þjónustuíbúðir
- Eyri
- Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.
- Fráveita
- Funi
- Byggðasafn Vestfjarða

## Vatnsveita

Rekstrarreikningur Vatnsveitu fyrir árið 2018 sýnir góða rekstrarniðurstöðu og efnahagur Vatnsveitunnar er einnig sterkur.

### Mynd 60: Rekstrarreikningur Vatnsveitu árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | | 71.889.061 | 70.964.529 | 66.752.349 |
| Sölutekjur | | 18.663.543 | 14.358.643 | 15.406.655 |
| Aðrar tekjur | | 4.354.341 | 0 | 4.839.042 |
| | | 94.906.945 | 85.323.172 | 86.998.046 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Vörukaup | | (238.677) | 0 | 0 |
| Þjónustukaup | | (2.262.839) | (1.106.591) | (1.543.523) |
| Orkukostnaður | | (2.061.033) | (1.957.885) | (2.011.169) |
| Viðhaldskostnaður | | (9.645.970) | (14.020.046) | (9.920.818) |
| Húsaleiga | | (3.139.704) | (3.139.708) | (8.832.156) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (1.679.151) | (1.487.480) | (1.666.627) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (20.988.669) | (18.678.572) | (20.741.287) |
| | | (40.016.043) | (40.390.282) | (44.715.580) |
| Afskriftir fastafjármuna | 3 | (11.607.396) | (11.241.735) | (11.269.248) |
| | | (11.607.396) | (11.241.735) | (11.269.248) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 43.283.506 | 33.691.155 | 31.013.218 |
| Fjármunatekjur | | 451.903 | 256.750 | 435.141 |
| | 2 | 451.903 | 256.750 | 435.141 |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 43.735.409 | 33.947.905 | 31.448.359 |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrarafgangur Vatnsveitu fyrir árið 2018 var 43,7 millj. kr. Afkoman batnaði á milli áranna 2017 og 2018. Afgangurinn var 31,4 millj. kr. árið 2017. Rekstrartekjur jukust um 8 millj. kr. og rekstrargjöldin lækkuðu um 4,7 millj. kr. milli áranna 2017 og 2018.

Eignir félagsins jukust úr 566 millj. kr. frá árinu 2017 í tæpar 610 millj. kr. árið 2018 en þar munar mestu um aukningu viðskiptakrafna við Aðalsjóð.

Vatnsveitan er skuldlaus.

Veltufé frá rekstri var 56,8 millj. kr. árið 2018 en 42,9 millj. kr. árið 2017. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 627 þús. kr. og engar afborganir af lánum voru árið 2018.

## Þjónustuíbúðir

Rekstrarafkoma þjónustuíbúða Ísafjarðarbæjar án fjármagnsliða fyrir árið 2018 var jákvæð um 2,5 millj. kr. og var um 2,7 millj. kr. árið 2017.

## Mynd 61: Rekstrarreikningur Þjónustuíbúða árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | | 0 | 0 | 12.921.428 |
| Endurgreiðslur | | 15.251.915 | 21.538.624 | 21.937.457 |
| Aðrar tekjur | | 54.631.098 | 51.375.564 | 55.439.217 |
| Rekstrarframlag | | 13.315.215 | 0 | 17.134.405 |
| | | 83.198.228 | 72.914.188 | 107.432.507 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | (15.243.433) | (15.140.951) | (20.744.892) |
| Vörukaup | | (1.121.454) | (1.282.631) | (1.298.912) |
| Þjónustukaup | | (2.376.758) | (4.007.536) | (5.167.509) |
| Orkukostnaður | | (4.730.985) | (10.293.415) | (9.424.340) |
| Viðhaldskostnaður | | (10.348.755) | (21.132.678) | (8.109.756) |
| Upplýsingakerfi | | (110.712) | (33.600) | (54.706) |
| Húsaleiga | | (482.856) | (482.854) | (2.950.656) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (7.091.936) | (7.039.059) | (6.273.585) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (36.485.691) | (29.392.577) | (47.657.306) |
| | | (77.992.580) | (88.805.301) | (101.681.662) |
| Afskriftir fastafjármuna | 3 | (2.710.764) | (2.710.894) | (3.069.739) |
| | | (2.710.764) | (2.710.894) | (3.069.739) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 2.494.884 | (18.602.007) | 2.681.106 |
| Fjármunatekjur | | 9.837 | (3.256) | 20.751 |
| Fjármagnsgjöld | | (2.504.721) | (3.848.846) | (2.701.857) |
| | 2 | (2.494.884) | (3.852.102) | (2.681.106) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 0 | (22.454.109) | 0 |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur drógust saman um 24,2 millj. kr. og rekstrargjöld lækkuðu um 23,7 millj. kr. milli áranna 2017 og 2018. Þannig að afkoma félagsins var eins árin 2017 og 2018.

Rétt er að fram komi að sveitarfélagið lagði þjónustuíbúðum til 13,3 milljónir króna árið 2018 og 17, 1 milljón króna árið 2017 og með því náðist rekstrarniðurstaða á núlli. Svo virðist samkvæmt ársreikningi þjónustuíbúða, að ekki hafi verið gerður viðauki við fjárhagsáætlun vegna rekstrarframlagsins árið 2018.

Eignir félagsins voru fasteignir að verðmæti 63 millj. kr. og vélar, áhöld og tæki að upphæð 531 þús. kr.

Samtals skuldir félagsins voru 63,4 millj. kr. og voru að mestu skuld við Aðalsjóð að upphæð 62,3 millj. kr.

Veltufé frá rekstri var 2,7 millj. kr. árið 2018 en 3,1 millj. kr. árið 2017.

Rekstrarafkoma Eyrar með fjármagnsliðum fyrir árið 2018 var neikvæð um 6,0 millj. kr. Rekstrarafkoman fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 13,2 millj. kr.

### Mynd 62: Rekstrarreikningur Eyrar árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Aðrar tekjur | | 36.971.344 | 78.039.245 | 36.657.627 |
| | | 36.971.344 | 78.039.245 | 36.657.627 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Vörukaup | | (299.752) | 0 | (328.650) |
| Þjónustukaup | | (1.473.367) | (974.618) | (1.282.671) |
| Viðhaldskostnaður | | (2.007.131) | (3.000.003) | (4.371.671) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.943.687) | (1.905.480) | (935.289) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (5.206.500) | (5.206.500) | (4.982.550) |
| | | (10.930.437) | (11.086.601) | (11.900.831) |
| Afskriftir fastafjármuna | 3 | (12.806.426) | (32.859.001) | (12.806.426) |
| | | (12.806.426) | (32.859.001) | (12.806.426) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 13.234.481 | 34.093.643 | 11.950.370 |
| Fjármunatekjur | | 62.348.395 | 0 | 49.109.738 |
| Fjármagnsgjöld | | (81.589.878) | (75.331.590) | (63.258.691) |
| | 2 | (19.241.483) | (75.331.590) | (14.148.953) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | (6.007.002) | (41.237.947) | (2.198.583) |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur voru 36,9 millj. kr. árið 2018 og stóðu nánast í stað frá árinu 2017, en þá voru þær 36,7 millj. kr. Rekstrargjöld lækkuðu um 1 millj. kr. milli áranna 2017 og 2018. Voru 10,9 millj. kr. árið 2018 og 11,9 millj. kr. árið 2017.

Fjármunatekjur voru 62,3 millj. kr. árið 2018 og jukust um 13 millj. kr. frá árinu 2017. Fjármagnsgjöld voru 81,6 millj. kr. árið 2018 og hækkuðu um 18,3 millj. kr. frá árinu 2017.

Eignir félagsins voru samtals 1,3 ma. kr. Fasteignir voru 473,8 millj. kr. og langtímaleigusamningur við ríkið var 818,4 millj. kr. Skuldir félagsins voru samtals 1,3 ma. kr. Langtímaskuldir voru 1,2 ma. kr. og skammtímaskuldir eru samtals 75 millj. kr.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 15,3 millj. kr. árið 2018 og einnig neikvætt árið 2017 um 17 millj. kr. Það er mikilvægt til framtíðar litið að viðsnúningur verði á þróun rekstrar Eyrar í ljósi þess að afkoma félagsins hefur verið neikvæð árin 2018 og 2017.

## Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.

Rekstrartap var á rekstri Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2018 upp á 24,5 millj. kr. en árið áður var einnig tap á rekstrinum að upphæð 866 þús. kr. en það ár var veitt rekstrarframlag að upphæð 29,7 milljónir króna.

### Mynd 63: Rekstrarreikningur Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Tekjur | 3 | 128.241.260 | 135.660.151 | 121.969.643 |
| Endurgreiðslur | 3 | 11.331.474 | 10.712.673 | 10.360.305 |
| Rekstrarframlag | 3 | 0 | 0 | 29.674.357 |
| | | 139.572.734 | 146.372.824 | 162.004.305 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (11.085.066) | (11.562.007) | (11.125.075) |
| Vörukaup | | (34.402) | (171.858) | (26.456) |
| Þjónustukaup | | (4.715.225) | (9.855.402) | (11.209.388) |
| Orkukostnaður | | (8.846.408) | (9.465.534) | (7.455.364) |
| Viðhaldskostnaður | | (27.117.576) | (22.560.847) | (26.989.128) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (17.194.166) | (17.193.441) | (16.000.808) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (10.101.496) | (4.747.263) | (23.741.684) |
| | | (79.094.339) | (75.556.352) | (96.547.903) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (23.184.480) | (23.184.475) | (23.184.480) |
| | | (23.184.480) | (23.184.475) | (23.184.480) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 37.293.915 | 47.631.997 | 42.271.922 |
| Fjármunatekjur | | 474.319 | 659.173 | 786.270 |
| Fjármagnsgjöld | | (62.317.490) | (55.104.033) | (43.924.034) |
| | 5 | (61.843.171) | (54.444.860) | (43.137.764) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | (24.549.256) | (6.812.863) | (865.842) |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur voru samtals 139,6 millj. kr. árið 2018. Rekstrargjöld voru samtals 79,1 millj. kr. árið 2018 og lækkuðu milli áranna 2017 og 2018 um 17,5 millj. kr. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 37,2 millj. kr. árið 2018 og var einnig jákvæð árið 2017 um 42,3 millj. kr.

Eignir félagsins voru um 611,8 millj. kr. árið 2018 en skuldir voru samtals 1,268 ma. kr. en þar munar mestu um langtímaskuld að upphæð 1,2 ma. kr.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 40,4 millj. kr. árið 2018 og árið 2017 var það einnig jákvætt um 47,7 millj. kr.

Afborganir vegna langtímalána voru 37 millj. kr. árið 2018.

## Fráveita

Rekstrarafkoma Fráveitu Ísafjarðarbæjar var jákvæð um 3,1 millj. kr. árið 2018 en afkoman var töluvert betri árið 2017 þegar hún var 25,4 millj. kr. Munurinn felst fyrst og fremst í auknum viðhaldskostnaði milli áranna en hann jókst um 20 millj. kr. milli áranna.

### Mynd 64: Rekstrarreikningur Fráveitu árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | | 80.129.124 | 79.754.243 | 74.882.291 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 0 | 2.603.180 |
| | | 80.129.124 | 79.754.243 | 77.485.471 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Þjónustukaup | | (13.401.287) | (8.364.593) | (14.605.386) |
| Orkukostnaður | | (418.624) | (390.800) | (270.074) |
| Viðhaldskostnaður | | (31.159.247) | (38.694.818) | (11.495.728) |
| Upplýsingakerfi | | 0 | 0 | (43.335) |
| Húsaleiga | | (3.139.704) | (3.139.708) | (676.392) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (410.400) | 0 | (520.800) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (19.164.863) | (21.627.761) | (16.371.056) |
| | | (67.694.125) | (72.217.680) | (43.982.771) |
| Afskriftir fastafjármuna | 3 | (7.183.548) | (6.347.838) | (5.847.840) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 5.251.451 | 1.188.725 | 27.654.860 |
| Fjármagnsgjöld | | (2.131.212) | (1.846.924) | (2.230.750) |
| | 2 | (2.131.212) | (1.846.924) | (2.230.750) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 3.120.239 | (658.199) | 25.424.110 |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur félagsins voru 80,1 millj. kr. og rekstrargjöldin 67,7 millj. kr. árið 2018.

Efnahagur félagsins er sterkur. Eignir voru samtals 204,8 millj. kr. og skuldir voru samtals 26,7 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri var 10,3 millj. kr. árið 2018 og 31,3 millj. kr. árið 2017.

## Funi

Rekstrarafkoma félagsins var neikvæð um 20,3 millj. kr. árið 2018 en var neikvæð um 12 þús. kr. árið 2017.

### Mynd 65: Rekstrarreikningur Funa árið 2018

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-<br>áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Aðrar tekjur | | 10.994.748 | 10.994.744 | 12.452.544 |
| | | 10.994.748 | 10.994.744 | 12.452.544 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (1.305.017) | (1.305.017) | (1.245.617) |
| Vörukaup | | (2.868.374) | 0 | 0 |
| Þjónustukaup | | (21.852.505) | (21.764.489) | (2.577.275) |
| Viðhaldskostnaður | | (1.980.834) | (6.000.000) | (5.385.209) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (376.128) | (143.435) | (145.452) |
| | | (28.382.858) | (29.212.941) | (9.353.553) |
| Afskriftir fastafjármuna | 3 | (2.338.992) | (2.338.986) | (2.338.992) |
| | | (2.338.992) | (2.338.986) | (2.338.992) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | (19.727.102) | (20.557.183) | 759.999 |
| Fjármagnsgjöld | | (616.931) | (553.605) | (772.294) |
| | 2 | (616.931) | (553.605) | (772.294) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | (20.344.033) | (21.110.788) | (12.295) |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur voru samtals 11 millj. kr. en rekstrargjöldin voru samtals 28,4 millj. kr. árið 2018. Árið áður voru rekstrargjöldin 9,4 millj. kr. en gjöld vegna þjónustukaupa jukust um tæpar 20 millj. kr. milli ára.

Eignir félagsins voru samtals 10,7 millj. kr. árið 2018 og skuldir þess voru á sama tíma 51,6 millj. kr.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 17,7 millj. kr. árið 2018 en var jákvætt um 2,6 millj. kr. árið 2017

## Byggðasafn Vestfjarða

Halli var á rekstri byggðasafnsins bæði árin 2017 og 2018. Rekstrarafkoman var neikvæð um 3,3 millj. kr. árið 2018 og 15,1 millj. kr. árið 2017.

**Mynd 66: Rekstrarreikningur Byggðasafns Vestfjarða árið 2018**

| | Skýr. | 2018 | Fjárhags-áætlun | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | | 11.522.439 | 15.000.000 | 12.963.795 |
| Framlög rekstraraðila | 4 | 26.999.999 | 27.000.000 | 25.434.001 |
| Sölutekjur | | 1.080.674 | 2.100.000 | 893.713 |
| Aðrar tekjur | | 7.681.116 | 8.000.000 | 6.920.060 |
| | | 47.284.228 | 52.100.000 | 46.211.569 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | (24.241.274) | (26.578.629) | (32.574.906) |
| Vörukaup | | (2.427.205) | (2.580.000) | (2.458.651) |
| Þjónustukaup | | (8.595.243) | (6.885.000) | (9.448.586) |
| Orkukostnaður | | (974.261) | (1.873.000) | (1.781.485) |
| Viðhaldskostnaður | | (1.958.617) | (452.000) | (1.521.762) |
| Upplýsingakerfi | | (311.546) | (100.000) | (731.634) |
| Húsaleiga | | (5.148.340) | (5.300.000) | (6.716.479) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (6.491.398) | (5.595.708) | (5.643.336) |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (134.032) | (249.330) | (281.190) |
| | | (50.281.916) | (49.613.667) | (61.268.029) |
| **Afkoma fyrir afskriftir (EBITDA)** | | (2.997.688) | 2.486.333 | (15.056.460) |
| Afskriftir fastafjármuna | 5 | (367.756) | (30.000) | (98.152) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | (3.365.444) | 2.456.333 | (15.154.612) |
| Fjármunatekjur | | 91.215 | 250.000 | 150.580 |
| Fjármagnsgjöld | | (13.419) | (90.000) | (87.513) |
| | 4 | 77.796 | 160.000 | 63.067 |
| **Rekstrar(halli)/afkoma ársins** | | (3.287.648) | 2.616.333 | (15.091.545) |

Heimild: Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2018

Rekstrartekjur voru samtals 47,3 millj. kr. og rekstrargjöld samtals 50,3 millj. kr. árið 2018. Rekstrargjöldin lækkuðu um 11 millj. kr. milli áranna 2017 og 2018 en þar munar mestu um lækkun gjalda vegna launa og annars starfsmannakostnaðar. Tekjurnar á milli ára hækkuðu lítillega, eða um 1 millj. kr.

Eignir félagsins voru samtals 36,1 millj. kr. og skuldirnar  samtals 57,1 millj. kr. árið 2018.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 2,9 millj. kr. árið 2018 og um 15 millj. kr. árið 2017.

# Tillögur

## Skuldir sveitarfélagsins

### 1. Langtímaskuldir

**Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.**

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt.

Vextir á lánum sem Ísafjarðarbær er með eru allt frá 1,0% upp í 6,55% auk verðtryggingar. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum hjá sveitarfélaginu. Nokkur ávinningur ætti að vera á því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé það mögulegt.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða verðtryggð lán með vöxtum allt niður í 1,55% vexti auk verðtryggingar og 1,50% á lánum sem falla undir grænar lánveitingar lánasjóðsins. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess t.d. hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

### 2. Veltufé frá rekstri

**Lagt er til að bæjarstjórn marki stefnu til framtíðar varðandi hvað hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum eigi að vera.**

Lögð er áhersla á að það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvert hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum eigi að vera til framtíðar litið til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu í sveitarfélaginu.

## Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

### 3. Rekstur B-hluta stofnana verði gerður sjálfbær

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.**

Með hliðsjón af því að aðalsjóður hefur þurft að leggja B-hluta stofnunum, Fasteignum Ísafjarðarbæjar og Þjónustuíbúðum, til fjármagn á undanförnum árum ber að leggja áherslu á að þessar stofnanir verði gerðar sjálfbærar. Það verði gert annað hvort með

því að auka tekjur og/eða lækka rekstrargjöld.

Ljóst er að vextir af þeim lánum sem tekin hafa verið vegna félagslegra leiguíbúða eru hagstæðir sem á að gera það auðveldara að gera rekstur þeirra sjálfbæran.

## 4. Áætlun um sjóðsstöðu

**Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi fjármálastjóri fyrir bæjarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir viðkomandi mánuð.**

Hér er lagt til að fjármálastjóri geri bæjarstjóra í byrjun hvers mánaðar grein fyrir stöðu á bankareikningum sveitarfélagsins í samanburði við áætlaða stöðu þeirra. Þessi staða á að geta gefið fyrstu vísbendingu um ef eitthvað er að fara úrskeiðis í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

## 5. Reglulegir fundir bæjarstjóra með æðstu stjórnendum

**Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.**

Hér er lagt til að bæjarstjóri eigi reglulegan fund með hverjum sviðsstjóra (undirmönnum bæjarstjóra). Þessir fundir gætu t.d. verið aðra hverja viku.

Mikilvægt er að sviðsstjórar hafi möguleika á að hitta bæjarstjóra reglulega til að fara yfir þau ýmsu mál sem undir þá heyra. Jafnframt gefst bæjarstjóra tækifæri til þess að vera betur upplýstur um málefni sveitarfélagsins.

Samhliða þessu verði haldið áfram með reglulega fundi bæjarstjóra með sviðsstjórum eins og verið hefur.

## 6. Fundir vegna fjárhagsáætlunar og ársreiknings

**Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.**

Mikilvægt er, þegar ársreikningur liggur fyrir, að farið sé yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði jafnframt rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu forstöðumenn og starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana.

## Laun

### 7. Veikindi

**Lagt er til að fram fari markviss greining á ástæðum þess að fjöldi veikindadaga starfsmanna Ísafjarðarbæjar er jafn hár og raun ber vitni. Jafnframt verði sett fram aðgerðaráætlun til næstu ára til að draga úr fjölda veikindadaga hjá starfsmönnum Ísafjarðarbæjar.**

Markmiðið með greiningunni væri að leita frekari skýringa á svo miklum veikindum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins og leggja til leiðir til úrbóta. Í greiningar- og úrlausnarvinnunni verði lögð áhersla á vellíðan starfsmanna og starfsumhverfi þeirra. Mikilvægur hluti vinnunnar er mótun viðverustefnu þar sem m.a. kemur fram verklag um tilkynningu veikinda, leiðbeiningar fyrir stjórnendur um fjarvistarsamtöl ef veikindafjarvistir eru yfir ákveðnu viðmiði á ákveðnu tímabili, áætlanir um endurkomu o.s.frv.

Gerð verði áætlun um hvert þetta hlutfall eigi að vera fyrir hvert ár næstu ár þar til lokamarkmiðinu er náð. Lokamarkmiðið ætti að vera að ná fjarvistum vegna veikinda niður fyrir a.m.k. 5% af heildarfjölda virkra vinnudaga. Þetta hlutfall var 12,7% árið 2019 vegna veikinda starfsmanna og barna þeirra.

### 8. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins

**Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

### 9. Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum

**Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hvert hlutfall yfirvinnu samtals eigi að vera af mánaðarlaunum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hvert hlutfall yfirvinnu samtals eigi að vera af mánaðarlaunum ár hvert.

## Stöðugildi

### 10. Fjöldi stöðugilda samkvæmt fjárhagsáætlun

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.**

Hér er verið að leggja áherslu á að stöðugildi hjá stofnunum séu í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar.  Mikilvægt er að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé tilgreindur í greinargerð með fjárhagsáætlun.  Einnig verði fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum skv. launakeyrslu borinn saman við fjölda stöðugilda skv. áætlun í mánuði hverjum.  Samþykki bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar þarf ef fjölga þarf stöðugildum.

### 11. Fjölgun stöðugilda

**Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.**

Leggja ber áherslu á að athuga þurfi vel hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

### 12. Upplýsingagjöf varðandi fjölda stöðugilda

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að upplýsingagjöf varðandi fjölda stöðugilda hjá sveitarfélaginu verði samræmd og sem nákvæmust á hverjum tíma.**

Við skoðun á fjölda stöðugilda á milli ára kom fram að sum ár ýmist fjölgaði eða fækkaði stöðugildum  milli ára.  Leitað var skýringa á þessu og kom þá fram að svo virtist sem ósamræmis gætt við upplýsingagjöf um fjölda stöðugilda hjá sveitarfélaginu.

Leggja ber áherslu á að á hverjum tíma sé skráning stöðugilda sem nákvæmust.  Árið 2018 voru launagjöld 56% af tekjum Ísafjarðarbæjar.  Til að geta stýrt þessum útgjaldalið er mikilvægt að upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá sveitarfélaginu liggi ávallt fyrir og þær upplýsingar séu sem mest upplýsandi.

## Annar rekstrarkostnaður

### 13. Útboð

**Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, þar sem það á við, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging), raforkukaup o.fl. hjá sveitarfélaginu, verði boðið út reglulega.  Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.**

**Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.**

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé leitað eftir sem hagstæðustu kjörum  á hverjum tíma.  Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru.  T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Við gerð útboðsgagna vegna ræstinga verði tíðni ræstinga tekin til endurskoðunar. Gerð verði krafa um að unnið verði samkvæmt fyrirfram gerðum gátlista, sem merkt verður inná þegar ræstingu er lokið í hvert skipti. Þannig geti eftirlitsaðili sveitarfélagsins fylgst betur með ræstingum.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði í rekstrarvörur hefur verið tekið verði forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

### 14. Orkunotkun

**Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.**

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hafi verið í veg fyrir óþarfa eyðslu á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra og/eða rúmmetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram. Utanumhald um orkumálin liggi hjá umhverfis- og eignasviði.

### 15. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins

**Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið

### 16. Mannaforræði fjármálastjóra

**Lagt er til mannaforræði fjármálastjóra varðandi þá starfsmenn sem undir hann heyra séu skýr.**

Mikilvægt er að á hverjum tíma sé það alveg skýrt hver er yfirmaður hvers og hvernig þeim málum skuli háttað. Að mati skýrsluhöfunda fer best á því að ef forstöðumaður hefur verkstjórn á starfsmanni/-mönnum fari hann jafnframt með önnur þau mál er varða viðkomandi starfsmann dags daglega svo sem varðandi frí o.s.frv.

## 17. Greiðsluáætlun

**Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins.**

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða.

Greiðsluáætlun hefur verið gerð hjá sveitarfélaginu en þá byggð á dreifingu útgjalda ársins á undan.

Jafnframt verði gerð greiðsluáætlun yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og áætlað hvernig þær skiptast niður á mánuði ársins. Fjármálastjóri hefur fengið áætlun frá umhverfis- og eignasviði varðandi dreifingu útgjalda vegna framkvæmda en ekki nægilega góða. Þessu verður að vinna bót á.

Einnig verði gerð áætlun fyrir hvern mánuð í samræmi við fjárhagsáætlun um fjölda stöðugilda fyrir hverja stofnun. Raunfjöldi stöðugilda í hverjum mánuði verði síðan borinn saman við áætlun um fjölda stöðugilda.

Um tíunda hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í viðkomandi mánuði. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi fjármálastjóri fram samanburð í bæjarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næst liðin mánuð og það sem af er árinu ásamt sömu upplýsingum um stöðugildi. Hingað til hefur þetta verið gert ársfjórðungslega varðandi reksturinn.

## 18. Viðskiptakort og kreditkort

**Lagt er til að athugað verði að fækka viðskiptakortum og kreditkortum í umferð hjá sveitarfélaginu. Jafnframt að reikningar vegna þessara korta fari til samþykktar eins og aðrir reikningar sem berast sveitarfélaginu.**

Samkvæmt upplýsingum frá aðalbókara eru 11 kreditkort (innkaupakort) í notkun og 26 viðskiptakort í Bónus hjá sveitarfélaginu.

M.a. með hliðsjón af því, að lagðar eru til breytingar almennt á innkaupum og einnig að telja verður eðlilegra að notast verði við innkaupakort sem auðkenni viðkomandi starfsmann sem megi láta skrifa hjá sveitarfélaginu í stað kredit- og viðskiptakorta, er lagt til að þetta verði skoðað. Hafa verður í huga, að svo stór innkaupaaðili sem Ísafjarðarbær er ætti ekki að skipta við smásöluverslanir heldur stærri birgja að undangengnu útboði.

Samhliða þessu verði séð til þess að allir reikningar sem berast vegna þessara korta fari til samþykktar eins og aðrir reikningar, sbr. hér að framan.

## 19. Ferðakostnaður

**Lagt er til að setja skriflegar reglur um ferðakostnað.**

Hér er lagt til að settar verði reglur varðandi ferðakostnað. Fram komi í reglunum m.a. hver samþykkir ferðakostnað, hvernig hann er greiddur o.s.frv. Kemur til greina að bæjarstjóri samþykki ferðakostnað eftir að viðkomandi sviðsstjóri og/eða fjármálastjóri hefur farið yfir kostnaðinn og lagt til að hann verði samþykktur.

## 20. Laun

**Lagt er til að forstöðumenn yfirfari launakeyrslu áður en laun eru greidd. Jafnframt að öllum stofnunum verði gert að vinna með Vinnustund, vefkerfi til að skrá viðveru starfsmanna.**

Launagjöld voru 56% af útgjöldum Ísafjarðarbæjar árið 2018. Mikilvægt er að þegar launadeild hefur unnið launkeyrslu verði laun ekki greidd fyrr en forstöðumenn hafi farið yfir launakeyrsluna og samþykkt hana fyrir sína stofnun.

Með þessu verði leitast við að launakeyrslan sé rétt og fyrirbyggjandi ráðstöfun að ekki séu gerð mistök við greiðslu launa.

Jafnframt er lagt til að tónlistarskólanum verði gert að vera með tímaskráningarkerfi, vinnustund, eins og allar stofnanir sveitarfélagsins eru með.

Verði þetta gert til að auðvelda vinnu launadeildar við vinnslu launa vegna tónlistarskólans. Einnig fæst með þessu betra utanumhald varðandi skráningu á vinnutíma, fjarvistum starfsmanna o.s.frv. Hér er mikilvægt að leggja áherslu á að allar stofnanir sveitarfélagsins séu með Vinnustund. Á ekki það sama að gilda varðandi tónlistarskólann?

## 21. Stöðugildi á stjórnsýslu- og fjármálasviði

**Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurskipuleggja verkefni starfsmanna á stjórnsýslu- og fjármálasviði með það að markmiði að draga úr fjölda stöðugilda til framtíðar litið.**

Hér er lagt til að skoðað verði með hliðsjón af breyttum aðferðum við vinnslu verkefna og með aukinni tækni hvort gera megi sum störf á stjórnsýslu- og fjármálasviði markvissari. Það er mat skýrsluhöfunda að með þessu megi fækka stöðugildum til framtíðar litið. Komi til þess að starfsmaður láti af störfum verði þetta skoðað sérstaklega.

## 22. Þjónusta við ferðamenn

**Lagt er til að Ísafjarðarbær beiti sér fyrir því að sveitarfélög fái hlutdeild í virðisaukaskatti af seldri þjónustu til ferðamanna og gistináttaskattur renni allur til sveitarfélaga.**

Það er mat skýrsluhöfunda að sveitarfélög almennt veiti góða upplýsingaþjónustu við ferðamenn þó þau hafa engar beinar tekjur af ferðamönnum því þær renna allar í ríkissjóðs í formi virðisaukaskatts af seldri þjónustu til ferðamanna og gistináttagjalds. Ætla verður að útsvarstekjur sem greiddar eru af launum starfsmanna í ferðaþjónustu fari í innviðaþjónustu sveitarfélagsins við viðkomandi starfsmenn eins og er um starfsmenn í öðrum atvinnugreinum. Gera verði kröfu til þess að sveitarfélögin fái hlutdeild í virðisaukaskatti sem fæst af seldri þjónustu við ferðamenn og að gistináttaskattur renni allur til sveitarfélaga til að standa undir kostnaði við að þjónusta ferðamenn. Óeðlilegt verður að telja að almenn þjónusta við ferðamenn sé greidd með almennum tekjum sveitarfélaga sem ætlaðar eru til að þjónusta íbúa sveitarfélaganna en allar beinar tekjur af ferðaþjónustu renni í ríkissjóð.

Ísafjarðarbær óski eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga taki þetta mál fyrir og beiti sér fyrir framanritaðu varðandi sveitarfélögin.

## 23. Forstöðumaður Safnahúss

**Lagt er til að starf forstöðumanns Safnahúss verði lagt niður. Störf tveggja deildastjóra við Safnahúss verði endurskipulögð þannig að þeir veiti þeim söfnum, sem þeir hafa annast, forstöðu og heyri beint undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.**

Hér er lagt til að starf forstöðumanns Safnahúss verði lagt niður og störf deildarstjóra við safnið verði endurskipulögð þannig að þeir veiti þeim söfnum, sem þeir hafa sinnt, forstöðu. Jafnframt verði tekið tillit til þeirra verkefna sem deildarstjórarnir hafa ekki sinnt fram til þessa við endurskipulagninguna.

Þessi tillaga er hér sett fram með hliðsjón m.a. af breyttu verklagi og aukinni tækni við stýringu safnahúsa. Sem dæmi má nefna að hjá Seltjarnarnesbæ er ekki forstöðumaður við Bókasafn Seltjarnarness þar sem samtals útlán á bókum árið 2018 voru 54.544 bækur. Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs er jafnframt í forsvari fyrir bókasafnið.

## Velferðarsvið

### 24. Dagdeild (dagþjálfun)

**Lagt er til að Ísafjarðarbær óski eftir því að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVest) taki yfir rekstur dagdeilda sem sveitarfélagið hefur annast.**

Ísafjarðarbær hefur samþykki fyrir samtals 13 dagdeildarrýmum, átta á Ísafirði og fimm á Suðureyri. Miðað við stöðuna í október 2019 var eingöngu verið að nýta rými að hluta fyrir þrjá aðila á Ísafirði og tvo á Suðureyri, eða samtals fimm einstaklinga og þjónustan ekki í samræmi við besta fyrirkomulag. Þessir aðilar eru síðan ekki allan daginn alla virka daga vikunnar. Þannig að ekki er verið að nýta fimm dagdeildarrými að fullu vegna þeirra. Þessi nýting á dagdeildarrýmum er ekki í samræmi við þá reynslu sem almennt er hjá sveitarfélögum og er umfram þörf á dagdeildarrýmum. Einnig er þetta ekki í samræmi við biðlista eftir hjúkrunarrýmum í Ísafjarðarbæ. Mikilvægt er að leggja áherslu á að eldra fólk geti verið heima sem lengst. Liður í því er öflug dagdeildar- og heimaþjónusta.

Líkleg ástæða fyrir ekki meiri nýtingu á dagdeildarrýmum er skortur á fagfólki og bágborin aðstaða sem boðið er upp á. Hætta getur verið á að Ísafjarðarbær missi dagdeildarrými ef þau eru ekki nýtt til langs tíma.

Við vinnslu verkefnisins fór fram samtal við framkvæmdastjóra HVest varðandi málið og kom þá fram að mögulega væri húsnæði til staðar hjá HVest til að starfrækja dagdeildarþjónustu.

Ætla verður að með því að HVest taki yfir rekstur dagdeildarþjónustu næðist fram nokkur hagræðing í rekstri með ýmsum samlegðaráhrifum af því að reka dagdeildarþjónustu með þeim rekstri sem fram fer hjá HVest. Núverandi fagfólk HVest gæti komið að starfsemi dagdeildarþjónustunnar. Betri nýting fengist á húsnæði HVest o.s.frv. Gera má ráð fyrir að ýmis sérbúin aðstaða eins og til böðunar, líkamsræktunar o.þ.h. sé til staðar. Ætla verður að það kalli ekki á frekara starfsfólk í mötuneyti sjúkrahússins þó allt að 13 matarskammtar bættust við í hádegismat.

Jafnframt mun verða nokkur hagur fyrir Ísafjarðarbæ að HVest taki yfir reksturinn m.a. varðandi nýtingu á húsnæði.

Það er mat skýrsluhöfunda að náist þetta fram að ganga muni þjónustan batna til muna og nokkur rekstrarhagræðing nást bæði fyrir Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnun

Vestfjarða. Leggja beri áherslu á að draga úr biðlistum eftir hjúkrunarrýmum með öflugri dagdeildar- og heimaþjónustu.

Rétt er að hafa í huga að ríkið á að veita dagdeildarþjónustu. Í þeim tilfellum þar sem sveitarfélög annast dagdeildarþjónustu hafa þau tekið að sér að veita þjónustuna fyrir ríkið.

## 25. Umsóknir varðandi forgang á leiguhúsnæði

**Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi einfalda vinnu við yfirferð á umsóknum um félagslegar leiguíbúðir.**

Fram kom við vinnslu verkefnisins að töluverð vinna fer fram hjá starfsmanni í félagsþjónustu við að yfirfara umsóknir varðandi forgang á félagslegum íbúðum. Það er mat skýrsluhöfunda að með breyttu verklagi megi draga úr þessari vinnu, m.a. með því að keyra saman skrá frá ríkisskattstjóra til að skoða tekjur o.s.frv.

## 26. Aflsláttur af fasteignaskatti vegna elli- og örorkulífeyrisþega

**Lagt er til að skoðað verði hvort ekki fari betur á því að starfsmenn á fjármálasviði annist útreikninga og svari fyrirspurnum varðandi afslátt af fasteignaskatti vegna elli- og örorkulífeyrisþega frekar en starfsmenn félagsþjónustu.**

Fram kom að deildarstjóri félagsþjónustu hefur annast útreikninga á lækkun á fasteignaskatti vegna elli- og örorkulífeyrisþega og jafnframt svarað fyrirspurnum varðandi afsláttinn.

Telja verður eðlilegt að þetta sé frekar verkefni sem fjármálasviðið eigi að annast. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hver afslátturinn eigi að vera og síðan á að vera hægt að keyra út rafrænt við skattskránna hver fær afslátt og hvað mikinn o.s.frv. Þetta á að vera hægt að gera allt rafrænt.

Eðlilegt verði að telja að fjármálasviðið annist þetta og svari síðan fyrir hver staðan á fasteigngjöldum er o.s.frv.

## 27. Leiguíbúðir á Hlíf

**Lagt er til að Ísafjarðarbær selji íbúðir á Hlíf I. Sveitarfélagið haldi eftir nokkrum íbúðum til útleigu á félagslegum forsendum.**

Á Hlíf I eru 30 íbúðir, þarf af á Ísafjarðarbær 27. Hér er lagt til að sem flestar af þessum íbúðum verði seldar. Eingöngu verði haldið eftir íbúðum til að leigja á félagslegum forsendum. Ísafjarðarbær á enga íbúð í Hlíf II. Samtals eru 72 íbúðir á Hlíf I og Hlíf II þar af á Ísafjarðarbær 27, eða 37,5% íbúðanna. Skoðað verði með að nýta söluandvirði íbúðanna til að greiða niður skuldir hjá sveitarfélaginu.

## 28. Húsnæði vinnustofu fyrir aldraða á Ísafirði

**Lagt er til að athugað verði hvort starfsemi vinnustofu fyrir aldraða verði flutt í kjallara húsnæðisins á Hlíf. Jafnframt verði kannað hvort ekki sé hægt að nýta húsnæðið á Hlíf betur.**

Hér er lagt til að athugað verði hvort ekki færi betur á því að vinnustofan, sem er á efstu hæð Hlífar I, verði flutt í kjallara húsnæðisins. Við skoðun á húsnæðinu kom fram að þar á að vera nægt rými sem nýta mætti betur, t.d. er nú þegar smíðastofa í kjallaranum sem er lítið notuð. Með þessu væri jafnvel hægt að bjóða upp á fjölbreytilegri starfsemi en nú er.

Smíðastofa á Hlíf hefur verið notuð meira sem geymsla en smíðastofa en nokkrir aðilar eru að nota hana. Þetta á við um fleiri rými á Hlíf sem hér er lagt til að kanna hvort ekki megi nýta betur.

## 29. Félagsstarf aldraða

**Lagt er til að teknar verði upp viðræður við Félag eldri borgara á Ísafirði um að koma frekar að félagsstarfi eldri borgara, þ.m.t. skipulagningu og rekstri vinnustofunnar.**

Samhliða því, ef af verður að vinnustofan verði flutt í kjallara Hlífar, verði teknar upp viðræður við Félag eldri borgara á Ísafirði um að koma að rekstrinum. Jafnframt kæmi til greina að með samstarfi væri félagsstarfið eflt og húsnæði það, sem félagið hefur í kjallara Hlífar, yrði nýtt frekar til að efla félagstarfið.

Þekkt er hjá sumum sveitarfélögum að gerðir hafa verið samningar við félög eldri borgara um að taka að sér rekstur félagsstarfs aldraðra gegn greiðslu í stað þess að sveitarfélagið sé með starfsmenn í að sinna verkefninu. Hægt væri að hugsa sér sambland af þessu, þ.e. félagið komi að starfseminni að hluta gegn þóknun og að hluta væri starfsmaður/starfsmenn á vegum sveitarfélagsins.

## 30. Efsta hæð á Hlíf I

**Lagt er til að athugað verði með að endurskipuleggja húsnæðið á Hlíf I og því breytt í íbúðir og þær seldar.**

Gangi það eftir að samningar náist við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um að taka yfir rekstur dagdeildar og vinnustofan verði flutt í kjallara húsnæðisins mun losna um húsnæði á efstu hæð Hlífar I.

Fyrir liggur að nokkur eftirspurn hefur verið eftir íbúðum á Hlíf og því ætti ekki að vera vandkvæði á því að selja íbúðir þar.

Ætla verður nái þessar breytingar allar fram að ganga fáist mun betri og arðbærari nýting á húsnæðinu í Hlíf I.

## 31. Húsfélög á Hlíf

**Lagt er til að húsfélögin verði sameinuð þannig að fyrir Hlíf I og Hlíf II verði eitt sameiginlegt húsfélag í stað þriggja eins og nú er.**

Hlíf I og Hlíf II eru sambyggð með tengibyggingu. Eins og staðan er í dag eru starfrækt þrjú húsfélög, eitt fyrir Hlíf I, annað fyrir Hlíf II og svo það þriðja sem er sameiginlegt fyrir bæði húsin. Sameiginlega húsfélagið annast húsnæði Hlífar I og Hlífar II að utan.

Komið hafa upp ýmis vandamál við að starfrækja þrjú húsfélög við Hlíf. Hér er lagt til að húsfélögin þrjú verði sameinuð.

## 32. Umsýsla með húsnæðinu

**Lagt er til að eignasjóður taki yfir alla umsýslu vegna þess húsnæðis sem tilheyrir Ísafjarðarbæ í stað þess að félagsþjónustan annist það eins og verið hefur.**

Hér er lagt til að eignasjóður taki yfir alla umsýslu með húsnæðinu á Hlíf og bærinn á eins og eignasjóður gerir með aðrar eignir sveitarfélagsins. Eignasjóður taki yfir öll samskipti varðandi húsfélögin o.s.frv.

## 33. Eignaskiptayfirlýsing

**Lagt er til að farið verði í það sem fyrst að endurskoða eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf.**

Fyrir liggja eignaskiptayfirlýsingar fyrir Hlíf. Hins vegar þarf að endurskoða þær m.t.t. villna sem fundust og setja í samþykktarferli. Í Hlíf I, sem er eldri byggingin, er þjónusturými, íbúðagangar og íbúðir. Skil eru þar sem tengibyggingin á milli Hlífar I og Hlífar II byrjar, þar byrjar Hlíf II, þ.e. Hlíf II nær yfir tengibygginguna og íbúðirnar í Hlíf II sem er yngri byggingin. Ísafjarðarbær á tengibygginguna og kjallara á Hlíf II og er þannig aðili að eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf II.

Það hefur reynst snúið að tengibyggingin sé ekki aðgreind frá íbúðarhúsi í eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf II. Dæmi um það er þegar húsfélagið í Hlíf II keypti húseigendatryggingu fyrir íbúðarhúsið þá var fastanúmeri Ísafjarðarbæjar með tengibyggingunni inni. Þegar leitað var tilboða í húseigandatryggingu fyrir íbúðirnar sem eru í einkaeigu var eignahlutur Ísafjarðarbæjar þess valdandi að tilboðin urðu hærri en þyrfti.

Í eignaskiptayfirlýsingu varðandi Hlíf I og II kemur fram að þar eru félagslegar leiguíbúðir. Íbúðirnar hafa verið reknar sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða á grundvelli laga um málefni aldraðra. Þetta hefur valdið togstreitu meðal eigenda. Þjónustuíbúðir

eru eðli málsins samkvæmt með hærra þjónustustigi en félagslegar íbúðir. Því hafa sumir sem ekki eru í mikilli þjónustuþörf, verið ósáttir við að greiða gjöld sem hljótast af hærra þjónustustigi. Sumir hafa jafnvel borið því við að þeir hafi ekki verið upplýstir um að þeir væru að kaupa þjónustuíbúð.

Með vísan til þessa er hér lagt til að farið verði sem fyrst í að endurskoða eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hlíf.

## 34. Verslun í Hlíf

**Lagt er til að Ísafjarðarbær hætti rekstri verslunar í Hlíf.**

Það getur vart talist hlutverk sveitarfélags að reka verslun og greiða niður kostnaðinn við hana. Jafnframt hefur komið fram að verslunin er virðisaukaskattskyld þar sem veltan er mun meir en 2 milljónir króna á ársgrundvelli. Einnig verður að hafa í huga hvaða þjónustu öðrum eldri íbúum annar staðar í sveitarfélaginu er boðið upp á til að gæta jafnræðis.

## 35. Hjúkrunarheimili og dagdeild á Þingeyri

**Lagt er til að endurskoða nýtingu húsnæðis leiguíbúða Ísafjarðarbæjar og hjúkrunarheimilisins Tjarnar á Þingeyri ásamt húsnæði heilsugæslustöðvarinnar þannig að hjúkrunarrýmum verði fjölgað á Þingeyri og aðstaða fyrir dagdeildarþjónustu komið fyrir.**

Miðað við janúar 2019 voru 24% af íbúum Þingeyrar 67 ára og eldri samanborið við að á landinu öllu var þetta hlutfall 12%. Af íbúum Þingeyrar voru 9% 80 ára og eldri. Af þessu má ætla að þörf sé á frekari hjúkrunarrýmum á Þingeyri en nú er. Einnig má ætla að þörf sé á dagdeildarþjónustu. Jafnframt uppfyllir húsnæði hjúkrunarheimilisins ekki kröfur um húsnæði hjúkrunarrýma.

Hér er lagt til að skoðað verði að allt húsnæðið, bæði sem Ísafjarðarbær á og það sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á, verði endurskipulagt þannig að þar verði hjúkrunarrýmum fjölgað og endurbætt, komið fyrir aðstöðu til rekstrar dagdeildar og aðstaða heilsugæslunnar minnkuð frá því sem nú er.

Ljóst er að nokkur þörf er á þessari þjónustu á Þingeyri. Með hliðsjón af því hversu illa Vestfirðir koma út í samanburði við aðra landshluta, hvað fjölda hjúkrunarrýma varðar og einnig hversu hátt hlutfall íbúa 67 ára og eldri er á Þingeyri, ætti að vera hægt að færa rök fyrir réttlætingu þess að hjúkrunarrýmum verði fjölgað á Þingeyri. Jafnframt að húsnæði hjúkrunarrýma standist kröfur þar um.

Jafnframt má gera ráð fyrir að með fjölgun hjúkrunarrýma og rekstri dagdeildar fáist hagstæðari rekstrareining fyrir HVest frá því sem nú er.

## 36. Dagdeild og vinnustofa fyrir aldraða á Suðureyri

**Lagt er til að sett verði stólalyfta í stiga að húsnæði dagdeildar og vinnustofu fyrir aldraða á Suðureyri.**

Eins og komið hefur fram hér að framan fer starfsemin fram á annarri hæð og til að komast þangað þarf að fara upp nokkuð brattann stiga sem ljóst er að hefur hamlandi áhrif á starfsemina. Með vísan til þess er hér lagt til að sett verði stólalyfta í stigann til að auðvelda aðgengi fyrir þjónustuþega í húsnæðinu.

## 37. Deildarstjóri málefna fatlaðs fólks

**Lagt er til að allar stofnanir sem heyra undir málefni fatlaðs fólks hjá Ísafjarðarbæ heyri undir deildarstjóra málefna fatlaðs fólks.**

Forstöðumaður í búsetuþjónustu við Pollgötu og skammtímavistunar heyrir beint undir sviðsstjóra velferðarsviðs. Þar af leiðandi heyrir búsetuþjónustan við Pollgötu og skammtímavistun ekki undir deildarstjóra málefna fatlaðs fólks.

Slíkt fyrirkomulag getur leitt til þess að stjórnunin er ekki eins markviss og hún gæti verið með því að einn starfsmaður leiðir málaflokkinn í stað þess að skipta málaflokknum upp.

## 38. Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu og hópstjóri

**Lagt er til að starf forstöðumanns stuðnings- og stoðþjónustu og hópstjóra stuðningsþjónustu verði sameinað.**

Með hliðsjón af verkefnum sem forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu sinnir og þeim sem hópstjóri sinnir er hér lagt til að forstöðumaðurinn sinni jafnframt störfum hópstjóra.

## 39. Búsetuþjónusta

**Lagt er til að athugað verði hvort mögulegt sé að endurskipuleggja vinnutilhögun við búsetuþjónustu við fatlað fólk þannig að draga megi verulega úr yfirvinnu. Jafnframt verði rekstragjöldin tekin til skoðunar með það að markmið að lækka þau án þess að það skerði þjónustuna.**

Eins og komið hefur fram hér að framan er yfirvinna sem hlutfall af föstum launum nokkuð há. Hér er lagt til að skoða hvort ekki sé mögulegt að draga úr þessum kostnaði.

Jafnframt er lagt til að allur kostnaður vegna búsetuþjónustu við faltað fólk verði tekinn til skoðunar með það að markmiði að ná niður kostnaði án þess að þjónustan verði

skert. Eitt af því sem lagt er til að skoðað verði er fjöldi stöðugilda og vaktafyrirkomulag.

## 40. Sjálfseignarstofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

**Lagt er til að Ísafjarðarbær standi að stofnun sjálfseignarstofnunar samkvæmt lögum nr. 52/2016 um byggingu og rekstur sex leiguíbúða í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.**

Hér er lagt til að Ísafjarðarbær standi að stofnun sjálfseignarstofnunar um byggingu og rekstur sex almennra leiguíbúða í íbúðakjarna, skv. lögum nr. 52/2016, fyrir fatlað fólk. Sótt verði um stofnframlög fyrir allt að 34% af byggingarkostnaði vegna þessa samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016. Byggðir verði að minnsta kosti tveir íbúðakjarnar fyrst um sinn.

Gert verði ráð fyrir því að aðstandendur íbúa komi jafnvel að því að stýra félaginu/félögunum. Jafnframt að húsaleiga standi undir afborgun og vöxtum af láni sem tekið verði vegna framkvæmdarinnar og öðrum kostnaði við rekstur íbúðanna.

Bærinn verði eigandi að rými fyrir starfsmenn og þjónusturými í hverjum kjarna.

Það er mat skýrsluhöfunda að með þessu fyrirkomulagi muni kostnaður vegna reksturs málefna fatlaðs fólks lækka. Haft verði að leiðarljósi við endurskipulagningu á búsetu fatlaðs fólks í sveitarfélaginu að greiðslur frá Jöfnunarsjóði standi að mestu undir þeim útgjöldum sem þeim er ætlað að standa undir en á engan hátt verði dregið úr þjónustunni. Haft verði að leiðarljósi að auka hana. Gætt verði að samsetningu íbúa í hverjum íbúðakjarna með hliðsjón af þjónustuþörf hvers og eins.

Jafnframt er lagt til að skoðað verði að farið verði í alútboð vegna byggingar íbúðakjarna.

Það er mat skýrsluhöfunda að þetta fyrirkomulag sé hagstæðara í rekstri en núverandi fyrirkomulag sem er hjá sveitarfélaginu.

## 41. SIS mat samkvæmt 4 flokki

**Lagt er til að Ísafjarðarbær beiti sér fyrir því að reglugerðarbreyting sem gerð var og kveður á um að hætt sé að greiða úr Jöfnunarsjóði vegna SIS mats í fjórða flokki verði endurskoðuð.**

Þegar sveitarfélögin tóku yfir málaflokk fatlaðs fólks var gert ráð fyrir að öll sú þjónusta sem sveitarfélögin tóku yfir væri fjármögnuð með ákveðnum hætti. Nú hefur komið í ljós að nokkuð virðist vanta upp á að fjármögnunin gangi upp. Það getur ekki talist réttlætanlegt að leysa þann vanda með því að hætta að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði vegna ákveðins hóps þjónustuþega.

Með þessari reglugerðarbreytingu var tekin ákvörðun um að sveitarfélögin eigi að fjármagna þennan þjónustuhóp með öðrum tekjum sveitarfélaga en ætlaðar eru til málefna fatlaðs fólks. Afleiðing er að það geti leitt til þess að draga verði úr annarri þjónustu hjá sveitarfélögum. Gera má ráð fyrir að hér sé um að ræða a.m.k. einn milljarð króna á ársgrundvelli.

### 42. Stuðnings- og stoðþjónusta

**Lagt er til að kostnaður varðandi stuðnings- og stoðþjónustu vegna fatlaðs fólks og aldraðra verði aðgreindur í bókhaldi sveitarfélagsins.**

Leggja ber áherslu á að kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk sé aðgreindur frá kostnaði vegna aldraðra.

Eftir að reglugerð um stoðþjónustu við fatlað fólk var breytt hafa sveitarfélög tekið upp þann hátt að sameina þessa þjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða. Þar af leiðandi hefur kostnaður vegna þjónustunnar ekki verið aðgreindur í bókhaldinu. Mikilvægt er að hægt sé að lesa á einfaldan hátt úr bókhaldi sveitarfélagsins hver kostnaður þess er varðandi hvorn málaflokkinn.

Hér skiptir máli að geta sýnt hver raunverulegur kostnaður er vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin veita og tóku yfir við yfirtöku málaflokks faltaðs fólks árið 2011 á móti þeim tekjum sem ætlaðar eru til að standa undir málaflokknum.

## Skóla- og tómstundasvið

### 43. Samþykkt reikninga vegna vinnu verktaka

**Lagt er til að forstöðumenn stofnana yfirfari reikninga frá verktökum vegna vinnu við þeirra stofnun.**

Mikilvægt er að forstöðumenn yfirfari reikninga frá verktökum vegna vinnu sem fram fer í þeirra stofnun. Nefna má sem dæmi í leikskólum að þá yfirfari leikskólastjóri reikninga sem komi vegna viðhaldsvinnu. Ætla verður að þeir sem eru á staðnum á hverjum tíma séu í bestri stöðu til að hafa eftirlit með þeirri vinnu sem fram fer og yfirfari reikninga vegna slíks.

### 44. Húsvörður Grunnskólans á Ísafirði

**Lagt er til að húsvörður í Grunnskólanum á Ísafirði taki jafnframt að sér húsumsjón í leikskólum á Ísafirði og annist minniháttar viðhald.**

Hér er lagt til að húsvörður í Grunnskólanum á Ísafirði í annist jafnframt umsjón með húsnæði leikskólanna á Ísafirði.

Hann annist minniháttar viðhald í grunn- og leikskólum á Ísafirði.  Gert verði ráð fyrir að hann hafi reglulega viðveru í leikskólunum t.d. einu sinni í viku eða aðra hverja viku. Komi upp viðhaldsþörf hafi leikskólastjóri samband við húsvörðinn.

Þrátt fyrir þessa breytingu verði skólastjóri grunnskólans áfram næsti yfirmaður húsvarðar.

Reynsla er af slíku fyrirkomulagi þar sem það hefur gefist vel. Mikilvægt er að leggja áherslu á að góð húsumsjón byggir á góðu skipulagi og aga.

## 45. Fjöldi stöðugilda á leikskólum Ísafjarðarbæjar

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda við leikskóla Ísafjarðarbæjar verði tekin til endurskoðunar og Ísafjarðarbær marki sér stefnu um fjölda stöðugilda á leikskólum bæjarins.  Sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.**

Eins og komið hefur fram hér að framan koma leikskólarnir mismunandi  út hvað varðar fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í samanburði við aðra leikskóla og einnig í samanburði á milli leikskólanna í Ísafjarðarbæ.

Með vísan til framanritaðs er hér lagt til að endurskoða fjölda  stöðugilda við leikskóla og mörkuð verði stefna um fjölda HDÍG á hvert stöðugildi við leikskólana.

## 46. Kaup á mat

**Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á hráefni til matagerðar fyrir grunn- og leikskóla og aðrar stofnir Ísafjarðarbæjar þar sem matur er framreiddur að undangengnu útboði.**

Hér er lagt til að innkaup vegna matreiðslu verði sameiginleg fyrir stofnanir Ísafjarðarbæjar.  Þetta verði unnið þannig að sameiginlega verði gerður grunnmatseðill fyrir hvern dag fyrir fram.  Þannig verði ákveðið hvað verði keypt en síðan ráða matráðar á hverjum stað hvernig matargerðinni verði háttað úr því hráefni sem lagt er til.

Með þessu fyrirkomulagi verði m.a. notið góðs af magn innkaupum með það að markmiði að fá lægra verð.  Einnig ætti að fást hagræðing með því að nokkrir starfsmenn eru ekki að fara í verslunarleiðangur og einnig ætti að fást betra verð. Jafnframt ætti að fást betri yfirsýn yfir hvernig maturinn nýtist á hverjum stað o.s.frv.

Lögð er áhersla á að undirbúa þetta fyrirkomulag vel.  Fordæmi eru fyrir slíkum sameiginlegum innkaupum.  Mikilvægt er að þeir sem koma að þessum málum fyrir bæjarfélagið leyti samráðs og upplýsinga hjá þeim sem hafa haft þennan hátt á.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þetta fyrirkomulag verði kaupin boðin út.

Hráefniskaup vegna matagerðar fara í dag þannig fram að hver matráður, a.m.k. í sumum stofnunum bæjarins, kaupir inn án útboðs og að hluta til í verslunum. Um er að ræða kaup á hráefni í matagerð fyrir um 600 börn í grunn- og leikskólum auk starfsmanna.

## 47. Rekstrargjöld

**Lagt er til að almenn rekstrargjöld við leik- og grunnskóla verði tekin til skoðunar þar sem a.m.k. sumir útgjaldaliðir hafa hækkað nokkuð umfram verðlag síðustu ár. Við þessa athugun verði stuðst við núllgrunnsáætlun.**

Núllgrunnsáætlanir byggja á því að lagt sé mat á fjárþörf einstakra liða viðkomandi rekstrareiningar. Við skoðun á einstökum útgjaldaliðum hefur komið í ljós að margir þeirra hafa hækkað nokkuð umfram verðlagshækkanir. Með hliðsjón af því er hér lagt til að hver útgjaldaliður verði skoðaður sérstaklega. Ekki verði gerð áætlun sem byggir eingöngu á útgjöldum næstliðins árs.

## 48. Samningur um einkarekstur á leikskóla

**Lagt er til að samningur varðandi einkarekstur á leikskóla verði tekin til skoðunar með hliðsjón af kostnaði.**

Eins og komið hefur fram hér að framan er kostnaður á hvert HDÍG nokkru hærri hjá Eyrarskjóli en hjá öðrum leikskólum sem sveitarfélagið rekur. Jafnframt hefur kostnaðurinn hækkað nokkuð mikið frá því að samningur var gerður.

Markmiðið sem sveitarfélag ætti að setja, þegar tekin er ákvörðun um að útvista þjónustu á vegum þess, er hvort einkaaðili geti veitt þjónustuna með betri og hagkvæmari hætti en sveitarfélagið. Ef annað þessara skilyrða standast ekki má ætla að ástæða sé til að málið sé endurskoðað.

Með vísan til framanritaðs er hér lagt til að samningurinn verði tekinn til skoðunar.

## 49. Stöðugildi í grunnskólum Ísafjarðarbæjar

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda við grunnskóla Ísafjarðarbæjar verði tekin til endurskoðunar og Ísafjarðarbær marki sér stefnu um fjölda stöðugilda í grunnskólum bæjarins. Sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda nemenda á hvert stöðugildi.**

Hér er lagt til að endurskoða fjölda stöðugilda við grunnskóla Ísafjarðarbæjar og að sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda nemenda á hvert stöðugildi. Þetta verði

sérstaklega gert varðandi Grunnskólann á Ísafirði þar sem nemendum á hvert stöðugildi hefur farið fækkandi.

## 50. Samkennsla

**Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi taka upp samkennslu á milli árganga við Grunnskólann á Ísafirði.**

Markmiðið með samkennslu árganga verði að styrkja enn frekar gott skólastarf við skólann.

## 51. Frístund og dægradvöl

**Lagt er til að starfsemi frístundar og dægradvalar verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að betri nýting fáist á starfsmenn.**

Frístundarstarf er frá kl. 11:00 til 11:40 og frá kl 12:00 til 12:40. Dægradvöl hefst kl. 13:00. Engin börn eru í frístund frá kl. 11:40 til 12:00 og frá 12:40 til 13:00.

Í mynd 58 má sjá að fjöldi barna á hvern starfsmann eru á bilinu sex til átta frá kl. 13:30 til 16:00 alla virka daga. Mörg sveitarfélög hafa markað þá stefnu að hafa allt að 14 börn á hvern starfsmann í dægradvöl (frístund) sé miðað við börn sem ekki þurfa frekari stuðning.

## 52. Skólastarf og skólastefna

**Lagt er til að skólastarf og skólastefna Ísafjarðarbæjar verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.**

Á síðustu árum hafa átt sér stað miklar samfélagslegar breytingar sem hafa haft margvísleg áhrif á þjóðfélagið og þar með á leik- og grunnskólastarf. Samhliða þessum breytingum hefur hlutfall nemenda við leik- og grunnskóla af erlendu bergi brotið hækkað og í sumum tilfella umtalsvert.

Á undanförnum árum hefur barnaverndarmálum farið fjölgandi almennt hjá sveitarfélögum ásamt ýmsum öðrum félagslegum verkefnum. Aukið álag hefur verið á skólastarfinu af ýmsum ástæðum.

Hefur skólastarf í leik- og grunnskólum tekið breytingum samhliða þessum samfélagslegu breytingum? Rétt er að einhverjar breytingar hafa átt sér stað en spyrja má hvort þær séu í samræmi við þær miklu samfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað? Höfum við unnið rétt með hugtakið „skóli án aðgreiningar“ o.s.frv.? Það er mat skýrsluhöfunda að svo sé ekki þó alltaf sé erfitt að alhæfa um slíkt.

Við fórum af stað með hugtakið „skóli án aðgreiningar“ með kennurum, sérkennurum og stuðningsfulltrúum. Hjá mörgum sveitarfélögum er þetta enn svo. Við vitum að

margir nemendur í leik- og grunnskóla eiga við ýmis konar geð-, þroska- og hegðunarraskanir að stríða. Spyrja má hvort ekki hefði þurft á sínum tíma og enn í dag að ráða einnig annað fagfólk en kennara og sérkennara til að fást við slík verkefni.

Einnig er ljóst að efla þarf og koma enn frekar til móts við nemendur af erlendu bergi með móðurmálskennslu. Mikilvægt er að hafa í huga, að grunnþekking á móðurmáli er grundvöllur þess að tileinka sér annað tungumál. Ef slík kunnátta og kennsla er ekki til staðar er möguleiki á því að viðkomandi eigi erfitt uppdráttar í nýju samfélagi. Þannig er hægt að halda lengi áfram og má einnig nefna slælegan árangur í Písa könnunum.

Þrátt fyrir miklar samfélagslegar breytingar á undanförnum árum erum við enn að kenna nemendum í grunnskólum skipt eftir árgöngum. Getur verið að það sé mikilvægara að horfa á nemandann og styrkleika hans þvert á árganga? Almennt er kennslu lokið í grunnskólum landsins um eða rétt eftir kl. 13:00 eins og verið hefur nánast frá því að grunnskólinn varð einsetinn. Frá þeim tíma hefur átt sér mikil breyting, m.a. vinna yfirleitt báðir foreldrar úti sem kallað hefur eftir frekari umsjá sveitarfélaga á börnum.

Sveitarfélög hafi verið með börn og nemendur í sinni umsjá frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga frá 12 mánaða aldri til tíunda aldursárs, þ.e. í leikskóla og síðan í grunnskóla frá fyrsta bekk til fjórða bekkjar. Rétt er að fram komi að aldursdreifingin og tímasetningin getur verið mismunandi eftir sveitarfélögum. Þrátt fyrir þetta er hátt hlutfall barnaverndarmála vegna barna eftir fjórða bekk og fjöldi barna með ýmis konar hegðunar-, geð- og þroskaraskanir, þ.e.a.s. eftir að sveitarfélögin eru búinn að hafa umsjón með börnunum nánast allan daginn. Með hliðsjón af þessu má spyrja hvort þessi tími hafi verið nýttur rétt? Hefði verið hægt að grípa fyrr inn í með snemmtækri íhlutun, til að styðja við barnið strax í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla? Af hverju er verið að greina frístund, a.m.k. að hluta til frá skólastarfinu? Má endurskoða skipulag skóla- og frístundastarfsins fyrir nemendur í 1. til 4. bekk þannig að nemendur séu í skólanum allan daginn og frístund sé felld inn í skólastarfið. Skoðað verði að kennsla fari fram lengur á daginn en gert hefur verið. Væri hægt að veita nemendum enn frekari stuðning, sem á því þurfa að halda, með lengri skóladegi sem félli að frístundinni?

Ætti að leggja meiri áherslu á ráðningu fagfólks við leik- og grunnskóla annarra en kennara og sérkennara en gert hefur verið? Í stað stuðningsfulltrúa verði ráðið annað fagfólk a.m.k. að hluta. Það er mat skýrsluhöfunda að slíkar ráðningar eigi ekki að þurfa að vera viðbót við núverandi stöðugildafjölda.

Samhliða þessari vinnu verði hugað að því, hvort komi til greina að grunnskólanemendur á Flateyri sæki skóla á Ísafirði.

Skólastarfið í Ísafjarðarbæ verði eflt með það í huga  að efla gott skólastarf og gera það m.a. að markmiði að nemendum verði mætt eftir þeirra þörfum frekar en að nemendur þurfi að aðlaga sig að skólastarfinu.

Jafnframt samhliða þessari athugun verði skoðað hvort hluti af þessari endurskiplagsvinnu felist e.t.v. í því,  að sameina velferðarsvið og skóla- og tómstundasvið í eitt svið, fjölskyldusvið.

## 53. Yfirvinna við Íþróttamiðstöð á Þingeyri

**Lagt er til að vinnutími starfsmanna við Íþróttamiðstöðina á Þingeyri verði tekin til skoðunar með hliðsjón af því m.a. hversu hátt hlutfall yfirvinnu var af mánaðarlaunum samanborið við aðrar íþróttamiðstöðvar.**

Hér er lagt til að vinnufyrirkomulag við íþróttamiðstöðina á Þingeyri verð tekið til skoðunar með hliðsjón af því hversu launaútgjöld þar eru há samanborið við aðrar íþróttamiðstöðvar.

Mikilvægt er að samræma vinnufyrirkomulag á milli starfstöðva.

## 54. Næsti yfirmaður forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri

**Lagt er til að athugað verði að forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri heyri undir forstöðumann íþróttamannvirkja.**

Hér er lagt til að forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar á Þingeyri heyri undir forstöðumann íþróttamannvirkja eins og aðrir forstöðumenn íþróttamiðstöðva.

## 55. Varmadælur

**Lagt er að varmadælur verði nýttar til að hita upp vatn í íþróttamiðstöðvum Ísafjarðarbæjar, þar sem vatn er hitað upp með rafmagni.**

Orkukostnaður íþróttamiðstöðva Flateyrar og Þingeyrar er umtalsvert hærri en hjá íþróttamiðstöð Suðureyrar, sjá töflu 140.

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra frá 2016 *„Framtíð kyntra veitna og möguleikar til nýtingar varmadæla“* er að finna upplýsingar um varmadælur. Í skýrslunni kemur fram að varmadælur geta minnkað raforkunotkun um allt að 66% sem leiðir af sér umtalsverða lækkun á orkukostnaði.

Dæmi erum um sveitarfélög sem hafa ráðist í slíkar fjárfestingar og m.a. hafa nýtt slíka tækni fyrir sundlaugar.

Það er mat skýrsluhöfunda að Ísafjarðarbær geti sparað umtalsverða fjármuni til framtíðar litið með því að nýta tækni varmadælna.

## Umhverfis- og eignasvið

### 56. Landmælingatæki

**Lagt er til  að keypt verði landmælingatæki með hnitpunktum.**

Hér er lagt til að keypt verði landmælingatæki með hnitpunktum.  Það verði notað m.a. til að merkja niðurföll sem myndi auðvelda vinnu þegar snjór er yfir öllu. Með því m.a. yrði komið í veg fyrir að það þurfi að leita af niðurföllum.  Þannig má nefna fleiri dæmi.

### 57. Umhverfisfulltrúi

**Lagt er til að starf umhverfisfulltrúa verði lagt niður.**

Hjá öðrum sveitarfélögum að sambærilegri stærð hvað íbúafjölda varðar er almennt ekki stöðugildi umhverfisfulltrúa.  Það er mat skýrsluhöfunda að með ákveðinni hliðrun verkefna á umhverfis- og eignasviði megi leggja þetta starf niður.  Með hliðsjón af því er lagt til að starf umhverfisfulltrúa verði lagt niður.

### 58. Main Manager, fasteignastjórnunarkerfi

**Lagt er til að eignasjóður fái sem fyrst MainManager, fasteignastjórnunarkerfi, eða sambærilegt kerfi.**

Eins og staðan er núna hefur yfirmaður eignasjóðs ekki aðgang að rafrænum stjórntækjum varðandi utanumhald á fasteignum.  Að mati skýrsluhöfunda, fengi eignasjóður t.d. „**MainManager“** til að halda utan um rekstur, viðhald og þróun eigna sveitarfélagsins, yrði allt utanumhald varðandi viðhald á fasteignum markvissara, auðveldara að koma beiðnum um  viðgerðir á framfæri og einnig verður viðhaldssaga viðkomandi fasteignar skráð.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram.

### 59. Leiguverð hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar

**Lagt er til að leiguverð hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar verði  endurskoðað með hliðsjón af leiguverði almennt í Ísafjarðarbæ.**

Með hliðsjón af því að leiguverð hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar er almennt lægra en markaðsleiga er í Ísafjarðarbæ samkvæmt upplýsingum um markaðsleigu á vef Þjóðskrár Íslands er hér lagt til að leigan verði endurskoðuð og taki mið af markaðsleigunni.

## 60. Þjónustugjöld hjá Fasteignum Ísafjarðarbæja

**Lagt er til að þjónustugjöld sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar innheimta af leigjendum verði tekið til endurskoðunar.**

Hér er lagt til að þjónustugjöld sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar innheimta af leigjendum verði tekin til endurskoðunar. Um er að ræða gjöld vegna ræstinga, rafmagns og hita o.s.frv. Gera verði kröfu til þess að leigjendur standi að fullu undir þessum kostnaði. Það er engan veginn réttlætanlegt að sveitarfélagið sé að greiða þessa þjónustu niður.

Jafnframt ber að leggja áherslu á að þessi kostnaður sé vel aðgreindur í ársreikningi félagsins og þær tekjur sem innheimtar eru af leigjendum vegna þessa séu einnig aðgreindar frá leigutekjum.

Það er mat skýrsluhöfunda að það sé ekki réttlætanlegt að sveitarfélagið sé að greiða niður rekstur leiguíbúða. Reksturinn eigi að standa undir sér. Má þar einnig nefna að vaxtagjöld eru almennt lág, sem ætti að réttlæta það að leigutekjur og þjónustugjöld eigi að vera þannig að sveitarfélagið greiði ekki með þessum rekstri.

## 61. Fjöldi leiguíbúða

**Lagt er til að Ísafjarðarbær selji leiguíbúðir sem eru umfram þörf af félagslegum ástæðum.**

Lagt er til að áætlað verði hvað sveitarfélagið þarf að eiga margar íbúðir til að geta mætt þörf á félagslegu leiguhúsnæði. Íbúðir umfram þörfina verði seldar.

Gerð verði áætlun um sölu þeirra íbúða þannig að salan hafi ekki áhrif á almennt markaðsverð söluíbúða. Þegar tekin verður ákvörðun um sölu íbúða verði þess gætt að haldið sé eftir íbúðum sem bera 1% vexti sé þess kostur. Slík vaxtakjör bjóðast ekki í dag. Reynt verði að selja þær íbúðir sem bera lán með háum vöxtum, sem dæmi má nefna að eitt lán frá Íbúðalánasjóði ber 5,7% vexti, sjá töflu 2. Það er vart réttlætanlegt að vera með slíkt lán á leiguíbúð þar sem í dag bjóðast mun lægri vextir á lánum.

## 62. Yfirmaður eignasjóðs og umsjónarmaður Fasteigna Ísafjarðarbæjar

**Lagt er til að starf yfirmanns eignasjóðs og umsjónarmanns Fasteigna Ísafjarðarbæjar verði sameinuð.**

Hér er lagt til að starf yfirmanns eignasjóðs og umjónarmanns Fasteigna Ísafjarðarbæjar verði sameinuð.

Í þessari skýrslu er m.a. lagt til að húsvörður Grunnskólans á Ísafirði annist jafnframt húsvörslu leikskóla á Ísafirði, einnig að hluti íbúða Fasteigna Ísafjarðarbæjar verði seldar.

Með hliðsjón af þessu og hver reynslan er af húsumsjón hjá öðrum og stærri sveitarfélögum er hér lagt til að þessi tvö störf verði sameinuð.

### 63. Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð

**Lagt er til að skoðað verði í náinni framtíð hvort til greina komi að fækka stöðugildum við þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.**

Í samanburði við önnur sveitarfélög vakna spurningar um hvort fækka megi stöðugildum í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins í náinni framtíð.

### 64. Verkefni í verktöku

**Lagt er til að öll vélavinna, og þar með talinn snjómokstur, verði boðin út. Jafnframt verði skoðað með útboð á öðrum verkefnum þjónustumiðstöðvar. Reglulega, t.d. í upphafi hvers árs, fari fram útboð þar sem óskað verði eftir tilboðum frá verktökum í tímagjald vegna uppáfallandi verkefna hjá sveitarfélaginu.**

Hér er lagt til að dregið verði úr því verklagi sem verið hefur, að þjónustumiðstöðin sinni verklegum verkefnum sem falla til hjá sveitarfélaginu. Í staðinn verði leitað meira til verktaka en verið hefur. Verkin verði boðin út reglulega.

Einnig má benda á að snjómoksturstæki eru komin til ára sinna og þarfnast orðið endurnýjunar ætli sveitarfélagið að sinna snjómokstri áfram. Hér er um nokkurn kostnað að ræða sem komist verður hjá ef þjónustan verður keypt af verktökum.

Það er mat skýrsluhöfunda að með þessu fyrirkomulagi megi draga úr kostnaði hjá sveitarfélaginu.

### 65. Bifreiðar, vélar og tæki

**Lagt er til að skoðað verði með að fækka bifreiðum og tækjum hjá þjónustumiðstöðinni.**

Eins og kemur fram hér að framan eru 10 starfsmenn í þjónustumiðstöð sem hafa 10 bifreiðar auk götusóps til umráða. Rekstrarkostnaður bifreiðanna er lágur sem gefur vísbendingum um hversu lítið þær eru notaðar.

Með vísan til þessa er hér lagt til að kanna hvort hægt sé að fækka bifreiðum og tækjum hjá þjónustumiðstöð.

## Slökkvilið Ísafjarðar Ísafjarðarbæjar

## 66. Sjúkraflutningar

**Lagt er til að í viðræðum varðandi samning um sjúkraflutninga verði gengið út frá því að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða greiði fyrir laun eins fastráðins slökkviliðsmanns, fyrir eina og hálfa bakvakt utan reglubundins vinnutíma, húsaleigu vegna hýsingar sjúkraflutningsbifreiða og vegna umsýslukostnaðar.**

Ljóst er að á hverjum tíma þarf a.m.k. tvo til að sinna sjúkraflutningum. Vegna vakta þarf fleiri starfsmenn til að sinna þeim. Nokkur hagræðing fæst með því samstarfi sem nú er, þ.e.a.s. að slökkviliðið annist sjúkraflutninga. Hins vegar verður að skipta þeim kostnaði svo sanngjarnt sé.

Eins og fyrirkomulagið er þá sinna þrír fastir starfsmenn sjúkraflutningum ásamt lausamönnum sem taka bakvaktir með fastráðnum slökkviliðsmönnum. Ætla má að ef slökkviliðið sinnti ekki sjúkraflutningum væru tveir fastráðnir starfsmenn við slökkviliðið, slökkviliðsstjóri og aðstoðar slökkviliðsstjóri sem sinnti jafnframt eldvarnareftirliti og eldvarnarkerfum ásamt slökkviliðsstjóra.

Af þessu má ætla að einn viðbótarmann þarf í slökkviliðið vegna sjúkraflutninga. Með vísan til þess er hér lagt til að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða greiði fyrir launagjöld vegna fastráðins starfsmanns.

Ljóst er að vegna sjúkraflutninga þarf tvo menn á bakvakt utan reglubundins vinnutíma. Slökkviliðið þarf á sama hátt að hafa einn starfsmann á bakvakt. Með vísan til þessa verður að telja eðlilegt að greitt sé að fullu fyrir eina og hálfa bakvakt vegna sjúkraflutninga.

Auk þessa verði greidd leiga fyrir húsnæði vegna hýsingar sjúkraflutningabifreiða og að auki umsýslukostnaður.

## 67. Fastráðnir starfsmenn slökkviliðs Ísafjarðarbæjar

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að fækka um eitt stöðugildi við slökkviliðið þannig að fastráðnir starfsmenn verði þrír með slökkviliðsstjóra.**

Með vísan til þess sem fram kemur í tillögu 66 hér að framan er lagt til að athugað verði hvort til greina komi að fastráðnir slökkviliðsmenn með slökkviliðsstjóra verði þrír í stað fjögurra eins og nú er.

## 68. Eyri

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að ríkisjóður yfirtaki eignir og skuldir Eyrar. Jafnframt hvort ekki fari betur á því að Ísafjarðarbær gjaldfæri framlög sem þurft hefur að leggja Eyri til.**

Með hliðsjón af því að hér er um málaflokk að ræða sem heyrir undir ríkissjóð er hér lagt til að athugað verði hvort til greina komi að ríkissjóður taki yfir eignir og skuldir Eyrar. Telja verður líklegt að á sínum tíma þegar samningar voru gerðir um svokallaða leiguleið varðandi byggingu hjúkrunarheimila var í umræðunni að sveitarfélögin tækju yfir málefni aldraðra og þar með talið rekstur hjúkrunarheimila. Af þessu hefur ekki orðið og ekki fyrirsjáanlegt að svo verði í náinni framtíð. Einnig er um að ræða tengibyggingu við byggingu sjúkrahússins og heilsugæslustöðina á Ísafirði og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rekur hjúkrunarheimilið.

Jafnframt er rétt að fram komi að hallað hefur verulega á Vestfirði í samanburði við aðra landshluta að undanskildum Suðurnesjum varðandi framlög bæði til rekstrar og byggingar hjúkrunarheimila.

Með hliðsjón af framanrituðu er tillagan sett fram.

Einnig er rétt að skoðað verði hvort ekki fari betur á því að Ísafjarðarbær gjaldfæri framlög til Eyrar í stað þess að bóka þau sem kröfu á Eyri. Einnig að ekki hefur verið gerður samningur á milli ríkisins og Ísafjarðarbæjar um endurnýjun og/eða viðhald á búnaði hjúkrunarheimilisins sem ekki er gert ráð fyrir í leigugreiðslum vegna húsnæðisins frá ríkissjóði.

## 69. Markmiðssetning næstu fjögur ár

**Lagt er til að Ísafjarðarbær leggi fram markvissa áætlun um fjármál og þjónustu sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára.**

Áætlunin á að miða að því að styðja við markmið Ísafjarðarbæjar um að vera framsækið sveitarfélag sem veiti góða og hagkvæma þjónustu fyrir íbúa þess. Áætlunin feli meðal annars í sér markmið um lykilvísa varðandi niðurstöðu rekstrar sveitarfélagsins og hvernig þeim markmiðum verði náð.

Eftirfarandi tafla gæti verið dæmi um lykilvísa sem Ísafjarðarbær gæti haft við gerð markmiða til framtíðar, gert er ráð fyrir að bæjarstjórn geri tillögur varðandi markmið um lykilvísa.

| | *Rauntölur* | *Fjárhagsáætlun m. viðaukum* | *Fjárhags-áætlun* | *Markmið til framtíðar* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A-hluti** | **2018** | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** | **2023** | **2024** |
| Tekjur samtals | 4.214 | 4.507 | 4.621 | | | | |
| Rekstrarniðurstaða | -14,2 | -96,6 | 29,0 | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 348,9 | 270,8 | 249,9 | | | | |
| Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum | 8,3% | 6,0% | 5,4% | | | | |
| Fjárfestingar | 520,1 | 379,9 | 529,6 | | | | |
| Hlutfall launa af tekjum | 55,9% | 55,6% | 56,1% | | | | |
| Hlutfall annars rekstrarkostnaðar | 35,0% | 36,9% | 35,5% | | | | |
| Skuldir samtals | 5.267 | 5.808 | 5.662 | | | | |
| Hlutfall skulda af tekjum | 125,0% | 128,9% | 122,5% | | | | |

*Ekki á fjárhagsáætlun*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi leiguíbúða | 127 | 127 | | | | | |
| Fjöldi barna á hvert stöðugildi í leikskólum | 3,3 | 3,0 | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í grunnskólum | 5,6 | 5,7 | | | | | |
| Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi | 13,6 | 13,9 | | | | | |
| Veikindadagar sem hlutfall af heildarfjölda virkra vinnudag | 11,2% | 12,7% | | | | | |

Sveitarfélögum er skylt að gera fjárhagsáætlanir til fjögurra ára fram í tímann. Þær áætlanir innifela tölulegar upplýsingar varðandi rekstur og fjármál sveitarfélagsins en markmiðssetning er ekki skýr og nauðsynlegt að skerpa á þeim til þess að auka líkurnar á að ná fram væntri niðurstöðu í rekstri og þjónustu bæjarins.

Tillagan miðar að því að ganga enn lengra en fyrri áætlanir, með að því að útbúa ýtarlega stefnumótandi áætlun bæjarstjórnar. Í því felst að gera stefnumótandi áætlun fyrir hvern málaflokk sem innifelur m.a. lykilvísa sem byggir á því markmiði að bæta þjónustu með hagkvæmum hætti.

Dæmi um markmið og lykilvísa: Leigutekjur vegna félagslegra íbúða eiga að standa undir rekstrarkostnaði og afborgun lána þeirra íbúða, biðtími eftir þjónustu er skilgreindur, hlutfall veikindadaga starfsmanna af vinnudögum, hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum, hlutfall skulda af tekjum, hlutfall launa af tekjum, skiptingu fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og fjármögnun þeirra o.s.frv.

Það er mikilvægt að markmiðin í hverjum málaflokki styðji við markmið í öðrum málaflokkum þannig að heildarniðurstaðan verði jákvæð fyrir samfélagið í heild. Jákvæð niðurstaða felst í góðri og hagkvæmri þjónustu fyrir þegna sveitarfélagsins.

# Lokaorð

Eftir árið 2011 hefur átt sér stað mikil breyting í rekstri og fjárhag Ísafjarðarbæjar. Á tímabilinu frá 2002 til og með 2011 var halli á rekstri Ísafjarðarbæjar öll árin nema árið 2007. Á tímabilinu 2012 til 2018 skilaði sveitarfélagið rekstrarafgangi öll árin nema árið 2017. Á milli áranna 2011 og 2013 var rekstrarbatinn samtals 603 milljónir króna.

Á tímabilinu 2002 til og með 2011 var veltufé frá rekstri hvert ár vel innan við 10% sem hlutfall af tekjum, nema árið 2007 þegar hlutfallið var 11,4%. Sum árin var hlutfallið vel innan við 5%. Frá og með árinu 2012 hefur hlutfallið verið vel yfir 10% en hefur þó lækkað síðustu ár. Á tímabilinu var hlutfallið hæst árið 2013, eða 18,7%.

Til framtíðar litið er mikilvægt að sveitarfélagið haldi góðri rekstrarafkomu áfram þannig að það geti á sem bestan hátt tekist á við verkefni framtíðarinnar.

Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins og stjórnsýslu er það mat skýrsluhöfunda að ýmsir möguleikar séu til að bæta rekstrarafkomu Ísafjarðarbæjar enn frekar og með því gera sveitarfélagið betur í stakk búið til að takast á við margs konar aukna þjónustu og frekari fjárfestingar á næstu árum.

Í skýrslunni eru settar fram 69 tillögur, sem svo til allar miða að því að bæta stjórnsýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundar velja þann kostinn að leggja fram fleiri tillögur en færri, þar sem þeir telja mögulegt að bregðast við, síðan er það bæjarstjórnar að velja úr.

Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Meðal annars er lagt til að skólastarf og -stefna Ísafjarðarbæjar verði tekin til endurskoðunar og spurt m.a. hvort skólastarf á Íslandi hafi þróast í samræmi við þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað síðustu ár. Jafnframt er lagt til að sveitarfélagið setji sér ýmis markmið varðandi lykiltölur í rekstri sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára o.s.frv.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meiri- og minnihluta um þær. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 21.03.2020,

Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur
Arnar Haraldsson, viðskiptafræðingur

# Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Íbúðarhúsnæði; Mats og undirmatssvæði 2019, landsbyggð

Fylgiskjal 2: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, verkferlar varðandi byggingarmál

Fylgiskjal 3: Bílar og tæki hjá þjónustumiðstöð

Fylgiskjal 4: Skipurit Ísafjarðarbæjar

Fylgiskjal 5: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Fylgiskjal 6: Velferðarsvið

Fylgiskjal 7: Skóla- og tómstundasvið

Fylgiskjal 8: Umhverfis- og eignasvið

# Fylgiskjal 1: Íbúðarhúsnæði; Mats og undirmatssvæði 2019, landsbyggð




| Matsvæði | | Sérb. | Fjölb. |
|---|---|---|---|
| 7010 | Bakkafjörður | 0,26 | - |
| 7020 | Vopnafjörður | 0,56 | 0,62 |
| 7030 | Bakkagerði | 0,47 | 0,36 |
| 7035 | Fljótsdalssvæði | 0,54 | 0,93 |
| 7100 | Fellabær | 0,84 | 1,00 |
| 7110 | Egilsstaðir | 0,90 | 0,96 |
| 7115 | Austfirðir | 0,54 | - |
| 7120 | Seyðisfjörður | 0,52 | 0,61 |
| 7130 | Neskaupstaður | 0,82 | 0,80 |
| 7140 | Eskifjörður | 0,72 | 0,77 |
| 7150 | Reyðarfjörður | 0,78 | 0,87 |
| 7160 | Fáskrúðsfjörður | 0,65 | 0,67 |
| 7170 | Stöðvarfjörður | 0,36 | - |
| 7180 | Breiðdalsvík | 0,29 | 0,44 |
| 7190 | Djúpivogur | 0,50 | 0,78 |

| Matsvæði | | Sérb. | Fjölb. |
|---|---|---|---|
| 7210 | Höfn | 0,94 | 1,17 |
| 7220 | Höfn - Nesjahverfi | 0,50 | 0,70 |
| 8010 | Selfoss | 1,07 | 1,37 |
| 8015 | Ölfushreppur | 0,79 | 1,03 |
| 8020 | Hveragerði | 1,06 | 1,37 |
| 8030 | Þorlákshöfn | 0,74 | 0,92 |
| 8050 | Laugarvatn | 0,81 | 0,92 |
| 8055 | Árnessvæði | 0,79 | 0,97 |
| 8060 | Reykholt | 0,81 | 0,82 |
| 8070 | Flúðir | 0,81 | 0,88 |
| 8110 | Eyrarbakki | 0,80 | 0,87 |
| 8120 | Stokkseyri | 0,77 | 0,68 |
| 8150 | Vík | 0,80 | 0,90 |
| 8155 | Skaftársvæði | 0,71 | 0,79 |
| 8160 | Kirkjubæjarklaustur | 0,80 | 0,90 |
| 8170 | Hvolsvöllur | 0,85 | 1,00 |
| 8175 | Rangársvæði | 0,60 | 0,76 |
| 8180 | Hella | 0,73 | 1,00 |
| 8200 | Vestmannaeyjar | 0,88 | 1,11 |

| Undirmatssvæði | | Sérb. | Fjölb. |
|---|---|---|---|
| g301 | Innnes | 1,00 | - |
| g302 | Melahverfi | 1,00 | - |
| g501 | Varmahlíð - Sauðárkrókur | 1,06 | - |
| g507 | Hólar í Hjaltadal | 0,69 | 1,00 |

| Matsvæði | | Sérb. | Fjölb. |
|---|---|---|---|
| 2010 | Vogar | 1,07 | 1,37 |
| 2015 | Reykjanes dreifbýli | 0,61 | - |
| 2020 | Sandgerði | 0,91 | 1,08 |
| 2030 | Garður | 0,90 | 1,08 |
| 2040 | Njarðvík | 1,22 | 1,50 |
| 2050 | Keflavík | 1,36 | 1,61 |
| 2060 | Grindavík | 1,00 | 1,17 |
| 2080 | Flugvallarsvæði | 0,91 | 1,50 |
| 2090 | Hafnir | 0,64 | - |
| 3000 | Akranes | 1,19 | 1,41 |
| 3010 | Hvanneyri | 0,76 | 1,00 |
| 3015 | Hvalfjarðarsvæði | 0,80 | 1,07 |
| 3020 | Borgarnes | 0,85 | 1,08 |
| 3030 | Borgarbyggð | 0,63 | - |
| 3040 | Búðardalur | 0,53 | 0,69 |
| 3045 | Dalabyggð | 0,48 | - |
| 3050 | Skorradalshreppur | 0,85 | - |
| 3070 | Snæfellsnes: Suður | 0,58 | 0,77 |
| 3080 | Snæfellsnes: Norður | 0,57 | 0,65 |
| 3090 | Rif | 0,66 | 0,73 |
| 3100 | Ólafsvík | 0,66 | 0,73 |
| 3110 | Grundarfjörður | 0,82 | 1,00 |
| 3120 | Stykkishólmur | 0,95 | 1,18 |
| 3130 | Bifröst | 0,71 | 0,92 |
| 3140 | Hellissandur | 0,66 | 0,86 |
| 3145 | Norðurárdalur | 0,66 | - |
| 3300 | Kjós | 0,88 | - |
| 4010 | Reykhólahreppur | 0,40 | 0,38 |
| 4020 | Patreksfjörður | 0,54 | 0,58 |
| 4030 | Tálknafjörður | 0,42 | 0,41 |
| 4040 | Bildudalur | 0,48 | 0,41 |
| 4050 | Flatey á Breiðafirði | 0,37 | - |
| 4055 | Vesturbyggð | 0,40 | - |
| 4100 | Ísafjörður: Eldri byggð | 0,78 | 0,81 |
| 4110 | Ísafjörður: Nýrri byggð | 0,76 | 0,66 |
| 4120 | Hnífsdalur | 0,42 | 0,64 |
| 4130 | Súðavík | 0,42 | 0,54 |
| 4140 | Bolungarvík | 0,46 | 0,50 |
| 4150 | Suðureyri | 0,40 | 0,39 |
| 4160 | Flateyri | 0,36 | 0,39 |
| 4170 | Þingeyri | 0,43 | 0,39 |
| 4185 | Ísafjarðarsýsla | 0,40 | 0,39 |
| 4210 | Hólmavík | 0,54 | - |
| 4225 | Strandir | 0,40 | 0,43 |
| 4300 | Hornstrandir | 0,35 | - |
| 5010 | Hvammstangi | 0,61 | 0,66 |
| 5020 | Blönduós | 0,58 | 0,66 |
| 5030 | Skagaströnd | 0,47 | 0,35 |
| 5040 | Borðeyri | 0,40 | - |
| 5045 | Húnavatnssýsla | 0,47 | - |
| 5110 | Sauðárkrókur | 1,00 | 1,00 |
| 5120 | Hofsós | 0,44 | 0,80 |
| 5135 | Skagafjörður | 0,68 | 0,52 |
| 6000 | AK: Utan þéttbýlis | 0,75 | - |
| 6010 | AK: Naustahverfi | 1,30 | 1,51 |
| 6020 | AK: Neðri Brekka, Eyri, Innb. | 1,36 | 1,47 |
| 6030 | AK: Efri Brekka | 1,30 | 1,51 |
| 6040 | AK: Glerárhverfi | 1,18 | 1,39 |
| 6050 | Hrísey | 0,46 | 0,48 |
| 6060 | Grímsey | 0,40 | 0,35 |
| 6070 | Árskógssandur/Hauganes | 0,57 | 0,70 |
| 6080 | Akureyri: Giljahverfi | 1,29 | 1,48 |
| 6110 | Siglufjörður | 0,71 | 0,70 |
| 6115 | Stór-Eyjafjarðarsvæði | 0,75 | - |
| 6120 | Grenivík | 0,67 | - |
| 6130 | Ólafsfjörður | 0,56 | 0,45 |
| 6140 | Dalvík | 0,77 | 0,67 |
| 6150 | Glæsibæjarhreppur þéttbýli | 1,00 | 1,22 |
| 6160 | Hrafnagilshverfi | 1,00 | 1,36 |
| 6165 | Akureyri nærsveit | 1,12 | 1,22 |
| 6170 | Svalbarðseyri | 0,81 | 0,75 |
| 6210 | Húsavík | 1,05 | 1,19 |
| 6215 | Suður-Þingeyjarsýsla | 0,65 | - |
| 6220 | Þórshöfn | 0,41 | 0,45 |
| 6225 | Norðausturland dreifbýli | 0,31 | - |
| 6230 | Flatey á Skjálfanda | 0,33 | - |
| 6240 | Kópasker | 0,34 | 0,35 |
| 6245 | Öxarfjörður | 0,37 | - |
| 6250 | Raufarhöfn | 0,16 | 0,28 |

Fylgiskjal 2: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, verkferlar varðandi byggingarmál



Fylgiskjal 3:  Bílar og tæki hjá þjónustumiðstöð

























ISUZU









## Fylgiskjal 4: Skipurit Ísafjarðarbæjar



## Fylgiskjal 5: Fjármála- og stjórnsýslusvið



# Fylgiskjal 6: Velferðarsvið



# Fylgiskjal 7: Skóla- og tómstundasvið



# Fylgiskjal 8: Umhverfis- og eignasvið

